Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur (þ.e. skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, bætur almannatrygginga, bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og aðstoð sveitarfélaga) einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 1.070.532 eða kr. 89.211 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 433/1996.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 740.

2. gr.

Töluliður nr. 89 í viðauka 1 orðist þannig:

Nr. 89 Útgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla 3,4

3. gr.

Töluliður nr. 90 í viðauka 1 orðist þannig:

Nr. 90 Endurútgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda 1,7

4. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist

hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. október 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grímsneshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Lögbýli	sorphirðugjald	kr.	5 000
Íbúðarhús	- " -	kr.	3 000
Sumarhús	- " -	kr.	2 000
Fyrirtæki:	1. flokkur	- " -	kr. 5 000
- " -	2. flokkur	- " -	kr. 15 000
- " -	3. flokkur	- " -	kr. 30 000
- " -	4. flokkur	- " -	kr. 60 000
- " -	5. flokkur	- " -	kr. 120 000
- " -	6. flokkur	- " -	kr. 150 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grímsneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 29. september 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um (5.) breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna.

Ákveðin hefur verið 4,7% hækkun á gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 204 25. apríl 1990, með síðari breytingum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. október 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT um hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarbæjar, að undanteknum þarfa-hundum á lögbýlum, leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki, viðurkenndum leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum og hundum sem notaðir eru við löggæslustörf.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í Ísafjarðarbæ undanþágu til hundahalds að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður hjá hundaeftirliti Ísafjarðarbæjar. Þegar hundaleyfi hefur verið afgreitt og skráningargjöld greidd fær eigandi afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Í plötuna skal grafið „Ísafjb“ og leyfisnúmer hundsins. Í hálsól hundsins skal eigandi hundsins einnig festa merki með símanúmeri sínu. Upplýsingar um hundinn skulu færðar í þar til gerða bók hjá hundaeftirliti Ísafjarðarbæjar. Þar skal skráð nafn, kennitala og heimilisfang leyfishafa ásamt upplýsingum um hundinn, s.s. aldur, kyn, tegund og önnur einkenni. Hundaeyganda ber að tilkynna hundaeftirliti aðsetursskipti, einnig skal tilkynna hundaeftirliti ef hundurinn deyr eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu. Hvolpar skulu skráðir fyrir þriggja mánaða aldur.
2. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðar-eiganda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn samþykki aðliggjandi íbúða, sbr. lög um fjöleignahús nr. 26/1994.
3. Heimilt er að gefa út bráðabirgðaleyfi fyrir hund sem mun ekki dvelja lengur en tvo mánuði í sveitarfélaginu og innheimtist þá eingöngu sérstakt gjald vegna slíks samkvæmt gjaldskrá, sbr. 5. tl. Hundaeygandi er fær útgefið bráðabirgðaleyfi sér sjálfur um að tryggja hundinn og bandormahreinsa hann á eigin kostnað. Hundaeftirlit getur hvenær sem er krafist framvísunar vottorða þessu til staðfestingar. Að öllu öðru leyti gildir samþykkt þessi um hundahald.
4. Við skráningu skal hundaeygandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann að verða. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
5. Til að standa straum af kostnaði hundaeftirlits við skráningu og eftirlit með hundum skal árlega greiða leyfisgjald til hundaftirlits fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá eindaga fellur leyfið úr gildi. Bæjarstjórn ákveður upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.
6. Hver hundur sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggður og skal hundaftirlit annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls tjóns sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds.

7. Hundar skulu færðir til bandormahreinsunar í október-nóvember ár hvert. Framvísa skal vottorði um bandormahreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
8. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hund þó í taumi sé, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir svo og starfsstöðvar, hverju nafni sem þær nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað. Einnig er bannað að hafa með sér hund á þá staði sem slíkt er bannað sérstaklega með merkingu.
9. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar þeirra raski ekki ró manna né verði þeim til óþæginda, einnig er hundaeiganda alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
10. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða lægra leyfisgjald fyrir hunda samkvæmt 1. gr. þessarar samþykktar.

3. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hlutaðeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot eða ítrekað er að ræða skal afturkalla viðkomandi undanþágu til hundahalds.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram eða vitji hans innan sjö sólarhringa hefur hundaeftirlit og lögreglan heimild til þess að ráðstafa eða fá dýralækni til að aflífa viðkomandi hund þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að fá dýralækni til að aflífa hundinn án frekari fyrirvara. Leyfi til viðkomandi eiganda skal þá falla úr gildi og eigi endurnýjast.

5. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa í þar til gerða hundageymslu. Allan kostnað er til fellur vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar skal eigandi greiða auk sérstaks handsömunargjalds samkvæmt gjaldskrá, sbr. 5. tl. 2. gr. Tilkynna skal strax eiganda um handsömun hundsins. Sé um handsömun á ómerktum hundi að ræða, skal strax auglýsa handsömun hans á tryggilegan hátt t.d. í útvarpi. Ef uppvíst verður um óskráðan hund skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs að viðbætti sekt samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Hundaeftirlitsmaður starfar í Ísafjarðarbæ á ábyrgð heilbrigðisnefndar. Skal hann gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald og starf sitt vegna þess. Hundaeftirlitsmaður skal eftir því sem tilefni er til hafa samráð við félög hundaeigenda í Ísafjarðarbæ um það hvernig haga skuli eftirliti, skráningu hunda og önnur þau atriði sem varða hundahald í Ísafjarðarbæ.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra og hundaeftirlitsmanni án tafar allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni. Með brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

8. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 172/1994 um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

Umhverfisráðuneytinu, 29. september 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
REGLUGERÐ**um tæknifrjógvun.**

1. gr.

Skilgreiningar.

Tæknifrjógvun: Getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafirjógvun.

Tæknisæðing: Aðgerð þegar sæði er komið fyrir í eða nærri kynfærum konu á annan hátt en með samförum.

Glasafirjógvun: Aðgerð þegar eggfruma, sem numin hefur verið úr líkama konu, er frjógvuð með sæðisfrumu utan líkamans.

Kynfrumur: Eggfrumur og sæðisfrumur.

Fósturvísir: Frjógvað egg á öllum þroskastigum þess, allt frá því að það er frjógvað og þar til það kemst á fósturstig.

Gjafi: Einstaklingur sem leggur öðrum til kynfrumur.

Staðgöngumæðrun: Tæknifrjógvun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn -fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu.

Vísindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar.

2. gr.

Tæknifrjógvun má eingöngu framkvæma á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og undir eftirliti sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.

3. gr.

Tæknifrjógvun má aðeins framkvæma að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum.

- a) Kona sem undirgengst aðgerðina, sé í hjúskap sem staðið hefur samfelld í a.m.k. þrjú ár eða samvistum við karlmann, í óvígðri sambúð, sem staðið hefur samfelld í a.m.k. þrjú ár.
- b) Kona sem undirgengst aðgerð og eiginmaður hennar eða sambýlismaður hafi sótt um tæknifrjógvun og samþykkt aðgerðina skriflega, við votta á sérstöku eyðublaði sem viðkomandi heilbrigðisstofnun skal láta útbúa í þessu skyni.
- c) Báðir aðilar skulu að jafnaði vera fullra 25 ára þegar meðferð hefst. Kona skal að jafnaði ekki vera eldri en 42ja ára þegar meðferð hefst. Heimilt er að víkja frá greindu aldurs-

skilyrði konu þegar um er að ræða notkun geymnds fósturvísis, geymdrar eggfrumu eða gjafaeggfrumu. Kona skal þó aldrei vera eldri en 45 ára þegar settur er upp fósturvísir og eiginmaður eða sambýlismaður skal að jafnaði ekki vera eldri en 50 ára.

- d) Andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins séu góðar.
- e) Aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar.

4. gr.

Par sem óskar eftir tæknifrjóvgun skal sækja um hana á eyðublaði skv. b lið 3. gr. Læknir ákveður hvort tæknifrjóvgun fer fram. Við mat á því hvort par sem sækir um tæknifrjóvgun uppfyllir skilyrði d liðar 3. gr. skal litið til þess hvort ætla megi að barninu yrðu tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði. Telji læknir ástæðu til er honum rétt, með samþykki parsins, að krefjast vottorða frá viðeigandi sérfræðingum um andlega og líkamlega heilsu parsins. Á sama hátt er honum rétt að krefjast vottorða frá félagsráðgjafa eða öðrum sem veitt geta upplýsingar um félagslegar aðstæður parsins. Samþykki parið ekki framangreinda upplýsingaöflun er lækni heimilt að synja um tæknifrjóvgun. Telji læknir vafa leika á um að félagslegar aðstæður parsins til uppeldis barns séu nægilega góðar getur hann leitað umsgagnar barnaverndarnefndar.

5. gr.

Þegar fallist hefur verið á umsókn um tæknifrjóvgun skal, áður en samþykki skv. b lið 3. gr. er veitt, gefa parinu upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu, félagslegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa. Upplýsingarnar skulu veittar bæði munnlega og skriflega á sérstöku eyðublaði, sbr. b lið 3. gr.

6. gr.

Synjun læknis um tæknifrjóvgun má kæra til landlæknis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því aðilum var tilkynnt um synjun. Landlæknir skal senda kæru tafarlaust til meðferðar sérstakrar nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrjú fulltrúar og jafnmargir til vara, einn lögfræðingur, einn læknir og einn félagsráðgjafi. Ákvörðun nefndarinnar er endanleg.

7. gr.

Áður en tæknifrjóvgun er framkvæmd skal heilbrigðisstofnun sem gerir hana benda viðkomandi pari á að þau eigi kost á faglegri ráðgjöf sálfræðinga eða félagsráðgjafa og skal stofnunin veita slíka ráðgjöf ef parið óskar eftir henni.

8. gr.

Tæknisæðingu með gjafasæði má því aðeins framkvæma að frjósemi karlmannsins sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis.

9. gr.

Glasafrjóvgun má því aðeins framkvæma að notaðar séu kynfrumur parsins. Þó skal heimilt að nota gjafakynfrumur ef frjósemi karlsins eða konunnar er skert, annað þeirra haldið alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna. Óheimilt er að framkvæma glasafrjóvgun, nema notaðar séu kynfrumur annars hjónanna/sambýlisfólksins. Gjöf fósturvísa er óheimil og staðgöngumæðrun er óheimil.

10. gr.

Geymsla kynfrumna og fósturvísa er eingöngu heimil á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi ráðherra til að framkvæma tæknifrjógvun.

11. gr.

Kynfrumur má því aðeins geyma að tilgangurinn sé:

- a) eigin notkun síðar,
- b) gjöf í rannsóknarskyni eða
- c) gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjógvun.

12. gr.

Sá sem leggur til kynfrumur skal veita skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi honum áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á kynfrumurnar og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna í lögum um tæknifrjógvun og reglugerð þessari.

13. gr.

Fósturvísa má geyma í þeim tilgangi að koma þeim fyrir í konu þeirri sem lagði eggfrumurnar til eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumur. Geymsla fósturvísa í öðrum tilgangi er óheimil.

14. gr.

Geymsla fósturvísa er háð því skilyrði að karlmaður sá og kona sem leggja kynfrumurnar til, veiti skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi þeim áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á fósturvísana og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu fósturvísa í lögum um tæknifrjógvun og reglugerð þessari. Fósturvísa má eingöngu nota í samræmi við samþykki þeirra sem lögðu kynfrumurnar til.

15. gr.

Áður en fósturvísi, sem geymdur hefur verið er komið fyrir í legi konu þeirrar sem lagði eggfrumurnar til eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumurnar, skal leita skriflegs samþykkis beggja að nýju. Sama gildir þegar tæknisæðing er framkvæmd með sæði eiginmanns/sambýlismanns, sem geymt hefur verið til síðari nota.

16. gr.

Hámarksgeymslutími fósturvísa er þrjú ár. Að þremur árum liðnum skal eyða ónotuðum fósturvísum. Hámarksgeymslutími kynfrumna er 10 ár. Að þeim tíma liðnum skal eyða ónotuðum kynfrumum. Þegar kynfrumur karls eða konu eru geymdar til eigin nota síðar vegna fyrirsjáanlegrar ófrjósemi af völdum sjúkdóma geta þau þó sótt um framlengingu, hafi þau ekki átt þess kost að nota kynfrumurnar vegna þess að þau hafi ekki uppfyllt skilyrði a liðar 3. gr. og/eða 1. málsl. c liðar 3. gr. Sækja skal um framlengingu til viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Synjun má kæra til landlæknis og fer þá um málsmeðferð skv. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Andist sá sem lagði til kynfrumurnar skal eyða ónotuðum kynfrumum, nema tilgangur geymslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjógvun.

Slíti karlmaður og kona sem lögðu kynfrumurnar til hjúskap eða sambúð, eða annað þeirra andast skal eyða fósturvísum.

Eigendum geymdra fósturvísa og eigendum kynfrumna skal í upphafi geymslutíma gerð grein fyrir framangreindum reglum um hámarksgeymslutíma munnlega og skriflega.

17. gr.

Séu notaðar gjafakynfrumur skal læknir sem annast meðferð velja viðeigandi gjafa. Kynfrumugjafi skal vera heilbrigður og ekki haldinn arfgengum sjúkdómum. Gerðar skulu nauðsynlegar rannsóknir til að ganga úr skugga um heilbrigði gjafa og frjósemi og til þess að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar berist með kynfrumunum. Séu notaðar innfluttar kynfrumur skal tryggt að framangreindar kröfur séu uppfylltar.

Læknir skal leitast við að verða við óskum umsækjenda um að líkamsbygging, hæð, augna- og háralitur og blóðflokkur kynfrumugjafa sé í sem bestu samræmi við foreldrið.

18. gr.

Óski gjafi eftir nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún verði virt. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur eða um barnið né veita parinu eða barninu upplýsingar um gjafann.

Óski gjafi ekki eftir nafnleynd skal stofnunin varðveita upplýsingar um hann í sérstakri skrá. Verði til barn vegna kynfrumugjafarinnar skal varðveita upplýsingar um það og parið sem fékk gjafakynfrumurnar í sömu skrá.

Barn, sem verður til vegna kynfrumugjafar þar sem gjafi óskar ekki eftir nafnleynd, getur er það nær 18 ára aldri óskað eftir aðgangi að skrá skv. 2. mgr. til að fá upplýsingar um nafn gjafans. Nú fær barn upplýsingar um kynfrumugjafa hjá stofnuninni og ber henni þá eins fljótt og auðuð er að tilkynna honum um upplýsingagjöfina.

19. gr.

Væntanlegum gjafa skal fyrirfram gerð skýr grein fyrir eftirfarandi atriðum, munnlega og skriflega:

- a) í hverju kynfrumugjöf er fólgin,
- b) að hann geti óskað nafnleyndar,
- c) þeim reglum sem gilda annars vegar þegar nafnleyndar er óskað og hins vegar þegar ekki er óskað eftir nafnleynd,
- d) hvaða læknisfræðileg og siðfræðileg vandamál geta komið upp í sambandi við að gefa kynfrumur,
- e) lagalegri stöðu sinni og barns þess sem kann að verða til.

Sé um að ræða kynfrumugjöf innan fjölskyldu skal gjafi fyrirfram fá ráðgjöf um þau sérstöku vandamál sem því kunna að fylgja fyrir gjafa, þega og væntanlegt barn.

20. gr.

Pari sem sótt hefur um tæknifrjövgun, þar sem notaðar eru gjafakynfrumur skal gerð skýr grein fyrir eftirfarandi atriðum munnlega og skriflega:

- a) í hverju notkun gjafakynfrumu er fólgin,
- b) hver staða þeirra og væntanlegs barns verður að lögum,
- c) hvort gjafi óskar nafnleyndar eða ekki og hvaða reglur gilda í hvoru tilfalli,
- d) að þau eigi rétt á ráðgjöf sérfræðings bæði fyrir aðgerð og vegna vandamála sem síðar kunna að koma upp vegna tæknifrjövgunar eða kynfrumugjafar,
- e) að eiginmaður eða sambýlismaður telst faðir barns sem getið er við tæknifrjövgunina, þó notað sé gjafasæði,
- f) að eiginkona eða sambýliskona telst móðir barns sem getið er með tæknifrjövgun, þó notuð sé gjafaeggfruma.

Báðum aðilum skal gerð grein fyrir ofangreindum atriðum áður en þau veita samþykki sitt, skv. 21. gr. Báðir aðilar skulu sérstaklega samþykkja skriflega, annars vegar tækni-frjövgun og hins vegar notkun gjafakynfrumna. Þegar gjafakynfrumur eru notaðar við tækni-

frjóvgun skal tryggja að gjafa og viðkomandi pari sé gerð grein fyrir hvaða læknisfræðileg og siðfræðileg vandamál geta komið upp í sambandi við að gefa og þiggja kynfrumur. Þá skal aðilum gerð skýr grein fyrir lagalegri stöðu sinni og barns þess sem kann að verða til.

Sé um að ræða kynfrumugjöf innan fjölskyldu skal þar fyrirfram fá ráðgjöf um þau sérstöku vandamál sem því kunna að fylgja fyrir gjafa, þega og væntanlegt barn.

21. gr.

Áður en tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu er framkvæmd skulu báðir aðilar samþykkja sérstaklega, skriflega og við votta, notkun gjafakynfrumu við tæknifrjóvgun.

22. gr.

Hvers konar rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísnum skulu vera óheimilar.

Þó skal heimilt að gera rannsóknir á fósturvísnum ef:

- a) þær eru liður í glasfrjóvgunarmeðferð,
- b) þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum,
- c) þær miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi eða,
- d) þær eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta.

Óheimilt er að gera rannsóknir skv. c og d lið nema þær uppfylli skilyrði 8. mgr. 1. gr. um vísindarannsókn og hafi hlotið samþykki vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

23. gr.

Óheimilt er að:

- a) rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir,
- b) rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram,
- c) koma mannlegum fósturvísnum fyrir í dýrum og
- d) framkvæma einræktun.

24. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum, sbr. 14. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun.

Fyrir hlutdeild í brotum skal refsa á sama hátt nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 13., sbr. 3. og 10. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi starfsreglur glasfrjóvgunardeildar Landspítalans dags. 21. apríl 1995 og reglur um frystingu fósturvísa dags. 14. desember 1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. september 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu samþykktar fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með samþykkt fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur, sem samþykkt var af bæjarstjórn Húsavíkur hinn 26. júní sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 19. september 1997.

F. h. r.

Guðríður Sigurðardóttir.

Stefán Baldursson.

Fylgiskjal.

Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Húsavíkur. Húsavíkurkaupstaður er eigandi hans. Bæjarstjórn Húsavíkur fer með yfirstjórn skólans.

2. gr.

Skólinn starfar eftir gildandi lögum og reglugerðum um tónlistarskóla.

3. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs á Húsavík. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því:

- að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng, ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna.
- að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika og sköpunargáfu þar sem tekið er tillit til þroska og getu hvers einstaklings.
- að skapa verðmæt og varanleg áhugamál fyrir hvern nemanda og gera þá að virkum hlustendum tónlistar og þátttakendum í tónlistarlífi.
- að standa opinn jafnt börnum sem fullorðnum eftir því sem aðstæður leyfa.
- að eiga samvinnu við aðrar menningar- og uppeldisstofnanir s.s. grunnskóla, framhaldsskóla, leikskóla, safnahús og kirkju.
- að styðja við áhugahópa um tónlist og menningu s.s. hljómsveitir, tónlistarfélög, kóra, leikfélög og fleiri aðila.
- að eiga hljóðfæri til þess að auðvelda nemendum aðgang að skólanum og verði þau leigð nemendum fyrstu námsárin eftir því sem tæk eru á.
- að undirbúa nemendur fyrir framhaldsnám í tónlist.
- að uppfylla allar þær kröfur sem menntamálaráðuneytið setur varðandi námsmat og próf.

4. gr.

Skólanefnd grunnskóla fer með málefni skólans í umboði bæjarstjórnar samkvæmt 62. gr. samþykktar um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og erindisbréfi skólanefndar. Skólastjóri eða staðgengill hans situr nefndarfundum. Heimilt er kennarafundi að tilnefna einn fulltrúa úr hópi fastra kennara til að sitja nefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt og skal hann bundinn sömu trúnaðarskyldu og nefndarmenn.

5. gr.

Bæjarstjórn ræður skólastjóra. Skólanefnd auglýsir stöðuna og veitir viðtöku umsóknum um skólastjórastöðu. Að loknum umsóknarfresti skal skólanefnd halda fund svo fljótt sem auðið er, fjalla um umsóknir og senda þær bæjarstjórn ásamt umsögnum og tillögum um val á skólastjóra.

6. gr.

Bæjarráð ræður kennara og annað starfsfólk skóla að fengnum tillögum frá skólanefnd og skólastjóra. Ef staða losnar við skóla eða ef þörf er á viðbótarstarfsmanni gerir skólastjóri skólanefnd grein fyrir því og auglýsir stöðuna í samráði við skólanefnd. Skólanefnd tekur við umsóknum, metur þær og gerir ásamt skólastjóra tillögu til bæjarráðs um ráðningar. Sérhverjum umsækjanda skal tilkynnt, svo fljótt sem auðið er, hvaða afgreiðslu umsókn hans fékk.

7. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður Tónlistarskóla, stjórnar honum í samræmi við samþykkt þessa og ákvarðanir bæjarstjórnar, ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu.

8. gr.

Verksvið skólastjóra er að sjá um daglega umsýslu skólans, faglega og rekstrarlega, að gæta ítrustu rekstrarhagkvæmni og fylgjast með að rekstri sé haldið innan samþykktar fjárhagsáætlunar. Skólastjóri skilar vinnuskýrslum til bæjarskrifstofu, áritar reikninga vegna rekstrar og innkaupa skólans og undirbýr fjárhagsáætlun fyrir skólanefnd. Hann gerir fyrir 1. febrúar ár hvert tillögu til skólanefndar um kennslumagn fyrir næsta skólaár, ásamt kostnaðaráætlun. Áætlunin skal vera rökstudd. Skólastjóri stendur skil á innheimtu á nemendagjöldum og hljóðfæraleigu samkvæmt gildandi reglum.

9. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um starf skólans. Almennan kennarafundur skal halda í upphafi skólaárs þar sem drög að starfsáætlun eru kynnt. Skólastjóri eða staðgengill hans boðar til kennarafunda með dagskrá og stjórnar þeim eða skipar fundarstjóra. Haldin skal gjörðabók kennarafunda. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði sem skólinn starfar. Skylt er stundakennurum að sækja kennarafund, ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

10. gr.

Heimilt er að stofna foreldrafélög og skulu starfsreglur þeirra hljóta samþykki skólanefndar að fenginni umsögn kennarafundar. Með sama hætti er heimilt að stofna nemendaráð. Heimilt er kennarafundi að kveðja til fulltrúa foreldra og/eða nemenda við umfjöllun um innri málefni skólans.

11. gr.

Kostnaður af rekstri skólans greiðist úr bæjarsjóði samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun að því marki sem nemendagjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki til.

12. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá sem áhuga hefur á því námi sem skólinn býður upp á. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs og skal auglýsa það við innritun. Þurfi að takmarka fjölda nemenda í einstökum námsgreinum skulu nemendur sem stunduðu nám á fyrra skólaári hafa forgang. Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið segjast við áminningu. Rísi ágreiningur um skólavist nemenda skal skólanefnd úrskurða í málinu.

13. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir árlega og skulu leyfis dagar fara eftir skóladagatali grunnskóla. Viðverutími og vinnuskylda kennara fer eftir gildandi kjarasamningi, en heimilt er skólastjóra að skipuleggja vinnu kennara utan starfstíma skólans í samræmi við kjarasamninga.

14. gr.

Samþykkt þessi er sett af bæjarstjórn Húsavíkur hinn 26. júní 1997.

2. október 1997

Nr. 570

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk
og aðgerðir til að draga úr mengun.**

1. gr.

Skrá 1 með reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun breytist á eftirfarandi hátt:

	Meðalgildi (MG)		Þakgildi (ÞG)		Skammtímagildi (STG)		Aths.
	ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³	
Flúoríð	–	0.6	–	–	–	–	6)
Flúorvetni	0.7	0.6	–	–	1.1	0.9	6)

Athugasemd ⁶⁾ verði: Fyrirtæki sem starfandi eru við gildistöku reglna þessara skulu í síðasta lagi innan eins árs hafa mengun flúoríðs og flúorvetnis undir 2.0 mg/m³ og í síðasta lagi innan þriggja ára undir 0.6 mg/m³.

Núverandi athugasemd ⁶⁾ með Flúotan breytist í athugasemd ⁷⁾.

2. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. október 1997.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

REGLUGERÐ

um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun rafhlaðna og rafgeyma sem í eru hættuleg efni sem talin eru upp í 3. gr. og að stuðla að endurvinnslu eða skipulegri förgun þeirra.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Rafhlaða eða rafgeymir: Uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku.

Rafhlöður og rafgeymar eru samsett úr einni eða fleiri frumrafhlöðum, sem ekki er hægt að endurhlaða, eða endurhlaðanlegum rafhlöðum.

Notuð rafhlaða eða rafgeymir: Rafhlaða eða rafgeymir sem ekki er hægt að nota aftur og á að endurvinna eða farga.

Söfnunarstaður: Staður þar sem almenningur getur skilað notuðum rafhlöðum og/eða rafgeymum sér að kostnaðarlausu, t.d. bensínafgreiðslur, ýmsar verslanir og gáma-stöðvar.

Gildissvið.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til rafhlaðna og rafgeyma sem í eru:

- meira en 25 mg kvikasilfurs (Hg) á rafhlöðu eða meira en 0,025% kvikasilfurs miðað við þyngd,
- meira en 0,025% kadmíums (Cd) miðað við þyngd,
- meira en 0,4% blýs (Pb) miðað við þyngd.

Takmarkanir.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota alkalímanganrafhlöður sem í eru meira en 0,025% kvikasilfurs.

Eftirtaldar rafhlöður eru undanþegnar þessu banni:

- alkalímanganrafhlöður sem í eru minna en 0,05% kvikasilfurs og nota á um lengi tíma við sérstakar aðstæður (hitastig lægra en 0°C eða hærra en 50°C, höggáreiti o.s.frv.),
- alkalímanganhnappa-rafhlöður og rafhlöður sem samsettar eru úr alkalímanganhnappa-rafhlöðum.

Merkingar og meðferð.

5. gr.

Rafhlöður og rafgeyma, og eftir því sem við verður komið tæki og vörur sem þau eru hluti af, skal merkja á viðeigandi hátt. Merkingin skal vera greinileg, auðlæsileg og óafmáanleg.

Merkingin skal upplýsa um eftirtalin atriði:

- sérstaka söfnun þ.e. aðgreiningu frá húsasorpi,
- tegund þungmálma.

Í I. viðauka við reglugerð þessa er að finna nánari skýringar á þessu ákvæði um merkingar.

6. gr.

Rafhlöðum og rafgeymum skal þannig fyrirkomið í tækjum og vörum að notendur eigi auðvelt með að fjarlægja þau. Tryggja skal þó að börn geti ekki náð til rafhlaðna í tækjum eða vörum ef rafhlöðurnar falla undir þessa reglugerð.

Tækjum þar sem ekki er augljóst hvernig skipta skuli um rafhlöður og rafgeyma skulu fylgja leiðbeiningar sem veita notanda upplýsingar um innihald rafhlaðnanna og rafgeymanna, ef þau eru hættuleg umhverfinu, og sýna hvernig fjarlægja megi þau á öruggan hátt.

Undanskilin þessu ákvæði eru þau tæki og notkunarsvið rafhlaðna og rafgeyma sem upp eru talin í II. viðauka við reglugerð þessa.

Förgun.

7. gr.

Notaðar rafhlöður og rafgeymar, sem þessi reglugerð tekur til, flokkast sem spilliefni og fer um þau í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar. Notuðum rafhlöðum og rafgeymum skal komið til söfnunarstaðar. Sveitarfélög bera ábyrgð á söfnun og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Eftirlit.

8. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Viðurlög.

9. gr.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af þeim ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 11. tl., tilskipunar 91/157/EBE, um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni ásamt breytingum í tilskipun 93/86/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 30. september 1997.



Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

I. VIÐAUKI

Nánari skýringar á merkingarákvæðum 5. gr.

1. Merkingar sem gefa til kynna að safna eigi rafhlöðum og rafgeymum sérstaklega, og þannig aðgreina frá húsaorpi, skulu samanstanda af merki með mynd af íláti á hjólum sem krossað er yfir, sbr. myndir hér að neðan:



Merkið skal þekja þrjá hundruðustu hluta stærstu hliðar rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm. Ef um er að ræða sívalninga skal merkið þekja þrjá hundruðustu af hálfu yfirborðssvæði rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm.

Ef smæð rafhlöðunnar er slík að merkið yrði minna en 0,5x0,5 cm er ekki þörf á að merkja rafhlöðuna eða rafgeyminn en prenta skal merkið í stærðinni 1x1 cm á umbúðirnar.

2. Merkingar sem upplýsa um tegund þungmálma sem rafhlöður og rafgeymar innihalda skulu sýna efnafræðitákn viðkomandi málms, Hg (kvikasilfur), Cd (kadmíum) eða Pb (blý).

Efnafræðitáknið skal prentað fyrir neðan merkið um sérstaka söfnun. Tákníð skal þekja svæði sem er hið minnsta einn fjórði af stærð merkisins um sérstaka söfnun.

II. VIÐAUKI

Flokkar tækja og notkunarvið rafhlaðna og rafgeyma sem undanþegin eru ákvæðum 6. gr.

1. Tæki þar sem rafhlöður eru lóðaðar, soðnar eða á annan hátt festar við tengil til að tryggja órofið afl í iðnaði, ef þess er krafist, og tæki til að geyma minni og gögn í ákveðnum gerðum upplýsinga- og skrifstofutæknibúnaðar. Þetta á einungis við ef rafhlöður og rafgeymar sem þessi reglugerð tekur til eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum.
2. Viðmiðunarrafhlöður í tækjum sem notuð eru í vísinda- og atvinnuskyni, rafhlöður og rafgeymar í lækningatækjum sem eiga að halda lífsnauðsynlegri starfsemi í gangi og rafhlöður og rafgeymar í gangráðum þar sem stöðug starfsemi er lífsnauðsynleg. Hér er um að ræða rafhlöður og rafgeyma sem aðeins sérmenntað starfsfólk getur fjarlæggt.
3. Færanleg tæki þegar það getur stofnað notanda í hættu eða haft áhrif á starfsemi tækisins ef aðrir en menntað og hæft starfsfólk fjarlægja rafhlöðurnar og atvinnutæki sem nota á í mjög varasömu umhverfi, svo sem í námunda við rokgjörn efni.

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1997

14. október 1997

1277

Nr. 572

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun,
mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við reglugerð nr. 188/1988 bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í stað dagsetningarinnar „15. október“ í 4. tl. 17. gr. reglugerðar nr. 188/1988, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994, 493/1994 og nr. 20/1996, kemur: til og með 20. október.

2. gr.

Breyting þessi gildir einungis fyrir mat á hrútlömbum á árinu 1997.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 96 27. maí 1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. október 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1997

Nr. 573

1278

29. september 1997

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 29. september 1997, staðfest breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001, frá 13. maí 1981 með síðari breytingum.

Breytingin varðar texta með skipulagi reits á Hrólfsskálamel, þ.e. takmörkun á fjölda vöruflokka er felld niður, sjá skipulagsuppdrátt, sem staðfestur var 30. desember 1992, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 508/1992.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 29. september 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 574

3. október 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum nr. 563/1995.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný mgr. sem hljóði svo:

Þegar gildi í viðauka 2 er sett fyrir tiltekinn flokk grænmetis eða ávaxta skal það gilda fyrir allan flokkinn, nema þar sem sérstök gildi eru sett fyrir tilteknar afurðir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 2:

- a) Hámarksgildi eftirfarandi varnarefna falla úr gildi og í stað þeirra koma hámarksgildi samkvæmt lið b:

Diazinon	Klórmeqvát
Díkofol	Metidation
Endosúlfan	Tíabendazól
Fentin	

Þá skulu gildi fyrir koldísúlfíð einnig falla út.

- b) Hámarksgildi varnarefna samkvæmt viðauka þessarar reglugerðar bætast við viðauka 2 eða koma í stað hámarksákvæða sem þar eru tilgreind.

c) Eftirfarandi viðbætur eða breytingar eru gerðar á hámarksgildum:

Dítíokarbamöt:	Fyrir flokkinn „Korn og kornvörur“ kemur 0,05* ppm í stað 0,01* ppm.
Glyfosat:	Fyrir flokk 4 „Olíufræ. Sojabaunir“ kemur 20 ppm.
Fenarimol:	Fyrir flokk 1 (vi) „Ýmsir ávextir. Bananar“ kemur 0,3 ppm.
Iprodion:	Fyrir flokk 2 (vii) „Stilkgrænmeti. Rabarbari“ kemur 0,2 ppm.
Karbendazim:	Fyrir flokk 2 (vii) „Stilkgrænmeti. Rabarbari“ kemur 2,0 ppm. Fyrir flokk 2 (iii) b „Grænmetisaldin. Grasker“ kemur 0,3 ppm.
3-Klóranilín	Fyrir flokkinn „Kartöflur“ kemur 2 ppm.
Permetrin:	Fyrir flokk 7 „Humall“ kemur 0,1* í stað 0,01*.
Vinklozolin:	Fyrir flokk 2 (i) „Rótar- og hnýðisgrænmeti“ kemur 0,05* ppm í stað 0,01* ppm. Í stað 5 ppm fyrir flokk 1 (vi) „Ýmsir ávextir. Fíkjur“ kemur 5 ppm fyrir „Loðber (kíví)“.

d) Eftirfarandi bætist við skýringar við viðauka 2:

- 2a) Amitraz að meðtöldum öllum afleiðum þess með 2,4-dímetylánilíni, reiknað sem amitraz. Skýring fyrir cyfluthrin, sbr. reglugerð 563/1995, verður 2b.
- 8a) Samanlögð gildi af dísúlfóton, dísúlfóton sulphoxíði og dísúlfóton sulphoni, reiknað sem dítúlfóton.
- 29b) Samanlögð gildi af metomyl og thiodicarb, reiknað sem metomyl.

3. gr.

Eftirfarandi bætist við sem hópur 8 í viðauka 3:

KRYDD	SPICES	
Kúmenfræ	Cumin seeds	Öll afurðin
Einiber	Juniper berries	
Múskat	Nutmeg	
Pipar, svartur og hvítur	Pepper, black and white	
Vanillufræ	Vanilla pods	
Annað	Other	

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla, tilskipun 95/38/EB um breytingu á viðaukum tilskipunar 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum, 95/39/EB um breytingu á viðaukum tilskipana 86/362/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og 86/363/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu, og tilskipun 95/61/EB um breytingu á viðauka 2 í tilskipun 90/642/EBE. Einnig var höfð hliðsjón af tilskipun 96/32/EB um breytingu á viðauka 2 í tilskipun 76/895/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum og tilskipun 90/642/EBE, og tilskipun 96/33/EB um breytingu á viðaukum tilskipana 86/362/EBE og 86/363/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 3. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæll	Aldikarb	Díazínón	Dikofólí	Disúlfí- ton (b)	Endo- súlfan	Fenbúta- tín oxíð	Fentín	Forattíð	Klórme- kvat	Mekarbam	Metid- atíon	Metomy(29b)	Prímífos- metyl
Ananas													
Granatepli													
Annað													
2. Grænmeti, ferskt eða ósobið,													
frósið eða þurr													
(i) Rót- og hnyðisgrænmeti	0,05*	0,02*	0,02*	0,02*		0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	0,05*
Rauðröf	(a)	0,5 (b)			0,2 (a)		(a)						
Gulrætur	(a)	0,5 (b)		3 (b)	0,2 (a)		(a)						1
Hnúðselja		0,5 (b)			0,2 (a)								
Piparrót		0,5 (b)											
Ætífríill													
Nípa		0,5 (b)		(b)			(a)						
Steinseljurót	(a)												
Hreður (radísur)		0,5 (b)			0,2 (a)							0,5	
Hafursrót													
Sæluhnúðar													
Gulröf		0,5 (b)			0,2 (a)								
Næpur		0,5 (b)			0,2 (a)								
Kínakartöflur													
Annað													
(ii) Laukar	0,05*	0,5 (b)	0,02*	0,02*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	(a)
Hvítlaukur			(b)										
Laukur					1 (a)						(b)		
Skalottlaukur											(b)		
Perlulaukur													
Annað													
(iii) Grænmetisaldin		0,5 (b)					0,05*			0,05*			
(a) Kartöfluzætt	0,05*		0,02*	0,02*	1 (a)	(a)		(a)	0,05*		0,02*	(a)	(a)
Tómatar			0,5 (b)						(a)				
Paprikur	(a)		0,5 (b)										
Eggaldin	(a)												
Annað													
(b) Graskersætt-neysluhæft hýðl	0,05*		0,5 (b)	0,02*	1 (a)	(a)		(a)	0,05*		0,02*	0,05*	(a)

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæll	Aldikarb	Diazinon	Dikofol(7)	Disulfoton	Endosulfan	Fenbutatinoxid	Fentin	Forath(8)	Klórimekvat	Mekarbam	Metidation	Metomyl(29b)	Pírimifosmetyl
Gúrkur						0,5		0,05*				(a)	
Prúgugúrkur												(a)	
Grasker													
Annað	0,05*			0,02*	1 (a)	(a)		0,05*	0,05*		0,02*	0,2	(a)
(c) Graskersætt-óneysluhætt hýál													
Melónur													
Grasker				(b)									
Vatnsmelónur													
Annað	0,05*		0,02*	0,02*	0,05*	0,05*	(a)	0,05*	0,05*		0,02*	0,05*	0,05*
(d) Sykurmais													
(iv) Kál		0,5 (b)	0,02*			0,05*		0,05*	0,05*	0,05*	0,02*		
(e) Blómstrandí kál	0,05*			0,02*	1 (a)		(a)					(a)	1
Spergilkál	(a)			(b)									
Blómkál	0,2			(b)									
Annað	0,05*			0,02*	1 (a)		(a)					(a)	(a)
(b) Höfuðkál	0,05*			(b)									2
Rósakál	0,2			(b)									
Höfuðkál	(a)			(b)									
Annað	0,05*			0,02*	1 (a)		(a)					(a)	0,05*
(c) Blaðkál													
Kinakál													
Grænkál				(b)	0,05*			0,05*				0,05*	(a)
(d) Hnúðkál	0,05*												
(v) Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir	0,05*	0,5 (b)	0,02*			0,05*	0,05*		0,05*	0,05*	0,02*		(a)
(a) Salót				0,02*	1 (a)		(a)					(a)	
Karsi (garðperla)													
Vorsalat													
Íssalat													
Höfuðsalat													
Bláðsalat													
Vetrarsalat													
Annað													
(b) Spinat				0,02*	1 (a)		0,05*					2	

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Propoxur	Propyz- amið	Tiaben- dazol	Triázo- fos	Triforin
1. Ávextir, ferskir, þurrkaðir, ósoðnir, varðir með frystingu, en ekki með viðbættum sykri					
(i) Sítrusávextir	3 (a)	0,02*	6	(b)	0,05*
Greipaldin					
Sítrónur					
Súraldin					
Mandarinur					
Appelsínur					
Pómelóaldin					
Annað					
(ii) Trjáhnatur	0,05*	0,02*	0,1*	0,02*	0,05*
Möndlur				(b)	(a)
Brasilíuhnatur					
Kasúhnatur					
Kastaníuhnatur					
Kókoshnatur					
Heslíhnatur				(b)	
Makademía hnetur					
Pekan hnetur					
Furu hnetur					
Hjartaaldin				(b)	
Valhnatur					
Annað					
(iii) Kjarnaávextir	3 (a)	0,02*	5	(b)	2
Epli					
Perur					
Kveði					
Annað					
(iv) Steinaldin	3 (a)	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Apríkósur				(b)	(a)
Kirsber			(a)		2
Ferskjur				(b)	(a)

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvælli	Propoxur	Propyz- amíð	Tiaben- dazol	Triazo- fos	Triforin
Nektarínur				(b)	(a)
Plómur					1
Annað					
(v) Ber og aðrir smáir ávextir					
(a) Vínber	3 (a)	0,02*	(a)	0,02*	(a)
Til víngerðar					
Önnur					
(b) Jarðarber (önnur en villt)	3 (a)	(b)	5	(b)	(a)
(c) Reyri ávextir (aðrir en villtir)	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Brómber	3 (a)				
Blá hindber					
Loganber					
Hindber	3 (a)		(a)		
Annað					
(d) Aðrir smáávextir og ber (annað en villt)	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Bláber					
Trönuber					
Garðaber	0,2		(a)		2
Rífsber (rauð og hvít)	0,2	(b)	(a)		2
Sólber	0,2	(b)	(a)		2
Annað					
(e) Villt ber og villtir ávextir	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
(vi) Ýmsir ávextir	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Lárperur					
Bananar			3		
Döðlur					
Fíkjur					
Loðber (kívi)					
Dvergappelsína					
Litkabur					
Mangó					
Ólífur	3 (a)			(b)	
Ástaraldín					

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæll	Propoxur	Propyz- amíð	Tiaben- dazol	Triazo- fos	Triforin
Ananas					
Granatepli					
Annað					
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, frosið eða þurr					
(i) Rót- og hnýðisgrænmeti	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Rauðrófur	3 (a)		(a)	(b)	
Gulrætur				1	
Hnúðselja	3 (a)			(b)	
Piparrót					
Ætífíll					
Nípa				1	
Steinseljurót					
Hreðkur (radísur)					
Hafursrót					
Sætuhnúðar					
Gulrófur					(a)
Næpur					
Kínakartöflur					
Annað					
(ii) Laukar	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	(a)
Hvítlaukur			(a)	(b)	
Laukur			(a)	(b)	
Skalottlaukur			(a)	(b)	
Perlulaukur					
Annað					
(iii) Grænmetisaldin		0,02*			
(a) Kartöfluætt	3 (a)		0,05*	0,02*	(a)
Tómatar	3+		(a)		
Paprikur	3 (a)		(a)		
Eggaldin	3 (a)				
Annað					
(b) Graskersætt-neysluhæft hýðl			0,05*	(b)	0,5

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæll	Propoxur	Propyz- amið	Tiaben- dazol	Triazo- fos	Triforin
Gúrkur	3+		(a)		
Þrúgugúrkur	3 (a)				
Grasker	(a)				
Annað					
(c) Graskersætt-óneysluhæft hýði	3 (a)		0,05*	(b)	(a)
Melónur			(a)		
Grasker					
Vatnsmelónur			(a)		
Annað					
(d) Sykurmaís	0,05*		0,05*	0,02*	0,05*
(lv) Kál	3 (a)				(a)
(a) Blómstrandir kál		0,02*	0,05*	(b)	
Spergilkál			5		
Blómkál					
Annað					
(b) Höfuðkál		0,02*	0,05*	(b)	
Rósakál			(a)		
Höfuðkál		(b)	0,05*		
Annað					
(c) Blaðkál		0,02*		(b)	
Kínakál					
Grænkál					
(d) Hnúðkál		0,02*	0,05*	0,02*	
(v) Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir				0,02*	
(a) Salöt	3 (a)	(b)	0,05*		0,05*
Karsí (garðperla)	0,05*				(a)
Vorsalat					
Íssalat			(a)		
Höfuðsalat					
Blaðsalat					
Vetrarsalat					
Annað					
(b) Spínat	3 (a)	0,02*	0,05*		(a)

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæll	Propoxur	Propyz- amíð	Tiaben- dazol	Triazo- fos	Triforin
Blaðbeðja (strandblaðka)	3 (a)	0,02*	0,05*		0,05*
(c) Vatnakarsi	0,05*	0,02*	0,05*		0,05*
(d) Jólasalat	0,05*	0,02*	0,05*		0,05*
(e) Kryddjurtir	3 (a)	(b)	0,05*		0,05*
Kerfill					
Graslaukur					
Blaðselja					
Steinselja					(a)
Annað					
(vi) Ertur og belgáxextir (ferskir)	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	(a)
Baunir (með belg)	3 (a)	(b)	(a)	(b)	
Baunir (án belgs)		(b)	(a)	(b)	
Ertur (með belg)	3 (a)			(b)	
Ertur (án belgs)				(b)	
Annað					
(vii) Stilkgrænmeti	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Spergill			(a)	(b)	(a)
Fingrakornblóm	3 (a)				
Stilkselja	3 (a)		(a)	(b)	(a)
Fennika (sígóð)	3 (a)			(b)	
Ætipistill	3 (a)	(b)		(b)	(a)
Blaðlaukur	1		(a)	(b)	(a)
Rabarbari				(b)	
Annað					
(viii) Sveppir	0,05*	0,02*		0,02*	0,05*
(a) Ætisveppir			(a)		
(b) Villtir ætisveppir			0,05*		
3. Belgjurtir (þurrkaðar)	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Baunir					
Linsubaunir					
Ertur					
Annað					

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Propoxur	Propyz- amíð	Tiaben- dazol	Triazo- fos	Triforin
4. Oliufræ	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Höfræ		0,05*		(b)	
Jarðhnetur		(b)			
Valmúafræ (birki)					
Replufræ		(b)		(b)	
Sesamfræ					
Sólblómafræ					
Sojabaunir					
Baðmullarfræ		(b)		0,1	
Sinnepsfræ				(b)	
5. Kartöflur (jarðepli)	0,05*	0,02*		(b)	0,05*
Snemmvaxnar			(a)		
Iðnaðarkartöflur			5		
6. Te	0,1*	0,05*	0,1*	0,05*	0,1*
7. Humall	0,1*	(a)	0,1*	0,05*	30
Korn og kornvörur	0,05*	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Hveiti			(a)	(b)	0,1
Bókhveiti					
Rúgur, rúghveiti				(b)	0,1
Bygg				(b)	0,1
Hafrar				(b)	0,1
Hrísgrjón			(a)		
Mais				(b)	
Annað					
Mjólk og mjólkurvörur	0,05*	0,01*		0,01*	0,05*
Kjöt og kjötvörur	0,05*	0,02*	0,1	0,001	0,05*
Allfuglakjöt			(nema kind-,		
Kindakjöt			nautgripa- og geita-		
Kjúklingar			kjöt og afurdir þess)	(d)	

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæll	Propoxur	Propyz- amíð	Tiaben- dazol	Triazo- fos	Triforin
Svinakjöt					
Svínanýru					
Nautgripakjöt					
Nautgripa- og kindanýru		0,05			
Nautgripa- og kindalifur		0,05			
Annað					
Egg	0,05*	0,02*	0,1	(d)	0,05*
Fiskur og fiskafurðir					

*: Sjá skýringar við viðauka 2 í reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.
 +: Gildir til 30. apríl árið 2000.
 (a) (b) (c) (d): Eftirfarandi gildi koma í stað bókstafa eftir 1. júlí árið 2000, ef ekki hafa verið sett önnur gildi í þeirra stað:
 (a) 0,05*
 (b) 0,02*
 (c) 0,1*
 (d) 0,01*

22. september 1997

Nr. 575

AUGLÝSING**um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum
um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála.****1. gr.**

Eftirtalin EES gerð sem vísað er til í VI. kafla um almennt flug í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans og bætast við lið 66a:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2176/96 frá 13. nóvember 1996 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 um samræmdar tæknilegar kröfur á sviði flugmála.

2. gr.

Ofantalin gerð sem vísað er til í 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 29, dags. 10. júlí 1997, bls. 89.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. september 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 531/1993 um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli.

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. bætist nýr ml. sem hljóði svo:

Þá er heimilt að nota þau efni sem skráð eru í viðauka 5 sem aukefni til framleiðslu á plasti.

2. gr.

Við 16. gr. bætist ný mgr. sem hljóði svo:

Þeir sem framleiða eða flytja inn efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, skulu tilkynna um starfsemi sína til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin getur gert kröfu um að lögð verði fram gögn til staðfestingar á því að efni og hlutir uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar og reglugerðar nr. 537/1993.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 1:

- a) Eftirtalin efni bætast við lista A yfir leyfilegar einliður og önnur grunnefni:
 - Ammóníak (PM/tilvísunarnr. 12789, CAS-nr. 007664-41-7).
 - Mjólkursýra (PM/tilvísunarnr. 19460, CAS-nr. 000050-21-5).
 - Lárínsýra, vínýl ester (PM/tilvísunarnr. 19480, CAS-nr. 002146-71-6).
 - Pólýprópýlenglýkól (PM/tilvísunarnr. 23651, CAS-nr. 025322-69-4).

Þá breytist PM/tilvísunarnúmer fyrir laxerolíu og verður 14411 og athugasemdin matvælagæði fellur burt.
- b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar við dálkinn „Takmarkanir“ í lista A yfir leyfilegar einliður og önnur grunnefni:
 - Rósínlim (PM/tilvísunarnr. 24130, CAS-nr. 008050-09-7), takmarkanir: Sjá „Rósín“.
 - 5-Súlfóísóftalsýra, mónónatríumsalt (PM/tilvísunarnr. 24887, CAS-nr. 006362-79-4), takmarkanir: TFM = 5 mg/kg.
- c) Eftirtalin efni flytjast af lista B yfir á lista A yfir leyfilegar einliður og önnur grunnefni:
 - 2-Akrýlamídó-2-metýlprópansúlfónsýra (PM/tilvísunarnr. 10660, CAS-nr. 015214-89-8), takmarkanir: TFM = 0,05 mg/kg.
 - 1,9-Dekadíen (PM/tilvísunarnr. 15070, CAS-nr. 001647-16-1), takmarkanir: TFM = 0,05 mg/kg.
 - 2-Etýl-1-hexanól (PM/tilvísunarnr. 17050, CAS-nr. 000104-76-7), takmarkanir: TFM = 30 mg/kg.
 - Ítakonsýra (PM/tilvísunarnr. 19270, CAS-nr. 000097-65-4).
 - Vínýlídenflúoríð (PM/tilvísunarnr. 26140, CAS-nr. 000075-38-7), takmarkanir: TFM = 5 mg/kg.
- d) Eftirfarandi efni eru felld út af lista B:

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
10160	002206-94-2	alfa-Asetoxýstýren
10162	010521-96-7	beta-Asetoxýstýren
10480	-	Mónókarboxýlsýrur, alifatískar, mettaðar (C ₂ -C ₂₄)
10510	-	Mónókarboxýlsýrur, alifatískar, ómettaðar (C ₂ -C ₂₄)

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
10599/70	-	Fitusýrur, ómettaðar (C ₁₈)
10930	003066-71-5	Akrýlsýra, sýklóhexýl ester
11050	001070-70-8	Akrýlsýra, díester með 1,4-bútandíóli
11180	017831-71-9	Akrýlsýra, díester með tetraetýlenglykóli
11195	068901-05-3	Akrýlsýra, díester með tríprópýlenglykóli
11520	002918-23-2	Akrýlsýra, 2-hýdroxísóprópyléster (= akrýlsýra, 2-hýdroxý-1-metýletýl ester)
11560	005888-33-5	Akrýl sýra, ísóbornýl ester
11620	001330-61-6	Akrýl sýra, ísódesýl ester
11650	029590-42-9	Akrýl sýra, ísóoktýl ester
11695	003121-61-7	Akrýl sýra, 2-metoxýetýl ester
11740	010095-13-3	Akrýl sýra, mónóester með 1,3-bútandíóli
11770	002478-10-6	Akrýl sýra, mónóester með 1,4-bútandíóli
11800	013533-05-6	Akrýl sýra, mónóester með dietýlenglykóli
12010	040074-09-7	Akrýl sýra, 2-súlfóetýl ester
12040	039121-78-3	Akrýl sýra, súlfóprópyl ester
12055	094160-26-6	Akrýl sýra, tríester með glýseról tris(2-hýdroxýprópyl) eter
12062	075577-70-7	Akrýl sýra, tríester með 1,1,1-trímetylólrópan tris(2-hýdroxýetýl) eter
12160	002998-04-1	Adipsýra, díallyl ester
12190	000105-97-5	Adipsýra, dídesýl ester
12220	027178-16-1	Adipsýra, díísódesýl ester
12250	000123-79-5	Adipsýra, díoktýl ester
12370	-	Alkóhól, alifatísk, mónóhýdreruð, mettuð, línuleg, sekúnder eða tertier (C ₄ -C ₂₂)
12610	000107-18-6	Allýl alkóhól
12700	000150-13-0	p-Amínóbensósýra
12790	000080-46-6	p-tert-Amýlfenól
12850	029602-44-6	Aselsýra, bis(2-hýdroxýetýl) ester
13328	000104-38-1	Bis(2-hýdroxýetýl) eter af hýdrokínón
13660	000584-03-2	1,2-Bútandíól
13750	000513-85-9	2,3-Bútandíól
13960	001852-16-0	N-(Bútoxýmetýl)akrýlamíð
15020	002182-55-0	Sýklóhexýl vinýl eter
15280	000542-02-9	2,4-Díamínó-6-metýl-1,3,5-triazín
15340	000109-76-2	1,3-Díamínóprópan
15490	002215-89-6	4,4'-Díkarboxýdífenýl eter
15580	001653-19-6	2,3-Díklór-1,3-bútadíen
16270	000526-75-0	2,3-Dímetylfenól
16300	000105-67-9	2,4-Dímetylfenól
16330	000095-87-4	2,5-Dímetylfenól
17040	000149-57-5	2-Etýlhexansýra
17350	000105-75-9	Fúmarsýra, díbútýl ester
18400	000592-42-7	1,5-Hexadíen
18905	002628-17-3	4-Hýdroxýstýren
18970	000078-83-1	Ísóbutanól
19030	016669-59-3	N-(Ísóbutoxýmetýl)akrýlamíð
19090	000078-84-2	Ísóbutýraldehyð
19120	025339-17-7	Ísódekanól
19130	026896-18-4	Ísóónansýra
19936	007423-42-9	Malínsýra, mónó(2-etýlhexýl) ester
20470	025852-47-5	Metakrýlsýra, díester með pólyetýlenglykóli
20740	039670-09-2	Metakrýlsýra, ester með etoxýtrietýlenglykóli
20950	000923-26-2	Metakrýlsýra, 2-hýdroxýprópyl ester
21115	000816-74-0	Metakrýlsýra, metallýl ester
21220	032360-05-7	Metakrýlsýra, oktadesýl ester
21760	000694-91-7	5-Metýlenbísýkló(2,2,1(hept-2-en))
21837	001116-90-1	4-Metýl-1,4-hexadíen
22240	000622-97-9	p-Metýlstýren
22270	000107-25-5	Metýl vinýl eter
22540	000104-40-5	4-Nónýlfenól
22585	003710-30-3	1,7-Oktadíen

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
22932	001187-93-5	Perflúormetyl, perflúorvinyl eter
23530	025190-06-1	Póly(1,4-bútýlenglykól) (mólmassi meiri en 1000)
24560	000111-63-7	Sterínsýra, vinyl ester
25030	016646-44-9	Tetra(allýloxý)etan
25161	000085-43-8	1,2,3,6-Tetrahydróftalanhydrið
25300	000088-19-7	o-Tólúensúlfonamíð
25480	000102-71-6	Tríetanólamín
26290	025013-15-4	Vinýltólúen
26320	002768-02-7	Vinýltrímetoxýsílán

4. gr.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki 5 sem er svohljóðandi:

VIÐAUKI 5

Aukefni sem heimilt er að nota við framleiðslu plastefna og -hluta.

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
30000	000064-19-7	Ediksýra
30045	000123-86-4	Ediksýra, bútýlester
30140	000141-78-6	Ediksýra, etýlester
30280	000108-24-7	Asetanhýdríð
30295	000067-64-1	Aseton
30370	-	Asetýleðiksýra, sölt
30400	-	Asetýleruð glyseríð
30960	-	Esterar af alifatískum mónókarboxýlsýrum (C6-C22) með pólyglyseróli
31328	-	Fitusýrur úr neyslshæfum fituefnum og olíum úr dýra- og jurtaerkinu
31730	000124-04-9	Adipsýra
33120	-	Alkóhól, alifatísk, mónóhydrísk, mettuð, línuleg, prímer (C ₄ -C ₂₄)
33350	009005-32-7	Algínsýra
34281	-	Alkyl (C ₈ -C ₂₂) brennisteinssýrur, línulegar, prímer, með sléttri tölu kolefnisatóma
34475	-	Ál-kalsíum-hydroxíðfosfat, hýdrat
34480	-	Áltrefjar, -spænnir og duft
34560	021645-51-2	Álhýdroxíð
34690	011097-59-9	Ál-magnesíum-hýdroxíðkarbónat
34720	001344-28-1	Áloxíð
35120	013560-49-1	3-Aminókrótónsýra, díester með þíóbís (2-hydroxýetyl) eter
35320	007664-41-7	Ammoníak
35440	012124-97-9	Ammóníumbrómíð
35600	001336-21-6	Ammóníumhýdroxíð
35840	000506-30-9	Arakínsýra
35845	007771-44-0	Arakíðónsýra
36000	000050-81-7	Askorbínsýra
36080	000137-66-6	Askorbýlpalmítat
36160	010605-09-1	Askorbýlstearat
36880	008012-89-3	Bývax
36960	003061-75-4	Behenamíð
37040	000112-85-6	Behensýra
37280	001302-78-9	Bentónít
37600	000065-85-0	Bensósýra
37680	000136-60-7	Bensósýra, bútýlester
37840	000093-89-0	Bensósýra, etýlester
38080	000093-58-3	Bensósýra, metýlester
38160	002315-68-6	Bensósýra, própýlester
38950	079072-96-1	Bis (4-etylbensýliden) sorbitól
39890	087826-41-3	Bis (meylbensýliden) sorbitól
	069158-41-4	
	054686-97-4	

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
40400	010043-11-5	Bórnitríð
40570	000106-97-8	Bútan
41040	005743-36-2	Kalsíumbútýrat
41280	001305-62-0	Kalsíumhýdroxíð
41520	001305-78-8	Kalsíumoxíð
41600	012004-14-7	Kalsíumsúlfóalúmínat
	037293-22-4	
41760	008006-44-8	Kandelillavax
41960	000124-07-2	Kaprílsýra
42160	000124-38-9	Koldíoxíð
42500	-	Kolsýra, sölt
42640	009000-11-7	Karboxýlmetýlsellulósi
42720	008015-86-9	Karnubavax
42800	009000-71-9	Kasín
42960	064147-40-6	Laxerolía, vatnssneydd
43200	-	Laxerolía, mónó- og díglýseríð
43280	009004-34-6	Sellulósi
43300	009004-36-8	Sellulósa-asetóbútýrat
43360	068442-85-3	Sellulósi, endurunninn
43440	008001-75-0	Seresín
44160	000077-92-9	Sítrónusýra
44640	000077-93-0	Sítrónusýra, tríetýlester
45280	-	Baðmullartrefjar
45560	014464-46-1	Kristóbalít
45760	000108-91-8	Sýklóhexýlamín
45920	009000-16-2	Dammar
45940	000334-48-5	n-Dekansýra
46070	010016-20-3	alfa-Dextrín
46080	007585-39-9	beta-Dextrín
46375	061790-53-2	Kísilgúr
46380	068855-54-9	Kísilgúr (vatnað kísiltvíoxíð), vatnssnautt natríumkarbónat (flux-calcinated)
46480	032647-67-9	Díbensýlídensorbitól
46790	004221-80-1	3,5-Di-tert-bútýl-4-hýdroxýbensósýra, 2,4-dí-tert-bútýlfenýlester
46800	067845-93-6	3,5-Di-tert-bútýl-4-hýdroxýbensósýra, hexadesýlester
46870	003135-18-0	3,5-Di-tert-bútýl-4-hýdroxýbensýlfosfónsýra, díoktadesýlester
47440	000461-58-5	Dísýanóðíamíð
49540	000067-68-5	Dímetylsúlfoxíð
51200	000126-58-9	Dípentaerýtrítól
51760	025265-71-8	Díprópylenglýkól
	000110-98-5	
52640	016389-88-1	Dólómít
52720	000112-84-5	Erúkamíð
52730	000112-86-7	Erúkasýra
52800	000064-17-5	Etanól
53270	037205-99-5	Etýlkarboxýmetýlsellulósi
53280	009004-57-3	Etýlsellulósi
53360	000110-31-6	N,N'-etýlen-bis-óleamíð
53440	005518-18-3	N,N'-etýlen-bis-palmítamíð
53520	000110-30-5	N,N'-etýlen-bis-steramíð
53600	000060-00-4	Etýlendíamíntetraedíksýra
54005	005136-44-7	Etýlen-N-palmítamíð-N'-steramíð
54260	009004-58-4	Etýlhýdroxýetýlsellulósi
54270	-	Etýlhýdroxýmetýlsellulósi
54280	-	Etýlhýdroxýprópylsellulósi
54450	-	Fita og olíur úr matvælum úr dýra- og jurtaríkinu
54480	-	Fitur og olíur, hertar, úr matvælum úr dýra- og jurtaríkinu
55040	000064-18-6	Maurasýra
55120	000110-17-8	Fúmarsýra
55190	029204-02-2	Gadóleinsýra
55440	009000-70-8	Gelatín
55520	-	Glerrefjar

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
55600	-	Örkúlur úr gleri (microballs)
55680	000110-94-1	Glútarsýra
55920	000056-81-5	Glýseról
56020	099880-64-5	Glýseróldíbehenat
56360	-	Glýseról, edíksýruesterar
56486	-	Glýseról, esterar af alifatískum, mettuðum, línulegum sýrum með sléttri tölu kolefnisatóma (C ₁₄ -C ₁₈) og með alifatískum, ómettuðum, línulegum sýrum með sléttri tölu kolefnisatóma (C ₁₆ -C ₁₈)
56487	-	Glýseról, bútýrsýruesterar
56490	-	Glýseról, eríkassýruesterar
56495	-	Glýseról, 12- hydroxýstearínsýruesterar
56500	-	Glýseról, lárínsýruesterar
56510	-	Glýseról, línólsýruesterar
56520	-	Glýseról, mýristínsýruesterar
56540	-	Glýseról, olíusýruesterar
56550	-	Glýseról, palmitínsýruesterar
56565	-	Glýseról, nónansýruesterar
56570	-	Glýseról, própíónsýruesterar
56580	-	Glýseról, ríkinólsýruesterar
56585	-	Glýseról, sterínsýruesterar
56610	030233-64-8	Glýserólmónóbehenat
56720	026402-23-3	Glýserólonohexanóat
56800	030899-62-8	Glýserólmónóláratdíasetat
56880	026402-26-6	Glýserólmónóoktanóat
57040	-	Glýserólmónóóleat, askorbínsýruesterar
57120	-	Glýserólmónóóleat, sítrónusýruesterar
57200	-	Glýserólmónópalmitat, askorbínsýruesterar
57280	-	Glýserólmónópalmitat, sítrónusýruesterar
57600	-	Glýserólmónósterat, askorbínsýruesterar
57680	-	Glýserólmónósterat, sítrónusýruesterar
57920	000620-67-7	Glýseróltriheptanóat
58300	-	Glýsín, sölt
58320	007782-42-5	Grafit
58400	009000-30-0	Gúargúmmí
58480	009000-01-5	Arabískt gúmmí
58720	000111-14-8	Heptansýra
59360	000142-62-1	Hexansýra
59760	019569-21-2	Húntít
59990	007647-01-0	Saltsýra
60030	012072-90-1	Hýdrómagnesít
60080	012304-65-3	Hýdrótalkít
60160	000120-47-8	4-Hýdroxýbensósýra, etýlester
60180	004191-73-5	4-Hýdroxýbensósýra, ísóprópýlester
60200	000099-76-3	4-Hýdroxýbensósýra, metýlester
60240	000094-13-3	4-Hýdroxýbensósýra, própýlester
60560	009004-62-0	Hýdroxýetýlsellulósi
60880	009032-42-2	Hýdroxýetýlmetýlsellulósi
61120	009005-27-0	Hýdroxýetýlsterkja
61390	037353-59-6	Hýdroxýmetýlsellulósi
61680	009004-64-2	Hýdroxýprópýlsellulósi
61800	009049-76-7	Hýdroxýprópýlsterkja
61840	000106-14-9	12-Hýdroxýstearínsýra
62140	006303-21-5	Hýpófósforísýrtingur
62240	001332-37-2	Járnóxíð
62450	000078-78-4	Ísópentan
62640	008001-39-6	Japanvax
62720	001332-58-7	Kaólín
62800	-	Kaólín, brennt
62960	000050-21-5	Mjólkursýra
63040	000138-22-7	Mjólkursýra, bútýlester

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
63280	000143-07-7	Lárinsýra
63760	008002-43-5	Lesítín
63840	000123-76-2	Levúlínsýra
63920	000557-59-5	Lignóserínsýra
64015	000060-33-3	Línólsýra
64150	028290-79-1	Línólensýra
64500	-	Lýsín, sölt
64640	001309-42-8	Magnesiumhýdroxíð
64720	001309-48-4	Magnesiumoxíð
65020	006915-15-7	Eplasýra
65040	000141-82-2	Malónsýra
65520	000087-78-5	Mannítól
66200	037206-01-2	Metýlkarboxýmetýlsellulósi
66240	009004-67-5	Metýlsellulósi
66640	009004-59-5	Metýletýlsellulósi
66695	-	Metýlhydroxýmetýlsellulósi
66700	009004-65-3	Metýlhydroxýprópylsellulósi
67120	012001-26-2	Flögusilíkat (mica)
67200	001317-33-5	Mólybdenísúlfíð
67840	-	Montansýrur og/eða esterar þeirra með etýlenglykóli og/eða með 1,3 bútandíól og/eða með glýseróli
67850	008002-53-7	Montanvax
67891	000544-63-8	Mýristínsýra
68040	003333-62-8	7-[2H-Naftó-(1,2-D)tríasól-2-ýl]-3-fenýlkúmarín
68125	068187-64-4	Nefelínsýrenít
68960	000301-02-0	Olíusýruamíð
69040	000112-80-1	Olíusýra
69760	000143-28-2	Óleylalkóhól
70000	070331-94-1	2,2'-Oxamídóbis[etýl-3-(3,5-dí-tert-bútyl-4-hýdroxýfenýl)-própiónat]
70240	012198-93-5	Ósokerít
70400	000057-10-3	Palmitínsýra
71020	000373-49-9	Palmitólsýra
71440	009000-69-5	Pektín
71600	000115-77-5	Pentaerýtrítól
71680	006683-19-8	Pentaerýtrítól tetrakis[3-(3,5-dí-tert-bútyl-4-hýdroxýfenýl)-própiónat]
71720	000109-66-0	Pentan
72640	007664-38-2	Fosfórsýra
74240	031570-04-4	Fosfórsýrtingur, tris(2,4-dí-tert-bútyfenýl) ester
74480	000088-99-3	o-Ftalísýra
76320	000085-44-9	Ftalanhýdríð
76720	009016-00-6	Pólýdímetýlsíloxan
	063148-62-9	
76960	025322-68-3	Pólýetýlenglykól
77600	061788-85-0	Pólýetýlenglykól ester af hertri laxerolíu
77702	-	Pólýetýlenglykól ester af alifatískum mónókarboxílsýrum (C ₆ -C ₂₂) og ammóníum og natríum sulföt þeirra
79040	009005-64-5	Pólýetýlenglykól-sorbitan-mónólárat
79120	009005-65-6	Pólýetýlenglykól-sorbitan-mónóóleat
79200	009005-66-7	Pólýetýlenglykól-sorbitan-mónópalmítat
79280	009005-67-8	Pólýetýlenglykól-sorbitan-mónóstearat
79360	009005-70-3	Pólýetýlenglykól-sorbitan-tríóleat
79440	009005-71-4	Pólýetýlenglykól-sorbitan-trístearat
80240	029894-35-7	Pólýglýserólrísínóleat
80640	-	Pólýoxýalkýl(C ₂ -C ₄)dímetýpólýsíloxan
80720	008017-16-1	Pólýfosfórsýrur
80800	025322-69-4	Pólýprópylenglykól
81520	007758-02-3	Kalíumbrómíð
81600	001310-58-3	Kalíumhýdroxíð
81840	000057-55-6	1,2-Própandíól
81882	000067-63-0	2-Própanól

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
82000	000079-09-4	Própíónsýra
82080	009005-37-2	1,2-Própýlenglýkólalginat
82240	022788-19-8	1,2-Própýlenglýkóldílarat
82400	000105-62-4	1,2-Própýlenglýkóldíóleat
82560	033587-20-1	1,2-Própýlenglýkóldípalmitat
82720	006182-11-2	1,2-Própýlenglýkóldístearat
82800	027194-74-7	1,2-Própýlenglýkólmónólarat
82960	001330-80-9	1,2-Própýlenglýkólmónóóleat
83120	029013-28-3	1,2-Própýlenglýkólmónópalmitat
83300	001323-39-3	1,2-Própýlenglýkólmónóstearat
83320	-	Própýlhýdroxyetylcellulósi
83325	-	Própýlhýdroxymetylcellulósi
83330	-	Própýlhýdroxyprópýlcellulósi
83440	002466-09-3	Pýrófosfórsýra
83455	013445-56-2	Pýrófosfórsýrlingur
83460	012269-78-2	Pýrófyllít
83470	014808-60-7	Kvarts
83610	073138-82-6	Resínsýrur og rósínsýrur
83840	008050-09-7	Rósín
84000	008050-31-5	Rósín, ester með glýseróli
84080	008050-26-8	Rósín, ester með pentaerýtrítóli
84210	065997-06-0	Rósín, vetnað
84240	065997-13-9	Rósín, vetnað, ester með glýseróli
84320	008050-15-5	Rósín, vetnað, ester með metanóli
84400	064365-17-9	Rósín, vetnað, ester með pentaerýtrítóli
84560	009006-04-6	Gúmmí, náttúrulegt
84640	000069-72-7	Salísýlsýra
85600	-	Síliköt, náttúruleg
85980	-	Kísilsýra, sölt
86000	-	Kísilsýra, silýleruð
86160	000409-21-2	Kísilkarbíð
86240	007631-86-9	Kísildíoxíð
86560	007647-15-6	Natríumbromíð
86720	001310-73-2	Natríumhýdroxíð
87200	000110-44-1	Sorbínsýra
87280	029116-98-1	Sorbítandíóleat
87520	062568-11-0	Sorbítanmónóbehenat
87600	001338-39-2	Sorbítanmónólarat
87680	001338-43-8	Sorbítanmónóóleat
87760	026266-57-9	Sorbítanmónópalmitat
87840	001338-41-6	Sorbítanmónóstearat
87920	061752-68-9	Sorbítantetrastearat
88080	026266-58-0	Sorbítantríóleat
88160	054140-20-4	Sorbítantrípalmitat
88240	026658-19-5	Sorbítantristearat
88320	000050-70-4	Sorbitól
88600	026836-47-5	Sorbitólmónóstearat
88800	009005-25-8	Sterkja, neysluhaf
88880	068412-29-3	Sterkja, vatnrofin
88960	000124-26-5	Sterínamíð
89040	000057-11-4	Sterínsýra
90720	058446-52-9	Steróýlbensóýlmetan
90800	005793-94-2	Steróýl-2-laktýlsýra, kalsíumsalt
90960	000110-15-6	Rafsýra
91200	000126-13-6	Súkrósaasetat-ísóbútýrat
91360	000126-14-7	Súkrósaoktaasetat
91840	007704-34-9	Brennisteinn
91920	007664-93-9	Brennisteinssýra
92080	014807-96-9	Talk
92160	000087-69-4	Vínsýra
92195		Tárín, sölt

PM/tilvísunar- númer	CAS-númer	Heiti
92205	057569-40-1	Tereftalsýra, díester með 2,2'-metýlenbis(4-metýl-6-tert-bútýlfenól)
92350	000112-60-7	Tetraetýlenglýkól
92640	000102-60-3	N,N,N',N'-Tetrakis(2-hýdroxýprópýl)etýlendíamín
93440	013463-67-7	Títandíoxíð
93520	000059-02-9	alfa-Tóköferól
	010191-41-0	
93680	009000-65-1	Tragantgúmmí
94320	000112-27-6	Trietýlenglýkól
95200	001709-70-2	1,3,5-Trímetýl-2,4,6-tris(3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýbensýl)bensen
95905	013983-17-0	Wollastónít
95920		Viðarmjöl og -trefjar, óunnið
95935	011138-66-2	Xantángúmmí
96190	020427-58-1	Sínkhýdroxíð
96240	001314-13-2	Sínkoxíð
96320	001314-98-3	Sínksúlfíð

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla tilskipunar 95/3/EB um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komist í snertingu við matvæli. Jafnframt var höfð hliðsjón af tilskipun 96/11/EB um breytingu á 90/128/EBE. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Tilkynningar samkvæmt 2. gr. þessarar reglugerðar skulu berast Hollustuvernd ríkisins eigi síðar en 1. janúar 1998.
2. Þar til kominn er endanlegur jákvæður listi yfir aukefni, sem heimilt er að nota við framleiðslu á plasti, sbr. ákvæði 1. gr., er Hollustuvernd ríkisins heimilt að samþykkja notkun annarra efna en fram koma í viðauka 5.

Umhverfissráðuneytinu, 3. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

1. október 1997

Nr. 577

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 521/1996 fyrir Lífeyrissjóð Norðurlands.

1. gr.

Grein 4.2 orðast svo:

- 4.2 Kjörtímabil stjórnarmanna er 3 ár og skal hvor aðili um sig kjósa árlega einn stjórnarmann og einn til vara.

2. gr.

Við grein 7.2 bætast eftirfarandi málslíðir:

Tillögur til hækkunar á lífeyrissréttindum geta verið með eftirfarandi hætti:

- a) Tillögur um hækkun á áunnum réttindum sjóðfélaga í sjóðnum, án breytinga á reglum til útreiknings á lífeyri (hækkun stiga).

- b) Tillögur að breytingum á reglum til útreiknings á lífeyri, með reglugerðar-breytingu.
- c) Tillögur um greiðslu tímabundinnar uppbótar á lífeyri, án breytinga á reglum eða réttindum að öðru leyti.

Ef gerð er tillaga um greiðslu uppbótar skv. c-lið, skal hún gilda í a.m.k. fimm ár og skal ákvörðun endurmetin árlega fyrir 5. árið þaðan í frá. Uppbót samkvæmt þessum ákvæðum getur numið allt að 10% hækkun á réttindum miðað við ákvæði gildandi reglugerðar. Á ársfundi skal gera grein fyrir kostnaði vegna tillagna um hækkun á lífeyrisréttindum.

3. gr.

Við 11 gr. bætist nýr töluliður nr. 11.5 sem orðast svo:

11.5 Ellilífeyrir sjómanna. Sérákvæði.

11.5.1 Heimilt er sjóðfélaga sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, og greitt hefur iðgjöld til sjóðsins að lágmarki í 10 ár vegna sjómennsku, og verið lögskráður á íslensk skip í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga hvert ár, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um 0,3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 67 ára aldur, er taka lífeyris hefst. Taki sjóðfélagi ellilífeyri á aldrinum 60-67 ára skv. ákvæðum þessarar greinar og greiði á sama tíma iðgjöld til sjóðsins, ávinnur hann sér réttindi að hálfu vegna þeirra.

11.5.2 Fáist ekki fullnægjandi upplýsingar um árafjölda til sjós með vottorðum um lögskráningardaga, er stjórn sjóðsins heimilt að beita annarri reglu um mat á réttindum til flýtingar töku lífeyris, t.d. með staðfestum afritum skattframtala eða gögnum frá tryggingarfélagi viðkomandi.

4. gr.

Á 13. gr. verða eftirtaldar breytingar:

Grein 13.2 orðast svo:

13.2 Fullur makalífeyrir skal alltaf greiddur í 48 mánuði og 50% makalífeyrir í 36 mánuði til viðbótar, þótt ekki sé fullnægt ákvæðum 13.3, 13.4 eða 13.5

Grein 13.3 orðast svo:

13.3 Hafí eftirlifandi maki náð 50 ára aldri við fráfall sjóðfélaga, skal hann eiga rétt á 50% makalífeyri til 67 ára aldurs, enda séu ákvæði greinar 13.1 uppfyllt.

Í stað „0,9“ í grein 13.6 kemur „0,7“.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin tekur gildi 1. júlí 1997.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 1. október 1997.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Stykkishólmi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Stykkishólmi.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum búsettum í bænum undanþágu frá 1 gr. og leyfi til hundahalds í bænum með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og óheimilt er að framselja það.
- b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi skal skriflegt samþykki sameignenda í húsinu fylgja umsókninni.
- c) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður og staðfest er af umhverfisráðherra í sérstakri gjaldskrá skal standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga, fellur leyfið úr gildi.
- d) Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan. Bæjarstjórn getur ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag. Skal tryggingin ná til alls tjóns, sem hundurinn kann að valda. Við greiðslu leyfisgjalds, skal liggja fyrir vottorð um ábyrgðartryggingu.
- e) Hundurinn skal bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt nafn og skráningarnúmer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda hans.
- f) Hundurinn skal hreinsaður árlega.
Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu leyfisgjalds.
- g) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Þá eru umráðamönnum hunda alltaf skytt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyflegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir, eða aðra staði samkvæmt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum, en þeir eru m.a. eftirfarandi:
 1. Vatnsveitur, vatnsból og vermdarsvæði þeirra.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.
 4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
 5. Tjald- og hjólahýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsýjaraaðila.
 6. Húsakynni og svæði þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.
 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
 10. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 11. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 12. Almenn samgöngutæki.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að takmarka eða banna umferð hunda um tiltekin svæði í bæjarlandinu. Ákvæði um slíkt skal auglýst sérstaklega og svæðið auðkennt með merki sem sýnir að umferð hunda sé bönnuð.

4. gr.

Umsókn fyrir leyfi til hundahalds skal senda bæjarstjórn Stykkishólms, sem gefur út leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá bæjarstjórn. Þar skal m.a. skrá heiti, aldur, kyn, tegund, lit og önnur einkenni hundsins. Ennfremur nafn og heimilisfang leyfishafa svo og skráningarnúmer hundsins. Leyfishafi fær merkta plötu, sbr. 3. lið 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Stykkishólmi.

Lögregluvarðstofunni í Stykkishólmi og heilbrigðisnefnd skulu send afrit af leyfisbréfi.

5. gr.

Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstaka hunda eða öll veitt leyfi telji hún brýna nauðsyn þar á að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar og lögreglu. Að öðru leyti fer um framkvæmdina samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum.

7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 3. október 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 158/1997, um álagningu spilliefnagjalds, sbr. breytingu nr. 203/1997, breytingu nr. 316/1997 og breytingu nr. 442/1997.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr VII. kafli sem er svohljóðandi:

VII. KAFLI

Varnarefni.

14. gr.

Gjaldskyld varnarefni og upphæð gjaldsins.

Spilliefnagjald skal lagt á varnarefni.

Spilliefnagjald á innflutt varnarefni skal innheimt í tolli.

Um gjaldtöku og flokkun til gjaldskyldu á varnarefnum, gilda ákvæði viðauka VI við þessa reglugerð.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýr VIII. kafli sem er svohljóðandi:

VIII. KAFLI
Ísócyánöt.

15. gr.

Gjaldskyld ísócyánöt og upphæð gjaldsins.

Spilliefnagjald skal lagt á ísócyánöt.

Spilliefnagjald á innflutt ísócyánöt skal innheimt í tolli.

Um gjaldtöku og flokkun til gjaldskyldu á ísócyánötum, gilda ákvæði viðauka VII við þessa reglugerð.

3. gr.

VII. KAFLI verður IX. KAFLI.

4. gr.

14. gr. verður 16. gr. og 15. gr. verður 17. gr.

5. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki VI sem er svohljóðandi:

VIÐAUKI VI.

VARNAREFNI SEM GETA ORÐIÐ AÐ SPILLIEFNUM.

Spilliefnagjald skal reikna sem tiltekna fjárhæð á hvert kílógramm (eða hluta úr kílógrammi) varnarefna sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer:

	ÚR 38. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR	Kr/kg
3808	Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun og efni til að stjórna plöntuvexti, sóttþreinsandi efni og áþekkar vörur í formi eða umbúðum til smásölu eða sem blöndur eða hlutir (t.d. brennisteinsunnin bönd, kveikir og kerti, og flugnaveiðarar):	
3808.1000	- Skordýraeyðir	3,00
	- Sveppaeyðir:	
3808.2001	- - Fúavarnarefni	3,00
3808.2009	- - Annar	3,00
3808.3000	- Illgresiseyðir, spírunareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti 3,00	
3808.4000	- Sóttþreinsandi efni	3,00
3808.9000	- Annað	3,00

6. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki VII sem er svohljóðandi:

VIÐAUKI VII.

ÍSÓCYÁNÖT SEM GETA ORÐIÐ AÐ SPILLIEFNUM.

Spilliefnagjald skal reikna sem tiltekna fjárhæð á hvert kílógramm (eða hluta úr kílógrammi) ísócyánata sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer:

	ÚR 29. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR	Kr/kg
2929	Sambönd með annarri köfnunarefnisvirkni:	
2929.1000	- Ísócyánöt	1,00
2929.9000	- Annað	1,00

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 6. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 580

7. október 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 331/1997 um námsorlof framhaldsskólakennara.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Þriggja manna nefnd sem menntamálaráðherra skipar veitir menntamálaráðherra umsögn um umsóknir og gerir rökstuddar tillögur um úthlutun námsorlofs og styrkja skv. 2. og 4. gr. Nefndin skal m.a. taka tillit til eftirfarandi:

a) Hvers konar nám umsækjandi hyggst stunda og hvernig það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild. Orlof skal fyrst og fremst veitt til náms sem tengist starfssviði umsækjanda.

b. Starfsaldurs umsækjanda.

Við veitingu námsorlofs skal taka tillit til eðlilegrar dreifingar milli skólastofnana, námsgreina, skólasvæða og kynja.

Nefndin skal þannig skipuð: Einn skal skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hins íslenska kennarafélags og einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartímabil nefndarinnar er fjögur ár.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. október 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 581

8. október 1997

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga, nr. 646/1995.

1. gr.

Í stað 2. mgr. 2. gr. kemur ný mgr., svohljóðandi:

Félagið skal tryggja fjölbreytni og dreifingu eigna á móti váttryggingaskuld í samræmi við tegund þeirra skuldbindinga sem hvíla á félaginu. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem félagið ber og felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og skulu eignir á móti váttryggingaskuldbindingu félagsins valdar í samræmi við það. Eignum sem ekki er hægt að selja með stuttum fyrirvara skal halda innan hóflegra marka. Ákvæði 7., 8. og 9. gr. eiga ekki við um

skuldbindingar vegna líftryggingasamninga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka nema að því marki sem í þeim felst loforð félagsins um vexti eða tiltekna útborgun.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. fellur niður.

3. gr.

Á eftir 5. gr. bætast við fyrirsögn og ný grein, svohljóðandi:

Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka.

5a. gr.

Þegar skuldbinding samkvæmt líftryggingasamningi er með beinum hætti háð verðgildi eininga í verðbréfasjóði samkvæmt lögum nr. 10/1993 um verðbréfasjóði eða verðgildi eininga í sjóði sem er í vörslu váttryggingafélagsins, skal líftryggingaskuld vegna skuldbindingarinnar mætt með einingum sem samsvara, eins og hægt er, þeim einingum sem samningurinn kveður á um eða þegar slíkar einingar eru ekki til, með sömu eignum og að baki liggja.

Þegar skuldbinding samkvæmt líftryggingasamningi er með beinum hætti háð gengi hlutabréfa eða annarri viðmiðun en fram kemur í 1. mgr. skal váttryggingaskuld vegna þessarar skuldbindingar mætt, eins og hægt er, annaðhvort með einingum sem taldar eru samsvara eignum sem vísað er til í samningnum, eða þegar einingar af því tagi eru ekki fáanlegar, með hæfilega öruggum og seljanlegum eignum samsvarandi eins vel og hægt er því sem samningurinn tekur mið af.

4. gr.

Í stað 2. másl. 4. mgr. 6. gr. kemur nýr másl., svohljóðandi:

Afleiðusamninga svo sem vilnanir, framvirka samninga og skiptasamninga má aðeins nota við mat á eignum sem samningarnir tengjast. Matið skal vera varfærnislegt og má aðeins nota afleiðusamninga sem stuðla að því að draga úr fjárfestingaráhættu og eru liður í að auka hagkvæmni fjárfestingarstjórnunar.

5. gr.

9. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Hlutdeild í dótturfélagi sem hefur það hlutverk eitt að ávaxta eignir váttryggingafélagsins að öllu leyti eða að hluta skal metin sem hlutdeild félagsins í eignum dótturfélagsins.

Váttryggingaeftirlitið getur krafist þess að eignir í öðrum dótturfélögum séu metnar á sama hátt.

6. gr.

2. másl. 2. mgr. 10. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Víkja má frá þeirri reglu, nemi eignir sem ættu að vera í tilteknum gjaldmiðli 7% eða minna af eignum samanlagt í öðrum gjaldmiðlum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 3. mgr. 34. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með síðari breytingum, sbr. einnig 98. gr. sömu laga, og byggir á ákvæðum í 21., 22. og 23. gr. tilskipunar 92/96/ESB og ákvæðum í 21. og 22. gr. tilskipunar 92/49/ESB.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 8. október 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86 24. febrúar 1993 með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Tegundir talnagetrauna.

- 2.1 Íslensk getspá starfrækir talnagetraunir (lottó) undir heitinum „Lottó 5/38“ og „Víkíngalottó“ („Lottó 6/48“), en hina síðarnefndu talnagetraun starfrækir það í samvinnu við eftirgreind talnagetraunafyrirtæki: AB Svenska Spel, Svíþjóð, Norsk Tipping A/S, Noregi, OY Veikkaus ab, Finnlandi, og Dansk Tipstjeneste As, Danmörku. Um getraunastarfsemina gilda eftirfarandi reglur:

2. gr.

3. gr., liður 3.9, orðist svo:

- 3.9 Verð fyrir hvern leik (röð) í „Lottó 5/38“ er 50 kr. og í „Víkíngalottói“ 25 kr. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár.

3. gr.

5. gr., liður 5.2, síðasti málslíður, orðist svo:

Útdrátturinn fer fram með þeim hætti að valdar eru sex aðaltölur af tölunum 1-48 og því næst eru valdar 2 aukatölur, „bónustölur“ af þeim sem þá eru eftir.

4. gr.

Í 5. gr., lið 5.5.2, a), komi 0,035 ECU í stað „0,03 ECU“.

5. gr.

5. gr., liður 5.5.2, b), tölulíður 1., orðist svo:

1. 28% skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveim aukatölum, „bónustölum“.

6. gr.

5. gr., liður 5.5.2, b), tölulíður 4., orðist svo:

4. 15% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveim aukatölum, „bónustölum“.

7. gr.

6. gr., liður 6.1, 2. mgr., „Víkíngalottó“, orðist svo:

„Víkíngalottó“

6 réttar aðaltölur:	1:12.271.512
5 réttar aðaltölur og aukatala:	1:1.022.626
5 réttar aðaltölur:	1:52.442
4 réttar aðaltölur:	1:950
3 réttar aðaltölur og aukatala:	1:393

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 30. október 1997.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. október 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.Jón Thors.

13. október 1997

Nr. 583

GJALDSKRÁ**Selfossveitna bs.****1. HLUTI****Sölutaxtar, stofngjöld og innheimta.****I. Sölutaxtar.**

Allt verð er án virðisaukaskatts. Á það leggst vsk. eins og hann er hverju sinni og kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglugerðum.

I.a. Rafmagn.*Almennir taxtar.*

	Ein.	Grunngjald
A1 Almenn notkun 1.		
Orkugjald	kr/kWh	6,29
Fastagjald.....	kr/ár	2.749,00
A2 Almenn notkun 2.		
Orkugjald	kr/kWh	6,29
Fastagjald	kr/ár	8.307,00
A3 Mannvirkjagerð		
Orkugjald	kr/kWh	6,29
Fastagjald	kr/ár	8.307,00

Afltaxtar.

B1 Afl og orkumæling 1.		
Orka	kr/kWh	2,28
Afl	kr/kW/ár	9.756,00
Fastagjald	kr/ár	8.307,00
B2 Afl og orkumæling 2.I		
Orkugjald. Sumar: 1. maí - 30. sept.	kr/kWh	1,98
Orkugjald. Vetur: 1. okt. - 30. apríl	kr/kWh	4,15
Afl		
Aflgjald. Sumar: 1. apríl - 31. okt.	kr/kW/mán	599,87
Aflgjald. Vetur: 1. nóv. - 31. mars	kr/kW/mán	1.195,50
Fastagjald	kr/mán	2.788,00
B3 Útílysing 1.		
Rofin útílysing, viðhald	kr/kW/ár	17.970,00
Rofin útílysing, aflgjald	kr/kW/ár	16.587,00
B4 Útílysing 2.		
Stofn og tengigjald	kr.	17.771,00
Aflgjald	kr/W/ár	31,00
Orkugjald	kr/W/ár	33,00

B5	Búrekstur m. rafmagnshitun	Ein.	Grunngjald
	Orka	kr/kWh	2,90
	Umframorka	kr/kWh	6,72
	Afl	kr/kWh/ár	6.810,00
	Fastagjald	kr/ár	8.307,00

Aðrir taxtar.

C1	Rofin hitun/næturhiti		
	gildir 20.00 - 08.00	kr/kWh	2,28
	ef notað utan gildistíma	kr/kWh	6,29
	Fastagjald	kr/ár	8.307,00
C2	Hitun í iðnaði		
	Orkugjald. Sumar: 1. maí - 30. sept.	kr/kWh	2,28
	Orkugjald. Vetur: 1. okt. - 30. apríl	kr/kWh	4,73
	Fastagjald	kr/ár	8.307,00
C3	Húshitun		
	Orkugjald	kr/kWh	3,74
	Niðurgreiðsla í strjálbýli	kr/kWh	2,14
	Fastagjald	kr/ár	8.307,00
C4	Blönduð notkun		
	Orkugjald	kr/kWh	4,79
	Fastagjald	kr/ár	8.307,00

I.b. Afnot af heitu vatni.*Almennir taxtar.*

H.1	Heitt vatn um rennslismæli		
	Heimili og íbúðir	kr/m ³	43,43
	Fastagjald	kr/ár	5.703,00
H.2	Heitt vatn um rennslismæli		
	Stórnotendur =>1"	kr/m ³	43,43
	Fastagjald	kr/ár	8.118,00
H.3	Heitt vatn um rennslismæli		
	Heimili og íbúðir	kr/m ³	50,24
	Fastagjald	kr/ár	7.247,00
H.4	Heitt vatn um rennslismæli		
	Stórnotendur =>1"	kr/m ³	50,24
	Fastagjald	kr/ár	14.657,00

Sértaxtar.

H.5	Heitt vatn um hemil		
	Heitt vatn um hemil	kr/mín/ár	12.174,00
	Fastagjald	kr/ár	8.118,00
H.6	Heitt vatn um mæli		
	Alm. sundlaugar		
	Sumar: 1. maí - 30. sept.	kr/m ³	22,01
	Vetur: 1. okt. - 30. apríl	kr/m ³	26,39
	Fastagjald	kr/ár	14.657,00

II. Stofngjöld.**II.a. Rafmagn.**

63 A	1 fasa	kr.	56.622,00
63 A	3 fasa	kr.	62.504,00
100 A	3 fasa	kr.	99.198,00
200 A	3 fasa	kr.	196.125,00
315 A	3 fasa	kr.	311.283,00
400 A	3 fasa	kr.	397.296,00
630 A	3 fasa	kr.	706.027,00
710 A	3 fasa	kr.	779.963,00
1200 A	3 fasa	kr.	1.236.517,00

II.b Heitt vatn.

	Ein.	Grunngjald
Íbúðarhúsnæði, einbýli	kr.	69.368,00
Atvinnuhúsnæði, fjölbýli o.fl.	kr.	69.368,00
einingarverð umfram 500m ³	kr.	60,00

II.c. Bráðabirgðaheimtaugar.

63 A 1 fasa	kr.	15.592,00
63 A 3 fasa	kr.	21.028,00
100 A 3 fasa	kr.	26.807,00

II.d. Yfirlengdargjald.

63 A 1 fasa	kr/m	1.330,00
63 A 3 fasa	kr/m	1.750,00

III. Innheimta.**III.a. Innheimta og lokanir.**

Innheimtugjald	kr.	499,00
Lokunargjald	kr.	1.575,00

2. HLUTI.**Skýringar og ýmis ákvæði.****I. Sölu taxtar fyrir rafmagn og heitt vatn.****I.a. Rafmagn.**

A1: Taxti fyrir heimili, verslanir, skrifstofur, skóla og alla aðra notkun sem ekki er getið annars staðar.

A2: Taxti fyrir heimili, smáíðnað, verslanir og þjónustu með þriggja-fasa húsveitukerfi.

A3: Taxti fyrir notkun við byggingarframkvæmdir, skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.

B1: Gjaldskrártaxti B.1. er fyrir alla meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun og aðra stórnotendur. Aðrir taxtar eru ekki veittir samhliða þessum taxa. Þó er heimilt að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflúttekt er ákvörðuð samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskilyt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Lesið er á mæli í lok hvers mánaðar. Heimilt er að reikna afl og orkunotkun samkvæmt taxa B2.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW. Heimilt er að veita notanda með lægra meðalgildi en 15 kW að kaupa rafmagn samkvæmt þessum taxa, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

B2: Taxti fyrir atvinnufyrirtæki með sveiflukenndan rekstur svo sem loðnufrystingu.

B3: Taxti fyrir útilýsingu með breytilegum roftíma er fylgir dagsbirtu. Aflgjald, kr/kW/ár, er greitt fyrir uppsett afl ljósbúnaðar. Viðhaldsgjald, kr/kW/ár, er greitt fyrir viðhald og eftirlit með viðkomandi ljósabúnaði. Ljósabúnaður verður að fullnægja kröfum Selfossveitna hverju sinni og ber notanda að greiða stofnkostnað að fullu.

B4: Taxti fyrir sérstaka lýsingu utanhúss þar sem lýsingarbúnaði er komið fyrir á þegar uppsettum götuljósastólpum. Lýsingarbúnaður ákvarðast af Selfossveitum með samþykki viðkomandi umsækjanda um sérstaka lýsingu. Stofn- og tengigjald greiðist af umsækjanda fyrir stofnkostnað og greiðist gjaldið aðeins í upphafi lýsingar. Aflgjald er greitt fyrir uppsett afl búnaðar. Viðhaldsgjald er greitt fyrir viðhald og eftirlit á viðkomandi búnaði. Innifalið er endurnýjunarkostnaður búnaðar.

B5: Búrekstur með rafhitun. Lágmarksafl er 6 kW. Hámarksafl er 50 kW.

- C1: Taxti fyrir rofna hitun svo sem hitun að næturlagi. Rof tími er frá kl 08.00 að morgni til kl. 20.00. Veita má heimild til kaupa á rafmagnni utan roftíma samkvæmt orkugjaldi taxta A1.
- C2: Rofin hitun til iðnaðar og annarra nota en hitunar íbúðarhúsa. Rof tími er allt að 3 klst. á dag á tímabilinu milli kl. 08.00 til kl. 18.00. Að hámarki skal rofið 1,5 klst. í senn og skulu minnst 1,5 klst. líða á milli roftímabila.
- C3: Órofinn taxti til hitunar húsnæðis í strjálbýli.
- C4: Blönduð notkun fyrir verbúðir, skepnuhús og sumarbústaði. Gildir bæði sem almenn notkun og rafhiti. Rafmagn samkvæmt þessum taxta er afhent órofið. Notendur geta einnig keypt orku til þessara nota samkvæmt taxta A1.

D. Ýmis ákvæði:

Sérstakar aðstæður. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, er heimilt að takmarka val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gera sérstakan afhendingarsamning. Þar sem flutningsgeta og/eða spennuafli er takmarkað, áskilja Selfossveitur sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárlíða.

Launafl. Fasviksstuðull hjá notanda skal að jafnaði ekki vera lægri en 0,9. Heimilt er að krefja notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sem nemur meira en 50 % af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjald þetta skal nema hálfu aflgjaldi sbr. B.1.

Takmarkanir. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Sérstök spennistöð. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð eða húsnæði undir stöðina, veitunni að kostnaðarlausu. Viðkomandi notandi skal í öllu hlíta skilmálum veitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar, staðsetningu stöðvar og frágang innan stöðvar og í nánasta umhverfi hennar.

Mælitæki. Selfossveitur bs. ákvarða stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja hú sveitu.

I.b. Heitt vatn.

- H1: Taxti fyrir heimili og aðra smærri notendur með þeim takmörkunum sem fram koma í H3. Notkun er mæld í rúmmetrum (m^3).
- H2: Taxti fyrir atvinnuhúsnæði o.þ.h. með þeim takmörkunum sem fram koma í H4. Inntak stærra en eða jafnt og 25 mm í þvermál. Notkun er mæld í rúmmetrum.
- H3: Taxti fyrir heimili og aðra smærri notendur í Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppi sbr. samning um Selfossveitur bs. Notkun er mæld í rúmmetrum. Taxti H1 gildir fyrir þessa notkun frá og með 1. júní 1998.
- H4: Taxti fyrir atvinnuhúsnæði o.þ.h. í Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppi sbr. samning um Selfossveitur bs. Inntak stærra en eða jafnt og 25 mm í þvermál. Notkun er mæld í rúmmetrum. Taxti H2 gildir fyrir þessa notkun frá og með 1. júní 1998.
- H5: Taxti fyrir sölu vatns um skammtara (hemil). Sérstakt samkomulag skal gera um sölu skv. þessum taxta. Greitt er samkvæmt samningi fyrir tiltekinn fjölda mínútulítra sem aðgengilegur er notandanum allt árið að jafnaði (l/mín/ár). Fjöldi mínútulítra ákvarðast af Selfossveitum á grundvelli áætlunar um notkun.

H6: Taxti fyrir mælda notkun í sundlaugum í eigu sveitarfélaga. Notkun er mæld í rúm-metrum.

H7. Ýmis ákvæði:

Sérstakar aðstæður. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils vatns er heimilt að takmarka val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gera sérstakan afhendingarsamning. Þar sem flutningsgeta dreifikerfishluta er takmarkað, áskilja Selfossveitur bs. sér rétt til að takmarka val gjaldskrárlíða.

Takmarkanir. Heimilt er að banna notkun dælna og annarra tækja sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Aðgengi starfsmanna. Starfsmönnum Selfossveitna bs. skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, lögnum í eigu Selfossveitna og öðrum búnaði sem eru í sambandi við dreifikerfi fyrirtækisins.

II. Inntakslagnir, heimtaugar og heimæðar.

Tæknilegir tengiskilmálar. Um tengingu neysluveitna við veitukerfi gilda tæknilegir tengiskilmálar rafveitna og sérskilmálar Selfossveitna.

Stærð og tilhögun inntakslagna. Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimtauga, heimæða og/eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks og tengistað við húsveitukerfi.

Málstraumur heimtauga miðast við stærð stofnvara húsveitu og/eða áætlaða hámarks straumáraun viðkomandi húsveitu.

Greiðslur. Heimtaugargjald og/eða heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug og/eða heimæð er tengir húsveitu við veitukerfið. Skal greiðsla eiga sér stað áður en tenging fer fram, eða fyrir eða á eindaga sem tilgreindur er á reikningi.

Yfirlengd. Yfirlengd varanlegrar inntakslagna miðast við lengri lagnir en 10 m. Lengd inntakslagna reiknast frá lóðarmörkum að tengistað við húsveitukerfi. Taka skal tillit til aðstæðna í hverju tilviki. Yfirlengdargjald skal greitt skv. viðeigandi töflu.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi inntakslögn að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald skv. töflu þar um.

Greiðsla aukakostnaðar vegna frosts í jörðu. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug og /eða heimæð sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar. Skal þar taka mið af auka tilkostnaði vegna frosts í jarðvegi.

Sérstakar aðstæður. Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar og/eða heimæðar verði meira en 50 % hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað sem umfram 50 % er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

Inntaksgjöld gilda fyrir skipulögð hverfi. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar skal heimtaugargjald og/eða heimæðargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

III. Aðrar skýringar og önnur ákvæði.

Áætlun um notkun og orkureikningar. Orkugjöld eru innheimt mánaðarlega samkvæmt áætlun eða með sérstökum álestri. Við gerð áætlunar um ársnotkun er stuðst við sannreynda notkun ársins á undan. Á um 12 mánaða fresti er lesið af mælum og á grundvelli þess álestrar er gert sérstakt uppgjör við hvern notanda sem skráður hefur verið í viðskiptum yfir tímabilið. Veitustjóri getur heimilað notanda að senda inn eigin álestur á áætlunartímabilinu.

Dráttarvextir, vanskil og lokanir. Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vanguardna reikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda, eða honum gerð grein fyrir beitingu þeirra á annan hátt.

Selfossveitur hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Orku-reikningur er í vanskilum hafi hann ekki verið greiddur fyrir eða á eindaga. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxa þar um.

Lögtaksheimild. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má innheimta með fjárnámi á kostnað gjaldanda.

Staðfesting. Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis nr. 238/1995 og nr. 250/1995 fyrir veitusvæði Selfossveitna bs., með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. október 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 584

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1996.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:		
Vaxtatekjur og verðbætur		kr.
Fjármunatekjur alls:		<u>8.950.131</u>
		<u>8.950.131</u>
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld		219.903
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga		<u>2.977.285</u>
Fjármagnsgjöld alls:		<u>3.197.188</u>
		<u>3.197.188</u>
Hreinar fjármunatekjur:		<u>5.752.943</u>
		<u>5.752.943</u>
Aðrar tekjur:		
Framlag sveitarfélaga		23.210.746
Framlag ríkissjóðs		30.000.000
Gjald af söluv. landbúnaðarins		<u>38.912.925</u>
Aðrar tekjur alls:		<u>92.123.671</u>
		<u>92.123.671</u>
Tekjur alls:		<u>97.876.614</u>
		<u>97.876.614</u>

Styrkveitingar:

Styrkir	<u>101.443.794</u>
Styrkveitingar alls:	<u>101.443.794</u>
Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld	<u>(3.567.180)</u>

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	13.187.081
Rekstrarkostnaður húsnæðis	1.498.870
Sérkostnaður	2.779.513
Innheimtulaun búvörugjalds	778.258
Afskriftir	<u>408.206</u>
Rekstrargjöld alls:	<u>18.651.928</u>
Tap ársins:	<u>(22.219.108)</u>

Sameinaður efnahagsreikningur þann 31. desember.**Eignir.****Veltufjármunir:**

	kr.
Bankainnstæður	140.842.477
Aðrar skammtímakröfur	<u>153.462</u>
Veltufjármunir alls:	<u>140.995.939</u>

Fastafjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	283.617
Fasteignir	<u>12.779.006</u>
Fastafjármunir alls:	<u>13.062.623</u>
Eignir samtals:	<u>154.058.562</u>

Skuldir og eigið fé.**Skammtímaskuldir:**

	kr.
Ógreiddir styrkir	0
Viðskiptaskuldir	666.444
Séreignadeild	0
Aðrar skammtímaskuldir	<u>3.074.817</u>
Skammtímaskuldir alls:	<u>3.741.261</u>

Eftirlaunaskuldbinding 12.310.000

Skuldir alls: 16.051.261

Eigið fé:

Endurmatsreikningur	156.555.482
Ójafnað tap	<u>(18.548.181)</u>
Eigið fé alls:	<u>138.007.301</u>
Skuldir og eigið fé samtals:	<u>154.058.562</u>

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 1996. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber mér að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga af afkomu sjóðsins á árinu 1996, efnahag hans 31. desember 1996 og breytingu á handbæru fé á árinu 1996, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. apríl 1997.

Gísli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings.

Reykjavík, 11. júní 1997.

Sesselja Árnadóttir.
Guðbjartur Gunnarsson.
Hörður Harðarson.

Ríkharð Brynjólfsson.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal
aðstoðarframkvæmdastjóri.

Nr. 585

16. október 1997

REGLUGERÐ**um (1.) breytingu á reglugerð um tæknifrjógvun nr. 568/1997.**

1. gr.

1. og 2. másl. 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Hámarksgeymslutími fósturvísa er fimm ár. Að fimm árum liðnum skal eyða ónotuðum fósturvísam.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13., sbr. 3. og 10. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógvun, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1997

16. október 1997

1317

Nr. 586

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 485/1995 um tekjutryggingu.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Allar skattskyldar tekjur skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að frá-dregnum bótum almannatrygginga og félagslegri aðstoð sveitarfélaga.

Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu fjármagnstekjur metnar að 50 hundraðshlutum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

13. október 1997

Nr. 587

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, sbr. reglugerð nr. 502/1984.

1. gr.

Í stað „12. janúar“ í 9. gr. komi: 14. janúar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglu-gerð nr. 502/1984.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

B 92

Gutenberg

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á jólatrjám.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/stk
<i>Tollnúmer:</i>					
0604.9101	Jólatré, án róta	01.11.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.11.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.11.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.11.-31.12.97	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflytning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 560/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0703.9001	Blaðlaukur	27.10.-02.11.97	ótilgr.	15	114
0703.9001	Blaðlaukur	03.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

23. október 1997

Nr. 590

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341, 5. júní 1997, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. tl. 2. gr. reglugerðarinnar er úr gildi felldur.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. október 1997 til og með 28. febrúar 1998 er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 2. gr., að stunda veiðar með botn- og flotvörpu og línu á svæðinu norður af Horni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 25. október 1997.

Sjávarútvegráðuneytinu, 23. október 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við grein 12.2.1. bætist ný mgr. sem orðist svo:

Heimilt er þó fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á rakarastofur, hárgreiðslustofur og snyrtistofur, heilbrigisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi, samkomuhús, kirkjugarða og í almenn samgöngutæki, enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir hundinum, sé þess krafist í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 13. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 592

2. október 1997

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt ósk varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 5. september 1997 staðfest breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli frá 25. mars 1997 samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að á svæði austan flugskýlis Flugleiða er gert ráð fyrir tveimur byggingum fyrir flugfrakt í stað verkstæðis og þjónustubyggingar við flughlað. Enn fremur er gert ráð fyrir stækkun flughlaðs og landgangs til vesturs auk minni háttar breytinga á bílastæðum.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins ber ábyrgð á því tjóni er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Utanríkisráðuneytinu, 2. október 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1997

21. október 1997

1321

Nr. 593

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í einkarétti.

(Virðisaukaskattur, 24,5%, er innifalinn).

Gildir frá 1. nóvember 1997.

I. KAFLI

Talsími.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir hvert númer í símstöð og línu kr. 10 645,00
Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð og greiðist við pöntun. Aukagjald greiðist, þegar sími er tengdur í hús, sem er meira en 50 metra frá aðaljarðsímum.
Utan þeirra marka greiðist aukagjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Aukagjald er ákveðið af Pósti og síma hf. hverju sinni.
Ekki greiðist aukagjald vegna eins síma á hverja ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið. Póstur og sími hf. setur reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Fast afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í símstöð og línu er kr. 1 600,00 fyrir heimili og kr. 3 200,00 fyrir verslunar- eða atvinnusíma.

Þegar notandi er utan samfelldrar þéttar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsím-notendakerfi er yfir 500 metrar er greitt fyrir viðhald sérlagnarinnar skv. reikningi. Þetta gildir ekki þegar um er að ræða ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið.

Í ársfjórðungsgjaldinu er innifalinn notkun, með sjálfvirku vali, fyrir kr. 664,00 (200 skref). Fyrir umframnotkun greiðist samkvæmt II. kafla eða sérstökum ákvæðum um aðrar þjónustugreinar. Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) miðast innifalinn notkun við þann línufjölda sem greitt er fyrir.

3. Einkasímstöðvar og sérbúnaður.

Eigendur einkasímstöðva geta fengið úthlutað númerum úr almenna talsímanetinu fyrir notendur einkasímstöðvanna og fá jafnframt möguleika á beinu innvali inn í þær.

Einkasímstöð getur verið tengd við almenna símakerfið annað hvort með einum eða fleiri 2 Mb/s straumum eða venjulegum tallínum.

3.1. Innval.

- 3.1.1. Stofngjald fyrir innvalið er kr. 163 499,00 fyrir hverja einkasímstöð, sem tengist við almenna talsímanetið.

Ef margar einkasímstöðvar eru samtengdar í einkaneti greiðist stofngjaldið fyrir hverja stöð, sem tengist beint við almenna kerfið.

- 3.1.2. Ársfjórðungsgjald fyrir innvalið er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð, sem verður að vera heilt margfeldi af 100.
- 3.1.3. Ef einkasímstöð tengist við almenna símakerfið með venjulegum tallinum er greitt fyrir þær línur stofngjald og afnotagjald eins og fyrir atvinnusíma samkvæmt 1. og 2. grein, en fjöldi lína skal vera heilt margfeldi af 10. Ef einkasímstöð tengist hins vegar við almenna símakerfið með 2 Mb/s sambandi greiðist fyrir hvert samband stofngjald og afnotagjald eins og fyrir 20 tallínur, þ.e. stofngjald kr. 212 840,00 og ársfjórðungsgjald kr. 64 000,00. Þeir notendur, sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í 2 Mb/s sambandinu geta fengið færri rásir virkar þó að lágmarki 12 rásir. Fyrir hverja rás greiðast þá venjuleg afnotagjöld fyrir atvinnusíma en stofngjaldið verður kr. 212 840,00. Línurnar má nota hvort sem er fyrir innval eða útval. Í afnotagjaldinu er innifalin sjálfvirk notkun samkvæmt (1.2.) og er hún reiknuð í hlutfalli við þann fjölda afnotagjalda sem greitt er fyrir, þ.e. þegar greitt er fyrir 2 Mb/s samband er innifalin notkun miðað við 20 línur.
- 3.2. PBX-tenging.
Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) skal greiða stofngjald fyrir slíka tengingu kr. 6 225,00 og að auki kr. 747,00 fyrir hverja línu í hópnum. Ef síðar er bætt við línunum í hópinn greiðast kr. 747,00 fyrir hverja línu sem bætist við.
Gjald fyrir PBX-tengingu greiðist ekki af línunum í beinu innvali. Ekkert afnotagjald er greitt fyrir þessa þjónustu.
- 3.3. Talningar til notenda.
Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notenda greiðist kr. 629,00 á ársfjórðungi.

4. Línur tengdar einkasímstöðvum.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1. Línur frá einkasímstöð.		
4.1.1. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá VII. kafla	8 927,00	
4.1.2. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið.....	8 927,00	8 491,00
4.1.3. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvar- svæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	8 927,00	12 139,00
4.2. Þverlínusambönd.		
4.2.1. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvar- svæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	7 370,00
4.2.2. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	9 219,00
4.2.3. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi.....	8 927,00	11 056,00
4.2.4. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.2.1.-4.2.3. Gildir aðeins þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint.		

5. Flutningsgjald.

Flutningsgjald fyrir hvert númer kr. 5 322,00
 Flutningsgjald greiðist að fullu, þó sími sé fyrir í húsi sem flutt er í.
 Flutningsgjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt kostnaði. Sé sími fluttur innan eins árs má lækka flutningsgjaldið í allt að kr. 3 393,00.

6. Viðtökugjald, gjald fyrir númeraskipti og geymslugjald.

Flytji aðili í húsnaði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 5 976,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 1 064,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Þegar nýr lögaðili tekur við fleiri en einu númeri er gjaldið kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. 2 Mbit/s tenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.

Ekki greiðist viðtökugjald þegar ábúendaskipti verða á ábýlisjörðum sem eru í ábúð allt árið.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 129,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf flutningsgjald sbr. 5. hér að framan.

Aldre er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sækji um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Hægt er að fá símanúmer geymt í allt að tvö ár gegn greiðslu eins ársfjórðungsgjalds viðkomandi númers sem greiðist í upphafi geymslutímans.

Félagið getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

7. 800 - númer.

Rétthafi 800 númers greiðir fyrir öll innkomandi símtöl kr. 3,32 við svar og kr. 3,98 á mínútu frá kl 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 1,99 á mínútu á öðrum tímum. Ef 800 númeri er vísað til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands.

Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í 800 númer greiðir ekkert.

Kr.

- | | | |
|------|---|-----------|
| 7.1. | Stofngjald fyrir þjónustuna | 34 505,00 |
| 7.2. | Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi | 13 801,00 |
- Innhringingum í 800 númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

8. Alnúmer.

Alnúmer er þjónusta sem gerir fyrirtækjum kleift að auglýsa aðeins eitt símanúmer fyrir marga afgangslustaði um allt land. Kerfið finnur út hvar sá sem hringir í alnúmerið er staðsettur og vísar honum á þá afgangslu viðkomandi fyrirtækis sem næst honum er.

	Kr.
8.1.1. Stofngjald fyrir þjónustuna	150 000,00
8.1.2. Stofngjald fyrir hvert númer sem er tengt	12 000,00
8.2.1. Afnotagjald á ársfjórðungi fyrir þjónustuna	50 000,00
8.2.2. Afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hvert númer sem er tengt.....	4 000,00

Sá sem hringir í alnúmer greiðir eins og um venjulegt símtal sé að ræða en réttthafi alnúmers greiðir kr. 1,10 á mínútu.

9. Aðgangsstýrð númer.

Um er að ræða númer þar sem hægt er að takmarka aðgang innhringjenda með því að skilgreina ákveðin símanúmer sem hleypt er í gegn.

	Kr.
9.1. Stofngjald fyrir þjónustuna	14 000,00
9.2. Afnotagjald á ársfjórðungi fyrir þjónustuna	15 000,00
9.3. Breytingargjald, fyrir hvert skipti	990,00

10. Sérþjónusta í talsímakerfinu.

Í boði eru ýmsir möguleikar fyrir notendur í talsímakerfinu og eru þeir án stofngjalds.

- 10.1. Allir notendur hafa aðgang að eftirtöldum þjónustum og eru þær án afnotagjalds.
 - 10.1.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er kr. 16,60 í hvert sinn.
 - 10.1.2. Endurval. Síðast valda númerið er endurvalið.
 - 10.1.3. Símtalspöntun. Hægt er að leggja inn pöntun ef hringt er í númer sem er á tali og verður þá sambandið sett upp þegar síminn sem hringt var í losnar. Notkunargjald er kr. 9,96 í hvert sinn sem þjónustan er notuð.
- 10.2. Um eftirtaldir þjónustur þarf að sækja sérstaklega og eru þær án afnotagjalds.
 - 10.2.1. Símtalsflutningur (hringiflutningur).
 - a) Öll símtöl flutt.
 - b) Þegar númerið er upptekið.
 - c) Þegar ekki er svarað.

Sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það notkunargjöld samkvæmt gjaldskrá við það númer sem flutt er í.
 - 10.2.2. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að verið sé að reyna að ná í viðkomandi númer. Hægt er að geyma fyrri símtal meðan öðru símtali er svarað.
 - 10.2.3. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta milli þeirra. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
 - 10.2.4. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
- 10.3. Um eftirtaldir þjónustur þarf að sækja sérstaklega og greiða afnotagjald.
 - 10.3.1. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 10 númer er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
 - 10.3.2. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft er af. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
 - a) Hringing samstundis.
 - b) Hringing eftir 6 sekúndur.
 - 10.3.3. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er að vali notanda að læsa í stöð eða með lykilorði.
 - 10.3.4. Númerabirting. Fyrir að sjá númer þess sem hringir er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00. Númerið sést ekki ef hringt er frá útlöndum.

10.3.5. Númeraleynd. Fyrir að hindra að símanúmerið sjáist ef hringt er úr símanum er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00.

11. Fundarsími.

Símnotendur hafa aðgang að fundarsímaþjónustu, án þess að gera til þess sérstakar ráðstafanir og greiða því hvorki stofngjald né fast afnotagjald. Á sama símafundi geta verið allt að 7 þátttakendur og koma þeir sér saman um sérstakt aðgangsorð fyrir fundinn.

11.1. Hver fundarmaður greiðir fyrir aðgang að fundinum kr. 3,32 við svar og síðan kr. 9,96 fyrir hverja mínútu sem fundurinn stendur.

12. Símatorg.

Símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni er í eigu rekstrar- aðilans (SP).

12.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einka- símsstöðvar þ.e. stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 3 200,00. Greitt er fyrir hverja línu.

12.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 6 400,00.

12.3. Notkunargjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum.

Flokkur	Mínútu- gjald kr.	Hlutur P&S kr.	Hlutur SP kr.	Hlutur SP í %
I	12,45	6,22	6,23	50,0
II	16,60	8,30	8,30	50,0
III	24,90	11,20	13,70	55,0
IV	39,84	15,30	24,54	61,6
V	66,38	21,17	45,21	68,1

Auk þessa er tekið kr. 3,32 við svar sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma hf.

13. Símakosning.

Þessi þjónusta gerir símnotendum mögulegt að kjósa símleiðis milli ákveðinna valkosta.

Notkunargjald er kr. 26,56 hver innhringing.

14. Sundurliðun símtala í talsímakerfinu.

Rétthafa í talsímakerfinu er gefinn kostur á að fá símtöl sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

- Öll símtöl
- Öll símtöl önnur en staðarsímtöl
- Utanlandssímtöl

Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt að undanskildum tveimur síðustu stöfum, hvenær var hringt, hve lengi símtalið stóð og verð þess. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

- 14.1. Ársfjórðungsgjald kr. 187,00
- 14.2. Gjald pr. símtal kr. 1,25

15. Skammtímatenging.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um skammtímatengingu er að ræða, má þó leigja afnot af númeri og línu fyrir annað gjald en venjulegt stofngjald og fast afnotagjald. Gjaldið skal vera sem hér segir:

Skammtímatenging í allt að 3 mánuði:	Kr.
Heimilissímar	5 148,00
Atvinnusímar	6 748,00
Skammtímatenging í allt að 6 mánuði:	
Heimilissímar	10 297,00
Atvinnusímar	13 497,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald auk afnotagjalda. Greitt er fyrir alla notkun, þ.e. engin notkun innifalin í afnotagjaldi, og skal tengigjald greitt við úthlutun.

Ef viðkomandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði.

Ef skammtímatengingu er breytt í varanlega tengingu síma þá reiknast afnotagjald frá tengingardegi skammtímasambandsins en menn eiga hinsvegar aðeins rétt á innifalinni notkun frá þeim degi sem breytt er í varanlegt samband.

II. KAFLI**Símtalagjald.****1. Sjálfvirk símtöl innanlands.**

Fyrir símtöl sem valin eru sjálfvirk er greitt samkvæmt tímamælingu. Við svar greiðast venjulega kr. 3,32 en áframhaldandi gjaldtaka fer eftir gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er.

Ef gjaldtakan er í skrefum er verð á hverju skrefi kr. 3,32. Fyrsta talning kemur við svar en næsta talning kemur einhvern tíma á tímabili þar á eftir hvers lengd ákvarðast af gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er. Eftir það ákvarðar gjaldflokkurinn nákvæmlega tímann milli talninga.

1.1. Símtöl í sjálfvirka talsímakerfinu.

Byrjunargjald kr. 3,32 á símtal.
 Dagtaxti kr. 1,99 á mínútu (100 sek. í skrefi).
 Kvöld-, nætur- og helgartaxti ... kr. 1,00 á mínútu (200 sek. í skrefi).
 Dagtaxti gildir frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.
 Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag. Þessi taxti gildir einnig á hátíðisdögum sem ber upp á mánudag til föstudags.

1.2. Símtöl í NMT-farsímakerfið.

Byrjunargjald kr. 3,32 á símtal.
 Tímagjald kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).

1.3. Símtöl í GSM-farsímakerfið.

Byrjunargjald kr. 3,32 á símtal.
 Dagtaxti kr. 24,90 á mínútu (8 sek. í skrefi).
 Kvöld-, nætur- og helgartaxti ... kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).
 Dagtaxti gildir frá 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.
 Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

- 1.4. Uppköll í boðtæki.
- 1.4.1. Almenn boðtæki kr. 9,96 hvert boðkall (3 skref).
- 1.4.2. Einkaboðtæki kr. 39,84 hvert boðkall (12 skref).
- 1.4.3. Stafaboðtæki.
- Byrjunargjald kr. 3,32 hvert uppkall.
- Tímagjald kr. 66,40 á mínútu (3 sek. í skrefi).
- 1.5. Þjónustunúmer Pósts og síma.
- 1.5.1. Upplýsingaþjónustan í 114.
- Byrjunargjald kr. 3,32 á símtal.
- Tímagjald kr. 24,90 á mínútu (8 sek. í skrefi).
- 1.5.2. Upplýsingaþjónustan í 118.
- Byrjunargjald kr. 3,32 á símtal.
- Tímagjald kr. 39,84 á mínútu (5 sek. í skrefi).
- 1.5.3. Klukkan 155.
- Fyrir hvert uppkall kr. 9,96 (3 skref).
- 1.5.4. Fyrir hringingar í önnur þriggja stafa þjónustunúmer er greitt samkvæmt staðartaxta en þá er greitt fyrir þjónustuna með öðrum hætti. Hér er t.d. um að ræða talsamband innanlands og við útlönd, skeytaþjónustu, bilanir og aðgang að gagnanetinu.

2. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur og er þá 30% álag á venjulegt notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu. Afgreiðslugjald er kr. 34,00.

3. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

- | | Minnsta
gjald kr. | Umframgjald
pr. mín. kr. |
|---|----------------------|-----------------------------|
| 3.1. Innan sama gjaldsvæðis | 26,00 | 9,00 |
| Milli gjaldsvæða | 45,00 | 15,00 |
| Við farsíma | 75,00 | 25,00 |
| 3.2. Kvaðning kr. 34,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki. | | |
| 3.3. Afgreiðslugjald: kr. 73,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala. Kvaðning er ekki innifalinn. | | |
| 3.4. Boðun í síma: kr. 103,00 á venjulegu útbuðarsvæði símstöðva, og kr. 52,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaþjónungjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki. | | |
| 3.5. Handvirk vakning kr. 71,00. Föst vakning pr. mánuð kr. 1 195,00. | | |

4. Símtöl um strandarstöðvar.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar.

- 4.1. Radíósímtöl við skip og bíla. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.
- | | Minnsta
gjald kr. | Umframgjald
pr. mín. kr. |
|-------------------------|----------------------|-----------------------------|
| Tíðnisvið | | |
| Metrabylgja (VHF) | 112,00 | 37,00 |
| Millibylgja (MF) | 138,00 | 46,00 |
| Stuttbylgja (HF) | 90,00 | 64,00 |
- 4.2. Afgreiðsla við farsíma í skipi eða bíl. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Tíðnisvið		
Metrabylgja (VHF)	128,00	43,00
Millibylgja (MF)	154,00	51,00
Stuttbylgja (HF)	207,00	69,00

- 4.3. Fyrir aukþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3. grein.
- 4.4. Fyrir radiósímtöl við skip til og frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
- Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 - Afgreiðslugjald samkvæmt 4.1. og 4.2. í þessari grein.
 - Fyrir aukþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3. grein.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póstur og sími hf. þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

III. KAFLI Samnet (ISDN).

Notendur geta valið um tvenns konar aðgang að samnetinu:

Með grunnaðgangi (2B+D) fá notendur tvær 64 kbit/s rásir og eina gagnarás 16 kbit/s, en með stofnaðgangi (30B+D) fá þeir þrjátíu 64 kbit/s rásir og að auki eina gagnarás 64 kbit/s.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir hverja grunntengingu, innifalinn endabúnaður kr. 17 900,00
Ef notandi breytir áskrift að almenna talsímanetinu í áskrift að samnetinu sky. 1.1. skal draga frá stofngjald fyrir almennan síma eins og það er hverju sinni. Á móti hverri grunntengingu er heimilt að leggja mest tvö almenn símanúmer. Verði grunntengingu breytt í almennt símanúmer skal greiða kr. 6 000,00 fyrir hvert númer þó þannig að fyrir hverja grunntengingu geta komið mest tvö almenn símanúmer.
- 1.2. Fyrir hverja stofntengingu kr. 266 119,00
Þeir notendur sem áður hafa fengið beint innval, sem 2 Mbit/s tengingu greiða hálfst stofngjald fyrir hverja tengingu sem breytt er í stofntengingu við samnetið. Þeir notendur sem breyta grunntengingum og/eða bæjarlínunum í stofntengingu geta fengið stofngjöld grunntenginganna/bæjarlínanna, eins og þau eru á þeim tíma sem breytingin á sér stað, dregin frá stofngjaldi stofntengingarinnar. Frádráttur getur þó aldrei orðið meiri en $\frac{3}{4}$ hlutum stofngjalds stofntengingarinnar.

Ef beðið er um samnetsþjónustu utan samfelldrar þéttrar byggðar þar sem jarðsímakerfi er ekki fyrir hendi gilda sömu reglur um aukastofngjald og tilgreindar eru í I. kafla 1.1.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu fyrir heimili kr. 2 880,00
Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu fyrir fyrirtæki kr. 5 760,00
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja stofntengingu kr. 69 098,00

Þeir notendur sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í stofntengingunni geta fengið færri virkar rásir, þó að lágmarki 12. Fyrir hverjar tvær rásir greiðist þá sama fasta afnotagjaldið og fyrir grunntengingu.

- 2.3. Notkunargjöld fyrir hverja B-rás eru þau sömu og fyrir samsvarandi notkun í almenna símakerfinu. Fast gjald fyrir hvert símtal er kr. 3,32 eins og í talsímanetinu og síðan kemur tímamæling sem miðast við viðkomandi gjaldflokk samkvæmt II. kafla.

Engin notkun er innifalin í föstu afnotagjaldi fyrir samnetið.

Ef rásin tengist við aðrar þjónustur eða net greiðast gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu.

Notkunargjöld fyrir gagnaflutning á D-rás verða birt síðar en ekki er boðið upp á þá þjónustu í upphafi.

3. Flutningsgjald, viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

- 3.1. Flutningsgjald fyrir aðgang að samnetinu er jafnt hálfu stofngjaldi fyrir samsvarandi tengingu.
- 3.2. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sækji um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinnna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum. Stofntenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.
- 3.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 2 129,00.

4. Sérþjónusta á samnetinu.

Eftirtaldar tegundir sérþjónustu, sem boðnar eru notendum í almenna talsímanetinu, standa samnetsnotendum til boða á sömu kjörum og þar:

Símtal bíður, viðmælandi „geymdur“, símtalavíxl, símtalsflutningur (öll símtöl), vakning, endurval, skammval, bein lína, læsing og sundurliðun símtala.

Auk þess hafa notendur samnetsins möguleika á eftirtöldum tegundum sérþjónustu til viðbótar.

- 4.1. Allir samnetsnotendur hafa aðgang að eftirfarandi möguleikum án gjalds:
- 4.1.1. Númerabirting (CLIP).
- 4.1.2. Flutningur tækja innanhúss eða skipt milli tækja innanhúss.
- 4.2. Eftirtaldar þjónustur þarf að sækja um og greiða fyrir:
- 4.2.1. Númeraleynd (CLIR). Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
- 4.2.2. Undirnúmer. Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
- 4.2.3. Aukanúmer. Ekkert stofngjald en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00 fyrir hvert aukanúmer. Ef notandi vill sundurliðun notkunar á aukanúmer greiðist fyrir það eins og fyrir sundurliðun á aðalnúmeri.
- 4.2.4. Beint innval á grunntengingu. Stofngjald kr. 29 900,00 fyrir hverja 10 númera röð og ársfjórðungsgjald kr. 190,00 fyrir hvert númer.
- 4.2.5. Beint innval á stofntengingu. Stofngjald kr. 163 499,00. Þeir notendur sem hafa greitt stofngjald fyrir innval í almenna talsímanetinu greiða þó ekki nýtt stofngjald. Ársfjórðungsgjald fyrir beint innval er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð.
- 4.2.6. Afmarkaður notendahópur.
Stofngjald fyrir hvern hóp kr. 7 470,00.

Ársfjórðungsgjald fyrir hvern hóp kr. 9 000,00.

Breytingargjald er kr. 990,00 sem greiðist í hvert sinn sem breyting á skráningu á sér stað.

4.2.7. Merkjasending milli notenda.

Ekkert stofngjald er tekið en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

5. Skammtímatenging.

Tenging í allt að 3 mánuði:	Kr.
Grunntenging fyrir einstaklinga	8 847,00
Grunntenging fyrir fyrirtæki	11 727,00
Stofntenging	157 800,00
Stofntenging með beinu innvali	189 446,00
Tenging í allt að 6 mánuði:	
Grunntenging fyrir einstaklinga	17 693,00
Grunntenging fyrir fyrirtæki	23 453,00
Stofntenging	315 610,00
Stofntenging með beinu innvali	378 893,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald. Tengingargjald skal greitt við úthlutun. Engin notkun er innifalinn.

Ef skammtímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði. Þetta gildir þó aðeins á þeim stöðum sem samnetsmöguleiki er fyrir hendi. Annars greiðist fullt stofngjald.

IV. KAFLI

Talhólf, svarhólf, faxhólf.

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð, svarhólf geymir símsvarakveðju og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfið er hægt að hlusta á skilaboð, leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfið og koma þannig sendingu í hólfið. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald fyrir talhólf/svarhólf er kr. 623,00.
- 1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 1 494,00.
- 1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir talhólf/svarhólf er kr. 374,00.
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir faxhólf er kr. 996,00.
- 2.3. Fyrir hringingu í talhólf/svarhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir samkvæmt taxta fyrir almenna símakerfið. Ef hringt er í talhólf/svarhólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau. Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir réttthafi talhólfsins samkvæmt taxta fyrir almenna símakerfið ef hringt er í númer í almenna símakerfinu, GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.

Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali yfir í talhólf/svarhólf greiðir rétthafi símans ekkert. Notandi farsíma í GSM-farsímakerfinu eða NMT-farsímakerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í talhólf/svarhólf.

- 2.4. Fyrir hringingu í faxhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu. Ef hringt er í faxhólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að fasa inn skilaboð eða ná í þau.

Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir rétthafi faxhólfsins samsvarandi gjald 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu ef hringt er í númer í almenna kerfinu, GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.

Ef notandi í almenna símakerfinu vísar faxesendingu yfir í hólf greiðir rétthafi símans kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu fyrir öll skilaboð.

V. KAFLI

Telexþjónusta.

1. Stofngjald.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en tengt er, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma.

	Kr.
1.1. Númer í telexstöð	19 036,00
1.2. Bæjarlína	4 756,00
1.3. Viðtökugjald fyrir telexnúmer	4 600,00
1.4. Flutningsgjald fyrir telexnúmer	9 518,00
1.5. Breyting á telexheiti	2 446,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

	Kr.
2.1. Númer í telexstöð	2 646,00
2.2. Bæjarlína	797,00

3. Gjald fyrir telexritanir.

- 3.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3,22 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 8,07 á mínútu.
- 3.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póstur og sími hf. þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VI. KAFLI

Símskeyta- og símatelexgjöld.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnjald kr. 82,00 og kr. 4,48 fyrir hvert orð: Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 311,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 30,00.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 36,00 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 96,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálf hraðboðagjald kr. 156,00.
- 1.5. Samúðarskeyti: Grunnjald kr. 82,00 og hálf hraðboðagjald kr. 156,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalaskjóð.

- 1.6. Afhending símskeyta.
 - 1.6.1. Venjulegt símskeyti. Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.
 - 1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
 - 1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
 - 1.6.4. Samúðarskeyti. Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
- 1.7. Hraðafhending símskeyta. Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 311,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 30,00 að auki.
- 1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póstur og sími hf. þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
 - 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknuð:
 - a. Grunn gjald fyrir hvert skeyti kr. 82,00.
 - b. Línugjald kr. 4,48 á hvert orð.
 - c. Strandargjald kr. 5,04 hvert orð.
 - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - e. Gjald fyrir aukþjónustu að beiðni sendanda. Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.
 - 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Pósts og síma hf. er kr. 36,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 25,21.
 - 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

- 4.1. Gjald fyrir sendingu.
 - 4.1.1. Grunn gjald fyrir hvert sent telex kr. 187,00.
 - 4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8:00 til 21:00 er kr. 93,38.
 - 4.1.3. Mínútagjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir móttöku.
 - 4.2.1. Símnafni á ári kr. 822,00.
 - 4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 791,00.
 - 4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 187,00.

5. Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 822,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 187,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfræstur er 3 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

VII. KAFLI

Sambönd.

Póstur og sími hf. starfrækir almenna fjarskiptabjónustu um land allt. Félagið leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum: Gerður er greinarmunur á langlínunum og notendalínunum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póstur og sími hf. hvora tegundina skuli nota. Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver flutningsgeta þeirra er. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línan er tekin á leigu, að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7.
- 1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Pósti og síma hf. hverju sinni.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfum km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

	Gjald fyrir hvern km	
	2ja víra kr.	4ra víra kr.
2.1.1. Tallína	928,00	1 482,00
2.1.2. Lína fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s.	1 164,00	1 868,00
2.1.3. Lína fyrir hraða 48-64 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		11 000,00
Gjald fyrir hvern km.		2 054,00
2.1.4. Lína fyrir hraða 128 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		13 204,00
Gjald fyrir hvern km.		2 474,00
2.1.5. Lína fyrir hraða 256 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		16 500,00
Gjald fyrir hvern km.		3 390,00
2.1.6. Lína fyrir hraða 512 Kb/s. Gjald fyrir hvern enda, mótað innifalið		19 799,00
Gjald fyrir hvern km		4 109,00
2.1.7. Lína fyrir hraða 2 Mb/s. Gjald fyrir hvern enda		38 499,00
Gjald fyrir hvern km.		8 217,00
Gjald fyrir X.21 mótað (ef notað) pr. enda		8 915,00
2.1.8. Fjarstýringarlína	928,00	1 482,00
2.1.9. Ritsímalína í tónritsíma		479,00
2.1.10. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.8. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línur innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.		
2.1.11. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.		
2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:		
2.2.1. Tallína milli svæða. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símkerfinu milli símstöðva. Auk þess er tekið gjald fyrir línu milli notanda og viðkomandi símstöðvar.		
		Kr.
Gjald fyrir hvern enda, eða úttak		28 100,00
Gjald fyrir hvern km		293,00
2.2.2. Fyrir línur á mismunandi bitahraða er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:		

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull
A1	0-4800	1,10
A2	4801-9600	1,21
A3	9601-19200	1,43
A4	48000-64000	1,76
A5	128 kb/s	2,64
A6	256 kb/s	4,93
A7	512 kb/s	7,04
A8	1024 kb/s	8,80
A9	2048 kb/s	10,56

- 2.2.3. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,22
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

- 2.2.4. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfi er tekið gjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringa.
- 3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring.

VIII. KAFLI

Sjónvarps- og hljóðvarpsflutningur.

Póstur og sími hf. annast flutning sjónvarps og hljóðvarps innanbæjar og milli staða. Flutningurinn fer fram á dagskrárlínunum í fjarskiptakerfinu og er einátta, nema annað sé tekið fram. Þegar stutt er á milli endapunkta er mögulegt að flytja hljóðvarpsmerki á grunnlínu. Sama gjaldskrá gildir fyrir flutning hvort sem hann fer fram á notendalínunum eða langlínu. Gjald fyrir flutning er mismunandi eftir gæðum þess merkis, sem skilað er og er miðað við alþjóðlega staða.* Með flutningi sjónvarps fylgir ein mónó hljóðvarpsrás án gjalds. Sérstakt gjald gildir fyrir flutning fleiri hljóðvarpsrás á leiðum, þar sem sjónvarpsflutningur er fyrir hendi, en með því skilyrði að tæki fyrir hljóðmerkið rýmist í endabúnaði sjónvarps.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald ákveðst af Pósti og síma hf. hverju sinni. Við ákvörðun stofngjalds skal taka tillit til þess hvort setja þurfi upp nýjar leiðir fyrir flutning merkjanna.

* Fyrst um sinn er einungis boðinn sjónvarpsflutningur sem samsvarar gæðum 4. þreps í 5 þrepa mælikvarða, þegar mælt er samkvæmt aðferðum staðalsins ITU-R BT.500.

2. Afnotagjald.

2.1.	Fast afnotagjald í kr. á ársfjórðungi er sem hér segir. Línulengdir eru reiknaðar í heilum km en lágmarksgjald miðast við 2 km.	
		Kr.
2.1.1.	2 víra dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp á stuttri grunnlínu á km ...	3 816,00
2.1.2.	4 víra dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp á stuttri grunnlínu á km ...	6 525,00
2.1.3.	Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp.	
	Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	31 057,00
	Að auki fyrir hvern km, allt að 6 km	1 276,00
	Fyrir hvern km umfram 6 km	410,00
2.1.4.	Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp.	
	Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	62 113,00
	Að auki fyrir hvern km., allt að 6 km.	2 123,00
	Fyrir hvern km. umfram 6 km.....	820,00
2.1.5.	Stafræn dagskrárlína fyrir sjónvarp.	
	Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	62 113,00
	Að auki fyrir hvern km.	4 803,00
2.1.6.	Auka mónó hljóðvarpsrás sem flutt er á stafrænni dagskrárlínu fyrir sjónvarp (gildir einungis fyrir sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum og pöntuð samtímis sjónvarpinu).	
	Fast gjald fyrir hvern sendianda	4 498,00
	Fast gjald fyrir hvern móttökuenda	1 795,00
	Að auki fyrir hvern km.	351,00
2.1.7.	Auka stereó hljóðvarpsrás, sem flutt er á stafrænni dagskrárlínu fyrir sjónvarp (gildir einungis fyrir sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum og pöntuð samtímis sjónvarpinu).	
	Fast gjald fyrir hvern sendianda	6 027,00
	Fast gjald fyrir hvern móttökuenda	2 993,00
	Að auki fyrir hvern km.	410,00

3. Flutningur í stuttan tíma.

3.1.	Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir flutning sjónvarps og hljóðvarps í skamman tíma í einu, þ.e.a.s. í minna en 3 mánuði. Leigutíma ber að tilgreina við pöntun. Stofngjald er ekki tekið, nema í sérstökum tilvikum.	
3.1.1.	Fyrir flutning samkvæmt 2.1.1. til 2.1.4. í notendakerfi greiðist fyrir fyrstu 5 sólarhringa 1/8 af ársfjórðungsgjaldi þ.m.t. af fasta gjaldinu. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring en 1/60 á sólarhring umfram 10 sólarhringa.	
3.1.2.	Fyrir flutning samkvæmt 2.1.5. til 2.1.7. greiðist eftirfarandi:	kr.
	Tengigjald fyrir sjónvarp (ein mónó hljóðvarpsrás innifalin)	16 478,00
	Gjald pr. mínútu	162,00
	Gjald pr. mínútu/10 km.	29,00
	Gjald pr. mínútu/10 km. umfram 30 mínútur	14,00
	Viðbótartengigjald fyrir hverja mónó eða stereó hljóðvarpsrás, sem send er af sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum	2 490,00
	Gjald pr. mínútu fyrir hverja slíka rás	16,00
	Gjald pr. mínútu/10 km. fyrir hverja slíka rás.....	3,00
	Gjald pr. mínútu/10 km. umfram 30 mínútur fyrir hverja slíka rás ...	2,00

- 3.1.3. Tengigjald er einungis tekið einu sinni, ef flutningur sjónvarps eða hljóðvarps á sér stað oftari en einu sinni innan sama sólarhrings milli sömu staða. Ef tengigjald er fellt niður af þessum ástæðum er lágmarkslengd hvernar sendingar 10 mínútur.

IX. KAFLI Símaskráin.

Póstur og sími hf. gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póstur og sími hf. ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á pósthöfnum.

1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsíma-, fax-, farsíma- eða boðtækisnotandi fær nafn sitt eða heiti, starfstítl og heimilisfang skráð án sérstaks gjalds í einni línu í símaskránni fyrir hvert númer. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma ber að greiða kr. 436,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotandi getur ekki öðlast sama rétt og aðalsímnotandi, t.d. rétt til að fá símann fluttan eða breyta skráningu án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu þótt aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt viðkomandi aukagjald.

Póstur og sími hf. ákveður tilhögun símaskrárinnar og áskilur sér rétt til að synja um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrá má aukanöfn á númer annað hvort í réttri stafrófsröð eða sem aukalínu undir aðalsímnotanda.

Aukalína undir fyrirtækjaheiti með eftirfarandi upplýsingum gjaldfærast samkvæmt lið 1.3.

- a) opnunartími fyrirtækis, ein lína
- b) tilkynning um að samband sé frá skiptiborði við deildir, ein lína
- c) tilkynning um beint innval
- d) sérgrein fyrirtækis í einni línu
- e) heimilisnúmer starfsmanna
- f) tilvísun í aðra skráningu í einni línu
- g) eftir lokun skiptiborðs, ein lína

Fyrir aðrar aukalínur greiðist samkvæmt lið 1.4.

	Kr.
1.1. Breytt letur í skrá, hver lína	436,00
1.2. Aukanafn í skrá, hver sjálfstæð lína eða aukalína og aukaheiti fyrirtækis í stafrófsröð eða sem aukalína, hver lína	436,00
1.3. Aukalínur undir nöfnum einstaklinga og aukalínur undir nöfnum fyrirtækja í samræmi við liði a-g að framan, hver lína	255,00
1.4. Aukalínur undir nöfnum fyrirtækja sem ekki samræmist liðum a-g að framan og línur umfram eina í þeim tilfellum þar sem einnar línu hámark er sett í liðum a-g, hver lína	872,00
1.5. Skráning á veffangi, hver lína	436,00
1.6. Skráning á netfangi, hver lína	436,00

2. Skráning í gulu síðurnar.

Hver símnótandi, sem greiðir atvinnu- eða verslunarsímagjald, á rétt á að fá án endurgjalds eina skráningu í einn vöru- eða þjónustuflokk í gulu síðunum. Ef símnótandi vill skrá sig í fleiri en einn flokk greiðast kr. 224,00 fyrir hvern flokk umfram hinn fyrsta. Sama gjald gildir fyrir fleiri en eina skráningu í sama flokk.

3. Auglýsingar í símaskrá.

Pósti og síma hf. er heimilt að birta auglýsingar í símaskránni samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

X. KAFLI

Þjónusta um radióstöðvar.

1. Viðskiptagjöld.

- 1.1. Símtöl við skip og báta.
Sjá kafla II. 4. hér að framan.
- 1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla VI. 3. hér að framan.
- 1.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum. Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi gjöld.

	Kr.
Fyrir 1-5 báta	193,00
Fyrir 6-15 báta	355,00
Fyrir 16-30 báta	504,00
Fyrir 31 bát og fleiri	672,00

 Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.
Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðisaukaskattur er ekki innifalinn í upphæðunum.

1. gr.

Leyfisbréf fyrir radiótæki.

Greiðist, þegar fjarskiptastöð er tekin í notkun og við hverja breytingu:

	kr.
1.1 Skipa- og flugtíðnir, >100 wött	4.320
1.2 Skipa- og flugtíðnir, < 100 wött	2.160
1.3 Fastastöðvar, land (sértíðnir), >100 wött	9.600
1.4 Fastastöðvar, land (sértíðnir), <100 wött	4.800
1.5 Farstöðvar þ.m.t. hand- og bílastöðvar (sértíðnir)	2.160

Af eftirtöldum radiótækjum sem starfrækja má án leyfisbréfa skal innflytjandi greiða gjald fyrir hverja stöð við innflutning:

1.6 Almenningsstaldöðvar A (CB), <10 milliwött útgeislað afl*	480
1.7 Almenningsstaldöðvar B (CB), >10 milliwött útgeislað afl*	960
1.8 Fjarstýringar (módel o.fl.), fyrir hvern sendi	960

* samkvæmt ETSI staðli ETS 300 135.

2. gr.

Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radiótæki
(sem háð eru skylduskoðun eða með sértíðnum).

Árleg gjöld fyrir hverja starfsstöð eða tæki (skip, flugvélar, fastastöðvar og farstöðvar).

	kr.
2.1 Skip og flugvélar, >100 wött	8.640
2.2 Skip og flugvélar, <100 wött	6.480
2.2.1 Þrátt fyrir ákvæði 2.2 skal starfrækslugjald á hverju almanaksári fyrir smábáta vegna metrabylgjurása vera kr. 2.000. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 m og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 m að lengd enda hafi þessi skip eingöngu metrabylgjutalstöðvar en ekki milli-bylgju- og/eða stuttbylgjutalstöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1 sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.	
2.3 Aukaskoðun skipa og flugvéla óháð sendiafli	4.800
2.4 Fastastöðvar í landi með sértíðnum	4.320
2.5 Talstöðvar í landi, skipa- og flugvélatíðnir	2.400
2.6 Farstöðvar með landtíðnum (sértíðnir):	
2.6.1 Tveggja tíðni rás (ir)	3.240
2.6.2 Einnar tíðni rás (ir)	2.160
2.6.3 Síttónn á einnar tíðni rás	1.080
2.7 Skammtímaleyfi fyrir talstöðvum, hámark 6 mánuðir	2.400

Aðilar með neyðar- og hjálpartíðnir, sem falla undir 2.6 skulu greiða 25% viðkomandi gjalda.

3. gr.

Leyfisbréf og skírteini fyrir notendur.

	kr.
3.1 Leyfisbréf radióáhugamanna	2.400
3.2 Leyfisbréf radióáhugamanna fyrir nýliða (gildir í 2 ár)	1.600
3.3 Bráðabirgðaleyfi erlendra radióáhugamanna	1.600
3.4 Aukaskoðun hjá radióáhugamönnum	2.400
3.5 Skírteini loftskeytamanna, gildir í 5 ár	2.400
3.6 Skírteini talstöðvarvarðar, gildir í 5 ár	2.400
3.7 Rannsóknarleyfi	26.400

4. gr.

Fastasambönd.

Árleg gjöld fyrir hvert samband.

	kr.
4.1 Sambönd með 1-9 talrásum	15.000
4.2 Sambönd með 10-29 talrásum	22.000
4.3 Sambönd með 30-119 talrásum	30.000
4.4 Sambönd með 120-299 talrásum	36.000
4.5 Sambönd með 300-599 talrásum	43.000
4.6 Sambönd með 600-999 talrásum	50.000
4.7 Sambönd með yfir 1000 talrásum	58.000
4.8 Sambönd með einni sjónvarpsrás	36.000

Hver 2 Mb/s í stafrænum samböndum reiknast sem 30 talrásir.

5. gr.

Sendar í almennum fjarskiptanetum.

Árleg gjöld.

	kr.
5.1 Fyrir talarás í sendi í farsímakerfi	3.300
5.2 Fyrir hvern sendi í almennu boðkerfi	13.000

6. gr.

Útvarpssendar.

Árleg gjöld.

	kr.
Sendar sem ná til 25 þúsund íbúa eða fleiri:	
6.1 Sjónvarpssendar, >900 wött	242.000
6.2 Sjónvarpssendar, 90-900 wött	162.000
6.3 Sjónvarpssendar, <90 wött	106.000
6.4 Hljóðvarpssendar, >900 wött	62.000
6.5 Hljóðvarpssendar, 90-900 wött	41.000
6.6 Hljóðvarpssendar, <90 wött	27.000
Sendar sem ná til færri en 25 þúsund íbúa:	kr.
6.7 Sjónvarpssendar, >900 wött	51.000
6.8 Sjónvarpssendar, 90-900 wött	34.000
6.9 Sjónvarpssendar, <90 wött	20.000
6.10 Hljóðvarpssendar, >900 wött	10.200
6.11 Hljóðvarpssendar, 90-900 wött	7.700
6.12 Hljóðvarpssendar, <90 wött	6.000
6.13 Skammtímaleyfi fyrir hljóðvarpsendi, hámark 4 vikur	5.800

Ofangreind gjöld gilda einnig fyrir útvarpssenda á örbylgjutíðnum 2,5-2,7 Ghz.

7. gr.

Gerðarsamþykki radiótækja.

Búnaði er skipt í 4 flokka, A, B, C og D, sjá 1. viðauka.

	kr.
7.1 Gerðarsamþykki A, án mælinga	14.400
7.2 Gerðarsamþykki B, án mælinga	19.200
7.3 Gerðarsamþykki C, án mælinga	24.000
7.4 Gerðarsamþykki D, án mælinga	36.000
7.5 Gerðarprófun og samþykki A	26.400
7.6 Gerðarprófun og samþykki B	43.200
7.7 Gerðarprófun og samþykki C	52.800
7.8 Gerðarprófun og samþykki D	57.600
7.9 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga A	1.200
7.10 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga B	4.800
7.11 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga C	7.200
7.12 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga D	9.600

8. gr.

Gerðarsamþykki línutengdra tækja.

Búnaði er skipt í 4 flokka, A, B, C og D, sjá 1. viðauka.

	kr.
8.1 Gerðarsamþykki A, án mælinga	12.000
8.2 Gerðarsamþykki B, án mælinga	16.800
8.3 Gerðarsamþykki C, án mælinga	21.600
8.4 Gerðarsamþykki D, án mælinga	31.200
8.5 Gerðarprófun og samþykki A	21.600
8.6 Gerðarprófun og samþykki B	31.200
8.7 Gerðarprófun og samþykki C	38.400
8.8 Gerðarprófun og samþykki D	55.200
8.9 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga A	1.200
8.10 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga B	4.800
8.11 Afsal gerðarsamþykkis til nýs handhafa	5.000

Sama gjald skal að jafnaði gilda hvort sem niðurstaða prófunar er jákvæð eða neikvæð, þ.e. hvort sem gerðarsamþykki er veitt eða ekki. Þó er heimilt að veita allt að 50% afslátt frá gjöldum skv 7. og 8. gr., ef niðurstaða er neikvæð og raunveruleg útlögð vinna réttlætir slíkan afslátt.

Ef sótt er um gerðarsamþykki fyrir tæki sem þegar hefur verið samþykkt, skulu síðari umsækjendur ávallt greiða gjald eins og um gerðarsamþykki án prófunar sé að ræða. Ef slíkri umsókn fylgir yfirlýsing frá handhafa gerðarsamþykkis um að hann afsali gerðarsamþykkinu til nýs aðila og óskar eftir að vera tekinn af skrá yfir handhafa gerðarsamþykkis, skal greiða fast gjald skv. 8.11.

9. gr.

Ýmislegt.

9.1 Mælitækjaleiga	kr/klst.	3.300
9.2 Tímavinna (t.d. mælingar í verktöku)	kr/klst.	2.400
9.3 Innsiglisgjald	kr.	4.800

10. gr.

Almenn ákvæði.

- Innflutningur og sala fjarskiptatækja er háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar. Innflytjendur og innlendir framleiðendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum.
- Hver sá sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti innan íslensks lögsagnarumdæmis skal senda Póst- og fjarskiptastofnun skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt er það gert með leyfisbréfi þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o.fl. Fyrir hvert leyfi komi ákveðið gjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
- Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í flugvélum, skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðanaskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t.d. við skoðun gúmbjörgunarbáta og þ.u.l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækis aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

5. Þeim sem leyfi fá fyrir sendistöð ber að sjá um að enginn starfræki hana nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og fjarskiptastofnun er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar. Stöðin er þó alltaf undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

6. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, íslenskum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið innsigla hana eða taka í opinbera vörslu skv. nánari ákvörðun ráðherra.

7. Gjaldþagi er 15 dögum eftir útsendingu reiknings. Eindagi er 15 dögum eftir gjaldþaga. Falli gjöld í eindaga ber að greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjaldþaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

8. Hafi áfallin gjöld fyrir skoðun radiótækja ekki verið greidd á eindaga er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að láta innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig að nota megi stöðina í neyðartilfalli.

9. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðsgjald áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.

10. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og fjarskiptastofnunar. Vanræksla í þessum efnun leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

11. Öll gjöld til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna starfrækslu radiótækja sem ekki eru greidd á tilsettum tíma eru lögtakskræf samkvæmt 1. gr. laga um aðför nr. 90 frá 1. júní 1989.

11. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 20. október 1997.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

1. VIÐAUKI.

Flokkaskipting við gerðarprófun og útgáfu gerðarsamþykkis (sbr. 7. og 8. gr.).

7. gr. Radiótæki.

- A Leikföng, bílskúrshurðaoopnarar, gervihnattaviðtæki, húslínukallkerfi, lágaflostæki, fjarstýringar og boðviðtæki.
- B Talstöðvar í bíla og flugvélar, almenningstalstöðvar (CB), kallkerfi, öryggisbúnaður og 9 Ghz radarsvarar.
- C NMT farstöðvar, móðurstöðvar, þráðlausir símar (CT 1).
- D SSB talstöðvar, sjónvarps- og hljóðvarpssendar.

8. gr. Línutengd tæki.

- A Símtæki, mótöld, heimilissímstöðvar, símsvarar, faxrofar og faxtæki án valbúnaðar.
- B Símkkerfi, faxtæki með valbúnaði, viðvörðunarkerfi og sjálfsalar.
- C Einkasímstöðvar (PABX).
- D

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 1. nóvember 1997 til og með 31. desember 1997, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjaneskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30N, 21°39V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30N, 21°39V í punkt 63°40N, 22°32V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°40N, 22°32V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 1. nóvember 1997 til og með 31. janúar 1998, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42V og að norðan af 64°20N.

Frá og með 1. febrúar 1998 til og með 30. apríl 1998, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42V og að norðan af 64°20N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. október 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 473/1989 um boðtæki fyrir hið almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar.

1. gr.

Reglugerð nr. 473/1989 um boðtæki fyrir hið almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar, er hér með úr gildi felld.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 143/1996 öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 17. október 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um löndun á bræðslufiski erlendis.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til löndunar á bræðslufiski í fiskimjölsverksmiðjur erlendis.

Einungis er heimilt að landa afla í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, þar sem vigtunar- aðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

2. gr.

Skiptstjóri skal strax og haldið er til erlendar hafnar, tilkynna Fiskistofu um áætlaðan afla um borð í skipinu, löndunarstað og áætlaðan komutíma. Jafnframt skal Landhelgis- gæslunni á sama tíma tilkynnt um áætlaðan afla um borð. Verði breyting á löndunarstað, eða áætluðum komutíma, skal það tilkynnt Fiskistofu þegar í stað.

Fiskistofu er heimilt að senda eftirlitsmann til þess að fylgjast með löndun á bræðslufiski hjá erlendum fiskimjölsverksmiðjum telji hún ástæðu til þess.

3. gr.

Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Telji Fiskistofa upplýsingar um aflamagn ekki fullnægjandi eða ótrúverðugar, svo sem ef landaður afli er umtalsvert minni en áætlun, sbr. 2. gr., vigtarnótur eru óglöggar eða aðrar upplýsingar misvísandi, skal við það miðað við útreikning afla skipsins að það hafi landað fullfermi, miðað við staðreynda burðargetu þess á þeirri vertíð.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. gr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna skal auglýsa með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námslán. Í auglýsingu skal taka fram um hvaða lán sé að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur umsóknargögn séu fáanleg, hvenær umsóknarfrestur renni út, sem og annað sem máli skiptir.

Eyðublöð fyrir umsóknir og fylgiskjöl þeirra, svo og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins, skulu jafnan vera fáanleg í íslenskum skólum þar sem lánshæft nám fer fram, sem og í sendiráðum Íslands erlendis.

2. gr.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert námsár, sem miðast yfirleitt við 1. júní ár hvert. Umsóknir um námslán skulu vera á eyðublöðum sjóðsins og skal þeim skilað til hans eða þau pósthöggð áður en umsóknarfresti lýkur, ásamt tilskildum fylgiskjölum. Ekki er veitt lán fyrir framfærslu vegna þess tíma sem liðinn er þegar útfylltri umsókn er skilað. Verði breytingar á högum umsækjanda eftir að umsókn var lögð fram, ber honum þegar í stað að skýra sjóðnum frá þeim ef ætla má að þær hafi áhrif á ákvörðun um námslán. Lán skal fellt niður og innheimt með vöxtum og kostnaði ef í ljós kemur að umsækjandi hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar.

3. gr.

Námsmenn í grunnháskólanámi eða sérnámi eiga rétt á almennum námslánnum í samtals fimm ár að hámarki, sbr. nánari ákvæði í úthlutunarreglum sjóðsins. Leggi námsmaður stund á framhaldsháskólanám að loknu grunnháskólaprófi er heimilt að veita honum lán í allt að 10 ár samtals.

Sjóðurinn lánar hvorki til undirbúningsnáms né náms að loknu doktorsprófi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að setja reglur um hámark lána, t.d. vegna skólagjalda og að miða upphæð lána við námsárangur lánþega á hverri önn, misseri eða skólaári.

5. gr.

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, undirrita skuldabréf til viðurkenningar á teknum lánnum. Á skuldabréfi, sem gefið verður út skv. ákvæðum þessarar reglugerðar, skal ekki tilfærð upphæð fyrir en að námi loknu. Námsmenn skulu leggja fram viðurkenningu eins til tíu manna sem taka að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu á höfuðstól lánsins ásamt verðtryggingu, vöxtum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði vegna þess og rita nöfn sín á skuldabréfi því til staðfestingar eða á þar til gerða yfirlýsingu í viðurvist votta. Hver árbyrgðarmaður getur takmarkað ábyrgð sína við ákveðna fjárhæð. Miða skal við að samtala sjálfskuldarábyrgða sé sem næst þeirri upphæð sem námsmaður hyggst taka að láni til þess að ljúka námi sínu.

6. gr.

Námslán skulu bera auk verðtryggingar 1% ársvexti, sem leggjast á verðtrygðan höfuðstól og reiknast frá námslokum.

7. gr.

Innheimta skal í hvert sinn sem námslán er greitt út 1,2% lántökugjald af lánsfjárhæðinni. Lántökugjaldið rennur til þess að standa straum af rekstri sjóðsins og einnig til þess að mæta afföllum af útistandandi námslánnum að svo miklu leyti sem það hrekkur til.

8. gr.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar föst ársgreiðsla og er gjalddagi hennar að jafnaði 1. mars ár hvert. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. 1. janúar til 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, þ.e. 1. júlí til 31. desember, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni ársgreiðslan er í öllum tilvikum 1. september.

9. gr.

Nú gefur útsvarstofn vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Ef lánþegi gerir skriflega grein fyrir þessum breyttu högum sínum og styður hana tilskildum gögnum, er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum.

10. gr.

Námsmaður sem hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, getur sótt um undanþágu frá fastri ársgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans. Skal hann þá leggja fyrir sjóðstjórn upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og annað það sem stjórnin telur máli skipta. Stjórninni er þá heimilt að veita undanþágu að hluta eða öllu leyti eftir atvikum. Sjóðstjórn setur nánari almennar reglur um framkvæmd þessa heimildarákvæðis.

11. gr.

Nú fær lánþegi ofgreitt lán skv. reglum sjóðsins vegna rangra upplýsinga eða af öðrum ástæðum og er þá sjóðstjórn heimilt að innheimta ofgreidda upphæð með venjulegum vöxtum banka eða sparisjóðs frá þeim degi sem greiðslan fór fram.

12. gr.

Almennar upplýsingar, sem tengjast ekki einstökum lánþegum eða umsækjendum, eru öllum opnar eftir því sem tók eru á að afla þeirra hverju sinni. Aðrar upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir teljast einstaklingsbundnar og eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál sem eru eingöngu aðgengileg starfsfólki sjóðsins og stjórn, svo og námsmanni sjálfum og umboðsmanni hans, að því er hann sjálfan varðar. Skal stjórn og starfsfólki á hverjum tíma kynnt hvað í þessu felst. Námsmaður fellst með umsókn sinni á ofangreinda meðferð upplýsinga er hann varða. Að öðru leyti er farið með upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir í samræmi við lög nr. 211/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 16. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. lög nr. 67/1997, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 210/1993, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 20. október 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996,
sbr. reglugerð nr. 313/1997, um gjöld fyrir einkaleyfi,
vörumerki, hönnun o.fl.

1. gr.

4. tl. 4. gr. orðist svo:
Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tl., m.a. forgangsréttarskjöl Kr.
2.500

2. gr.

14. gr. orðist svo:
Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 17/1991, 63.
og 65. gr. laga nr. 45/1997 og 30. gr. laga nr. 48/1993..... 80.000
Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.

3. gr.

Staflíður c) í 16. gr. orðist svo:
Sérít 1994-1996, hvert eintak 2.500

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi með síðari breytingum, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 40. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd, og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. október 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 604

28. október 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna bs. til að taka gildi 1. nóvember 1997.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583 13. október 1997:	
Orkugjald taxta A1 verður	6,48 kr/kWh
Fastagjald taxta A1 verður	2.831,00 kr/ár
Orkugjald taxta A2 verður	6,48 kr/kWh
Orkugjald taxta A3 verður	6,48 kr/kWh
Aflgjald taxta B1 verður	10.049,00 kr/kW/ár

Iðnaðarráðuneytinu, 28. október 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988,
sbr. samþykktir nr. 448/1990, 183/1995 og 653/1995.

1. gr.

1. mgr. 12. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði, 2. og 4. þriðjudag hvers mánaðar og skal fundur hefjast kl. 17:00, nema bæjarráð ákveði annað.

2. gr.

58. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Einn áheyrnarfulltrúi og einn til vara.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Undirkjörstjórnir.* Þrjú aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.

1. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994 og reglugerð fyrir Akraneshöfn.
2. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. lög nr. 85/1985.
3. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Nefndin skal, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Hún annast umsjón markaðs- og ferðamála á Akranesi og gerir tillögur til bæjarstjórnar um þau mál svo og varðandi átaksverkefni og önnur mál sem varða atvinnulíf á Akranesi.
4. *Æskulýðs- og félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fjallar um framfærslumál, um barnavernd sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, heimilishjálp, þjónustu við aldraða og almenna félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Æskulýðs- og félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991. Æskulýðs- og félagsmálaráð skal ennfremur fara með verkefni áfengisvarnanefndar. Æskulýðs- og félagsmálaráð skipar þjónustuhóp aldraðra í samráði við hreppsnefndir sunnan Skarðsheiðar og fer þjónustuhópurinn með verkefni öldrunarnefndar sbr. ákvæði laga um málefni aldraðra. Þá fer ráðið með æskulýðsmál, menningamál æskunnar og samskipti við stofnanir bæjarins og æskulýðsfélög.
5. *Bygginga-, skipulags- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. byggingarlögum nr. 54/1978 og byggingarreglugerð frá júlí 1992. Bygginganefnd fer einnig með skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum og er bæjarstjórn til ráðgjafar um skipulagsmál. Nefndin annast húsafriðunarmál og er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun húsa. Að auki er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bætta samgöngur innan bæjarins og um aukið öryggi fyrir vegfarendur. Bygginganefnd skal fjalla um ferlimál fatlaðra og stuðla að

- bættu aðgengi fatlaðra að byggingum og öðrum mannvirkjum. Þá fer nefndin með umhverfismál á Akranesi. Nefndin er bæjarstjórn einnig til ráðuneytis í umhverfismálum og tekur starfssvið nefndarinnar m.a. til náttúruverndar og varna gegn hvers kyns mengun, sbr. lög nr. 93/1996 um náttúruvernd. Nefndin fer með málefni sem snerta gróðurvernd sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur skal nefndin annast veitingu viðurkenninga til einstaklinga og fyrirtækja fyrir snyrtilegt umhverfi. Nefndin kalli til ráðuneytis fulltrúa þeirra samtaka sem láta sig umhverfismál varða þegar veittar eru viðurkenningar.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
 7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 8. *Undirkjörstjórnir*. Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.
 9. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, lögum nr. 78/1994 um leikskóla, lögum um tónlistarskóla nr. 75/1985 og samkvæmt erindisbréfi skólanefndar. Nefndin fer einnig með málefni Tónlistarskóla Akraness og skipar tvo fulltrúa í stjórn skólans og tvo til vara.
 10. *Fulltrúaráð Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi um rekstur skólans, dags. í janúar 1987.
 11. *Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin er skipuð skv. lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
 12. *Íþróttanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Íþróttanefnd fjallar um rekstur mannvirkja sem notuð eru til íþróttar. Nefndin annast undirbúning hátíðarhalda á 17. júní og annarra samkoma samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Íþróttanefnd tilnefnir samráðsnefndir við íþróttahreyfinguna eftir því sem um er samið.
 13. *Menningarmála- og safnanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að málefnum safna og menningarstofnana á Akranesi. Hún skal stuðla að framgangi hvers kyns menningarstarfsemi í samstarfi við félagasamtök og hópa sem starfa að menningarmálum. Nefndin fer auk þess með eftirfarandi verkefni:
 - Stjórn héraðsbókasafns og héraðsskjalasafns Akraness, en héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu skipar einn fulltrúa fyrir hreppa sunnan Skarðsheiðar til að fjalla um málefni héraðsbókasafnsins. Starfað skal skv. lögum nr. 36/1997 um almenningubókasöfn og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.
 - Stjórn menningarsjóðs skv. skipulagsskrá.
 - Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita skv. reglugerð um safnið frá 20. mars 1986.
 - Stjórn Bíóhallar skv. skipulagsskrá frá 1986.
 14. *Stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. reglugerð sjóðsins frá 15. janúar 1990.
 15. *Landsping Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 16. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum SSV.
 17. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
 18. *Hafnarstjórn Grundartangahafnar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
 19. *Stjórn dvalarheimilisins Höfða*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulagsskrá frá júní 1974.

20. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins sbr. lög nr. 58/1995.
21. *Stjórn Akranesveitu.* Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt reglugerð um Akranesveitu og samþykktum bæjarstjórnar.
22. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila og samþykktum HAB.
23. *Starfskjaranefnd.* Þrír aðalmenn skv. grein 12.1. kjarasamnings STAK og Akraneskaupstaðar, sem taki til meðferðar ágreiningsmál sem upp kunna að koma varðandi laun og kjör starfsmanna.
24. *Starfsmatsnefnd.* Tveir aðalmenn skv. grein 12.2. í kjarasamningi STAK og Akraneskaupstaðar.
25. *Búfjárefntirlitsmaður.* Tilnefning búfjárefntirlitsmanns skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. október 1997.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um veitinga- og gististaði nr. 288/1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 12. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar:

Rúm skulu vera a.m.k. 2,00 × 0,9 m fyrir einn, en a.m.k. 2,00 × 1,4 m fyrir tvo. Í rúmi skal, auk sængur og koddar, vera hlífðardýna og rúmteppi sem auðvelt er að þvo.

Borð og lesljós skal vera við hvert rúm. Í herbergi skal vera góð lýsing og þannig frá gluggum gengið að útiloka megi birtu.

Gestir skulu eiga aðgang að síma.

Ákvæði 2.-4. mgr. gilda ekki um gistiskála.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67, 28. júní 1985 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 20. október 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu skipulags- og umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 14. október 1997, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjalddöku frá febrúar 1988:

Bílastæði á svæðinu frá Bergstaðastræti 6 (Bergstöðum) að Ingólfsstæti, milli lóðanna Hallveigarstígs 1 annars vegar og Skólavörðustígs 6b, Ingólfsstrætis 7 og 7b hins vegar, verði gjaldskyld.

Settur verði upp miðamælir á svæðinu með tímagjaldinu 40 krónur á klukkustund og án sérstakra takmarkana á leyfilegum hámarksstöðutíma, til samræmis við önnur miðamæla-stæði á gjaldsvæði 2.

Reykjavík, 16. október 1997.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
e.u. Gunnar Eydal.

Nr. 608

22. október 1997

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 9/1997 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust að lokinni álagningu opinberra gjalda á skattaðila gjaldárið 1997.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1996 og eigna í lok þess árs 22. desember 1997 í stað 1. nóvember 1997.

Reykjavík, 22. október 1997.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 1997

30. október 1997

1381

Nr. 609

REGLUGERÐ

um öryggislok og ápreifanlega viðvörun.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að umbúðir mjög hættulegra efna og vörutegunda sem í eru slík efni, og ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði, séu með öryggislok sem börn geta ekki opnað og/eða að á þeim sé ápreifanleg viðvörun um hættu, fyrir sjónskerta.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til umbúða af öllum stærðum og gerðum sem í eru hættuleg efni eða efnablöndur sem falla undir reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum og skilgreindar eru í 1.- 5. tölul. Sjá þó jafnframt ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 236/1990 og ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 449/1996, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

- 1) Efni og vörutegundir flokkaðar sem „*Sterkt eitur*“ (Tx), „*Eitur*“ (T) eða „*Ætandi*“ (C).
- 2) Efni og vörutegundir flokkaðar sem „*Varúð hættulegt*“ (Xn), „*Mjög eldfimt*“ (Fx) eða „*Eldfimt*“ (F).
- 3) Efni og vörutegundir flokkaðar sem „*Varúð hættulegt*“ (Xn), þegar gerð er krafa um merkinguna: „*Varúð hættulegt, getur valdið lungnaskaða við inntöku*“ (H 65).
- 4) Vörutegundir sem í eru 3% eða meira af metanóli, CAS nr.¹⁾ 67-56-1.
- 5) Vörutegundir sem í eru 1% eða meira af díklórmetani, CAS nr. 75-09-2.

3. gr.

Öryggislok.

Umbúðir hættulegra efna og vörutegunda sem falla undir 1., 3., 4. og 5. tölul. 2. gr. og ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði skulu búnar öryggislokum sem börn geta ekki opnað.

Undanþegin þessu ákvæði eru efni eða vörutegundir sem falla undir 3. tölul. 2. gr. ef þau eru í úðabrusum eða öðrum úðunarílátum.

Umbúðirnar skulu samræmast ákvæðum í A-hluta viðauka við reglugerð þessa.

¹⁾ CAS nr.: Chemical Abstract Service - Alþjóðlegt númer efna og efnasambanda.

4. gr.

Áþreifanleg viðvörðun um hættu.

Á umbúðum hættulegra efna og vörutegunda sem falla undir 1. og 2. tölul. 2. gr. skal vera áþreifanleg viðvörðun um hættu, fyrir sjónskerta.

Viðvörðunin skal vera í samræmi við ákvæði í B-hluta viðauka við reglugerð þessa.

5. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Leiki vafi á að búnaðurinn sem um getur í 3. og 4. gr. sé í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð þessa, geta eftirlitsaðilar farið þess á leit við þann sem er ábyrgur fyrir dreifingu efnisins eða vörutegundarinnar að hann láti þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta, ásamt prófunarvottorði í samræmi við A-hluta viðauka við reglugerð þessa.

6. gr.

Viðurlög.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum svo og lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, tl. 1, 10 og 12b, tilskipun 90/35/EBE sem skilgreinir í samræmi við 6. gr. tilskipunar 88/379/EBE flokka efnavöru í umbúðum sem skulu búnar lokum þannig að börn geti ekki opnað þær og/eða hafa áþreifanlega viðvörðun um hættu, tilskipun 91/410/EBE um fjórtánda aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og tilskipun 91/442/EBE um umbúðir hættulegra efna sem skulu vera þannig að börn geti ekki opnað þær, eins og henni var breytt með tilskipun 96/65/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. tl. 2. gr. tekur þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 30. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI**A-hluti.**

Umbúðir þínar öryggislokum sem börn geta ekki opnað skulu vera í samræmi við ISO-staðal 8317 (útgáfa frá 1. júlí 1989) varðandi „Umbúðir sem eru þannig að börn geti ekki opnað þær - Kröfur og aðferðir við prófun á margnota umbúðum“ sem samþykktur er af Alþjóðastaðlastofnuninni (ISO).

Aðeins rannsóknarstofa sem samræmist evrópsku staðalnúmeri EN 45 000 getur vottað að ofangreindum staðli sé fylgt.

Sérstök tilvik.

Ekki þarf að framkvæma ofangreinda prófun ef augljóst er að umbúðirnar eru þannig að börn geti ekki komist í innihaldið án þess að nota til þess áhald.

Í öðrum tilvikum og þegar gildar ástæður eru til að draga í efa að um barnhelt öryggislok sé að ræða, geta eftirlitsaðilar farið þess á leit við þann sem er ábyrgur fyrir dreifingu efnisins eða vörunnar að hann leggi fram vottorð frá rannsóknarstofu eins og lýst er hér að ofan sem annaðhvort staðfestir:

- að lokið sé þannig að ekki sé nauðsynlegt að prófa það í samræmi við ofangreindan ISO-staðal, eða
- að lokið hafi verið prófað og reynt vera í samræmi við ofangreindan staðal.

B-hluti.

Útfærslan á áþreifanlegri viðvörðun um hættu skal samræmast EN staðli 272 (útgáfa frá 20. ágúst 1989) um áþreifanlega viðvörðun um hættu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 1997

Nr. 610

1384

4. nóvember 1997

AUGLÝSING

um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og með vísan til þess að komið hefur upp Newcastle-veiki í Svíþjóð, er þar til annað verður ákveðið, bannað að flytja til landsins lifandi fugla, frjóegg og hvers konar afurðir af hænsnfuglum frá Svíþjóð.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. nóvember 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 611

3. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

1. gr.

Önnur málsgrein 2. gr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að leggja þorskfisknet með 5½ þumlunga riðli á eftirgreindum svæðum:

- a. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi. Fyrir Vesturlandi markast svæðið af 65°10'N.
- b. Á sunnanverðum Vestfjörðum innan línu sem dregin er frá Blakksnesi í Fjallaskagavita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 5. nóvember 1997. Jafnframt er felld úr

gildi reglugerð nr. 343, 5. júní 1997, um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1997

Nr. 612

1386

5. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 534/1997,
um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 534, 4. september 1997, um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 613

3. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um tryggingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.

1. gr.

Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans.

Trygging skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers váttryggingarárs skal nema minnst 10.000.000 kr. Tryggingafjárhæðir skulu miðast við neysluvísitölu til verðtryggingar 180,3 og breytast 1. október ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Tryggingin skal taka til starfsemi fasteignasala hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Til að fullnægja tryggingaskyldu skal fasteignasali kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða leggja fram samsvarandi ábyrgð, sem gefin er út af viðskiptabanka eða sparisjóði, enda veiti hún sambærilega vernd að mati dómsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Trygging skal ná til allra tjónsatvika sem verða á váttryggingartímanum enda hafi skaðabótakrafa verið tilkynnt váttryggingafélagi í síðasta lagi 12 mánuðum eftir lok váttryggingartímans. Sama á við um ábyrgðir sem gefnar eru út af viðskiptabanka eða sparisjóði.

Gutenberg

3. gr.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu tryggingataka í tryggingaskilmálum en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi váttryggingafélags eða viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Tilhögun eigin áhættu skal getið í tryggingaskilmálum en þó er heimilt að geta eigin áhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun hafi Váttryggingaæftirlitinu áður verið tilkynnt um slíka ákvörðun.

4. gr.

Falli váttrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag, viðskiptabanki eða sparisjóður tilkynna það tryggingartaka og dómsmálaráðuneytinu þegar í stað. Váttryggingartíma eða bankaábyrgðartíma telst ekki lokið fyrir en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið, viðskiptabankinn eða sparisjóðurinn tilkynnti tryggingartaka og ráðuneytinu um tryggingarslit. Að þeim tíma liðnum telst löggilding fasteignasalans fallin úr gildi nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett, enda hafi fasteignasala verið gefinn kostur á að tjá sig um niðurfellingu löggildingarinnar.

Váttryggingafélögum, viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

5. gr.

Þar sem tveir eða fleiri fasteignasalar starfa saman og reka fasteignasölu undir sama firmanafni og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars geta þeir fullnægt tryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í tryggingarskjölum og á skjölum og í auglýsingum fasteignasölnnar. Skal þá lágmarksfjárhæð hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn.

6. gr.

Ef fasteignasali hefur með höndum lögmannsstörf samhliða fasteignasölu, og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur, má telja hann hafa með því fullnægt tryggingaskyldu sinni ef lágmarksfjárhæð þeirrar tryggingar er jafn há eða hærri en tryggingar skv. reglugerð þessari og viðkomandi váttryggingafélag hafi staðfest að umrædd trygging taki jafnt til lögmannsstarfa og fasteignasölustarfsemi.

7. gr.

Allir tryggingarskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu látnir dómsmálaráðuneyti og Váttryggingaæftirliti í té áður en þeir eru boðnir fasteignasölum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. og 17. grein laga nr. 54/1997 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 520/1987, sbr. reglugerð nr. 161/1994.

Ákvæði til bráðbirgða.

Trygging sem fasteignasali hefur í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar má halda gildi sínu út umsamið tryggingartímabil. Þegar ný trygging er tekin samkvæmt reglugerð þessari skal fasteignasali afhenda dómsmálaráðuneytinu skilríki því til staðfestingar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 1997

Nr. 614

1388

22. október 1997

REGLUR

um ársreikninga lífeyrissjóða.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt sérstökum lögum og lífeyrissjóði sem veita viðtöku eða hafa veitt viðtöku iðgjaldi á grundvelli laga nr. 55/1980.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

2. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Ársreikningur skal hafa að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar.

3. gr.

Ársreikningur skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess. Nægi ákvæði laga eða góð reikningsskilavenja ekki til að gefa glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahag skal veita frekari upplýsingar í skýringum.

Ársreikningur skal settur upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Breytingar skulu tilgreindar og rökstuddar í skýringum.

4. gr.

Ársreikningurinn skal gerður í því formi sem fyrir er mælt í viðauka I, sem er hluti af þessum reglum, og skal heiti liða og röð þeirra vera eins og þar segir.

Sameina má liði er nema óverulegum fjárhæðum öðrum liðum.

Frekari greiningu má gera undir einstökum liðum sé það nauðsynlegt til að gera reikningsskilin gleggri og að því tilskildu að heiti tilgreindra liða sé ekki breytt né röð þeirra.

Fjárstreymisyfirlit skal gert sem sjóðstreymi, en í því skal m.a. gerð grein fyrir inn-greiðslum og útgreiðslum, ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri breytingu á handbæru fé. Í viðauka II er gerð grein fyrir skilgreiningum hugtaka í sjóðstreymisyfirliti.

5. gr.

Í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahagsreikningi skal birta fjárhæðir úr ársreikningi fyrra árs við hlið viðkomandi liða. Gæta skal þess að einstakir liðir séu samanburðarhæfir milli ára, en ef svo er ekki skal lagfæra liði fyrra árs og gera grein fyrir breytingum í skýringum.

Sé ekki um neina fjárhæð að ræða undir einhverjum lið skal hans getið í ársreikningnum hafi einhver fjárhæð verið þar árið áður.

6. gr.

Ef eigna- eða skuldaliður heyrir undir fleiri en einn lið í viðauka I skal tengsla getið annaðhvort þar sem liðurinn er færður, eða í skýringum ef slíkt er nauðsynlegt til skilnings á ársreikningnum.

III. KAFLI

Einstakir liðir í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris.*Iðgjöld.*

7. gr.

Undir lið 1 *Iðgjöld* skal færa heildarfjárhæð iðgjalda og annarra framlaga, greiddra eða ógreiddra, sem skapað hafa réttindakröfur á lífeyrissjóðinn fyrir lok reikningsárs. Iðgjöldin skulu færð að frádregnum endurgreiddum og niðurfelldum iðgjöldum.

Undir lið 1.1 *Iðgjöld sjóðfélaga* skal færa iðgjöld frá sjóðfélögum.

Undir lið 1.2 *Iðgjöld launagreiðenda* skal færa regluleg iðgjöld frá launagreiðendum.

Undir lið 1.3 *Réttindaflutningur og endurgreiðslur* skal færa samtölu fjárhæða sem greiddar hafa verið eða móttæknar vegna réttindaflutnings eða endurgreiðslu á iðgjöldum.

Undir lið 1.4 *Sérstök aukaframlög* skal færa sérstök viðbótariðgjöld launagreiðenda eða ábyrgðaraðila eða sérstök framlög frá öðrum aðilum, sem líta má á sem viðbótariðgjöld.

Lífeyrir.

8. gr.

Undir lið 2.1 *Lífeyrir* skal færa heildarfjárhæð ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris á reikningsárinu til lífeyrisþega. Í skýringum skal koma fram sundurliðun lífeyristegunda með samanburði við árið áður.

Undir lið 2.2 *Umsjónarnefnd eftirlauna* skal færa greiðslur frá umsjónarnefnd eftirlauna.

Undir lið 2.3 *Annar beinn kostnaður* vegna örorkulífeyris skal færa annan beinan kostnað svo sem vegna örorkumats og endurhæfingar.

Fjárfestingartekjur.

9. gr.

Undir lið 3 *Fjárfestingartekjur* skal færa allar fjárfestingartekjur sjóðsins.

Undir lið 3.1 *Tekjur af eignarhlutum* skal færa arð af eignarhlutum í félögum.

Undir lið 3.2 *Tekjur af húseignum* og lóðum skal færa hagnað eða tap af rekstri húseigna og lóða sjóðsins, þar með taldar reiknaðar leigutekjur af húseignum og lóðum sem lífeyrissjóðurinn á og notar fyrir eigin rekstur, þar sem það á við. Draga skal frá allan kostnað við reksturinn nema vexti sem skulu færðir meðal vaxtagjalda undir lið 4.2.

Undir lið 3.3 *Vaxtatekjur og gengismunur* skal færa vaxtatekjur, verðbætur og aðrar hliðstæðar tekjur af fjárfestingum sjóðsins, ásamt verðbótum af skuldabréfum og öðrum peningalegum eignum. Afföllum og gengisauka af skuldabréfum sem ekki eru færð við markaðsverði skal dreifa miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu. Hér skal einnig færa gengismun vegna umreiknings erlendra gjaldmiðla í íslenskar krónur og skal hans getið sérstaklega í skýringum.

Undir lið 3.4 *Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum* skal færa hækkun á bókfærðu verði þessara eigna í lok reikningsársins, sbr. ákvæði 28. gr., frá bókfærðu verði þeirra í upphafi reikningsársins, sem ekki ber að færa undir aðra liði. Hafi verið fjárfest á reikningsárinu skal miða við kostnaðarverð fjárfestingar.

Undir lið 3.5 *Hagnaður af sölu fjárfestinga* skal færa hreinan hagnað af sölu fjárfestinga. Hagnaðurinn er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs á söludegi.

Undir lið 3.6 *Reiknaðar tekjur eða gjöld vegna verðlagsbreytinga* skal færa áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs, sbr. 34. gr. Mótfærslan við reiknuð áhrif verðlagsbreytinga skal færð á lið 10, matsbreytingar, í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Fjárfestingargjöld.

10. gr.

Undir lið 4 *Fjárfestingargjöld* skal færa öll fjárfestingargjöld sjóðsins.

Undir lið 4.1 *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður* skal færa kostnað á reikningsárinu við umsýslu og stjórnun vegna fjárfestinga sjóðsins.

Undir lið 4.2 *Vaxtagjöld* skal færa vaxtagjöld, verðbætur og gengismun af skuldum. Hér færirst einnig innlausn affalla eða gengisauka af skuldum, sem ekki eru færðar til markaðs-virðis, og skal dreifa innlausninni miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Undir lið 4.3 *Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum* skal færa lækkun á bókfærðu verði þessara eigna í lok reikningsársins, sbr. ákvæði 28. gr., frá bókfærðu verði þeirra í upphafi reikningsársins sem ekki ber að færa undir aðra liði. Hafi verið fjárfest á reikningsárinu skal miða við kostnaðarverð fjárfestingar.

Undir lið 4.4 *Tap af sölu fjárfestinga* skal færa hreint tap af sölu fjárfestinga. Tapið er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs á söludegi.

Rekstrarkostnaður.

11. gr.

Undir lið 5 *Rekstrarkostnaður* skal færa rekstrarkostnað sjóðsins, annan en skrifstofu- og stjórnunarkostnað samkvæmt lið 4.1 og beinan kostnað vegna örorkulífeyris samkvæmt lið 2.3. Með hugtakinu *skrifstofu- og stjórnunarkostnaður* er fyrst og fremst átt við starfsmannakostnað, leigukostnað, þ.m.t. reiknaðan leigukostnað af eigin húsnæði, kostnað við skrifstofubúnað og afskriftir á eignum, sem færðar eru undir eignalið 4.1 í efnahagsreikningi og annan almennan skrifstofukostnað.

Undir lið 5.1 *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður* skal færa skrifstofu- og stjórnunarkostnað annan en samkvæmt lið 4.1.

Undir lið 5.2 *Annar rekstrarkostnaður* skal færa annan rekstrarkostnað en samkvæmt liðum 2.3, 4.1 og 5.1.

Aðrar tekjur.

12. gr.

Undir lið 6 *Aðrar tekjur* skal færa reglulegar tekjur sem ekki eru taldar annars staðar. Í skýringum skal gerð grein fyrir þessum lið.

Önnur gjöld.

13. gr.

Undir lið 7 *Önnur gjöld* skal færa áður ótalin regluleg gjöld og skal nánari grein gerð fyrir honum í skýringum. Hér skal einnig færa niðurfærslu á kröfum sbr. 32. gr.

Óreglulegar tekjur og gjöld.

14. gr.

Undir lið 9 *Óreglulegar tekjur og gjöld* skal færa óreglulegar tekjur undir lið 9.1 og óregluleg gjöld undir lið 9.2. Þessir liðir taka til atvika og viðskipta sem eru óvenjuleg og óvænt og varða ekki meginstarfsemi sjóðsins, enda sé um verulegar fjárhæðir að ræða.

Gerð skal nánari grein fyrir þessum liðum í skýringum.

Matsbreytingar.

15. gr.

Undir lið 10 *Matsbreytingar* skal færa endurmat fastafjármuna og önnur áhrif almennra verðlagsbreytinga á breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahag, sbr. 34. gr.

IV. KAFLI

Einstakir liðir efnahagsreiknings.

Eignir.

Óefnislegar eignir.

16. gr.

Undir lið 1 *Óefnislegar eignir* skal færa langtímakostnað og önnur óefnisleg réttindi sem aflað hefur verið gegn greiðslu. Í skýringum skal sundurliða þennan lið. Kostnað við stofnun sjóðsins má ekki eignfæra.

Fjárfestingar.

17. gr.

Undir lið 2.1 *Húseignir og lóðir* skal færa húseignir og lóðir í eigu sjóðsins, fullgerðar og í byggingu, þar með taldar fyrirframgreiðslur vegna húsbýgginga eða lóða og réttinda sem þeim fylgja. Í skýringum skal sérgreina húseignir og lóðir til eigin nota.

Undir lið 2.2.1 *Verðbréf með breytilegum tekjum* skal færa framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda.

Undir lið 2.2.2 *Verðbréf með föstum tekjum* skal færa framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Með skuldabréfum og öðrum verðbréfum er hér átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Áfallnir vextir skulu taldir með verðbréfum samkvæmt þessum lið.

Undir lið 2.2.3 *Veðlán* skal færa útlán, þ.m.t. áfallna vexti, sem veitt eru gegn veði í fasteign og lausafé sem tryggingu fyrir greiðslu. Í skýringum skal gera grein fyrir skiptingu veðlana til sjóðfélaga annars vegar og annarra hins vegar.

Undir lið 2.2.4 *Önnur útlán* skal færa útlán, þ.m.t. áfallna vexti, önnur en þau sem falla undir liði 2.2.2 eða 2.2.3. Nemi þessi liður verulegri fjárhæð skal gerð nánari grein fyrir honum í skýringum.

Undir lið 2.2.5 *Bundin innlán hjá lánastofnunum* skal færa innlán sem eru bundin lengur en 1 ár hjá þessum stofnunum. Önnur innlán skal færa undir lið 4.2.

Undir lið 2.2.6 *Aðrar fjárfestingar* skal færa fjárfestingar, þ.m.t. fullnustueignir, sem ekki eru færðar annars staðar. Nánari grein skal gerð fyrir þessum lið í skýringum nemi hann verulegri fjárhæð.

Í skýringum skal gera grein fyrir skiptingu fjárfestinga samkvæmt liðum 2.2.1-2.2.6 eftir því hvort um er að ræða innlendar eignir/kröfur eða erlendar sundurliðað á einstaka undirliði 1-6.

Í skýringum skal ennfremur gera grein fyrir markaðsverði þeirra fjárfestingaliða samkvæmt 2.2.1-2.2.6, sem ekki eru tilfærðir á markaðsverði svo fremi að það sé fyrir hendi.

Sundurliða skal í skýringum hlutabréfaeign skv. lið 2.2.1 eftir félögum og greina frá eignarhlutdeild í hverju félagi ásamt markaðsverði og bókfærðu verði.

Kröfur.

18. gr.

Undir lið 3.1 *Kröfur á launagreiðendur* skal færa heildarfjárhæð krafna á launagreiðendur svo sem iðgjaldakröfur, endurkröfur, verðbréf og kröfur vegna samninga um greiðslur sem að jafnaði eru ekki til lengri tíma en eins árs. Verðbréf og samninga til lengri tíma skal færa undir viðeigandi liði fjárfestinga.

Undir lið 3.2 *Aðrar kröfur* skal færa kröfur sem ekki falla undir aðra liði. Þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

Aðrar eignir.

19. gr.

Undir lið 4.1 *Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir* skal færa rekstrarfjármuni og efnislegar eignir aðrar en húseignir og lóðir undir lið 2.1 svo sem innréttingar, áhöld og búnað og fyrirframgreiðslur vegna þeirra.

Undir lið 4.2 *Sjóður og bankainnstæður* skal færa sjóð og innstæður í öllum gjaldmiðlum hjá lánastofnunum sem bundnar eru til allt að 1 árs.

Undir lið 4.3 *Aðrar eignir* skal færa eignir sem ekki falla undir aðra liði. Ef slíkar eignir eru verulegar skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur.

20. gr.

Undir lið 5 *Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur* skal færa gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari ár, og tekjur sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess. Áfallna vexti skal þó færa með viðeigandi eignaliðum. Ef þessi liður nemur verulegum fjárhæðum skal sundurliða hann í skýringum.

Skuldir.

Skuldbindingar.

21. gr.

Undir lið 6 *Skuldbindingar* skal færa fjárhæðir vegna skuldbindinga sem mæta eiga tilteknu tapi, tilteknum skuldbindingum eða kostnaði á reikningsárinu eða frá fyrri árum þegar fjárhæð þeirra er óviss eða óvíst hvenær greiðsla fer fram. Í skýringum skal gerð grein fyrir þessum lið ef um verulega fjárhæð er að ræða.

Viðskiptaskuldir.

22. gr.

Undir lið 7.1 *Skuldir við lánastofnanir* skal færa allar skuldir sjóðsins, þ.m.t. áfallna vexti, við lánastofnanir.

Undir lið 7.2 *Skuldabréfalán* skal færa skuldabréfalán sjóðsins, þ.m.t. áfallna vexti, sem ekki ber að færa annars staðar.

Undir lið 7.3 *Aðrar skuldir* skal færa skuldir, þ.m.t. áfallna vexti, sem ekki falla undir aðra liði. Þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur.

23. gr.

Undir lið 8 *Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur* skal færa gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, og tekjur sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár og falla ekki undir aðra liði. Áfallna vexti skal þó færa með viðeigandi skuldliðum. Verulegar fjárhæðir undir þessum lið skal sundurgreina í skýringum.

V. KAFLI

Matsreglur.

Almenn ákvæði.

24. gr.

Mat á einstökum liðum ársreikningsins skal byggt á tilhlýðilegri varkárni og skal einöngu færa tekjur sem áunnar eru fyrir lok reikningsárs og taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga sem hafa myndast á reikningsárinu eða á fyrri reikningsárum. Hliðstæðum aðferðum skal beitt við matið frá ári til árs.

25. gr.

Beita skal sömu matsaðferðum innan sama liðar ársreiknings þegar um fjárfestingar er að ræða sbr. 17. gr. Í skýringum skal greint frá þeim matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga.

Varanlegir rekstrarfjármunir o.fl.

26. gr.

Óefnislegar eignir samkvæmt lið 1, húseignir og lóðir samkvæmt lið 2.1 og varanlegir rekstrarfjármunir samkvæmt lið 4.1 skulu færðir á framreiknuðu kaup- eða kostnaðarverði. Framreiknað kaupverð er endurmetið verð samkvæmt breytingu á vísitölu neysluseris, sbr. 34. gr.

Endurmetið kostnaðarverð eigna skv. 1. mgr., sem hafa takmarkaðan endingartíma, skal afskrifa á kerfisbundinn hátt. Óefnislegar eignir skulu þó ekki afskrifaðar á lengri tíma en fimm árum.

27. gr.

Ef raunvirði eigna skv. 26. gr. er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa bókfært verð þeirra niður til samræmis við hið lægra verðgildi. Niðurfærsluna skal færa undir lið 9.2 óregluleg gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Ef eignir hafa verið færðar niður og ástæður lækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra til fyrra horfs.

Verðbréf.

28. gr.

Skuldabréf skal færa til eignar miðað við þau vaxtakjör sem um var samið þegar bréfið var keypt eða móttakið, enda séu vaxtakjörin í samræmi við það sem almennt gerist á markaði. Hafi orðið breyting á markaðsvöxtum, sem telst varanleg og er talin hafa mikil áhrif, skal taka tillit til slíkrar breytingar við mat á skuldabréfaeign og skal matsbreytingin færð undir liði 3.4 og 4.3 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Skuldabréf skal færa með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reiknings-skiladegi. Verðbætur skal miða við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Skuldabréf í erlendum gjaldmiðli skal færa við kaupgengi gjaldmiðils í lok reikningsárs.

Óverðtryggð skuldabréf sem bera hæfilega nafnvexti miðað við vaxtakjör á markaði skal færa á nafnverði.

Við mat á skuldabréfaeign skal með hæfilegri niðurfærslu taka tillit til þeirrar tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörsdegi og skal færa niðurfærsluna undir lið 7 *Önnur gjöld* í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

29. gr.

Hlutabréf skal færa á framreiknuðu kaupverði eða markaðsverði, hvort sem lægra er í lok reikningsárs, sbr. þó 30. gr.

Hlutdeildarskírteini skal færa á markaðsverði í lok reikningsárs.

30. gr.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði skal færa á markaðsverði. Með skipulegum verðbréfamarkaði er átt við eftirfarandi:

1. Verðbréfaþing Íslands og hliðstæðar kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Aðrir verðbréfamarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem verðbréf ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan.
3. Markaðir samkvæmt 1. og 2. lið sem staðsettir eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan.

Hækkun eða lækkun á markaðsverði skal færa undir lið 3.3 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Séu verðbréf sem falla undir sama lið jafnframt metin skv. 28. eða 29. gr. skal skipta viðkomandi lið í efnahagsreikningi með hliðsjón af 25. gr.

31. gr.

Þegar fjárfestingar eru færðar á framreiknuðu kaupverði skal tilgreina ætlað markaðsverð þeirra í skýringum ársreikningsins og með sama hætti skal tilgreina framreiknað kaupverð þeirra fjárfestinga sem færðar eru á markaðsverði.

Þegar fjárfestingar eru skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði telst markaðsverð vera verðið á síðasta skráningardegi reikningsársins.

Kröfur.

32. gr.

Meta skal kröfur með hliðsjón af tapshættu og færa framlag í afskriftarreikning eftir niðurstöðu slíks mats. Afskriftarreikningur skal myndaður með sérstökum og almennum niðurfærslum sem draga skal frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Framlag í afskriftarreikning skal færa undir lið 7 Önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

33. gr.

Eignir og skuldir í erlendri mynt skulu umreiknaðar í íslenskar krónur á opinberu gengi í lok reikningsárs.

Áhrif verðlagsbreytinga.

34. gr.

Áhrif verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs skal reikna með eftirfarandi hætti og færa í ársreikninginn, enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju:

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skulu reiknuð og færð undir lið 3.6 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.
2. Eignir skv. 26. og 29. gr. skulu endurmetnar með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til loka reikningsársins og skal breytingin færð á viðkomandi eignaliði.

Hin reiknuðu áhrif verðlagsbreytinga skulu færð á lið 10, matsbreytingar, í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Í skýringum skal gera grein fyrir útreikningi á áhrifum verðlagsbreytinga samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI

Skýringar.*Almenn ákvæði.*

35. gr.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í II. - V. kafla.

Í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris:

Kafla III: Lið 2.1 í 8. gr., liði 3.3 - 3.6 í 9. gr., lið 6 í 12. gr., lið 7 í 13. gr. og lið 9 í 14. gr.

Í efnahagsreikningi:

Kafla IV: Lið 1 í 16. gr., liði 2.1, 2.2.3, 2.2.4 og 2.2.6 svo og 8.-10. mgr. í 17. gr., lið 3.2 í 18. gr., lið 4.3 í 19. gr., lið 5 í 20. gr., lið 6.2 í 21. gr., lið 7.3 í 22. gr. og lið 8 í 23. gr.

Við einstaka liði ársreikningsins skal vísað til viðeigandi skýringa.

36. gr.

Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings. Greint skal frá aðferðum við endurmat, afskriftir og útreikning verðbreytinga svo og við uppfærslur og niðurfærslur. Einnig skal tilgreina það gengi sem miðað er við þegar einstakir liðir eru umreiknaðir frá öðrum gjaldmiðli í íslenskar krónur.

37. gr.

Þegar fjárhæðir eru ekki samanburðarhæfar milli ára í efnahagsreikningi eða í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris skal í skýringum gera grein fyrir ástæðum þess og áhrifum sem það hefur á samanburðarhæfi einstakra liða.

38. gr.

Gera skal grein fyrir heildar lífeyrisskuldbindingum sjóðsins annars vegar og áföllnum lífeyrisskuldbindingum hins vegar í árslok. Lífeyrisskuldbinding skal reiknuð af tryggingastærðfræðingi eða öðrum sérfræðingi með sambærilega þekkingu, og samkvæmt viðurkenndum tryggingastærðfræðilegum reglum. Liggi ekki fyrir tryggingafræðileg athugun á fjárhag sjóðsins miðað við lok reikningsárs skal miða við framreiknaðar niðurstöður slíkrar athugunar.

Ennfremur skal gera grein fyrir mismun lífeyrisskuldbindinga samkvæmt framansögðu og hreinni eign til greiðslu lífeyris eftir að síðarnefndi liðurinn hefur verið endurmetinn með hliðsjón af endurmati verðbréfa miðað við sambærilega ávöxtunarkröfu og beitt er við útreikning lífeyrisskuldbindinga sbr. 1. mgr. eða í samræmi við reglur sem á hverjum tíma gilda um tryggingafræðilega útreikninga á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða.

Sundurliða skal skuldbindingar samkvæmt 1. mgr. á einstaka flokka lífeyrisskuldbindinga.

Lífeyrisskuldbindingar annars vegar og endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris hins vegar samkvæmt 1. mgr. skulu sýnd með eftirfarandi hætti í skýringum:

	Heild	Elli- lífeyrir	Örorku- lífeyrir	Maka- lífeyrir	Barna- lífeyrir
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
1. Heildarskuldbinding					
2. Afallin skuldbinding					
Hrein eign til greiðslu lífeyris					
+ endurmat v/verðbréfa					
3. Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris					
+ núvirði framtíðariðgjalda					
4. Endurmetin hrein eign + núvirði framtíðariðgj.					
5. Hrein eign umfram heildarskuldbindingar					
Hrein eign umfram heildarskuldb., hlutfall af heildarskuldb.	%				
6. Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar					
Hrein eign umfram áfallnar skuldb., hlutfall af áföllnum skuldb.	%				

39. gr.

Í skýringum skal tilgreina nöfn, heimilisföng og form félaga með ótakmarkaðri ábyrgð sem sjóðurinn er aðili að. Ekki þarf að gefa þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu.

Eignaliðir.

40. gr.

Fyrir hvern eignaliðanna 1 *Óefnislegar eignir*, 2.1 *Húseignir og lóðir* og 4.1 *Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir* skal eftirfarandi koma fram:

1. Heildarverð í upphafi reikningsárs.
2. Viðbót á árinu.
3. Selt og niðurlagt á árinu.
4. Fært á aðra liði á árinu.
5. Endurmat á árinu.
6. Heildarverð í lok reikningsárs.
7. Afskrifað alls í upphafi reikningsárs.
8. Afskrifað og niðurfært á árinu.
9. Leiðréttingar vegna fyrri afskrifta og niðurfærslna þess sem selt er eða látið er af hendi á árinu.
10. Samanlagðar afskriftir og niðurfærslur til loka reikningsárs.
11. Bókfært verð í lok reikningsárs.

41. gr.

Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat og um vátryggingaverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.

Gera skal grein fyrir bókfærðu verði húseigna og lóða sem lífeyrissjóðurinn hefur til eigin nota. Noti sjóðurinn hluta húseignar skal reikna verðið hlutfallslega.

42. gr.

Tilgreina skal heildarfjárhæð lána og ábyrgða sem veittar hafa verið stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum stjórnendum sjóðsins, sundurliðað á hvern flokk fyrir sig ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála.

Akvæði 1. mgr. eiga einnig við gagnvart einstaklingum nátengdum þeim sem þar eru taldir.

Akvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við ef eingöngu er um að ræða lán sambærileg þeim sem sjóðfélagar hafa fengið hvað varðar fjárhæð og kjör.

Skuldaliðir.

43. gr.

Greina skal frá samningum sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmenn um eftirlaun og hliðstæð réttindi, og tilgreina heildarfjárhæðir. Áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna þessa skulu sundurliðaðar á stjórn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur annars vegar og aðra starfsmenn hins vegar.

44. gr.

Veita skal upplýsingar um þann hluta áhvílandi lána sem á hverju ári fellur til greiðslu næstu fimm árin frá lokum reikningsárs og það sem fellur til greiðslu síðar.

45. gr.

Hafi lífeyrissjóður sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna sundurliðað eftir eignum.

46. gr.

Gera skal grein fyrir virkum afleiðuviðskiptum þar sem sérstaklega komi fram, fyrir hverja tegund viðskipta, fjárhæðir samninga og áhrif þeirra á ársreikninginn. Þá skal koma fram í hvaða tilgangi þeir eru gerðir svo sem til að draga úr áhrifum vaxtabreytinga, gengisbreytinga eða breytinga á markaðsverði. Tekjur og gjöld vegna þessara viðskipta eru færð undir liðum 3 *Fjárfestingartekjur* eða 4 *Fjárfestingargjöld* í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

47. gr.

Veita skal upplýsingar um aðrar fjárskuldbindingar sem ekki eru tilfærðar í efnahagsreikningi, að því leyti sem það skiptir máli við mat á fjárhagsstöðu. Hafi sjóðurinn gert leigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega.

48. gr.

Greint skal frá meðalfjölda starfsmanna miðað við fullt starf á reikningsárinu og starfsmannakostnaði. Kostnaðinn skal sundurliða á laun, eftirlaun og launatengd gjöld.

Gefa skal upplýsingar um heildarfjárhæð launa og þóknana, til stjórnar og framkvæmdastjóra vegna starfa í þágu lífeyrissjóðsins.

Fimm ára yfirlit.

49. gr.

Ársreikningur skal hafa að geyma yfirlit með helstu niðurstöðutölum og kennitölum úr rekstri og efnahag sjóðsins í heild á reikningsárinu og samsvarandi upplýsingum fjögurra undangenginna reikningsára. Í yfirlitinu skal að lágmarki koma fram:

1. Lífeyrisbyrði.
2. Kostnaður í % af iðgjöldum.
3. Kostnaður í % af eignum.
4. Kostnaður á hvern virkan sjóðfélaga.
5. Raunávöxtun miðað við neysluverðsvísitölu.
6. Hrein raunávöxtun.
7. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára.
8. Fjöldi virkra sjóðfélaga.
9. Fjöldi lífeyrisþega.
10. Stöðugildi á árinu.
11. Hlutfallsleg skipting lífeyris:
 - Ellilífeyrir %
 - Örorkulífeyrir %
 - Makalífeyrir %
 - Barnalífeyrir %

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu eins og frekast er unnt vera sambærilegar milli ára. Þess skal getið sérstaklega ef svo er ekki og ástæða þess. Sé ekki unnt að birta tölur sem bera má saman milli ára er heimilt að birta yfirlit yfir skemmra tímabil en fimm ár. Í viðauka II er nánari grein gerð fyrir skilgreiningum kennitalna samkvæmt 1. mgr.

VII. KAFLI Skýrsla stjórnar.

50. gr.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu lífeyrissjóðs og breytingu hennar á reikningsárinu og ekki koma fram í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikningi, fjárstreymisyfirliti eða í skýringum, nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað lífeyrissjóðinn. Einnig skal veita upplýsingar um mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins og um framtíðarhorfur lífeyrissjóðsins.

51. gr.

Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar og áritun löggilts endurskoðanda skal liggja frammi, og til afhendingar ef óskað er, á afgreiðslustað sjóðsins eftir samþykkt hans. Krefjast má höflegs gjalds fyrir afhendingu ársreikningsins sem ekki má vera hærra en nemur kostnaði sjóðsins þar að lútandi.

VIII. KAFLI Gildistökuákvæði.

52. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð ársreiknings fyrir árið 1997. Jafnframt falla úr gildi reglur um gerð ársreiknings lífeyrissjóða frá 30. desember 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gerð ársreiknings fyrir árið 1997 er heimilt að víkja frá ákvæðum 37. gr.

Reykjavík, 22. október 1997.

Seðlabanki Íslands,
Steingrímur Hermannsson. **Þórður Ólafsson.**

VIÐAUKI I

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

1. Iðgjöld

- | | | |
|-----|--------------------------------------|-------|
| 1.1 | Iðgjöld sjóðfélaga | _____ |
| 1.2 | Iðgjöld launagreiðenda | _____ |
| 1.3 | Réttindaflutningur og endurgreiðslur | _____ |
| 1.4 | Sérstök aukaframlög | _____ |
| | <i>Iðgjöld</i> | _____ |

2. Lífeyrir

- | | | |
|-----|--|-------|
| 2.1 | Lífeyrir | _____ |
| 2.2 | Umsjónarnefnd eftirlauna | _____ |
| 2.3 | Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | _____ |
| | <i>Lífeyrir</i> | _____ |

3. Fjárfestingartekjur

- | | | |
|-----|--|-------|
| 3.1 | Tekjur af eignarhlutum | _____ |
| 3.2 | Tekjur af húseignum og lóðum | _____ |
| 3.3 | Vaxtatekjur og gengismunur | _____ |
| 3.4 | Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum | _____ |
| 3.5 | Hagnaður af sölu fjárfestinga | _____ |
| 3.6 | Reiknaðar tekjur/gjöld vegna verðlagsbreytinga | _____ |
| | <i>Fjárfestingartekjur</i> | _____ |

4. Fjárfestingargjöld

- | | | |
|-----|---|-------|
| 4.1 | Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | _____ |
| 4.2 | Vaxtagjöld | _____ |
| 4.3 | Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum | _____ |
| 4.4 | Tap af sölu fjárfestinga | _____ |
| | <i>Fjárfestingargjöld</i> | _____ |

5. Rekstrarkostnaður

- | | | |
|-----|------------------------------------|-------|
| 5.1 | Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | _____ |
| 5.2 | Annar rekstrarkostnaður | _____ |
| | <i>Rekstrarkostnaður</i> | _____ |

6. Aðrar tekjur

7. Önnur gjöld

8. Hækkun á hreinni eign fyrir óreglulega liði og matsbreytingar

9. Óreglulegar tekjur og gjöld

- | | | |
|-----|-----------------------------------|-------|
| 9.1 | Óreglulegar tekjur | _____ |
| 9.2 | Óregluleg gjöld | _____ |
| | <i>Óreglulegar tekjur - gjöld</i> | _____ |

10. Matsbreytingar

11. Hækkun á hreinni eign á árinu

12. Hrein eign frá fyrra ári

13. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

1. Ófnislegar eignir

2. Fjárfestingar

2.1 Húseignir og lóðir

2.2 Aðrar fjárfestingar

2.2.1 Verðbréf með breytilegum tekjum

2.2.2 Verðbréf með föstum tekjum

2.2.3 Veðlán

2.2.4 Önnur útlán

2.2.5 Bundin innlán hjá lánastofnunum

2.2.6 Aðrar fjárfestingar

3. Kröfur

3.1 Kröfur á launagreiðendur

3.2 Aðrar kröfur

4. Aðrar eignir

4.1 Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir

4.2 Sjóður og bankainnstæður

4.3 Aðrar eignir

5. Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur

Eignir samtals

SKULDIR

6. Skuldbindingar

7. Viðskiptaskuldir

7.1 Skuldir við lánastofnanir

7.2 Skuldabréfalán

7.3 Aðrar skuldir

8. Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur

Skuldir samtals

HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS

SJÓÐSTREYMI

1. Inngreiðslur

- 1.1 Iðgjöld _____
- 1.2 Fjárfestingartekjur _____
- 1.3 Aðrar tekjur _____
- 1.4 Afborganir verðbréfa _____
- 1.5 Seld verðbréf með breytilegum tekjum _____
- 1.6 Seld verðbréf með föstum tekjum _____
- 1.7 Lækkun á bundnum innlánum (> 1 ár) _____
- 1.8 Seldar aðrar fjárfestingar _____
- 1.9 Lækkun á kröfum _____
- 1.10 Lækkun á bankainnstæðum (> 3 mán. ≤ 1 ár) _____
- 1.11 Aðrar inngreiðslur _____

2. Útgreiðslur

- 2.1 Lífeyrir _____
- 2.2 Fjárfestingargjöld _____
- 2.3 Rekstrarkostnaður án afskrifta _____
- 2.4 Önnur gjöld _____
- 2.5 Hækkun á kröfum _____
- 2.6 Hækkun á bankainnstæðum (> 3 mán. ≤ 1 ár) _____
- 2.7 Aðrar útgreiðslur _____

3. Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu (1. - 2.)**4. Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting**

- 4.1 Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum _____
- 4.2 Kaup á verðbréfum með föstum tekjum _____
- 4.3 Ný veðlán og útlán _____
- 4.4 Hækkun á bundnum innlánum (> 1 ár) _____
- 4.5 Aðrar fjárfestingar, sbr. þó lið 4.6 _____
- 4.6 Húseignir og lóðir _____

5. Hækkun á handbæru fé (3. - 4.)**6. Handbært fé í ársbyrjun****7. Handbært fé í árslok**

VIÐAUKI II

Skilgreiningar á hugtökum í sjóðstreymisyfirliti sbr. 4. gr. reglnanna.

Eftirfarandi skilgreiningar eru til leiðbeiningar við samningu sjóðstreymis samkvæmt 4. mgr. 4. gr. reglnanna, sbr. ennfremur sjóðstreymisyfirlit í viðauka I. Tilvísun til einstakra sjóðstreymisliða miðast við þá liði sem fram koma á yfirliti um sjóðstreymi, sbr. viðauka I.

1. *Handbært fé.*

Handbært fé, sbr. liði 6 og 7, er samheiti fyrir seðla og mynt, bankainnstæður og skammtímaverðbréf. Með bankainnstæðum er átt við óbundnar innstæður á tékkareikningum, sparisjóðsbókum og aðrar innstæður hjá fjármálastofnunum, sem ekki eru háðar takmörkunum á notkun, svo og bankainnstæður, sem bundnar eru til þriggja mánaða eða skemmri tíma. Með skammtímaverðbréfum er átt við markaðsverðbréf með 3ja mánaða eða skemmri eftirstöðvatíma.

2. *Inngreiðslur.*

Liðir 1.1 - 1.3 sýna innborganir á handbæru fé, sem stafa frá einstökum liðum á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Liðir 1.4 - 1.11 sýna innborganir á handbæru fé, sem stafa frá einstökum liðum efnahagsreiknings að undanskildum skammtímaverðbréfum sbr. skilgreiningu í 1. tölulið hér að ofan. Liðir 1.7, 1.9 og 1.10 sýna þó eingöngu nettó lækkun.

3. *Útgreiðslur.*

Liðir 2.1 - 2.4 sýna útborganir á handbæru fé, sem ráðstafað er vegna einstakra liða á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Liðir 2.5 - 2.7 sýna útborganir á handbæru fé, sem ráðstafað er vegna einstakra liða efnahagsreiknings, annarra en fjárfestinga sbr. 2. tölulið efnahagsreiknings. Liðir 2.5 og 2.6 sýna þó eingöngu nettóhækkun.

4. *Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting.*

Liðir 4.1 - 4.6 sýna útborganir á handbæru fé, sem ráðstafað er til kaupa á verðbréfum og til annarrar fjárfestingar sem tilfærð er undir tölulið 2 í efnahagsreikningi en þó að undanskildum skammtímaverðbréfum sbr. skilgreiningu í 1. tl. hér að ofan. Liður 4.4 sýnir þó eingöngu nettóhækkun.

VIÐAUKI III

Skilgreiningar á kennitölum sbr. 49. gr. reglnanna.

Eftirfarandi skilgreiningar eru til leiðbeiningar við gerð kennitalna samkvæmt 49. gr. reglnanna. Tilvísun til einstakra tekju- og gjaldaliða miðast við þá liði sem fram koma á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sbr. viðauka I.

1. *Lífeyrisbyrði.*

Reiknast sem hlutfall lífeyris, sbr. lið 2, af iðgjöldum, sbr. lið 1.

2. *Kostnaður í % af iðgjöldum.*

Reiknast sem hlutfall kostnaðar, þ.e. rekstrarkostnaður, sbr. lið 5, og önnur gjöld, sbr. lið 7, umfram aðrar tekjur, sbr. lið 6, af iðgjöldum, sbr. lið 1. Óreglulegar tekjur/gjöld, sbr. lið 9, eru undanskilin.

3. *Kostnaður í % af eignum.*

Reiknast sem hlutfall kostnaðar, þ.e. rekstrarkostnaður, sbr. lið 5, og önnur gjöld, sbr. lið 7, umfram aðrar tekjur sbr. lið 6, af meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok, sbr. liði 12 og 13 á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Óreglulegar tekjur/gjöld, sbr. lið 9, eru undanskilin.

4. *Kostnaður á hvern virkan sjóðfélaga.*

Reiknast sem hlutfall kostnaðar, þ.e. rekstrarkostnaður, sbr. lið 5, og önnur gjöld, sbr. lið 7, umfram aðrar tekjur, sbr. lið 6, af fjölda virkra sjóðfélaga á árinu, sbr. kennitölulið 7. Óreglulegar tekjur/gjöld, sbr. lið 9, eru undanskilin.

5. *Raunávöxtun miðað við neysluverðsvísitölu.*

Raunávöxtun eigna reiknast samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$

þar sem r táknar raunávöxtun; i táknar ávöxtun eigna sbr. sérstaka formúlu hér á eftir, og j táknar hækkun vísitölu á árinu. Formúla fyrir ávöxtun eigna (i) er eftirfarandi:

$$i = \frac{2F}{(A+B-F)}$$

þar sem F táknar fjárfestingartekjur nettó, þ.e. fjárfestingartekjur fyrir áhrif verðbreytingafærslu, sbr. samtölu liða 3.1 til 3.5, og að frádregnum fjárfestingargjöldum, sbr. lið 4; A táknar hreina eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun, sbr. lið 12, og B táknar hreina eign til greiðslu lífeyris í árslok, sbr. lið 13 á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

6. *Hrein raunávöxtun.*

Hrein raunávöxtun reiknast með sama hætti og samkvæmt tölulið 5 hér á undan með þeirri undantekningu að frá fjárfestingartekjum nettó (F) dregst kostnaður eins og hann er skilgreindur í töluliðum 2, 3 og 4 hér á undan.

7. *Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára.*

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára (r_5) sbr. eftirfarandi:

$$r_5 = \sqrt[5]{(1+r_1)(1+r_2) \cdots (1+r_5)} - 1$$

8. *Fjöldi virkra sjóðfélaga.*

Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald vegna mars og október á reikningsárinu.

9. *Fjöldi lífeyrisþega.*

Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri vegna mars og október á reikningsárinu.

10. *Stöðugildi á árinu.*

Reiknast sem slysatryggðar vinnuvikur deilt með 52.

11. *Hlutfallsleg skipting lífeyris.*

Heildarfjárhæð lífeyris, sbr. lið 2 á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, skipt hlutfallslega niður á eftirlaun, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjubæjarstofu.

1. gr.

Kirkjubæjarstofa er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er á Kirkjubæjarklaustri.

2. gr.

Stofnendur eru sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og félög, sem vilja styðja stofuna í samræmi við þessa skipulagsskrá. Eftirtaldir aðilar hafa gerst stofnendur og greitt til hennar stofnfé:

Búnaðarfélag Álftavers
Búnaðarfélag Leiðvallahrepps
Byggðastofnun
Bær hf.
Ferðamálafélag Skaftárhrepps
Ferðaskrifstofa Íslands
Háskóli Íslands
Kvenfélagið Eyrarrós
Landgræðslufélag Skaftárhrepps
Náttúrustofa Suðurlands
Skaftárhreppur
Skógræktarfélagið Mörk
Starfsmannafélag Mjólkurbús Flóamanna
Verkalýðsfélagið Samherjar
Aðrir sem leggja til stofnfé fyrir 31. desember 1997 teljast stofnendur.

3. gr.

Stofnfé stofunnar er kr. 500.000. Skal það varðveitt í fasteign eða tryggum verðbréfum og má aldrei skerða. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofunnar.

4. gr.

Markmið og hlutverk stofunnar er að reka fræðslu- og rannsóknarstofu á Kirkjubæjarklaustri til þess að:

- Safna saman gögnum um alla þá þekkingu sem unnt er að afla um náttúru, menningu og sögu héraðsins,
- stuðla að rannsóknum á öllum sviðum hinnar fjölbreyttu og sískaþandi náttúru héraðsins,
- styrkja, með nútímalegri upplýsingamiðlun, stöðu héraðsins sem náttúrulegs sýningar-svæðis í eldvirkni, landeyðingu og uppgræðslu, jökulmyndunum og hinni öru landmótun, vegna þess hve auðsæ þessi einkenni eru,
- kynna sérstæða menningu og sögu sem mótuð er af sambúð íbúanna við óblíð náttúruöfl og stórbrotið umhverfi,
- rannsaka umhverfisáhrif ferðaþjónustu í héraðinu og stuðla að góðri umgengni ferðamanna. Tengja saman ferðaþjónustu og umhverfisvernd og stefna þannig að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu í héraðinu.

5. gr.

Tekjur stofunnar eru rekstrartekjur, vaxtatekjur, gjafir og hvers konar styrktarfé og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað. Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

6. gr.

Stjórn stofunnar skal skipuð fimm mönnum. Tveir skulu jafnan skipaðir af hreppsnefnd Skaftárhrepps og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Kjörtímabil þeirra er hið sama og hreppsnefndar.

Háskóli Íslands skal jafnan skipa fulltrúa til tveggja ára í senn. Tveir fulltrúar skulu kosnir frá öðrum stofnendum til tveggja ára í senn. Eftir fyrsta starfsár stofunnar skal annar þeirra ganga út samkvæmt hlutkesti og í hans stað á rétt á setu fulltrúi frá þeim stofnunum sem ekki áttu þar sæti fyrir og skal þá farið eftir stafrófsröð á heiti stofnenda. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Stjórnarfundir skal boða með tryggilegum hætti og er fundurinn lögmaður ef meirihluti stjórnar mætir. Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eigum stofunnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning.

Stjórninni er heimilt að ráða forstöðumann sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður getur ráðið annað starfslið eftir því sem stjórnin ákveður.

8. gr.

Árlega skal halda almennan fund með fulltrúum stofnenda og öðrum áhugamönnum til að kynna og fjalla um starfsemi stofunnar.

9. gr.

Reikningsár stofunnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikningsskilavenjur og endurskoðaðir samkvæmt ákvæðum laga.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki fjögurra stjórnarmanna. Sama gildir ef stofan er lögð niður og ganga þá eignir hennar til Skaftárhrepps sem ráðstafar þeim í samræmi við markmið og hlutverk stofunnar, sbr. 4. gr.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. október 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 1997

6. nóvember 1997

1405

Nr. 616

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hlíðarhrepps, Jökuldalshrepps og Tunguhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 6. nóvember 1997 staðfest sameiningu Hlíðarhrepps, Jökuldalshrepps og Tunguhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 13. desember 1997.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 27. desember 1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. nóvember 1997.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 407/1997 um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. nóvember“ í c-lið 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 9. nóvember.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. nóvember 1997.

F. h. r.

Jón Höskuldsson.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414, 27. júní 1997, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1997/1998.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals	6800 lestir
Þ.a. Eldey	350 lestir
Þ.a. Arnarfjörður	500 lestir
Þ.a. Ísafjarðardjúp	1450 lestir
Þ.a. Húnaflói	1400 lestir
Þ.a. Skagafjörður	1200 lestir
Þ.a. Skjálfandi	700 lestir
Þ.a. Öxarfjörður	1200 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1997

7. nóvember 1997

1407

Nr. 619

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum
fyrir símaþjónustu í einkarétti nr. 593/1997.

1. gr.

7. grein í I. kafla hljóði svo:

7. 800 - númer.

Rétthafi 800 númers greiðir fyrir öll innkomandi símtöl kr. 3,32 við svar og kr. 3,11 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 1,56 á mínútu á öðrum tímum. Ef 800 númeri er vísað til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands.

Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í 800 númer greiðir ekkert.

	Kr.
7.1. Stofngjald fyrir þjónustuna	34 505,00
7.2. Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	13 801,00

Innhringingum í 800 númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétt-hafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Grein 1.1. í II. kafla hljóði svo:

1.1. Símtöl í sjálfvirka talsímakerfinu.

Byrjunargjald kr. 3,32 á símtal.

Dagtaxti kr. 1,56 á mínútu (128 sek. í skrefi).

Kvöld-, nætur- og helgartaxti kr. 0,78 á mínútu (256 sek. í skrefi).

Dagtaxti gildir frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.

Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag. Þessi taxti gildir einnig á hátíðisdögum sem ber upp á mánudag til föstudags.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 143/1996 um fjar-skipti, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamála-stofnunar, öðlast gildi 11. nóvember 1997 og fellur úr gildi 31. desember 1997.

Samgönguráðuneytinu, 7. nóvember 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Gutenberg

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt nr. 305/1989, um hundahald í Reykjavík,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. i-liðar 2. gr. orðist svo:

Enn fremur er óheimilt að fara með hunda á eftirtalin útvistarsvæði: Öskjuhlíð, Viðey og Elliðaárdal. Þó er heimilt að vera með hunda í taumi í Víðidal.

2. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingu, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 1997

30. október 1997

1409

Nr. 621

REGLUGERÐ

um úrskurðarnefnd samkvæmt 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

1. gr.

Umhverfisstjórn skipar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál skv. skipulags- og byggingarlögum. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn án tilnefningar og tveir tilnefndir af Hæstarétti Íslands. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar og skal hann fullnægja skilyrðum þess að vera héraðsdómari. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

2. gr.

Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt byggingarnefndar og/eða sveitarstjórnar er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda var kunnugt um þá samþykkt sem hann kærir.

Sé um að ræða önnur kæruatriði en varða samþykkt byggingarnefndar og/eða sveitarstjórnar er þeim sem telur rétti sínum hallað heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

3. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar skal vera skrifleg og í henni skal skilmerkilega greina hvert úrskurðarnefnið er, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

4. gr.

Úrskurðarnefnd skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að kæra berst henni í hendur. Sé mál viðamikilið og fyrrsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrjú mánuðir.

5. gr.

Komi fram í ágreiningsmáli krafa um stöðvun framkvæmda skal úrskurðarnefndin þegar í stað kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurð um stöðvun ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

6. gr.

Úrskurðarnefnd er heimilt að kalla eftir upplýsingum og gögnum og óska umsagnar frá öðrum sem málið snertir og viðkemur og kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

7. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnisýslustigi og verður ekki skotið til umhverfísráðherra.

8. gr.

Um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd fer að öðru leyti samkvæmt stjórnisýslulögum nr. 37/1993.

9. gr.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði. Sérstakur starfsmaður skal ráðinn til þess að vera framkvæmdastjóri nefndarinnar. Skal hann uppfylla skilyrði til þess að vera héraðsdómari.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfísráðuneytinu, 30. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir leyfi til að halda hund í Stokkseyrarhreppi, sbr. stafl. b og f 2. gr. samþykktar um hundahald í Stokkseyrarhreppi nr. 372/1997 skal vera kr. 4.500.

Innifalið í gjaldinu er hundahreinsunargjald og iðgjald ábyrgðartryggingar. Gjaldalagi er dagsetning gíróseðilsins, en eindagi 20 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Hafi gjald ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

2. gr.

Handsömunargjald, sbr. 3. og 4. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, kr. 5.000 í annað skipti og kr. 6.000 í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti á vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðar breytingum, og öðlast gildi nú þegar.

Umhverfísráðuneytinu, 5. nóvember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um samkomulag samkvæmt 20. gr. samnings milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989.

Til þess að framfylgja samningi Norðurlandanna frá 7. desember 1989 um aðstoð í skattamálum, sem tekur til Danmerkur, Færeyja, Grænlands, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hefur samkvæmt 20. grein nefnds samnings verið gert samkomulag um eftirfarandi ákvæði:

1. Með orðunum „öflun framtala eða annarra upplýsinga“ í b-lið 1. greinar samningsins, er átt við öflun framtala eða annarra upplýsinga vegna skattlagningar eða annarra ráðstafana í skattamálum í því samningsríki sem biður um aðstoð. Með þeim er einnig átt við afhendingu framtala eða annarra gagna í frumriti eða afriti, sem skilað hefur verið inn vegna skattlagningar eða annarra ráðstafana vegna skattlagningar í því samningsríki þar sem beiðst er aðstoðar.
2. Með sköttum sem veita ber aðstoð vegna er einnig átt við:
 - a) dráttarvexti og vanskilaálag eða annað gjald, sem lagt er á vegna vangreiðslu, í einu samningsríkjanna fram að þeim tíma að krafa er lögð fram til innheimtu í hinu samningsríkinu, eða vegna vanrækslu á upplýsinga- eða framtalsskyldu vegna álagningar á skatti eða opinberum gjöldum (álag, viðbótargjald o.s. frv.),
 - b) slíka dráttarvexti og vanskilaálag eða annað álag, sem lagt er á vegna vangreiðslu skatta í einu samningsríkjanna eftir að krafan hefur verið lögð fram til innheimtu í hinu samningsríkinu og sérstök beiðni um aðstoð fylgir, og
 - c) greiðslu á innheimtukostnaði og féviti að svo miklu leyti sem kostnaðurinn og févitið eru ekki til komin vegna málsmeðferðar fyrir dómi.
- 3.A. Með skatti á „vélknúin ökutæki“ í 2. tölul. h-liðar 1. mgr. 2. greinar samningsins, er átt við skatta og gjöld skv. eftirfarandi lögum með síðari breytingum:
 - a) í Danmörku: skráningargjald á vélknúin ökutæki skv. lögum nr. 221 frá 26. maí 1971, þungaskatt á vélknúin ökutæki skv. lögum nr. 99 frá 28. mars 1962 og gjald skv. lögum nr. 956 frá 25. nóvember 1994 um gjald fyrir afnot af vegum;
 - b) í Finnlandi: skatt skv. lögum um skatt á vélknúin ökutæki (722/1966) og lögum um bifreiðaskatt (1482/1994);
 - c) í Færeyjum: skráningargjald skv. lögbingslögum nr. 175 frá 18. desember 1992 um skráningu vélknúinna ökutækja og þungaskatt skv. lögbingslögum nr. 38 frá 31. mars 1982;
 - d) á Grænlandi: gjald skv. landsþingslögum nr. 3 frá 16. júní 1987 um gjald á vélknúin ökutæki;
 - e) á Íslandi: fast gjald eða kílómetragjald á ökutæki (þungaskattur) sem ekki eru knúin bensíni, skv. lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar og bifreiðagjald skv. lögum nr. 39/1988;
 - f) í Noregi: gjöld skv. lögum frá 19. júní 1959 nr. 2, það er gjald á vélknúin ökutæki, sem greitt er einu sinni, o. fl., samsetningargjald, árlegt gjald, árlegur þungaskattur og endurskráningargjald; og
 - g) í Svíþjóð: skatta skv. lögum (1976:339) um skatt á söluvagna, lögum um skatt á ökutæki (1988:327) og lögum (1988:328) um ökutækjaskatt á erlend ökutæki.

- 3.B. Með „virðisaukaskatti og öðrum almennum söluskatti“ í 3. tölul. h-liðar 1. mgr. 2. greinar samningsins, er átt við skatta og gjöld í eftirfarandi lögum með síðari breytingum:
- a) í Danmörku: gjöld skv. lögum nr. 375 frá 18. maí 1994 um virðisaukaskatt (virðisaukaskattslög);
 - b) í Finnlandi: skatt skv. lögum um söluskatt (559/1991) og skatt skv. virðisaukaskattslögum (1501/1993);
 - c) í Færeyjum: gjöld skv. lögbingslögum nr. 136 frá 8. september 1992 um virðisaukaskatt;
 - d) á Grænlandi: (hefur ekki verið lagður á);
 - e) á Íslandi: skatt skv. lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988;
 - f) í Noregi: gjald skv. lögum frá 19. júní 1969 um virðisaukaskatt; og
 - g) í Svíþjóð: skatt skv. lögum um virðisaukaskatt (virðisaukaskattslögum) (1994:200).
- 3.C. Með „sérsköttum“ í 4. tölul. h-liðar 1. mgr. 2. greinar samningsins, er átt við skatta og gjöld í eftirfarandi lögum með síðari breytingum:
- a) í Danmörku: gjöld skv. lögum nr. 414 frá 18. desember 1968 um gjald á súkkulaði og sælgæti o.fl., lögum nr. 153 frá 6. maí 1980 um gjald á vínanda o.fl., lögum nr. 174 frá 7. maí 1975 um gjald á ábyrgðartryggingar vélknúinna ökutækja o.fl., lögum nr. 607 frá 21. desember 1946 um gjald á ís til neyslu, lögum nr. 413 frá 20. ágúst 1976 um gjald á tryggingu skemmtibáta, lögum nr. 634 frá 21. desember 1977 um gjald á ákveðnar smásöluumbúðir og vissa poka úr pappír og plasti o.fl., lögum nr. 265 frá 9. júní 1982 um gjald á steinkol, brúnkol og koks o.fl., lögum nr. 607 frá 12. desember 1984 um gjald á ölkelduvatn o.fl., lögum nr. 89 frá 9. mars 1977 um rafmagnsgjald, lögum nr. 174 frá 30. apríl 1969 um stimpilgjald, lögum nr. 228 frá 22. apríl 1987 um gjald vegna sölu hlutabréfa o.fl. (hlutabréfagjaldslögin), lögum nr. 575 frá 25. nóvember 1977 um gjald á fyrstu sölu vissra eignabúða, lögum nr. 832 frá 21. desember 1988 um gjald á viss klórflúorkolefnasambönd, halón o.fl. (CFC gjald), lögum nr. 834 frá 21. desember 1988 um ákveðin umhverfisgjöld, lögum nr. 838 frá 19. desember 1989 um gjöld vegna úrgangs og hráefna, lögum nr. 830 frá 19. desember 1989 um launatengd gjöld o.fl., lögum nr. 44 frá 14. mars 1955 um ýmsa neysluskatta, lögum nr. 389 frá 6. júní 1991 um gjald á vissar flugferðir, lögum nr. 888 frá 21. desember 1991 um koltvísyringsgjald á vissar orkuvörur, lögum nr. 1015 frá 19. desember 1992 um gjald á bjór, vín og ávaxtavín o.fl., lögum nr. 1016 frá 19. desember 1992 um gjald á tóbak, lögum nr. 1029 frá 19. desember 1992 um orkugjald á jarðolíuvörur o.fl., lögum nr. 492 frá 30. júní 1993 um gjald á vatn flutt eftir leiðslum, lögum nr. 414 frá 14. júní 1995 um gjald á loftþétta innsiglaða nikkell-kadmíum rafgeyma (lokaða nikkell-kadmíum rafgeyma), lögum nr. 415 frá 14. júní 1995 um gjald á viss leysiefni sem innihalda klór, lögum nr. 416 frá 14. júní 1995 um gjald á eyðingarefni, lögum nr. 419 frá 14. júní 1995 um gjald á jarðgas og gas frá gasveitum, lögum nr. 421 frá 14. júní 1995 um brennisteinsgjald, lögum nr. 490 frá 12. júní 1996 um gjald á frárennslisvatn;
 - b) í Finnlandi: skattar og gjöld skv. lögum um framleiðslugjald og söluskatt á tóbak (1470/1994), lögum um framleiðslugjald og söluskatt á sælgæti og gosdrykki (1474/1994), lögum um framleiðslugjald og söluskatt á fljótandi eldsneyti (1472/1994), lögum um framleiðslugjald og söluskatt á raforku og visst eldsneyti (1260/1996), lögum um framleiðslugjald og söluskatt á áfengi og áfenga drykki (1471/1994), lögum um gjald á olíuúrgang (894/1986), lögum um olíuvarnarsjóð (379/1974), lögum um happdrættisskatt (552/1992), lögum um skatt á ákveðin

tryggingaiðgjöld (664/1966), lögum um stimpilskatt (662/1943), lögum um sölu-skatt (931/1996), lögum um skatt á vélknúin ökutæki (772/1966) og lögum um bifreiðaskatt (1482/1994);

- c) í Færeyjum: gjöld skv. lögbingslögum nr. 120 frá 23. desember 1991 um framleiðslu- og innflutningsgjald, lögbingslögum nr. 121 frá 23. desember 1991 um toll, lögbingslögum nr. 179 frá 18. desember 1992 um sérstakt gjald á brennsluolíu, lögbingslögum nr. 75 frá 13. maí 1992 um umhverfisgjald á smurolíu, lögbingslögum nr. 37 frá 26. maí 1988 um ferðagjald og lögbingslögum nr. 11 frá 9. apríl 1968 um gjald á happdrættisvinninga;
- d) á Grænlandi: gjöld skv. landsþingslögum nr. 18 frá 30. október 1992 um innflutning og útflutning á vörum, landsþingslögum nr. 19 frá 30. október 1992 um innflutningsgjöld, landsþingslögum nr. 7 frá 31. október 1987 um happdrættisgjöld, landsþingslögum nr. 8 frá 31. október 1987 um stimpilgjald, landsþingslögum nr. 3 frá 17. maí 1990 um gjald á spilakassa og landsþingslögum nr. 20 frá 25. október 1990 um gjald á rækju;
- e) á Íslandi: lögum um vörugjald nr. 97/1987, lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 3/1987, lögum um skemmtanaskatt nr. 58/1970, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993, lögum um áfengisgjald nr. 96/1995, lögum um stimpilgjald nr. 36/1978, flugvallarskattur skv. lögum nr. 31/1987, um flugmála-áætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, skilagjald skv. lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og fjarskiptarekstrargjald skv. lögum nr. 147/1996;
- f) í Noregi: gjald á brennd vín og léttvín o.fl. og gjald á innflutt alkóhól í bragðefnum o.fl. (lög frá 19. júní 1964 nr. 1), björgjald (lög frá 28. júní 1912 nr. 4), grunngjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, gjald á tóbaksvörur, gjald á bensín, olíugjald á bifreiðar, gjald á bátavélar, notkunargjald á raforku, gjald á steinolíu, gjald á smurolíu o.fl., gjald á kol, koks o.fl., gjald á súkkulaði, sælgæti o.fl., gjald á óáfenga drykki o.fl. (með og án kolsýru), umhverfisgjald á umbúðir fyrir drykkjarvörur, gjald á sykur, gjald á farþegaflug, gjald á snældur, gjald á útvarps- og sjónvarpsfni o.fl. (lög frá 19. maí 1933 nr. 11), gjöld á vélknúin ökutæki, sem talin eru með í 3A f) (lög frá 19. júní 1959 nr. 2), gjald á raforkuframleiðslu (lög frá 8. janúar 1993 nr. 3), gjald á þóknun til erlendra listamanna o.fl. (lög frá 5. apríl 1963 nr. 10) og skjalagjald (lög frá 12. desember 1975 nr. 59); og
- g) í Svíþjóð: lögum um skatt á auglýsingar (1972:266), lögum um skatt á getraunir (1972:820), lögum um niðurrif bifreiða (1975:343), lögum um skatt á sölu vélknúinna ökutækja (1978:69), lögum um skatt á tiltekna raforku (1982:1201), lögum um sérstakan skatt á raforku frá kjarnorkuverum (1983:1104), lögum um stimpilgjald hjá þinglýsingaembættum (1984:404), lögum um skatt á áburðarefni (1984:409), lögum um gjald á eyðingarefni (1984:410), lögum um umhverfisskatt á innanlandsflug (1988:1567), lögum um umhverfisgjald vegna losunar á köfnunarefnisoxíði við orkuframleiðslu (1990:613), lögum um skatt á vörubirgðir tiltekinna olíuvara (1990:1087), lögum um skatt á happdrætti (1991:1482), lögum um skatt á dísilolíuvörubirgðir (1992:1439), lögum um skatt á vörubirgðir tiltekins bensíns (1992:1479), lögum um skatt á tóbak (1994:1563), lögum um skatt á áfengi (1994:1564), lögum um birgðagjald á tilteknar landbúnaðarafurðir (1994:1704), lögum um skatt á orku (1994:1776), lögum um birgðaskatt á díselolíu til notkunar á tiltekin vélknúin ökutæki (1995:1132), og lögum um skatt á mól (1995:1667).

3.D. Með gjöldum í 5. tölul. h-liðar 1. mgr. 2. greinar samningsins, er átt við skatta og gjöld í eftirfarandi lögum með síðari breytingum:

- a) í Danmörku: atvinnurekendagjald til dagpeningasjóðsins sbr. 4. mgr. 41. gr. og 11., 13. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 262 frá 7. júní 1972 um dagpeninga vegna veikinda og barnsfæðinga, gjald vegna frjálsra trygginga skv. 27. gr. laga nr. 852 frá 20. desember 1989 um dagpeninga vegna veikinda eða barnsfæðinga, útgerðargjald skv. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 311 frá 9. júní 1971 um opinbera sjúkratryggingu, ógreitt atvinnurekendagjald skv. reglum sem í gildi voru til 1. janúar 1988, sbr. a lið 72. gr. laga nr. 612 frá 24. júní 1996 um lifeyri skv. almannatryggingum, tryggingaiðgjald o.fl., sem tryggingaskyldur atvinnurekandi skal greiða til sérstaklega viðurkennds tryggingafélags eða –samtaka sbr. 42., 43. og 44. gr. auglýsingar félagsmálaráðuneytisins frá 25. júní 1987 um vinnuslysatryggingalögin, greiðslur skv. lögum nr. 46 frá 7. mars 1964 um viðbótareftirlaun vinnumarkaðarins, V. kafli (ATP), tryggingaiðgjald o.fl., sem tryggingaskyldur atvinnurekandi skal greiða til sérstaklega viðurkennds tryggingafélags sbr. 46., 47. og 48. gr. auglýsingar félagsmálaráðuneytisins nr. 789 frá 28. ágúst 1996 og gjald skv. lögum nr. 448 frá 30. júní 1993 um vinnumarkaðssjóði;
- b) í Finnlandi: gjöld og iðgjöld skv. lögum um almenn eftirlaun (347/1956), sjúkratryggingalögum (364/1963), lögum um félagslegt tryggingagjald atvinnurekenda (366/1963) og lögum um skóggæslufélög (558/1950);
- c) í Færeyjum: lögbingslögum nr. 193 frá 10. desember 1993 um gjald af launum, lögbingslögum nr. 87 frá 5. júní 1992 um vaxtaskatt, lögbingslögum nr. 15 frá 1. febrúar 1995 um vaxtagjöld af fjárhagslegum verðmætum, lögbingslögum nr. 115 frá 21. maí 1993 um opinbera sjúkratryggingu, lögbingslögum nr. 62 frá 20. maí 1996 um aðfarargjald vegna skatta o.fl. og lögbingslögum nr. 93 frá 11. maí 1993 um gjald í tengslum við innheimtu skatta í landssjóð;
- d) á Grænlandi: tryggingaiðgjald sem tryggingaskyldur atvinnurekandi skal greiða til viðurkenndra tryggingafélaga, sbr. 51., 52. og 53. gr. tilskipunar nr. 818 frá 11. september 1996 um gildistöku laga um vinnuslysatryggingu vegna afleiðinga vinnuslysa á Grænlandi, atvinnurekendagjald skv. landspingslögum nr. 16 frá 23. nóvember 1989 um starfsþjálfunarstyrki vinnuveitenda (AEB);
- e) á Íslandi: lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, lögum um tryggingagjald nr. 113/1990, lögum um Iðnlánasjóð nr. 76/1987, iðnaðarmálagjald skv. lögum um iðnaðarmálagjald nr. 134/1993, lögum um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993 og markaðsgjald skv. lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands;
- f) í Noregi: gjöld skv. lögum frá 17. júní 1966 um almannatryggingar og lögum frá 19. júní 1969 um gjöld á fjárfestingar o.fl. svo og gjald skv. konungsúrskurði frá 17. desember 1971 með ákvæðum um ofhleðslugjald; og
- g) í Svíþjóð: lögum um ofhleðslugjald (1972:435), lögum um félagsleg gjöld (1981:691), lögum um innheimtu launatengdra gjalda atvinnurekenda (1984:668), lögum um sérstakan launaskatt á tiltekna launatekjur (1990:659), lögum um skatt á arð af eftirlaunatekjum (1990:661), lögum um skatt á tiltekna iðgjaldagreiðslur (1990:662), lögum um sérstakan skatt á iðgjöld hóplíftrygginga o.s.frv. (1990:1427), lögum um sérstakan launaskatt á lifeyrisútgjöld (1991:687), lögum um skatt á happdrættissparireikninga o.fl. (1991:1483), lögum um almenn eigin útgjöld (1994:1744), lögum um almenn launagjöld (1994:1910) og lögum um skattgreiðslu (1997:483).
- 3.E. Samkomulagið gildir einnig um skatta og gjöld sömu eða að verulegu leyti svipaðar tegundar sem nefnd eru í staflíðum (A–D), sem lagðir eru á fyrir undirritun samkomulagsins eða kunna að vera lagðir á eftir undirritunardag til viðbótar eða í staðinn fyrir fyrrnefnda skatta og gjöld. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu svo fljótt sem

auðið er tilkynna hvoru öðru um meiri háttar breytingar á löggjöf hvers og eins sammingsríkis.

4. Upplýsingaskylda skv. 11. gr. sammingsins nær einnig til upplýsinga um greidda tíma- bundna fjárhagsaðstoð.
5. Með beiðni um aðstoð við innheimtu skal fylgja, í frumriti eða afriti, sú ákvörðun sem skattkrafan byggist á eða opinber úrdráttur úr innheimtuskrá eða annað skjal þar sem efni kröfunnar kemur fram.

Í beiðninni skal taka fram:

- a) hvaða stjórnvöld óska aðstoðar;
- b) varðandi greiðsluskyldan einstakling: nafn, heimilisfang, fæðingardag og ár (kenni- tölu) og sveitarfélag svo og ef unnt er vinnustað og dvalarstað;
- c) varðandi greiðsluskyldu lögaðila: tegund félags, nafn og heimilisfang;
- d) þar sem svo á við, stað í því ríki, sem beiðið er um aðstoð, þar sem eign greiðslu- skylds aðila er að finna og tegund eignar;
- e) tegund kröfu og fjárhæð, þar með talda vexti, tímabil sem krafa nær yfir og hvenær krafan fýrnist að öllu eða hluta skv. lögum eigin ríkis;
- f) grundvöll vaxtaútreiknings eða gjalda skv. a- eða b-lið 2. greinar; og
- g) önnur atriði sem geta einfaldað eða flýtt fyrir innheimtu kröfunnar.

Samsvarandi upplýsingar skulu fylgja beiðni um aðstoð til að tryggja greiðslu skatt- kröfu.

6. Beiðni um aðstoð við skattinnheimtu má því aðeins leggja fram að samanlögð krafa, að undanskilinni fjárhæð skv. a-lið 2. greinar, sé hærrí en 2.500 danskar krónur, 1.500 finnsk mörk, 25.000 íslenskar krónur, 2.500 norskar krónur eða 2.500 sænskar krónur.
7. Innheimt er í gjaldmiðli þess sammingsríkis, sem beiðið er um aðstoð. Viðkomandi stjórnvöld í því ríki skulu, svo fljótt sem auðið er eftir að beiðni um aðstoð berst, umreikna þá fjárhæð sem beiðnin tekur til í eigin gjaldmiðil skv. gengisskráningu seðla- banka þann dag sem beiðnin barst og nær innheimta til þannig umreiknaðrar fjárhæðar. Við umreikning má beita reglum um jöfnun fjárhæðar, sem kunna að vera í gildi skv. lögum þess ríkis.

Verði gengisbreyting á meðan innheimta stendur yfir, geta bær stjórnvöld í því sammingsríki sem beiðið er um aðstoð ákveðið hvaða gengisskráning skuli notuð.

Ofangreind ákvæði koma ekki í veg fyrir að greiðsla þeirrar fjárhæðar sem beiðnin tekur til geti farið fram í gjaldmiðli þess sammingsríkis sem biður um innheimtu.

Varðandi Færeyjar og Grænland gildir dönsk króna sem gjaldmiðill.

8. Innheimtustofnun skal svo fljótt sem auðið er greiða þá fjárhæð sem innheimtist vegna aðstoðar samkvæmt þessum samningi, inn á reikning seðlabanka þess sammingsríkis sem innheimta var gerð fyrir í seðlabanka eigin ríkis.

Innleggi skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang þeirrar innheimtu- stofnunar sem á að fá fjárhæðina svo og hvaða skattkröfu fjárhæðin á við.

Innkomena fjárhæð má einnig leggja inn á pósthólf reikning þeirrar innheimtu- stofnunar sem bað um aðstoð.

Þegar svo stendur á dregst máls- og skiptakostnaður frá innheimtri fjárhæð (22. gr. sammingsins).

Með „innheimtustofnun“ er í þessari grein átt við:

í Danmörku: Toll- og skattstjórnin,

í Finnlandi: skattstjóraembætti, héraðstollstöðvar og bifreiðarskráningarstofnan,

í Færeyjum: Gjaldstofa Færeyja,

á Grænlandi: Skattstjóraembættið,

á Íslandi: Tollstjórnin í Reykjavík,

í Noregi: Skattafógetaembættið í Osló, og
 í Svíþjóð: Krúnufógetaembættið.
 Með „seðlabanka“ er í þessari grein átt við:
 í Danmörku: Þjóðbanki Danmerkur,
 í Finnlandi: Finnlandsbanki,
 í Færeyjum: Landsbanki Færeyja,
 á Grænlandi: Grænlandsbanki,
 á Íslandi: Seðlabanki Íslands,
 í Noregi: Noregsbanki, og
 í Svíþjóð: Ríkisbanki Svíþjóðar.

9. Gjaldeyrisyfírfærsla vegna skattgreiðslna frá einu samningsríki til annars fer fram skv. gildandi greiðslusamkomulagi milli þessara ríkja.

Samkomulag þetta öðlast gildi 1. janúar 1998 og gildir um þau mál sem eftir gildis-tökudag þess berast bæru stjórnvaldi í því samningsríki sem aðstoðar er leitað hjá.

Með samkomulagi þessu fellur úr gildi samkomulag frá 19. júní 1991, sbr. 20. gr. í samningi Norðurlanda um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989.

Samkomulag þetta er gert í átta eintökum á dönsku, færeysku, grænlandsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og eru allir textarnir jafngildir.

Kangerlussuaq hinn 30. júní 1997.

Fyrir Danmörk: Ivar Nordland
 Fyrir Færeyjar: Peter A. Lamhauge
 Fyrir Grænland: Kaare Hagemann
 Fyrir Finnland: Hillel Skurnik
 Fyrir Ísland: Garðar Valdimarsson
 Fyrir Noreg: Odd Hengsle
 Fyrir Svíþjóð: Kerstin Bostrøm

Framangreint sendist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsingar og eftirbreytni.

Fjármálaráðuneytinu, 7. nóvember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Lísa Yoder.

REGLUGERÐ

um gáma.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð hafa eftirfarandi orð þá merkingu sem hér greinir:

1. Gámasamningurinn: Alþjóðasamningur um gáma (International Convention for Safe Containers), sem undirritaður var á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í Genf 2. desember 1972, ásamt viðaukum og síðari breytingum.

2. Umboðsaðili: Stofnun, sem Siglingastofnun Íslands hefur veitt umboð til að annast prófun, skoðun og viðurkenningu gáma, í samræmi við ákvæði 1. tl. IV. gr. gámasamningsins.

Skilgreiningar gámasamningsins gilda að öðru leyti fyrir þessa reglugerð.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um nýja og eldri gáma sem notaðir eru í flutningum til og frá Íslandi, að undanteknum þeim gámum sem sérstaklega eru hannaðir fyrir loftflutninga.

3. gr.

Framkvæmd.

Umboðsaðilar annast prófun, skoðun og viðurkenningu á gámum, í samræmi við ákvæði gámasamningsins.

4. gr.

Kröfur til gáma.

Gámar sem falla undir þessa reglugerð eru háðir prófun, skoðun, viðurkenningu og viðhaldi í samræmi við ákvæði gámasamningsins og skulu þeir fullnægja þeim kröfum sem kveðið er á um í gámasamningnum.

5. gr.

Skyldur eiganda.

Eigandi eða umráðamaður gáms skal uppfylla þær skyldur sem ákvæði gámasamningsins kveða á um að lagðar séu á eiganda, þ.m.t. skyldu til að halda gámi í öruggu ástandi.

6. gr.

Undanþágur.

Siglingastofnun Íslands getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar.

7. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varðar sektum samkvæmt 2. gr. laga um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma nr. 14/1985, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14/1985 um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 31. október 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Stykkishólmi:

- 1.0 Hámarkshraði
 - 1.1 Hámarkshraði á Þjóðvegi 58, Stykkishólmsvegi, er 70 km/klst. frá bæjarmörkum að Grensásvegi
 - 1.2 Hámarkshraði á Aðalgötu er 50 km/klst. frá Grensásvegi að Tjarnarási
 - 1.3 Annars staðar innan bæjarmarka er hámarkshraði 35 km/klst
- 2.0 Aðalbrautir
 - 2.1 Þjóðvegur 58, Stykkishólmsvegur, ásamt Aðalgötu frá bæjarmörkum að Hafnargötu
 - 2.2 Hafnargata
 - 2.3 Sæbraut
- 3.0 Stöðvunarskylda
 - 3.1 Stöðvunarskylda er af Austurgötu inn á Aðalgötu
 - 3.2 Stöðvunarskylda er af Silfurgötu inn á Aðalgötu
- 4.0 Biðskylda verði af:
 - 4.1 Ogursvegi inn á Þjóðveg 58, Stykkishólmsveg
 - 4.2 Flugvallarvegi inn á Þjóðveg 58, Stykkishólmsveg
 - 4.3 Hamraenda inn á Þjóðveg 58, Stykkishólmsveg
 - 4.4 Grensásveg inn á Þjóðveg 58, Stykkishólmsveg
 - 4.5 Fákaborg inn á Þjóðveg 58, Stykkishólmsveg
 - 4.6 Búðanesvegi inn á Aðalgötu
 - 4.7 Vegi að tjaldstæðum inn á Aðalgötu
 - 4.8 Tjarnarási inn á Aðalgötu
 - 4.9 Nesvegi inn á Aðalgötu
 - 4.10 Borgarbraut inn á Aðalgötu
 - 4.11 Þvervegi inn á Aðalgötu
 - 4.12 Laufásvegi inn á Aðalgötu
 - 4.13 Víkurgötu inn á Aðalgötu
 - 4.14 Frúarstíg inn á Aðalgötu
 - 4.15 Frúarstíg inn á Hafnargötu
 - 4.16 Sæbraut inn á Hafnargötu
 - 4.17 Skólastíg inn á Hafnargötu
 - 4.18 Stykkisbryggju inn á Sæbraut
 - 4.19 Smiðjustíg inn á Sæbraut
 - 4.20 Rafstöðvarinnkeyrslu inn á Austurgötu
 - 4.21 Smiðjustíg inn á Austurgötu
 - 4.22 Sjúkrahúsinnkeyrslu inn á Austurgötu
 - 4.23 Skúlagötu inn á Austurgötu
 - 4.24 Tangagötu inn á Austurgötu
 - 4.25 Skúlagötu inn á Borgarbraut
 - 4.26 Borgarflöt inn á Borgarbraut
 - 4.27 Hótelinnkeyrslu inn á Borgarbraut
 - 4.28 Innkeyrslu við Grunnskólann inn á Borgarbraut
 - 4.29 Lágholtinn inn á Nesveg
 - 4.30 Ásbrú inn á Nesveg

- 4.31 Skipavíkurhöfn inn á Nesveg
 - 4.32 Tengibraut um Bröttugötu inn á Silfurgötu
 - 4.33 Skólastíg inn á Silfurgötu
 - 4.34 Lágiholti inn á Silfurgötu
 - 4.35 Tengibraut um Bröttugötu inn á Skólastíg
 - 4.36 Höfðagötu (að norðan) inn á Skólastíg
 - 4.37 Höfðagötu (að sunnan) inn á Skólastíg
 - 4.38 Bókhöðustíg inn á tengibraut um Bröttugötu
 - 4.39 Reitarvegi inn á Silfurgötu
 - 4.40 Sundabakka inn á Lágiholt
- 5.0 Bann við bifreiðastöðum:
- 5.1 Austurgötu frá Smiðjustíg að Aðalgötu báðum megin
 - 5.2 Hafnargötu, norðanmegin
 - 5.3 Silfurgötu að austanverðu frá Lágiholti að Hafnargötu
 - 5.4 Skólastíg að vestanverðu frá Silfurgötu að tengibraut um Bröttugötu
 - 5.5 Skúlagötu að vestanverðu frá Austurgötu að gangstíg til Víkurgötu
 - 5.6 Sæbraut frá Hafnargötu að ferjubryggju, hafnarmegin, auk svæðis við austurenda ferjubryggju
- 6.0 Framúrakstur er bannaður á:
- 6.1 Aðalgötu frá Fákaborg að Borgarbraut
 - 6.2 Borgarbraut frá Aðalgötu að Borgarflöt
 - 6.3 Silfurgötu frá Hafnargötu að Reitarvegi
- 7.0 Skyllt er að veita umferð um Silfurgötu til suðurs forgang í þrengingu götunnar móts við hús nr. 14.
- 8.0 Hraðahindranir séu á:
- 8.1 Borgarflöt móts við hús nr. 9
 - 8.2 Borgarbraut vestan gatnamóta Borgarflatar
 - 8.3 Lágiholti við hús nr. 2, 6, 12 og 18
 - 8.4 Skúlagötu við hús nr. 7 og 24
- 9.0 Gangbraut sé á:
- 9.1 Aðalgötu sunnan gatnamóta Nesveg
 - 9.2 Aðalgötu norðan gatnamóta Austurgötu
 - 9.3 Aðalgötu norðan gatnamóta Víkurgötu
 - 9.4 Aðalgötu norðan gatnamóta Borgarbrautar
 - 9.5 Aðalgötu norðan gatnamóta Silfurgötu
 - 9.6 Borgarbraut við gatnamót Aðalgötu
 - 9.7 Borgarbraut við Grunnskólann
 - 9.8 Borgarbraut vestan gatnamóta Borgarflatar
 - 9.9 Silfurgötu sunnan gatnamóta Reitarveg
 - 9.10 Silfurgötu austan gatnamóta Árnatúns/Skólastígs
 - 9.11 Sæbraut austan gatnamóta að Stykkisbryggju
 - 9.12 Sæbraut norðan gatnamóta Smiðjustígs

Allar eldri samþykktir um umferðarmál í Stykkishólmi eru felldar úr gildi með samþykkt þessari.

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 3. nóvember 1997.

Ólafur K. Ólafsson.

AUGLÝSING

um gildistöku EES-ákvörðana er varða vistmerki Evrópubandalagsins.

1. gr.

Með vísun til meginmáls samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (EES-samningsins), og XX. viðauka við hann, ásamt viðbótum, breytingum, bókunum, auk annarra ákvæða hans er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna ákvörðana framkvæmdastjórnarinnar (EB):

1. Ákvörðun nr. 93/326/EBE frá 13. maí 1993 um leiðbeinandi viðmiðunarreglur þegar kostnaður og gjöld í tengslum við vistmerki bandalagsins eru ákveðin.
2. Ákvörðun nr. 94/10/EB frá 21. desember 1993 um staðlað eyðublað fyrir tilkynningar um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins.
3. Ákvörðun nr. 96/703/EB frá 26. nóvember 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir kæliskápa.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 30. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 627

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

3. nóvember 1997

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. Hámarkshraði á Grandavegi og Framnesvegi, sunnan Hringbrautar, verði 30 km/klst.
2. Bílastöður verði bannaðar á norðurkanti Grandavegar, frá stað rétt austan gatnamótanna við Aflagranda og út að Framnesvegi.
3. Biðskylda verði á Njarðargötu gagnvart umferð um Eiríksgötu.
4. Biðskylda verði inn á hringtorg milli Nóatúns og Hátúns.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. nóvember 1997.

Böðvar Bragason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 1997

10. nóvember 1997

1421

Nr. 628

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/1997 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1997 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1997.

Frá og með 1. nóvember 1997 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greiddar vegna ferða innanlands á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) Almennt gjald:		kr.		kr.
Fyrir	1 - 10.000 km	34,55	verði	35,15
"	10.001 - 20.000 km	30,95	verði	31,45
"	20.001 - >	27,30	verði	27,75

b) Sérstakt gjald og torfærugjald.

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða breytast sem hér greinir:

Fjárhæðin:	kr.	verði	kr.		km
	5,30	verði	5,35	(sérst. gjald	1 - 10.000)
	16,30	verði	16,55	(torfærugjald	1 - 10.000)
	4,70	verði	4,80	(sérst. gjald	10.001 - 20.000)
	14,55	verði	14,80	(torfærugjald	10.001 - 20.000)
	4,15	verði	4,25	(sérst. gjald	20.001 - >)
	12,85	verði	13,05	(torfærugj.	20.001 - >)

2. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.2. í auglýsingunni:

	kr.	verði	kr.
Gisting og fæði í einn sólarhring:	8.500	verði	7.500
Gisting í eina nótt:	5.000	verði	3.800
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag:	3.500	verði	3.700
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag:	1.750	verði	1.850

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. nóvember 1997.

Reykjavík, 10. nóvember 1997.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 272/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 6 í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magnatollur
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	18.11.-31.12.97	kg ótilgr.	% 30	kr./kg 0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 630

AUGLÝSING

3. nóvember 1997

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla í Rangárvallaprófastsdæmi.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.:

Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1998.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Ragnheiður Harðardóttir.

AUGLÝSING

um tölvuvædda tollafgreiðslu vegna útflutnings og eyðublöð fyrir útflutningsskýrslur.

Í tengslum við tölvuvæðingu tollafgreiðslu og tölvuvinnslu upplýsinga úr útflutningsskýrslum, sem tekin verður upp við öll tollstjóraembætti frá og með 1. janúar 1998, verður tekið í notkun eyðublað fyrir útflutningsskýrslur, E-2.1 og E-2.2, sbr. sýnishorn í fylgiskjali 1 og 2 með auglýsingu þessari. Eyðublað E-6, sem notað hefur verið fram að þessu, verður jafnframt lagt af frá sama tíma.

Samhliða þessum breytingum verður tekið í notkun SMT-tollafgreiðslukerfi (skjalasending milli tölva) sem gerir útflytjendum kleift að senda upplýsingar úr útflutningsskýrslum um gagnaflutningsnet til tollstjóra (pappírslaut afgreiðslukerfi) samkvæmt nánari reglum þar um.

Útflytjendur, sem ekki nota SMT-tollafgreiðslukerfið, skulu frá og með 1. janúar afhenda tollstjóra í viðkomandi tollumdæmi útflutningsskýrslu í einriti á eyðublaði E-2 (aðaleyðublað E-2.1 og framhaldsblað E-2.2) ásamt öðrum tollskjölum sem leggja ber fram vegna tollafgreiðslu við útflutning. Útflutningsskýrslan skal fyllt út í samræmi við leiðbeiningar sem gefnar hafa verið út af ríkistollstjóra. Umrædd eyðublöð ásamt leiðbeiningum liggja frammi hjá tollstjórum (tollstjóranum í Reykjavík og sýslumönnum) sem veita nánari upplýsingar um tollskýrslugerð, m.a. tollflokkun, upprunareglur og annað sem lýtur að tollmeðferð vegna útflutnings svo og SMT-tollafgreiðslukerfið. Leiðbeiningar þessar ásamt eyðublöðum er einnig að finna á heimasíðu ríkistollstjóra á alnetinu en slóðin þar er: www.tollur.is

Óski útflytjendur eftir að nota eyðublað E-2 í sjálfafrítandi formi og með þeim hætti sem kveðið er á um í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1987, um samning um einföldun formsatriða í viðskiptum, er þeim heimilt að láta prenta slík form fyrir sig. Noti útflytjendur tölvuprentara við útfyllingu tollskýrslu í þessu formi er þeim einnig heimilt að prenta form samhliða útfyllingu einstakra reita á venjulegan pappír enda sé gætt reglna um gerð þess að öðru leyti.

Um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra vísast að öðru leyti til reglugerðar nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra og reglugerðar nr. 309/1992, um tollafgreiðslu og greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar tollskjöl eru send milli tölva.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. og 149. gr. þeirra, og ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998.

Ríkistollstjóri, 20. nóvember 1997.

Sigurgeir A. Jónsson.

Fylgiskjal 1.



ÍSLAND

A SENDINGAR-JÚTFLUTNINGSTOLLSTÖÐ

1

Eintak sendingarlands/útflyttingslands

1

2 Sendandi/Útflytjandi nr.		1 SKÝRSLA	
3 Eyðublöð		4 Hlebsluskrár	
5 Vörubír		6 Stykkjatala	
8 Viðtakandi nr.		7 Tilvisunarnúmer	
9 Ábyrgðaráðili greiðslu nr.		10 Fyrsta ákvörðunarlönd	
11 Viðskiptalönd		13 S.L.S.	
14 Skýrslugjafi/Umboðsaðili nr.		15 Sendingarland/Útflyttingsland	
16 Upprunalönd		17 Ákvörðunarlönd	
18 Auðkenni og þjóðerni flutningsfars við brottför		19 Gámanr.	
20 Afhendingskilmálar		21 Auðkenni og þjóðerni virks flutningsfars við flutning yfir landamæri	
22 Mynt og heildarfjárhæð reiknings		23 Gengi	
24 Tegund viðskipta		25 Flutningsmáti yfir landamæri	
26 Flutningsmáti innanlands		27 Hlebslustaður	
28 Fjármála- og bankaupplýsingar		29 Útflytningstollstöð	
30 Geymslustaður vöru		31 Stykki og vörulýsing	

32 Vörubír nr.		33 Vörunúmer	
34 Lykill upprunalslands		35 Þyngd bröttó (kg)	
37 TOLLMEÐFERÐ		38 Þyngd nettó (kg)	
39 Kvótar		40 Heildarskýrsla/Fyrra skjal	
41 Magn í annarri einingu		46 Hagskýrsluverð	

47 Útreikningar gjalda	Tegund	Gjaldstofn	Taxti	Fjárhæð gjalds	GM	48 Greiðslufrestur	49 Auðkenni vörugeymslu
Samtals:						B REIKNINGSLEGAR UPPLÝSINGAR	

50 Ábyrgðaráðili nr.	Undirskrift:	C BROTTFARARTOLLSTÖÐ
51 Fyrirhugaðar umflutnings-tollstöðvar (og land)	fyrir hönd hans Staður og dagsetning:	52 Ábyrgð tekur ekki til
53 Ákvörðunartollstöð (og land)	Lykill	

D EFTIRLIT BROTTFARARTOLLSTÖÐVAR

Stimpill:

54 Staður og dagsetning:

Niðurstaða:
Innsigli, tala:
auðkenni:
Frestur (dagsetning):
Undirskrift:

Undirskrift og nafn skýrslugjafa/umboðsaðila:

Fylgiskjal 2.



ISLAND

A SENDINGAR-/ÚTFLUTNINGSTOLLSTÖÐ

1 SKÝRSLA	
C	BIS
3 Eyðublið	
1	

31 Stykki og vörulýsing	Merkni og númer – Gámanr. – Tala og tegund	32 Vörulíður nr.	33 Vörunúmer	34 Lykill upprunalands	35 Þyngd brúttó (kg)	39 Kvótar
				37 TOLLMEÐFERÐ	38 Þyngd nettó (kg)	
44 Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjöl/ Vottorð og leyfi				40 Heildarskýrsla/Fyrira skjal		46 Hagskýrsluverð
				41 Magn í annarri einingu		
31 Stykki og vörulýsing	Merkni og númer – Gámanr. – Tala og tegund	32 Vörulíður nr.	33 Vörunúmer	34 Lykill upprunalands	35 Þyngd brúttó (kg)	39 Kvótar
				37 TOLLMEÐFERÐ	38 Þyngd nettó (kg)	
44 Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjöl/ Vottorð og leyfi				40 Heildarskýrsla/Fyrira skjal		46 Hagskýrsluverð
				41 Magn í annarri einingu		
31 Stykki og vörulýsing	Merkni og númer – Gámanr. – Tala og tegund	32 Vörulíður nr.	33 Vörunúmer	34 Lykill upprunalands	35 Þyngd brúttó (kg)	39 Kvótar
				37 TOLLMEÐFERÐ	38 Þyngd nettó (kg)	
44 Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjöl/ Vottorð og leyfi				40 Heildarskýrsla/Fyrira skjal		46 Hagskýrsluverð
				41 Magn í annarri einingu		

47 Útreikningur gjalda	Tegund	Gjaldstofn	Taxti	Fjárhæð gjalds	GM	Tegund	Gjaldstofn	Taxti	Fjárhæð gjalds	GM
Samtals vegna 1. vörulíðar:						Samtals vegna 2. vörulíðar:				

Tegund	Gjaldstofn	Taxti	Fjárhæð gjalds	GM	Tegund	Fjárhæð gjalds	GM	Samtals
Samtals vegna 3. vörulíðar:					Alls:			

1 Eintak sendingarlands/
útlutningslands
C BROTTFARARTOLLSTÖÐ

AUGLÝSING

um skráningu einingartölu vara í aðflutnings- og útflutningsskýrslu.

1. gr.

Í aðflutnings- og útflutningsskýrslu skal tilgreina eftir því sem við á einingartölu vara í eftirfarandi tollskrárnúmerum (stykkjatölu (STK), lítratölu (LIT), prósentustyrk áfengis (PRO), rúmmetratölu (RUM), paratölu (PAR) eða sérgreinda nettóþyngd vegna rafgeyma (NET)). Einingartölu vegna lítra og prósentustyrkleika áfengis skal rita með tveimur aukastöfum.

01011100	STK	06049102	STK
01011901	STK	06049109	STK
01011909	STK	06049900	STK
01041000	STK	20091101	LIT
01060001	STK	20091109	LIT
01060002	STK	20091901	LIT
01060003	STK	20091909	LIT
06012002	STK	20092001	LIT
06012003	STK	20092009	LIT
06012009	STK	20093001	LIT
06021000	STK	20093009	LIT
06022000	STK	20094001	LIT
06023000	STK	20094009	LIT
06024000	STK	20095001	LIT
06029010	STK	20095009	LIT
06029020	STK	20096001	LIT
06029030	STK	20096009	LIT
06029041	STK	20097001	LIT
06029045	STK	20097009	LIT
06029049	STK	20098001	LIT
06029051	STK	20098009	LIT
06029059	STK	20099001	LIT
06029070	STK	20099009	LIT
06029091	STK	21050011	LIT
06029092	STK	21050019	LIT
06029093	STK	21050021	LIT
06029099	STK	21050029	LIT
06031002	STK	21069011	LIT
06031003	STK	21069019	LIT
06031004	STK	21069031	STK
06031009	STK	21069032	STK LIT PRO
06039000	STK	21069033	STK LIT PRO
06041000	STK	21069034	STK LIT PRO
06049101	STK	21069035	STK LIT PRO

21069036	STK	LIT	PRO	22042123	STK	LIT	PRO
21069037	STK	LIT	PRO	22042129	STK	LIT	PRO
21069038	STK	LIT	PRO	22042131	STK	LIT	
22011011	STK	LIT		22042132	STK	LIT	PRO
22011019	STK	LIT		22042133	STK	LIT	PRO
22019011	STK			22042139	STK	LIT	PRO
22019019	STK			22042141	STK	LIT	
22019021	STK			22042142	STK	LIT	PRO
22019029	STK			22042143	STK	LIT	PRO
22019091	STK			22042149	STK	LIT	PRO
22019099	STK			22042151	STK	LIT	
22021011	STK	LIT		22042152	STK	LIT	PRO
22021019	STK	LIT		22042153	STK	LIT	PRO
22021021		LIT		22042159	STK	LIT	PRO
22021022	STK	LIT		22042161	STK	LIT	
22021029	STK	LIT		22042162	STK	LIT	PRO
22021091		LIT		22042163	STK	LIT	PRO
22021092	STK	LIT		22042169	STK	LIT	PRO
22021099	STK	LIT		22042911	STK	LIT	
22029011		LIT		22042912	STK	LIT	PRO
22029012	STK	LIT		22042913	STK	LIT	PRO
22029019	STK	LIT		22042914	STK	LIT	PRO
22029021		LIT		22042919	STK	LIT	PRO
22029022	STK	LIT		22042921	STK	LIT	
22029029	STK	LIT		22042922	STK	LIT	PRO
22029091		LIT		22042923	STK	LIT	PRO
22029092	STK	LIT		22042929	STK	LIT	PRO
22029099	STK	LIT		22042931	STK	LIT	
22030011	STK	LIT		22042932	STK	LIT	PRO
22030019	STK	LIT		22042933	STK	LIT	PRO
22030021	STK	LIT	PRO	22042939	STK	LIT	PRO
22030029	STK	LIT	PRO	22042941	STK	LIT	
22030091	STK	LIT	PRO	22042942	STK	LIT	PRO
22030099	STK	LIT	PRO	22042943	STK	LIT	PRO
22041001	STK	LIT		22042949	STK	LIT	PRO
22041002	STK	LIT	PRO	22042951	STK	LIT	
22041003	STK	LIT	PRO	22042952	STK	LIT	PRO
22041009	STK	LIT	PRO	22042953	STK	LIT	PRO
22042111	STK	LIT		22042959	STK	LIT	PRO
22042112	STK	LIT	PRO	22042961	STK	LIT	
22042113	STK	LIT	PRO	22042962	STK	LIT	PRO
22042114	STK	LIT	PRO	22042963	STK	LIT	PRO
22042119	STK	LIT	PRO	22042969	STK	LIT	PRO
22042121	STK	LIT		22043001	STK	LIT	
22042122	STK	LIT	PRO	22043002	STK	LIT	PRO

22043003 STK LIT PRO
22043004 STK LIT PRO
22043009 STK LIT PRO
22051001 STK LIT
22051002 STK LIT PRO
22051003 STK LIT PRO
22051009 STK LIT PRO
22059001 STK LIT
22059002 STK LIT PRO
22059003 STK LIT PRO
22059009 STK LIT PRO
22060001 STK LIT
22060002 STK LIT PRO
22060003 STK LIT PRO
22060009 STK LIT PRO
22071000 STK LIT PRO
22072001 STK
22072002 STK
22072003 STK
22072004 STK
22072005 STK
22072006 STK
22072007 STK
22072009 STK
22082011 STK LIT PRO
22082012 STK LIT PRO
22082013 STK LIT PRO
22082019 STK LIT PRO
22082091 STK LIT PRO
22082092 STK LIT PRO
22082093 STK LIT PRO
22082099 STK LIT PRO
22083001 STK LIT PRO
22083002 STK LIT PRO
22083003 STK LIT PRO
22083009 STK LIT PRO
22084001 STK LIT PRO
22084002 STK LIT PRO
22084003 STK LIT PRO
22084009 STK LIT PRO
22085011 STK LIT PRO
22085012 STK LIT PRO
22085013 STK LIT PRO
22085019 STK LIT PRO
22085021 STK LIT PRO

22085022 STK LIT PRO
22085023 STK LIT PRO
22085029 STK LIT PRO
22086001 STK LIT PRO
22086002 STK LIT PRO
22086003 STK LIT PRO
22086009 STK LIT PRO
22087011 STK
22087012 STK LIT PRO
22087013 STK LIT PRO
22087014 STK LIT PRO
22087015 STK LIT PRO
22087016 STK LIT PRO
22087017 STK LIT PRO
22087019 STK LIT PRO
22087091 STK
22087092 STK LIT PRO
22087093 STK LIT PRO
22087094 STK LIT PRO
22087095 STK LIT PRO
22087096 STK LIT PRO
22087097 STK LIT PRO
22087099 STK LIT PRO
22089011 STK LIT PRO
22089012 STK LIT PRO
22089013 STK LIT PRO
22089019 STK LIT PRO
22089051 STK LIT PRO
22089052 STK LIT PRO
22089053 STK LIT PRO
22089059 STK LIT PRO
22089091 STK LIT
22089092 STK LIT PRO
22089093 STK LIT PRO
22089094 STK LIT PRO
22089095 STK LIT PRO
22089096 STK LIT PRO
22089097 STK LIT PRO
22089099 STK LIT PRO
22090000 LIT
27100011 LIT
27100012 LIT
27100019 LIT
27100042 LIT
27100060 LIT

33021021	STK		44072501		RUM
33021022	STK	LIT PRO	44072509		RUM
33021023	STK	LIT PRO	44072601		RUM
33021024	STK	LIT PRO	44072609		RUM
33021025	STK	LIT PRO	44072901		RUM
33021026	STK	LIT PRO	44072909		RUM
33021027	STK	LIT PRO	44079101		RUM
33021029	STK	LIT PRO	44079109		RUM
40141001	STK		44079201		RUM
41011000	STK		44079209		RUM
41012109	STK		44079901		RUM
41014001	STK		44079909		RUM
41021001	STK		44081000		RUM
41022901	STK		44083100		RUM
41031001	STK		44083900		RUM
41031002	STK		44089000		RUM
41039001	STK		44121309		RUM
41039002	STK		44121409		RUM
41039003	STK		44121909		RUM
41039004	STK		44122209		RUM
41039005	STK		44122309		RUM
41051900	STK		44122909		RUM
43011000	STK		44129209		RUM
43016000	STK		44129309		RUM
43021901	STK		44129909		RUM
43021902	STK		48201001	STK	
43021903	STK		49100000	STK	
43021904	STK		64011000		PAR
43021905	STK		64019101		PAR
43021906	STK		64019109		PAR
43021907	STK		64019201		PAR
43021908	STK		64019209		PAR
44031000		RUM	64019900		PAR
44032000		RUM	64021200		PAR
44034100		RUM	64021900		PAR
44034900		RUM	64022000		PAR
44039100		RUM	64023000		PAR
44039200		RUM	64029100		PAR
44039900		RUM	64029900		PAR
44041000		RUM	64031200		PAR
44042000		RUM	64031901		PAR
44071001		RUM	64031909		PAR
44071009		RUM	64032001		PAR
44072401		RUM	64032002		PAR
44072409		RUM	64032009		PAR

64033001	PAR	84181001	STK	
64033002	PAR	84182100	STK	
64033009	PAR	84182200	STK	
64034001	PAR	84182900	STK	
64034002	PAR	84183001	STK	
64034009	PAR	84183009	STK	
64035101	PAR	84184001	STK	
64035102	PAR	84211201	STK	
64035109	PAR	84213901	STK	
64035901	PAR	84221100	STK	
64035902	PAR	84261100	STK	NET
64035909	PAR	84261201	STK	
64039101	PAR	84261209	STK	
64039102	PAR	84261900	STK	
64039109	PAR	84262000	STK	NET
64039900	PAR	84263000	STK	NET
64041101	PAR	84264101	STK	
64041109	PAR	84264102	STK	
64041901	PAR	84264109	STK	
64041902	PAR	84264900	STK	
64041909	PAR	84269900	STK	
64042001	PAR	84271000	STK	
64042002	PAR	84272000	STK	
64042009	PAR	84279000	STK	
64051001	PAR	84281001	STK	
64051002	PAR	84282000	STK	
64051009	PAR	84291100	STK	
64052001	PAR	84291900	STK	
64052002	PAR	84292001	STK	
64052009	PAR	84292009	STK	
64059001	PAR	84293000	STK	
64059002	PAR	84294000	STK	
64059009	PAR	84295100	STK	
84072100	STK	84295200	STK	
84072900	STK	84295900	STK	
84073100	STK	84301000	STK	
84073200	STK	84302000	STK	
84073300	STK	84303100	STK	
84073400	STK	84303900	STK	
84079000	STK	84304100	STK	
84081000	STK	84304900	STK	
84082000	STK	84305000	STK	
84089000	STK	84306100	STK	
84146001	STK	84306200	STK	
84148001	STK	84306901	STK	

84306909	STK	NET	84718000	STK	
84322100	STK		84719000	STK	
84331100	STK		84721000	STK	
84331900	STK		84722000	STK	
84332000	STK		84723000	STK	
84333001	STK		84791000		NET
84335300	STK		85043100		NET
84336000	STK		85043200		NET
84371000	STK		85043300		NET
84471100	STK		85063000		NET
84471200	STK		85064000		NET
84472000	STK		85066000		NET
84501100	STK		85068001		NET
84501200	STK		85071001		NET
84501900	STK		85071009		NET
84512100	STK		85072001		NET
84513001	STK		85072009		NET
84521000	STK		85073001		NET
84522100	STK		85073009		NET
84522900	STK		85078001		NET
84651001	STK		85078009		NET
84659101	STK		85079000		NET
84659201	STK		85091000	STK	
84659301	STK		85094001	STK	
84659401	STK		85101000	STK	
84659501	STK		85164001	STK	
84659601	STK		85164009	STK	
84659901	STK		85165000	STK	
84691100	STK		85166001	STK	
84691200	STK		85166002	STK	
84692000	STK		85167100	STK	
84693000	STK		85167200	STK	
84701000	STK		85192100	STK	
84702100	STK		85192900	STK	
84702900	STK		85193100	STK	
84703000	STK		85193900	STK	
84704000	STK		85199902	STK	
84705000	STK		85211021	STK	
84711000	STK		85211029	STK	
84713000	STK		85219021	STK	
84714100	STK		85219029	STK	
84714900	STK		85231102	STK	
84715000	STK		85231109	STK	
84716000	STK		85231202	STK	
84717000	STK		85231209	STK	

85231302	STK		87029099	STK	
85231309	STK		87031010	STK	NET
85261000	STK		87031021	STK	
85269100	STK		87031029	STK	
85271201	STK		87031031	STK	
85271209	STK		87031032	STK	
85271301	STK		87031039	STK	
85271302	STK		87031041	STK	
85271309	STK		87031042	STK	
85271900	STK		87031049	STK	
85272101	STK		87031091	STK	NET
85272102	STK		87031092	STK	
85272109	STK		87031099	STK	
85272900	STK		87032110	STK	
85273101	STK		87032121	STK	
85273102	STK		87032129	STK	
85273109	STK		87032210	STK	
85273200	STK		87032221	STK	
85273900	STK		87032229	STK	
85281202	STK		87032310	STK	
85281209	STK		87032321	STK	
85281302	STK		87032329	STK	
85281309	STK		87032330	STK	
85282101	STK		87032341	STK	
85282109	STK		87032349	STK	
85282201	STK		87032350	STK	
85282209	STK		87032391	STK	
85283009	STK		87032399	STK	
85434000		NET	87032410	STK	
85481000		NET	87032491	STK	
87011000	STK		87032499	STK	
87012011	STK		87033110	STK	
87012019	STK		87033121	STK	
87012021	STK		87033129	STK	
87012029	STK		87033210	STK	
87013000	STK		87033221	STK	
87019000	STK		87033229	STK	
87021011	STK		87033250	STK	
87021019	STK		87033291	STK	
87021021	STK		87033299	STK	
87021029	STK		87033310	STK	
87029010	STK	NET	87033321	STK	
87029021	STK		87033329	STK	
87029029	STK		87033330	STK	
87029091	STK		87033391	STK	

87033399	STK		87049039	STK	
87039011	STK	NET	87049091	STK	
87039019	STK	NET	87049099	STK	
87039091	STK	NET	87051000	STK	
87039099	STK	NET	87052000	STK	
87041000	STK		87053000	STK	
87042111	STK		87054001	STK	
87042119	STK		87054009	STK	
87042121	STK		87059001	STK	
87042129	STK		87059002	STK	
87042191	STK		87059009	STK	NET
87042199	STK		87060001	STK	
87042210	STK		87060009	STK	
87042211	STK		87091100		NET
87042219	STK		87091900	STK	
87042221	STK		87111000	STK	
87042229	STK		87112000	STK	
87042291	STK		87113000	STK	
87042299	STK		87114000	STK	
87042310	STK		87115000	STK	
87042311	STK		87119010	STK	
87042319	STK		87119091	STK	NET
87042321	STK		87119092	STK	
87042329	STK		87119099	STK	
87042391	STK		87120000	STK	
87042399	STK		87139000		NET
87043111	STK		87161000	STK	
87043119	STK		87162000	STK	
87043121	STK		88011000	STK	
87043129	STK		88021100	STK	
87043191	STK		88021200	STK	
87043199	STK		88022000	STK	
87043210	STK		88023000	STK	
87043211	STK		88024000	STK	
87043219	STK		88026000	STK	
87043221	STK		89011001	STK	NET
87043229	STK		89011009	STK	NET
87043291	STK		89012000	STK	NET
87043299	STK		89013000	STK	NET
87049011	STK	NET	89019001	STK	NET
87049019	STK	NET	89019009	STK	NET
87049020	STK		89020011	STK	NET
87049021	STK		89020019	STK	NET
87049029	STK		89020021	STK	NET
87049031	STK		89020029	STK	NET

89020031	STK	NET	91012900	STK
89020039	STK	NET	91019100	STK
89020041	STK	NET	91019900	STK
89020049	STK	NET	91021100	STK
89020091	STK	NET	91021200	STK
89020099	STK	NET	91021900	STK
89031001	STK		91022100	STK
89031009	STK		91022900	STK
89039100	STK		91029100	STK
89039200	STK	NET	91029900	STK
89039901	STK		92011000	STK
89039909	STK		92012000	STK
89040000	STK	NET	92019000	STK
89051000	STK	NET	92030000	STK
89052000	STK	NET	92071001	STK
89059001	STK		92071002	STK
89059009	STK	NET	93032000	STK
89060000	STK	NET	93033000	STK
89071001	STK		98011012	LIT
89080000		NET	98011013	STK LIT
90051000	STK		98011021	STK LIT
90064000	STK		98011022	STK LIT
90065100	STK		98011023	STK LIT
90065200	STK		98011024	STK LIT
90065300	STK		98011025	STK LIT
90065900	STK		98011026	STK LIT
90071100	STK		98011027	STK LIT
90071900	STK		98011028	STK LIT
90221200	STK		98021000	STK LIT
90221300	STK		98022000	STK LIT
90221400	STK		98023000	STK LIT
90221900	STK		98024000	STK LIT
90222100	STK		98025000	STK LIT
90222900	STK		98026000	STK LIT
90223000	STK		98027000	STK LIT
90229000	STK		98028000	STK LIT
91011100	STK		99000012	STK
91011200	STK		99000013	STK
91011900	STK			
91012100	STK			

Eftirfarandi sérreglur gilda um einingartölu tollskrárnúmera 98011012 til 99000013:

1. Tollskrárnúmer 98011012 til 98011028 gilda eingöngu vegna tollafgreiðslu smásendinga í pósti, sbr. 1. tölulið 1. gr. og fylgiskjal I reglugerðar nr. 310/1992, um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum.

2. Tollskrárnúmer 98021000 til 98028000 gilda eingöngu vegna sölu áfengis í tollfrjálsar verslanir.

3. Tollskrárnúmer 99000012 gildir eingöngu vegna tollafgreiðslu hraðsendinga samkvæmt 2. tölul. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 445/1997 og tollskrárnúmer 99000013 gildir eingöngu vegna tollafgreiðslu hraðsendinga samkvæmt 3. tölul. 6. og 7. gr. sömu reglugerðar.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998. Frá sama tíma falla úr gildi fyrirmæli samkvæmt reglugerð nr. 191/1993 um sama efni.

Ríkistollstjóri, 17. nóvember 1997.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. nóvember 1997 staðfest aðalskipulag Garðabæjar 1995-2015. Jafnframt er fellt úr gildi aðalskipulag Garðabæjar 1985-2005, sem staðfest var 12. maí 1987, með síðari breytingum.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingu.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hóla í Hjaltadal 1990-2010.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Hólahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. apríl 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hóla í Hjaltadal frá 31. desember 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er að svæði áætlað sem stofnanaþétt færist til norðurs á svæði merkt skrúðgarður, leiksvæði, íþróttasvæði og til austurs inn á svæði merkt byggingarsvæði.

Hreppsnefnd Hólahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um samkomulag um innheimtu og yfirfærslu skatta, sbr. 20. grein í samningi milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989.

Til að framfylgja samningi Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989 hefur eftirfarandi samkomulag verið gert milli bærra stjórnvalda í Danmörku, Færeyjum, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, samkvæmt 20. gr. nefnds samnings:

I. UPPHAFSÁKVÆÐI

1. gr.

Skattar sem samkomulagið tekur til.

Samkomulag þetta tekur til skatta af tekjum sem samningur milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir (hér eftir kallaður „tvísköttunarsamningurinn“) tekur til.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. Við beitingu þessa samkomulags merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:
 - a) „eftirlaun“ merkir greiðslur samkvæmt ákvæðum 18. greinar tvísköttunarsamningsins frá 1996 eða samsvarandi grein í öðrum tvísköttunarsamningi samkvæmt 1. grein;
 - b) „skattur“ merkir endanlega álagningu eða staðgreiðsluskatt, sem greiddur er og kemur til frádráttar við endanlega álagningu. Ef aðeins er átt við endanlega álagningu eða staðgreiðsluskatt eru hugtökin „endanleg álagning“ og „staðgreiðsluskattur“ notuð þar sem staðgreiðsla skatta á launatekjur og eftirlaun eru lögð að jöfnu við „endanlega álagningu“ og „staðgreiðsluskatt“;
 - c) „heimilisfestisríki“ merkir það samningsríki, þar sem aðili er heimilisfastur;
 - d) „atvinnuríki“ merkir samningsríki, annað en heimilisfestisríki, þar sem aðili innir af hendi starf, sem samkomulag þetta nær til;
 - e) „umsóknarríki“ merkir samningsríki, sem ber fram beiðni til annars samningsríkis um skattayfirfærslu;
 - f) „beiðniríki“ merkir samningsríki, sem fær beiðni frá öðru samningsríki um skattayfirfærslu.
2. Að staðgreiðsluskattur sé greiddur merkir í samkomulagi þessu að skatturinn sé innborgaður eða að hann hafi verið dreginn frá launum eða eftirlaunum launþega og haldið eftir.

Þetta á einnig við í þeim tilvikum er skattinum hefur verið haldið eftir og hann færður til bókar hjá skattskyldum aðila, en ekki greiddur inn til skattýfirvalda í beiðniríki.
3. Önnur hugtök, sem notuð eru í samkomulagi þessu og einnig koma fyrir í tvísköttunarsamningnum, skulu hafa þá merkingu, sem þau hafa í þeim samningi.
4. Við framkvæmd samningsríkis á þessu samkomulagi á hverjum tíma skal, nema annað leiði af samhenginu, sérhvert hugtak sem ekki er skilgreint í 1.–3. mgr. hafa þá merkingu sem hugtakið hefur á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis að því er varðar þá skatta sem samkomulagið tekur til. Sú merking sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess ríkis skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

II. INNHEIMTA SKATTS AF LAUNATEKJUM

3. gr.

Ríki þar sem krefjast má staðgreiðsluskatta.

1. Þegar aðili heimilisfastur í einu samningsríkjanna þiggur laun fyrir starf, sem innt er af hendi í öðru samningsríki, og heimilisfestisríkið telur að starfið, í eitt eða fleiri skipti, muni á tólf mánaða tímabili samtals ekki vara lengur en 183 daga og launin eru greidd af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem heimilisfastur er í síðarnefnda ríkinu, skal staðgreiðsluskattur greiðast til heimilisfestisríkis. Skattyfirvöld í atvinnuríki skulu í því tilviki ekki krefjast staðgreiðsluskatts ef sýnt er með skriflegri tilkynningu frá skattyfirvöldum í heimilisfestisríki að frádráttur vegna staðgreiðsluskatts eigi sér þar stað. Ef atvinnuríkið viðurkennir álit heimilisfestisríkis samkvæmt fyrsta málslið getur atvinnuríkið látið hjá líða að krefjast staðgreiðsluskatts, þó svo að tilkynning samkvæmt öðrum málslið hafi ekki verið send. Ef frádráttur vegna staðgreiðsluskatts á sér ekki lengur stað í heimilisfestisríki, skulu skattyfirvöld þar upplýsa skattyfirvöld í atvinnuríki um það strax og þau fá vitneskju þar um.
2. Ákvæðum 1. mgr. skal ekki beitt ef skattyfirvöld í heimilisfestisríki telja að launagreiðslur eigi með réttu að gjaldfærast hjá fastri atvinnustöð eða fastri starfsstöð í atvinnuríki. Sé frádrætti staðgreiðsluskatts hætt vegna þessa í heimilisfestisríki, skulu skattyfirvöld þar strax tilkynna það til skattyfirvalda í atvinnuríki.
3. Komi fram í upplýsingum frá vinnuveitanda eða á annan hátt, að ekki séu lengur forsendur fyrir frádrætti vegna skatts í heimilisfestisríki samkvæmt 1. mgr. eða að slíkur frádráttur eigi sér ekki stað, getur atvinnuríkið krafist staðgreiðsluskatts. Áður en slíkur frádráttur er gerður skulu skattyfirvöld í atvinnuríki tilkynna skattyfirvöldum í heimilisfestisríki um breyttar aðstæður og að slíks skatts verði krafist í atvinnuríkinu.

4. gr.

Kröfur um staðgreiðsluskatt í atvinnuríki.

1. Þegar laun skulu skattlögð í atvinnuríki samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 21. greinar tvísköttunarsamningsins frá 1996 eða samsvarandi ákvæðum í öðrum tvísköttunarsamningi samkvæmt 1. grein, getur það ríki krafist staðgreiðsluskatts. Hið sama gildir þegar laun sem getið er um í 1. mgr. 3. greinar eru greidd af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem hvorki er heimilisfastur í atvinnuríkinu né í heimilisfestisríki launþega.
2. Telji skattyfirvöld í atvinnuríki að staðgreiðsluskattur greiðist eða muni greiðast í atvinnuríkinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu þau yfirvöld tilkynna skattyfirvöldum í heimilisfestisríki launþega að svo sé. Þegar síðarnefnd skattyfirvöld hafa fengið slíka tilkynningu skal staðgreiðsluskattur ekki lengur krafist í heimilisfestisríki launþega.

5. gr.

Útleiga á vinnuafli.

1. Telji skattyfirvöld í atvinnuríki að um útleigu á vinnuafli sé að ræða getur það haldið eftir staðgreiðsluskatti þar. Launþegi, samkvæmt 1. mgr. 3. greinar, telst leigður út ef einhver aðili (útleigjandi) ráðstafar honum til vinnu í starfsemi annars aðila (verkkaupa) í atvinnuríkinu, svo fremi sem verkkaupi er heimilisfastur eða hefur fasta atvinnustöð í atvinnuríkinu og útleigjandi er hvorki ábyrgur fyrir né ber áhættu af árangri vinnunnar.
2. Við ákvörðun á því, hvort launþegi skuli talinn leigður út, skal gert heildarmat og sérstaklega höfð hliðsjón af því hvort:
 - a) heildarverkstjórn sé í höndum verkkaupanda;
 - b) vinna sé innt af hendi á vinnustað, sem verkkaupandi hefur til umráða og ber ábyrgð á;
 - c) greiðsla til útleigjanda reiknast út eftir nýttum starfstíma eða út frá öðrum tengslum milli greiðslunnar og þeirra launa sem launþeginn fær;

- d) verkkaupandi leggi til megnið af verkfærum og efni; og
 - e) útleigjandi ákveði ekki einhliða fjölda launþega og hvaða hæfniskröfur skulu gerðar til þeirra.
3. Skattfyrvöld í atvinnuríki skulu tilkynna skattfyrvöldum í heimilisfestisríki um að staðgreiðsluskattur greiðist í atvinnuríki. Hafi slík tilkynning borist skal heimilisfestisríki ekki krefjast staðgreiðsluskatts af laununum.

6. gr.

Gagnkvæmt samkomulag vegna ágreinings um innheimtu staðgreiðsluskatts.

1. Ef skattfyrvöld samningsríkis, sem samkvæmt undanfarandi ákvæðum eiga að láta hjá líða að krefjast staðgreiðsluskatts, samþykkja ekki ákvörðun skattfyrivalda annars samningsríkis skal málið leyst með gagnkvæmu samkomulagi milli bærra stjórnvalda þessara samningsríkja.
2. Komist bær stjórnvöld ekki að samkomulagi um annað skal, þar til málið leysist, ekki krafist skatts í:
 - a) atvinnuríki, ef málið skal leyst samkvæmt ákvæðum 3. greinar;
 - b) heimilisfestisríki, ef málið skal leyst samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. greinar.

7. gr.

Landamærafarar.

Ef tvísköttunarsamningurinn eða sérstakt samkomulag milli samningsríkjanna inniheldur ákvæði um skattlagningu tekna sem svonefndir landamærafarar með heimilisfesti í einu samningsríki þiggja fyrir persónulegt starf sem innt er af hendi í öðru samningsríki, skal ákvæðum 3.-6. greinar ekki beitt hvað varðar slíkar tekjur.

III. YFIRFÆRSLA Á TEKJUSKATTI

8. gr.

Almennt um yfirfærslu skatta.

Hafi skattur vegna vinnulauna, eftirlauna eða tekna af sjálfstæðri starfsemi verið greiddur í samningsríki má, samkvæmt beiðni bærs stjórnvalds í öðru samningsríki, yfirfæra þennan greidda skatt til síðarnefnda ríkisins og bókfæra hann þar á skattskyldan aðila sem skatt af slíkum tekjum.

9. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta vegna vinnulauna eða eftirlauna á staðgreiðslustigi.

1. Hafi staðgreiðsluskattur verið greiddur vegna vinnulauna eða eftirlauna í öðru samningsríki en því, sem samkvæmt tvísköttunarsamningnum á rétt á endanlegri álagningu, skal eftir beiðni síðarnefnda ríkisins yfirfæra skattinn til þess ríkis.
2. Beiðni samkvæmt 1. mgr. skal hafa borist bæru stjórnvaldi, í Danmörku og Færeyjum í síðasta lagi 1. febrúar, í Noregi í síðasta lagi 1. apríl, í Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð í síðasta lagi 31. maí árið eftir tekjuárið.
3. Ekki skal yfirfæra hærri fjárhæð en þá sem með tilliti til tekna skattskylds aðila hefði átt að greiða sem staðgreiðslu vinnulauna og eftirlauna samkvæmt löggjöf umsóknarríkisins. Ekki skal heldur yfirfæra hærri fjárhæð en greidd hefur verið sem staðgreiðsluskattur vinnulauna eða eftirlauna í beiðniríki. Séu vinnulaun eða eftirlaun undanskilin skattlagningu í beiðniríki hindrar það ekki yfirfærslu á staðgreiðsluskatti, eins og vitað var á innheimtutíma að hefði átt að greiða í síðarnefnda ríkinu.

10. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta innan þriggja ára frá lokum tekjuárs.

1. Komi beiðni um yfirfærslu skatta innan þriggja ára frá lokum tekjuárs, skal með þeim takmörkunum sem leiða af 2. mgr., yfirfæra skatt sem greiddur hefur verið vegna tekna í beiðniríki til þess ríkis sem hefur forgangsrétt á að skattleggja tekjurnar samkvæmt tvísköttunarsamningnum. Þetta gildir aðeins komi beiðni um yfirfærslu skatta vegna vinnulauna eða eftirlauna eftir þann tíma sem nefndur er í 9. grein, en innan þriggja ára frá lokum tekjuársins.
2. Beiðniríki getur takmarkað yfirfærsluna við þá fjárhæð sem greiddur skattur í því ríki er hærri en sem nemur þeim skattkröfum tekjuársins sem eftir eru þegar tekjur hafa verið undanskildar skattlagningu eða sem frádráttur hefur verið leyfður fyrir við endanlega skatta á tekjur í umsóknarríkinu. Frádráttarfjárhæðin takmarkast þó við þann hluta tekju-skatts (reiknaðs án frádráttar) í beiðniríki, sem lagður er á þær tekjur sem má skattleggja í umsóknarríkinu.

11. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta að þremur árum liðnum frá lokum tekjuárs.

Komi beiðni um yfirfærslu skatta að þremur árum liðnum frá lokum tekjuárs getur yfirfærsla átt sér stað samkvæmt ákvæðum 10. greinar. Yfirfærslufjárhæðin má þó í slíku tilfalli einnig takmarkast með tilliti til annarra krafna sem beiðniríkið hefur lagt fram vegna slíkra skatta og gjalda sem ekki eru álögð á tekjuárinu. Þessi réttur til skuldajöfnunar takmarkast ekki við þá skatta og gjöld sem sanmingurinn milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989 tekur til. Beiðniríki er þess í stað heimilt samkvæmt eigin löggjöf að nota skattfjárhæðina til skuldajöfnunar séu á þeim tíma fyrirbyggjandi kröfur á skattskyldan aðila.

12. gr.

Endurgreiðsla.

1. Hafi staðgreiðsluskattur verið greiddur af sömu tekjum í fleiri samningsríkjum skal það ríki endurgreiða hann, sem samkvæmt ákvæðum 6. greinar á ekki að innheimta skatt.
2. Komi upp mál í samningsríki um endurgreiðslu skatts og annað samningsríki gerir kröfu til skattsins, skal endurgreiðslu frestað meðan beðið er eftir að síðarnefnda ríkið leggi fram beiðni um yfirfærslu á skattinum innan þess tíma sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. greinar. Ef skattskyldur aðili fer sjálfur fram á endurgreiðslu skatts skal 3. mgr. beitt.
3. Eigi að endurgreiða ofgreiddan skatt í samningsríki vegna tekna sem aflað er í öðru samningsríki og hafi síðarnefnda ríkið ekki lagt fram beiðni um yfirfærslu skatta, skal því ríki tilkynnt um það áður en endurgreiðsla á sér stað. Hafi fyrrnefnda ríkið ekki mótttekið slíka kröfu um yfirfærslu innan 30 daga frá því tilkynning var send, getur endurgreiðsla átt sér stað.

13. gr.

Vextir.

Beiðniríki er ekki skylt að greiða vexti á þær skattfjárhæðir, sem eru yfirfærðar samkvæmt 8.-10. grein. Umsóknarríki getur ekki heldur krafist vaxta á slíkar skattfjárhæðir.

IV. ÖNNUR ÁKVÆÐI

14. gr.

Tilkynningar og beiðnir.

1. Tilkynning samkvæmt 3.-6. grein skal innihalda upplýsingar um:
 - a) nafn launþega, fæðingardag og ár (kennitölu), heimilisfang og skattlagningarstað í báðum ríkjunum;

- b) nafn vinnuveitanda og heimilisfang í báðum ríkjum; og
- c) tímabil, sem staðgreiðsluskattur hefur verið greiddur.

Telji skattyfirvöld veittar upplýsingar ekki fullnægjandi til að grundvalla megi á þeim úrskurð um að frádráttur vegna staðgreiðsluskatts skuli ekki eiga sér stað skal skattyfirvöldum hins ríkisins tilkynnt um það þegar í stað.

2. Tilkynningar samkvæmt 3. mgr. 12. greinar skulu innihalda upplýsingar um:
 - a) nafn skattskylds aðila, fæðingardag og ár (kennitölu) og heimilisfang í báðum ríkjum;
 - b) tekjur og tekjutímabil sem endurgreiðslan nær yfir, ennfremur hvort um er að ræða vinnulaun eða eftirlaun;
 - c) nafn vinnuveitanda/launagreiðanda og heimilisfang í báðum ríkjum ef kostur er; og
 - d) hjúskaparstétt skattskylds aðila.
3. Beiðni um yfirfærslu skatta samkvæmt 9.–11. grein skal innihalda upplýsingar um:
 - a) nafn skattskylds aðila, fæðingardag og ár (kennitölu) og heimilisfang í beiðniríki;
 - b) tekjur og tekjutímabil sem staðgreiðsluskatturinn nær til;
 - c) fjárhæð sem á að yfirfæra, ennfremur hvort um er að ræða vinnulaun eða eftirlaun; og
 - d) nafn vinnuveitanda/launagreiðanda og heimilisfang í báðum ríkjum ef kostur er.
4. Tilkynningar skulu ennfremur, svo sem kostur er, innihalda kennitölu launþega í báðum ríkjum svo og kennitölu vinnuveitanda í báðum ríkjum.
5. Tilkynningar og beiðnir samkvæmt þessum samningi sendast gegnum bært stjórnvald.

15. gr.

Nánari framkvæmd.

Bær stjórnvöld geta komið sér saman um nánari beitingu ákvæða samkomulags þessa.

16. gr.

Gildistaka.

Samkomulag þetta öðlast gildi þann 1. janúar 1998. Með samkomulagi þessu fellur úr gildi samkomulag frá 19. júní 1991, um innheimtu og yfirfærslu skatta.

Eftir að samkomulag þetta öðlast gildi, tekur það til erinda sem berast bæru stjórnvaldi í beiðniríki eftir gildistöku.

Samkomulag þetta er gert í sjö eintökum, á dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, á sænsku gilda tveir textar, einn fyrir Finnland og einn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

Kangerlussuaq hinn 30. júní 1997.

Fyrir Danmörk: Ivar Nordland
 Fyrir Færeyjar: Peter A. Lamhauge
 Fyrir Finnland: Hillel Skurnik
 Fyrir Ísland: Garðar Valdimarsson
 Fyrir Noreg: Odd Hengsle
 Fyrir Svíþjóð: Kerstin Bostrøm

Framangreint sendist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsingar og eftirbreytni.

Fjármálaráðuneytinu, 12. nóvember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Lísa Yoder.

SAMÞYKKT

um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma
Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar,
Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar.

I. KAFLI

Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar eins og þau eru ákveðin af heilbrigðisnefndum í samræmi við reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn.

2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að stuðla að hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu.

3. gr.

Samþykktin tekur til framkvæmda, ræktunarstarfa, umgengni, nýrra bygginga, breytinga, viðhalds og frágangs mannvirkja, umferð véknúinna farartækja, meðferð efna sem valdið geta mengun, atvinnurekstrar, húsdýrahalds og útivistar. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 319/1995, reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994 og mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 með síðari breytingum og vísast til skilgreininga hugtaka í þeim reglugerðum eftir því sem við á.

4. gr.

Um eftirlit með samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum.

5. gr.

Þurfi heilbrigðisnefnd að taka ákvörðun í samræmi við samþykkt þessa sem kann að varða vatnsvernd vatnsbóls á öðru eftirlitssvæði skal ákvörðun aðeins tekin að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd þess svæðis.

6. gr.

Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða á höfuðborgarsvæðinu mynda sameiginlega framkvæmdastjórn sem skipuleggur eftirlit á brunnsvæðum, grannsvæðum og fjar-svæðum samkvæmt samþykkt þessari, hefur umsjón með að viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa séu gerðar og kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefndanna eftir því sem við á vegna vatnsverndar yfir lögsögumörk. Framkvæmdastjórnin gerir árlega skýrslu um störf sín og skiptir með sér verkum. Hún hefur jafnframt reglubundið samráð við forsvarsmenn vatnsveitna um framkvæmd samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Vatnsverndarsvæði.

Brunnsvæði.

7. gr.

Salerni og þvottaaðstaða á brunnsvæði er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Skólpi frá slíkum búnaði skal veitt í geymi sem tæmdur skal reglulega. Utan um geymi og leiðslur skal vera viðurkennd lekavörn með góðri aðstöðu til eftirlits. Ennfremur skal flutningsaðili sem annast

tæmingu slíks geymis hafa starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar og samþykktar verklagsreglur fyrir þá vinnu.

8. gr.

Um girðingar, mannvirki, búnað, framkvæmd vinnu, meðferð varasamra efna, viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa og umhirðu og frágang mannvirkja skal fjallað nánar í starfsleyfi viðkomandi vatnsveitu og samþykktu innra eftirliti samkvæmt reglugerð nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Grannsvæði.

Almenn umgengni.

9. gr.

Við alla starfsemi, viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. ber að gæta þess að uppfyllt séu ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, um varnir gegn grunnvatnsmengun. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta hreinsa upp, á kostnað hlutaðeigandi aðila, efni og önnur óhreinindi, sem farið hafa niður og minnsti grunur leikur á að geti valdið grunnvatnsmengun.

10. gr.

Allar framkvæmdir og ræktun á svæðinu skulu miðast við að sem minnst breyting verði á hripi regns og yfirborðsvatns niður í grunnvatn.

Geymsla varasamra efna.

11. gr.

Geymsla á olíu, bensíni eða varasömum efnum er óheimil nema á vegum vatnsveitna og er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun vegna óhappa og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.

Vegir og verklegar framkvæmdir.

12. gr.

Vegagerð og aðrar verklegar framkvæmdir á svæðinu eru háðar leyfi heilbrigðisnefndar sem setur nánari skilyrði um mengunarvarnir vegna framkvæmdanna. Vegi skal ekki leggja á grannsvæði nema mikilvægar ástæður séu fyrir hendi. Þá skal að jafnaði ekki leggja bundnu slitlagi, en sé það gert skal nota steinsteypu eða malbik. Við allar framkvæmdir þar sem notaðar eru bifreiðar, vinnuvélar eða önnur tæki sem nota olíu af einhverju tagi, skal gætt fullkominna mengunarvarna. Notkun á vegsalti og öðrum hálkhamlandi eða rykbindandi efnum er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

13. gr.

Þar sem almennir vegir liggja inn á grannsvæði vatnsbólá skal eigandi vegarins láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun. Óheimilt er að aka bifreiðum, vélsleðum, vélknúnum farartækjum eða vinnuvélum utan skipulagðra vega eða slóða, nema þegar ekki verður hjá því komist vegna verklegra framkvæmda samkvæmt 11. gr.

Salerni og rotþrær.

14. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Í leyfi nefndarinnar skal kveðið á um gerð, viðhald, hreinsun og eftirlit með búnaðinum. Þar sem rotþró með viðeigandi siturlögn er ekki nægjanleg mengunarvörn að dómi heilbrigðis-

nefndar skal koma fyrir safntanki á fráveitulögn eða hafa þurrsalerni. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.

15. gr.

Allar fráveitulagnir skulu vera þéttar og þar sem hætta er á að mengandi efni geti borist í regnvatnslagnir er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast hreinsibúnaðar.

Sorp og annar úrgangur.

16. gr.

Óheimilt er að flytja úrgang inn á svæðið til geymslu eða förgunar. Sorp og annan úrgang sem þar verður til skal geyma samkvæmt viðurkenndum aðferðum og ber að flytja hann út af svæðinu til förgunar eða endurnýtingar eftir því sem við á. Venjulegan garða-úrgang og lífrænan heimilísúrgang er heimilt að jarðgera og nota þar sem hann verður til. Hlíta skal fyrirmælum heilbrigðisnefndar um búnað og framkvæmd jarðgerðar.

Mengandi atvinnurekstur eða starfsemi.

17. gr.

Á grannsvæði er óheimilt að hefja nýjan atvinnurekstur. Heilbrigðisnefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði þegar tryggt er að engin hætta sé á mengun grunnvatns af völdum starfseminnar. Atvinnurekstur eða starfsemi sem skilgreind eru í viðaukum 7 og 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, er óheimill á grannsvæði nema annað sé ákveðið í samþykkt þessarri.

Viðhald bygginga o.fl.

18. gr.

Varðandi viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, s.s. fúavarnarefna, olíu o.þ.h. Geymsla varasamra efna er óheimil og skulu slík efni tekin með ef svæðið er yfirgefið. Óheimilt er að stækka byggingar sem fyrir eru.

Búfjánhald.

19. gr.

Óheimilt er að auka eða hefja nýtt búfjánhald á svæðinu. Búfjánhald á grannsvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjánhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomulagi fráveitu taðþróa og haughúsa. Búfjáraburð sem verður til á svæðinu og er ekki nýttur jafnóðum í samræmi við ákvæði 22. gr. skal flytja reglulega út af svæðinu. Þeir sem stunda búfjánhald á grannsvæðum skulu leggja fram áætlun um á hvern hátt mykju, taði, skít og skemmdu heyi er fargað og staðfestingu á afdrifum ef förgun er á annars vegum. Dýrahæ skulu flutt út af svæðinu og fargað á viðurkenndan hátt. Við búfjánhald skal gætt góðrar umgengni.

Ræktunarstörf.

20. gr.

Ræktun og uppgræðsla á grannsvæði er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Þegar sótt er um slíkt leyfi skal leggja fram áætlun um framkvæmdina. Heilbrigðisnefnd setur þau skilyrði fyrir leyfinu sem hún telur eiga við hverju sinni og skal leyfið bundið við tiltekið svæði, árafjölda og framkvæmdaraðila. Í leyfinu skal tekið fram um magn og meðferð áburðar sem heimilt er að dreifa og á hvaða tíma ársins dreifing er heimil. Notkun tilbúins áburðar er eingöngu heimil í undantekningartilvikum.

21. gr.

Ef fram kemur rökstuddur grunur um óæskileg áhrif ræktunar og uppgræðslu á grunnvatn er heilbrigðisnefnd heimilt að takmarka eða banna frekari ræktun.

22. gr.

Á svæðinu skal aðeins geyma áburð til skamms tíma í senn og skal gætt mengunarvarna sem eru fullnægjandi að mati heilbrigðisnefndar. Notkun plöntulyfja, örgresisefna, stýriefna, útrýmingarefna og annarra eiturefna er einungis heimil til heimilisnota.

Útivist.

23. gr.

Við skipulag útivistar og umferðar skal þess gætt að mengunarhætta verði sem minnst. Umráðaaðili útivistarsvæðis skal sjá um að komið verði fyrir ílátum fyrir rusl þar sem það á við og að fram fari reglubundin tæming þeirra. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að fram fari reglubundin hreinsun á og við stíga eða staði þar sem fólk er oft á ferli.

Meðferð skotvopna.

24. gr.

Á svæðinu er óheimilt er að nota byssuskot sem innihalda blý.

Fjarsvæði.*Aðgreining í tvö svæði.*

25. gr.

Fjarsvæði skiptist í tvö svæði, farsvæði A og fjarsvæði B. Fjarsvæði A þarfnast verndar umfram fjarsvæði B þar sem á fjarsvæði A er aðalákoman fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðar vatnsbólum.

Neyslugeymar fyrir eldsneyti.

26. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir byggingu og notkun olíugeyma á svæðinu. Geymarnir skulu vera samkvæmt fullnægjandi mengunarvarnakröfum og skal frágangur miðaður við að mæta óhöppum við áfyllingu. Í leyfi skal tiltekið um eftirlit með lekavarna-búnaði og viðbrögð við óhöppum.

Á fjarsvæði A er óheimilt að nota olíu til húshitunar eða annarrar notkunar þegar rafmagn og/eða gas getur komið í staðinn.

Framkvæmdir og vélavinna.

27. gr.

Við allar framkvæmdir þar sem notaðar eru bifreiðar, vinnuvélar eða önnur tæki sem nota olíu af einhverju tagi, skal gætt fullkominna mengunarvarna. Áður en vegir eru gerðir eða lagðir bundnu slitlagi skal afla samþykkis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdinni og þeim efnum sem nota á í vegastæði og slitlag.

Á fjarsvæði A skal einungis nota steinsteypu eða malbik í bundið slitlag.

Skólp og úrgangur.

28. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, fráveitum og rotþróum. Gætt skal ákvæða varðandi mengunarvarnir, sbr. 14. og 15. gr. eftir því sem við á.

29. gr.

Óheimilt er að flytja úrgang inn á svæðin til geymslu eða förgunar. Sorp og annan úrgang sem þar verður til skal geyma samkvæmt viðurkenndum aðferðum og flytja reglulega út af svæðinu til förgunar eða endurnýtingar eftir því sem við á. Þó er heimilt að jarðgera venjulegan garðaúrgang og lífrænan heimilisúrgang og nota þar sem hann verður til.

Atvinnurekstur.

30. gr.

Á fjarsvæðum er óheimilt að staðsetja mengandi starfsemi án samþykktar heilbrigðisnefndar.

Á fjarsvæði A er atvinnurekstur og starfsemi háð starfsleyfi heilbrigðisnefnda og skal leyfi fyrir slíkri starfsemi því aðeins veita að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki.

Búfjárhald.

31. gr.

Búfjárhald á fjarsvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomu-lagi fráveitu, taðþróa og haughúsa, áður en byggingaryfirvöld samþykkja ný mannvirki vegna búfjárhalds. Búfjáraður sem verður til á svæðinu og er ekki nýttur þar í samræmi við ákvæði 32. gr. skal flytja reglulega út af svæðinu. Þeir sem stunda búfjárhald á fjarsvæðum skulu leggja fram áætlun um á hvern hátt mykju, taði, skít og skemmdu heyi er fargað og staðfestingu á afdrifum ef förgun er á annars vegum. Dýrahæ skulu flutt út af svæðinu og fargað á viðurkenndan hátt. Við búrekstur skal gætt góðrar umgengni.

Á fjarsvæði A er óheimilt að auka eða hefja búfjárhald.

Uppgræðsla og ræktun.

32. gr.

Áður en ræktun eða uppgæðsla hefst á fjarsvæði skal leggja fyrir heilbrigðisnefnd til samþykktar áætlun um framkvæmdina. Óheimilt er að geyma búfjáraður eða annan áburð í miklu magni á svæðinu nema komið hafi verið fyrir viðurkenndum mengunarvörnum. Halda skal yfirborði svæðisins sem upprunalegustu og stilla skal áburðarnotkun þar í höf.

III. KAFLI

Gildistaka.

33. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu og samþykkt af sveitarstjórnnum Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 12. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

1. gr.

Í sveitarfélagi þar sem metin hefur verið hætta á ofanflóðum gerir sveitarstjórn að fengnu samþykki ofanflóðanefndar tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi. Tillögunum fylgi teikningar, uppdrættir og aðrar viðeigandi upplýsingar þannig að meta megi gæði og varnaráhrif varnarvirkja. Auk þess skulu fylgja uppdrættir, í mælikvarðanum 1:5000, sem sýni hverju varnarvirkin eru talin breyta um öryggi á svæðinu, og útreikningar því til stuðnings. Upplýsingar um tölu og tegund fasteigna sem á að verja skulu enn fremur fylgja.

Varnarvirki skulu að jafnaði reist nema hagkvæmara sé talið að kaupa eða flytja húseignir, sbr. 2. gr.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að gera tillögu um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að byggja varnarvirki ef það er talið hagkvæmara til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæðum. Tillögunum fylgi kostnaðaráætlun þar sem gerður er samanburður á kostnaði við kaup eða flutning á húsum og kostnaði við gerð varnarvirkja.

3. gr.

Tillögur sveitarstjórna skv. 1. og 2. gr. skulu lagðar fyrir ofanflóðanefnd sem fer yfir framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og sannreynir gildi þeirra. Nefndin skal hafa tekið afstöðu til tillögu innan átta vikna frá því hún berst nema mál sé sérstaklega umfangsmikið og skal nefndin í því tilviki tilkynna sveitarstjórn um það fyrirfram og hversu langan tíma vænta megi að meðferðin muni taka.

Tillögur öðlast gildi að fengnu samþykki ofanflóðanefndar og staðfestingu umhverfisráðherra.

4. gr.

Öll vinna við undirbúning og gerð varnarvirkja, sem Ofanflóðasjóður greiðir að hluta, skal unnin á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Ofanflóðanefnd fylgist með framkvæmdum við varnarvirki.

Sveitarstjórnir annast framkvæmdir við gerð varnarvirkja og samninga um kaup eða flutning á húseignum í samræmi við staðfestar áætlanir. Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi. Um framkvæmd eignarnáms fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973.

5. gr.

Ofanflóðasjóður greiðir allan kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hættumat og hönnun varnarvirkja.

Ofanflóðasjóði er heimilt að greiða viðkomandi sveitarfélagi allt að 90% af kostnaði við hönnun, undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki, kaup á lóðum vegna varnarvirkja og húseignum (íbúðarhúsum) og kostnaði við flutning húseigna.

Umhverfisráðherra ákveður greiðslu úr sjóðnum að fengnum tillögum ofanflóðanefndar.

Hvorki má byggja á óbyggðum hættusvæðum né þetta þá byggð, sem fyrir er, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

6. gr.

Greiðslur Ofanflóðasjóðs til sveitarfélags vegna kaupa á húsnæði skv. 5. gr. skulu miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkana á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslur sjóðsins við framreiknað kaupverð húseignar sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Náist ekki samningar milli sveitarfélags og húseiganda þannig að til eignarnáms kemur miðast greiðslur sjóðsins við fjárhæð eignarnámsbóta.

Greiðslur Ofanflóðasjóðs skulu inntar af hendi til sveitarfélags samkvæmt samkomulagi ofanflóðanefndar og sveitarfélags. Sveitarfélögin annast samningagerð og greiðslur til húseigenda.

7. gr.

Ofanflóðasjóður greiðir ekki kostnað vegna kaupa á löndum og lóðum nema það sé nauðsynlegt vegna byggingar varnarvirkja.

8. gr.

Greiðslur Ofanflóðasjóðs til sveitarfélaga vegna flutnings á húseign miðast við kostnað við flutning og kostnað við að koma húsi fyrir á nýjum stað enda hafi verið leitað hagkvæmustu leiða. Ofanflóðasjóður greiðir ekki vegna kaupa á húseign sem tæknilega er unnt að flytja nema flutningskostnaður sé metinn hærri en kaupverð sbr. 6. gr.

9. gr.

Eigandi keyptra húseigna er viðkomandi sveitarsjóður. Hann ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri húseigna og ákveður hvort hús skuli rífið.

Ofanflóðasjóður endurgreiðir ekki kostnað sem leiða kann af 1. mgr.

10. gr.

Nýting og sala þeirra húseigna sem keypt hafa verið samkvæmt reglugerð þessari er háð samþykki umhverfisráðuneytisins.

11. gr.

Reglugerð þessi, er sett með heimild í 16. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 145/1996 með sama heiti.

Umhverfisráðuneytinu, 12. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um bólusetningu sauðfjár og geita til varnar garnaveiki.

1. gr.

Bólusetning til varnar garnaveiki skal framkvæmd á öllum ásetningslömbum og ásetningskiðum ár hvert á landinu öllu, að undanteknum eftirtöldum svæðum: Hofshreppur, Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Vestfjarðakjálki norðan varnargirðingar úr Gilsfirði í Bitrufjörð, Austfjarðahólf milli Lagarfljóts og Reyðarfjarðar og Héraðshólf milli Jökulsár á Brú og Lagarfljóts.

2. gr.

Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert. Heimilt er að sleppa bólusetningu lamba og kiða sem ákveðið er að slátra fram að 15. apríl næsta vor. Þessi lömb og kið skal einstaklingsmerkja eiganda og færa inn í bólusetningar-skýrslur. Við komu í sláturhús skal merkið skráð á móttökukvittun.

Bólusetja skal aftast í snögga blettinn við hægri olnboga. Framleiðandi bóluefnis skal að öðru leyti veita nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd bólusetningar og meðferð fjár að henni lokinni.

3. gr.

Sýslumenn skulu, hver í sínu umdæmi og í samráði við yfirdýralækni, skipa eftirlitsmenn með framkvæmd bólusetningarinnar. Starfið er uppsegjanlegt af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 15. september ár hvert. Skipun framlengist sjálfkrafa til eins árs í senn, ef hvorugur segir upp.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við sveitarstjórnir (bæjarstjórnir) útnefna bólusetningarmenn, einn til tvo í hverjum hreppi eða bæjarfélagi. Heimilt skal að ráða fleiri bólusetningarmenn, ef bólusettir eru margir aldursflokkar sauðfjár sama ár t.d., þegar bólusetning er hafin á nýju svæði. Einnig er heimilt að sami maður bólusetji fé í fleiri hreppum, ef hentara þykir að dómi eftirlitsmanns.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu hlutast til um, að nægilegt bóluefni sé ætíð fyrir hendi, þegar bólusetning skal fara fram, einnig viðhlítandi útbúnaður til bólusetningar.

5. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt í samráði við eftirlitsmenn, að láta bólusetningarmenn framkvæma skoðun á bólusettu sauðfé og geitum til könnunar á árangri bólusetningar um það bil mánuði eftir bólusetningu. Komi í ljós, að eigi séu finnanleg merki eftir fyrri bólusetningu, skal bólusetja á ný svo fljótt sem verða má.

Eftirlitsmenn skulu safna skýrslum frá bólusetningarmönnum um framkvæmd bólusetningar og endurbólusetningar og senda þær yfirdýralækni að því loknu.

6. gr.

Nú hefur eigandi af einhverjum ástæðum ekki látið bólusetja ásetningslömb eða kið, sem skylt er að bólusetja innan tilskilins tíma, skal oddviti (bæjarstjóri) þá gera eftirlitsmanni aðvart. Skal þá eftirlitsmaður í samráði við sýslumann gera ráðstafanir til þess að féð verði bóluset á kostnað eigenda eða umráðamanna, eins fljótt og við verður komið.

7. gr.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns skal greiða að hálfu úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) og að hálfu úr ríkissjóði. Yfirdýralæknir ákveður þóknun til eftirlitsmanna og úrskurðar ferða-
kostnaðarreikninga þeirra. Bóluefni, útbúnað til bólusetningar og kaup bólusetningarmanna
skal greiða úr viðkomandi sveitarsjóði (bæjarsjóði), en þeim kostnaði má síðan deila niður á
fjáreigendur í hlutfalli við bólusettingu fé.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum um dýra-
sjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti
opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn
þeim nr. 25/1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr.
553 15. nóvember 1991.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

3. nóvember 1997

Nr. 639

AUGLÝSING

um umferð á Hellu og við Gunnarsholt.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitar-
stjórnar Rangárvallahrepps, hefur verið ákveðið:

1. Biðskylda verði á nýrri tengibraut milli Dynskála og Suðurlandsveggar gagnvart umferð á Suðurlandsvegi.
2. Biðskylda verði á nýrri tengibraut milli Dynskála og Suðurlandsveggar gagnvart umferð á Dynskálum.
3. Biðskylda verði á Dynskálum (fyrir austan fuglasláturhús Reykjagarðs hf.) gagnvart umferð á Suðurlandsvegi.
4. Biðskylda verði frá afleggjara að Gunnarsholti og Akurhól gagnvart umferð á vegi nr. 264.
5. Biðskylda verði á heimreið frá bílastæði við skrifstofu Landgræðslu ríkisins gagnvart umferð á afleggjara að Gunnarsholti og Akurhól.

Viðeigandi umferðarmerki hafa verið sett upp, til leiðbeiningar öikumönnum.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, Hvolsvelli, 3. nóvember 1997.

Friðjón Guðröðarson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Akraneskaupstaðar á fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur bæjarstjórn Akraness, þann 10. nóvember 1997, samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Staðsetning:	Staðgr.nr.:		Eigandi:
Garðagrund/Garðaland 19	000.855.06	Hesthús, skúr, hlaða	Jón S. Jónsson
Garðagrund/Garðaland 20	001.855.05	Geymsla, gripahús, gripahús	Jón Guðjónsson Þorbergur Þórðarson Björn Jóhannesson
Garðagrund/Garðaland 21	001.844.04	Geymslur	Ármann Gunnarsson
Garðagrund/Garðaland 21A	001.855.04	Hlaða	Oddgeir Jónsson
Garðagrund/Garðaland 21B	001.844.03	Gripahús	Guðmundur Gunnarsson
Garðagrund/Garðaland 22	001.844.05	Fjárhús, hlaða	Hörður Jóhannesson Guðjón Pétursson
Garðagrund/Garðaland 32	001.833.01	Gripahús	Smári Njálsson Bjarni Bjarnason
Garðagrund/Garðaland 61	001.976.03	Hlaða, fjárhús	Gunnar Gunnarsson
Garðagrund/Garðaland 62	001.976.04	Hesthús, hlaða	Benedikt Jónmundsson
Vogar/Miðvogur	000.544.10	Hesthús	Guðni Steinar Helgason
Vogar/Bakkabæjarland	000.544.10	Hesthús	Guðmundur Bjarnason
Þjóðbraut 42/Borgartún	001.633.03	Íbúðarhús, geymsluskúr	Magnús Guðmundsson
Þjóðvegur 11	000.344.03	Fjárhús, hesthús	Hörður Jónsson Kristín Minny Pétursdóttir
Þjóðvegur 17	000.344.06	Sumarbústaður	Haraldur Danielsson Margeir Rúnar Danielsson
Þjóðvegur 21	000.344.08	Fjárhús	Benoný Guðbergur Danielsson
Þjóðvegur 23	000.344.09	Geymsla, hesthús	Guðjón Haraldsson Jón Ársæll Stefánsson Bjarni Stefánsson Þórunn Stefánsdóttir
Þjóðvegur 13 Akurprýði	000.344.04	Íbúðarhús, bílskúr, geymsla, hesthús	Fríða Fanney Stefánsdóttir Einar Ottó Einarsson

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfissráðuneytinu, 13. nóvember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 17. nóvember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005, frá 22. apríl 1988 með síðari breytingum.

Breytingin er fölginn í því að hluti verslunar- og þjónustusvæðis á horni Aðalgötu og Borgarbrautar breytist í svæði fyrir stofnun. Á viðkomandi lóð mun rísa skrifstofuhúsnæði sýslumanns í Stykkishólmi ásamt lögreglustöð.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Stykkishólms. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgangi breytinguna til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

12. nóvember 1997

Nr. 642

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og tillögu Hitaveitu Reykjavíkur og að fengnu samþykki skipulagsnefndar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að stöðvunar-skylda verði við Nesjavallaveg á vegum frá eftirtöldum stöðum:

1. Dallandi.
2. Sumarbústaðalandi.
3. Sumarbústað.
4. Sumarbústað.
5. Sumarbústöðum við vestanverða Krókatjörn.
6. Sumarbústað í Djúpadal, reiðleið.
7. Sumarbústöðum við austanverða Krókatjörn.
8. Sumarbústöðum við gamla Þingvallaveg, reiðleið.
9. Sumarbústað, línuvegur.
10. Línuvegi, reiðleið.
11. Sumarbústað.
12. Grjótnámu sunnan vegar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. nóvember 1997.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997.

1. gr.

34. gr. breytist þannig:
2. málsl. 1. mgr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Simon Sigvaldason.

Nr. 644

12. nóvember 1997

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Vættaborgum gagnvart umferð um Strandveg,
2. að biðskylda verði á Melavegi gagnvart umferð um Strandveg,
3. að biðskylda verði á Vík gagnvart umferð um Strandveg.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. nóvember 1997.

e.u.

Sturla Þórðarson.

Nr. 645

17. nóvember 1997

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Molduhrauns, Garðabæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. nóvember 1997 staðfest deiliskipulag fyrir iðnaðar-, verslunar- og þjónustuhverfið Molduhraun, Garðabæ. Deiliskipulagið er endurskoðun á áður gerðum uppdrætti frá 14. september 1988.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugaráss 1989-2009.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. október 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss í Biskupstungum 1989-2009, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að um 7 ha svæði við enda Auðsholtsvegur austast í Laugarási er ætlað var undir iðnað breytist í svæði fyrir íbúðarhús.

Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

17. nóvember 1997

AUGLÝSING

Nr. 647

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, iðnaðarsvæði.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. október 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, frá 6. mars 1987 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að svæði austan Þjóðvegur við suðurmörk Húsavíkurkaupstaðar er nú skilgreint sem skógrækt og útivist og sem iðnaðarsvæði.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

17. nóvember 1997

REGLUGERÐ

Nr. 648

um breyting á reglugerð um skotvopn og skotfæri, nr. 265, 1997.

1. gr.

Í stað „dómsmálaráðuneytis“ í 5. mgr. 5. gr. kemur: ríkislögreglustjóri.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um skotvopn, skotfæri og skotelda nr. 46 13. maí 1977, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Kolbeinn Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa, Nesjavallalína 1.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Grafningshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins með undirskrift sinni þann 29. október 1997, staðfest, skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, sem staðfest var 17. desember 1996.

Breytingin er sú að inn kemur Nesjavallalína 1 (132kV) og efnisnáma í Grafningshreppi.

Fram hefur farið mat á umhverfisáhrifum línunnar og efnisnámu. Úrskurður skipulagsstjóra er frá 23. júlí 1997 og úrskurður ráðherra frá 23. október 1997.

Umhverfísráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um gildistöku reglna um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í 188. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, að Q-kafla í sameiginlegum flugrekstrarreglum ríkja í Flugöryggissamtökum Evrópu JAR-OPS 1 sem gefnar voru út 22. maí 1995 og fjallar um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna, skuli gilda í flugrekstri íslenskra aðila frá gildistöku auglýsingar þessarar.

Ákvæði reglna þessara í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og skulu teljast viðauki við reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum til fyllingar ákvæðum 4.2.10.3. og 11.1.3.

Með brot á umræddum reglum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1998.

Samgönguráðuneytinu, 11. nóvember 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 Q-KAFLI

Flug- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

JAR-OPS 1.1080 (framhald c-liðar)

JAR-OPS 1.1075 Almenn ákvæði
(Sjá IEM OPS 1.1075)

annar flugliði með viðeigandi menntun og hæfni tekið við af honum.

a) Flugrekandi skal setja flug- og vinnutímamörk og leggja fram áætlanir um hvíldartíma fyrir flugverja.

d) *Fartími*: Tíminn frá því að flugvél hreyfist af flugvéla-stæði sínu til að hefja flug og þar til hún stöðvast að því loknu á flugvélastæði sem henni hefur verið úthlutað eða þar til allir hreyflar hafa verið stöðvaðir.

b) Flugrekandi skal sjá til þess:

e) *Vinnuhlé*: Tímabil án vinnuskyldu, sem telst þó til vinnu þar eð það er styttra en hvíldartími.

1) að flug- og vinnutímamörk og áætlanir um hvíldartíma séu í samræmi við ákvæði þessa kafla;

f) *Dagur*: 24 stunda tímabil (sólárhringur) sem hefst klukkan 0000 að máltíma (UTC).

2) að flug sé skipulagt þannig að því ljúki innan leyfilegrar flugvaktar og sé þá reiknað með þeim tíma sem þarf til undirbúnings undir flugið, fartíma og viðdvalartíma og eðli flugrekstrarins. (Sjá 2. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1075); og

g) *Vinna*: Öll störf sem flugverja ber að inna af hendi í tengslum við starfsemi handhafa flugrekandaskirteinis (AOC).

3) að vaktaskrár séu samdar og birtar (sjá 3. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1075).

h) *Vakt*: Tímabil sem hefst þegar flugverja ber að mæta til vinnu samkvæmt fyrirmælum flugrekanda og lýkur þegar flugverjinn er laus við alla vinnuskyldu.

c) Hér á að vera eyða

d) Flugverji skal ekki starfa um borð í flugvél ef hann veit eða grunar að hann sé haldinn þreytu eða telur líklegt að hann verði það eða finnst hann vera þannig á sig kominn að hann geti stofnað fluginu í hættu.

i) *Flugvakt (FDP)*: Tímabil sem hefst þegar starfandi flugverja ber að mæta til vinnu sem felur í sér flug og endar í lok fartíma í lokafluginu þar sem flugverjinn er starfandi flugverji.

e) Flugrekandi skal tilnefna heimahöfn fyrir hvern flugverja.

j) *Heimahöfn*: Staður sem flugrekandi tilnefnir fyrir flugliða og þar sem flugliði alla jafna hefur og lýkur vakt eða röð vakta, en við venjulegar aðstæður er flugrekanda ekki skylt að sjá viðkomandi flugliða fyrir gistaðstöðu þar.

JAR-OPS 1.1080 Orðskýringar

a) *Flugstarfið sjálf*: Flugstarfið sjálf hefst þegar áhöfnin kemur á flugvakt og lýkur þegar hún fer af vakt.

k) *Staðardagur*: 24 stunda tímabil (sólárhringur) sem hefst klukkan 0000 að staðartíma.

b) *Viðunandi aðstaða*: Rólegur og þægilegur staður sem almenningur hefur ekki aðgang að.

l) *Boðunartími*: Tímabil frá því að flugliði á bakvakt fær boð flugrekanda um að mæta til vinnu og þar til hann á að vera mættur í vinnuna.

c) *Aukin flugáhöfn*: Flugáhöfn þar sem flugliðar eru fleiri en sá lágmarksfjöldi sem þarf til að starfrækja flugvélina og hver flugliði getur yfirgefið starfsstöð sína og

m) *Starfandi flugverji*: Flugverji sem starfar um borð í flugvél á flugi eða einhverjum hluta flugsins.

JAR-OPS 1.1080 (framhald)

- n) *Val flugmálayfirvalda*: Réttur flugmálayfirvalda til að velja annan kost sem mælt er fyrir um í kröfunum, á almennum grundvelli sem nær til landsins alls eða á jafnræðisgrundvelli fyrir einstaka flugrekendur.
- o) *Flutningur á flugverjum*: Flutningur á flugverjum frá einum stað til annars samkvæmt fyrirmælum flugrekanda, að undanskildum „ferðatíma til/frá hvíldarstað“ samkvæmt skilgreiningu í v-lið hér á eftir.
- p) *Mætingartími*: Sá tími þegar flugverja er skylt að mæta til vinnu samkvæmt fyrirmælum flugrekanda.
- q) *Hvíldartími*: Órofið og afmarkað tímabil þar sem flugverji er laus við alla vinnuskyldu og/eða bakvaktir.
- r) *Skipt vakt*: Flugvakt sem skiptist í tvær vaktir með vinnuhléi á milli.
- s) *Bakvakt*: Afmarkað tímabil þar sem flugverji er ekki að störfum en verður að vera til taks fá hann fyrirmæli frá flugrekanda um að mæta til vinnu án undanfarandi hvíldartíma.
- t) *Viðeigandi gistiðstaða*: Svefnherbergi búið viðeigandi húsgögnum, ætlað einum manni ef flugverji æskir þess, þar sem hávaði er í lágmarki, loftræsting er góð og búnaður til að stjórna lýsingu og hitastigi.
- u) *Tímamunur*: Munurinn á staðartíma tveggja staða (án tillits til „sumartíma“).
- v) *Ferðatími tillfrá hvíldarstað*: Allur tími sem telja má eðlilegt að áætla í ferðir flugverja milli hvíldarstaðar sem flugrekandi sér honum fyrir og vinnustaðar og öfugt.

JAR-OPS 1.1085 Takmarkanir – flugáhöfn

a) *Fartímar*

- 1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðir fartímar sem hverjum flugverja eru ætlaðir sem starfandi flugverja í flugi fari ekki yfir:

JAR-OPS 1.1085 (framhald a-liðar)

- i) 900 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili; og
- ii) 100 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili.
- 2) Flugrekandi skal sjá til þess að lengsti órofní fartími sem tveggja manna flugáhöfn er ætlaður á sömu flugvakt fari ekki yfir eftirfarandi:

Mætingartími milli	Lengsti órofní fartími
0700-1359	11 klukkustundir
1400-1759	10 klukkustundir
1800-0459	9 klukkustundir
0500-0659	10 klukkustundir

Tafla 1 Lengsti órofní fartími — tveir menn í flugáhöfn

b) *Vaktir*

- 1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðar vaktir sem flugliða eru ætlaðar fari ekki yfir:
- i) 1800 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili;
- ii) 190 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili; og
- iii) 55 klukkustundir á hverju samfelldu 7 daga tímabili. Þessa tölu má þó hækka í 58 klukkustundir ef ófyrirséð seinkun verður á vakt sem hafin er samkvæmt vaktaskrá og felst í röð vakta.
- 2) Flugverjar sem starfa ekki fyrst og fremst á flugvöktum eru undanþegnir þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í 1. tölu. b-liðar hér að framan nema 7 daga takmörkunum fyrir og á meðan á flugvakt eða röð flugvakta stendur.

c) *Flugvaktir*

- 1) Leyfilegar flugvaktir, sem fara eftir mætingartíma og fjölda lendinga, eru gefnar upp í töflunum hér á eftir. Mætingartími er gefinn upp sem staðartími á mætingarstað.

JAR-OPS 1.1085 (framhald c-liðar)

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi flugliði							
	1-2	3	4	5	6	7	8	>=9
	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(h)
0700 – 1159	1400	1315	1230	1145	1100	1015	0930	0900
1200 – 1359	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900
1400 – 1559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
1600 – 1759	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
1800 – 0359	1200	1115	1030	0945	0900	0900	0900	0900
0400 – 0459	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
0500 – 0559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
0600 – 0659	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900

Tafla 2 – Leyfilegar flugvaktir – fleiri en einn flugmaður í áhöfn

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi flugliði			
	1-4	5	6	>=7
	(a)	(b)	(c)	(d)
0700 – 1159	1000	0915	0830	0800
1200 – 1359	0930	0845	0800	0800
1400 – 1559	0930	0815	0800	0800
1600 – 1759	0830	0800	0800	0800
1800 – 0359	0800	0800	0800	0800
0400 – 0459	0830	0800	0800	0800
0500 – 0559	0900	0815	0800	0800
0600 – 0659	0930	0845	0800	0800

Tafla 3 – Leyfilegar flugvaktir – einn flugmaður í áhöfn

- 2) Mætingartímana í töflu 2 og 3 má færa í heild fram eða aftur um eina klukkustund að vali flugmálayfirvalda.
- 3) Að vali flugmálayfirvalda er heimilt að leyfa þriðju lendingu á flugvakt sem reiknuð er út í samræmi við a-dálk í töflu 2, með fyrirvara um að slíkt gerist ekki oftar en tvisvar á 7 daga samfelldu tímabili.
- 4) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 2 annaðhvort með því að:
- i) skipta vakt eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.1105; eða
- ii) fjölga í flugáhöfn eins og mælt er fyrir um í e-lið hér á eftir.
- 5) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 3 með því að skipta vakt.
- 6) Þegar um er að ræða flug sem einn flugmaður stjórnar og fer að öllu leyti fram samkvæmt sjónflugsreglum skal miða leyfilega flugvakt við a-dálk í töflu 3 enda þótt landingafjöldi sé ekki takmarkaður í þessu tilviki. Ef landingafjöldi fer hins vegar yfir meðaltöluna 4 á klukkustund skal taka að minnsta kosti 30 mínútna vinnuhlé á hverjum samfelldum 3 tímum.

JAR-OPS 1.1085 (framhald)

d) *Blandað flug/tegund flugrekstrar*

1) *Flugvélar og þyrlur* – Ef flugliði starfar bæði í flugvélum og þyrlum skal flugrekandi fá samþykki flugmálayfirvalda fyrir flug- og vinnutímamörkum og áætlunum um hvíldartíma sem byggjast á Q-kafla í 1. og 3. hluta JAR-OPS.

2) *Flughermis- og æfingaflug vegna flugvélaskipta/reglubundinnar flugþjálfunar* – Flugrekandi skal sjá til þess að fari flugliði annaðhvort í flughermis- eða æfingaflug áður en hann fer í flutningaflug á sömu flugvakt sé sá tími tvöfaldaður þegar tímamörk flugvaktar í samræmi við c-lið hér að framan eru reiknuð út. Ekki þarf að taka tillit til fjölda lendinga í flughermis- og æfingaflugi.

3) *Einnfleiri en einn flugmaður í áhöfn* – Ef einn flugmaður flýgur ýmist sem eini flugmaðurinn í áhöfn eða í áhöfn með öðrum flugmanni eða fleiri á einni og sömu flugvakt gilda þrengri mörkin í töflu 2 og 3 hér að framan.

e) *Aukin flugáhöfn* – Flugrekandi skal sjá til þess:

1) án tillits til mætingartíma:

i) ef fjölgað er í flugáhöfn þar sem fyrir eru að minnsta kosti tveir flugmenn til að lengja flugvakt, sem er í samræmi við töflu 2 hér að framan, þannig að hver flugliði geti farið af starfsstöð sinni í að minnsta kosti 50% af samanlögðum fartíma í öllu flugi á flugvaktinni, að flugvaktin fari ekki yfir 18 klukkustundir (Sjá 1. töflu. e-liðar IEM OPS 1.1085); eða

ii) ef fjölgun í flugáhöfn er minni en í 1. töflu. hér að framan, að flugvaktin fari ekki yfir 16 klukkustundir;

JAR-OPS 1.1085 (framhald e-liðar)

2) að á áætlun aukinnar flugáhafnar séu ekki fleiri en 2 lendingar á sömu flugvakt, eða 3 lendingar að vali flugmálayfirvalda, að því tilskildu að a. m. k. eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i) fartíminn fyrir einn legg skal vera 2 klukkustundir eða skemmri; og

ii) hvíldartíminn strax á eftir þeirri flugvakt sem var upprunalega reiknuð út í samræmi við JAR-OPS 1.1110 skal lengdur um 6 klukkustundir; og

3) að um borð sé hvíldaraðstaða fyrir flugliða í hvíld. (Sjá 3. töflu. e-liðar AMC & IEM OPS 1.1085/i-lið 1. töflu. c-liðar AMC & IEM OPS 1.1090.)

JAR-OPS 1.1090 Takmarkanir – Þjónustuáhöfn

a) *Vaktir*

1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðar vaktir sem þjónustuáhöfn eru ætlaðar fari ekki yfir:

i) 1800 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili;

ii) 190 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili; og

iii) 60 klukkustundir á hverju samfelldu 7 daga tímabili. Þessa tölu má þó hækka í 63 klukkustundir ef ófyrirséð seinkun verður á vakt sem hafin er samkvæmt skrá og felst í röð vakta.

2) Flugverjar sem starfa ekki fyrst og fremst á flugvöktum eru undanþegnar þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í 1. töflu. hér að framan nema 7 daga takmörkunum áður en og meðan á flugvakt eða röð flugvakta stendur.

b) *Flugvaktir*

1) Leyfilegar flugvaktir, sem fara eftir mætingartíma og fjölda lendinga, eru gefnar upp í töflunum hér á eftir. Mætingartími er gefinn upp sem staðartími á mætingarstað.

JAR-OPS 1.1090 (framhald b-liðar)

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi þjónustuliði							
	1-2	3	4	5	6	7	8	>=9
	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(h)
0700 – 1159	1400	1315	1230	1145	1100	1015	0930	0900
1200 – 1359	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900
1400 – 1559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
1600 – 1759	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
1800 – 0359	1200	1115	1030	0945	0900	0900	0900	0900
0400 – 0459	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
0500 – 0559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
0600 – 0659	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900

Tafla 4 – Leyfilegar flugvaktir – þjónustuáhöfn

2) Mætingartímana í töflu 4 má færa í heild fram eða aftur um eina klukkustund að vali flugmálayfirvalda.

3) Að vali flugmálayfirvalda er heimilt að leyfa þriðju lendingu á flugvakt sem reiknuð er út í samræmi við a-dálk í töflu 4, með fyrirvara um að slíkt gerist ekki oftar en tvisvar á samfelldu 7 daga tímabili.

4) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 4 annaðhvort með því að:

i) skipta vakt eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.1105; eða

ii) lengja leyfilegar flugvaktir eins og mælt er fyrir um í c-lið hér á eftir.

5) Ef mætingartími þjónustuáhafnar er allt að einni klukkustund á undan mætingartíma flugliða í sama flugi eða röð fluga á sömu flugvakt er flugrekanda heimilt að miða leyfilega flugvakt og eftirfylgjandi hvíldartíma við mætingartíma flugáhafnarinnar.

6) Ef munurinn á mætingartíma þjónustuliða og flugliða sem eru að byrja flugvakt í sama flugi er meiri en ein klukkustund skal miða flugvaktina við mætingartíma þjónustuliðanna og reikna hana út í samræmi við töflu 4 hér að framan.

c) *Lenging leyfilegra flugvakta* — Ef flugrekandi lengir leyfilega flugvakt þjónustuliða skal hann sjá til þess:

1) að flugvaktin fari ekki yfir 18 klukkustundir, án tillits til mætingartíma, að því tilskildu:

i)) að um borð sé hvíldaraðstaða fyrir þjónustuliða í hvíld (Sjá 3. tölul. e-liðar IEM OPS 1.1085/ i-lið 1. tölul. c-liðar IEM OPS 1.1090); og

ii) að hver þjónustuliði sé leystur undan öllum störfum á hluta af fluginu (Sjá ii-lið 1. tölul. c-liðar AMC OPS 1.1090); og

2) að ekki séu nema 2 landingar á sömu flugvakt, eða 3 að vali flugmálayfirvalda.

JAR-OPS 1.1095 Flutningur á flugverjum

Flugrekandi skal sjá til þess að allur tími sem fer í flutning á flugverjum teljist til vinnu.

JAR-OPS 1.1100 Mætingartími

Flugrekandi skal tilgreina mætingartíma sem eru raunhæfir miðað við þann tíma sem þarf til undirbúnings fyrir flugið, þó eigi síðar en 60 mínútum fyrir upphaf áætlaðs fartíma nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað.

JAR-OPS 1.1105 Skipt vakt
(Sjá IEM OPS 1.1105)

a) Ef flugvakt er skipt í tvær vaktir og á milli er afmarkað vinnuhlé sem flugverjum hefur fyrirfram verið tilkynnt um er flugrekanda heimilt að lengja áætlaða leyfilega flugvakt, sem mælt er fyrir um í töflum 2 og 3 í JAR-OPS 1.1085 eða töflu 4 í JAR-OPS 1.1090 eftir því sem við á, í samræmi við töflu 5 hér á eftir, að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið hér á eftir séu uppfyllt.

JAR-OPS 1.1105 (framhald a-liðar)

Samfellt vinnuhlé í klukkustundum (a)	Lenging flugvaktar (b)
0 – 2 klst. 59 mín.	Engin
3 klst. – 6 klst. 59 mín.	1/2 lengd vinnuhlés
7 klst. – 10 klst. 59 mín.	2/3 lengdar vinnuhlés eða 1 1/2 lengd vinnuhlés ef að minnsta kosti sjö klukkustundir vinnuhlésins falla milli 2000-0800 að staðartíma þar sem vinnuhléið er tekið.

Tafla 5 – Lenging vaktar vegna skiptrar vaktar

- b) Flugrekandi skal sjá til þess að hvor hluti flugvaktar fyrir og eftir vinnuhlé fari ekki yfir 10 klukkustundir og að samanlagður tími flugvaktar, sem er lengd í samræmi við töflu 5 hér að framan, fari ekki yfir 20 klukkustundir.
- c) Flugrekandi skal sjá til þess að skipt vakt sé ekki tengd aukinni flugáhöfn eða, þegar um þjónustuáhöfn er að ræða, lengingu leyfilegrar flugvaktar.
- d) Flugrekandi skal sjá til þess:
- 1) ef vinnuhlé er 6 klukkustundir eða lengra, eða 3 klukkustundir eða lengra á tímabilinu milli 2200 – 0600 að staðartíma þar sem vinnuhléið er tekið, að viðeigandi gístiaðstaða sé fyrir hendi. Í öllum öðrum tilvikum skal séð fyrir viðunandi aðstöðu;
 - 2) ef vinnuhlé er styttra en 8 klukkustundir, að allt hléið sé talið með að því er varðar uppsafnaða vaktatíma eins og mælt er fyrir um í b-lið JAR-OPS 1.1085 og a-lið JAR-OPS 1.1090. Ef hléið er 8 stundir eða lengra eru 50% hlésins talin með;

JAR-OPS 1.1105 (framhald 2. tölu. d-liðar)

- 3) að ekki sé nema eitt vinnuhlé á flugvakt;
- 4) ef samanlagður ferðatími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðunandi aðstöðu eða viðeigandi gístiaðstöðu er lengri en ein klukkustund, að allur ferðatími til/frá hvíldarstað sem er umfram þá klukkustund sé dreginn frá vinnuhléinu til að reikna út lengda flugvakt; og
- 5) að tímamunurinn milli staðarins þar sem vinnan hefst og staðarins þar sem vinnuhlé er tekið sé ekki meiri en 2 klukkustundir.

JAR-OPS 1.1110 Ákvæði um hvíld

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

- 1) að áður en flugvakt hefst hafi flugverji fengið að minnsta kosti jafnlangan hvíldartíma og undanfarandi vakt hans stóð eða 11 klukkustundir eftir því hvort er lengra (Sjá a-lið IEM OPS 1.1110); og
- 2) að lágmarkshvíldartími eftir flugvakt þar sem notuð var áunnin lenging vaktar vegna skiptrar vaktar sé að minnsta kosti jafnlangur og samanlagður tími flugvaktar, að vinnuhléi meðtöldu, en þó þannig að við útreikning á hvíldartíma þurfi ekki að taka tillit til lengdar vinnuhlés ef séð var fyrir viðeigandi gístiaðstöðu.

b) Flugrekandi er heimilt að stytta hvíldartíma, sem er reiknaður út í samræmi við 1. tölu. a-liðar hér að framan, um 3 klukkustundir hið mesta en þó má hann ekki verða skemmri en 11 klukkustundir nema í tilvikum sem kveðið er á um í f-lið hér á eftir, með þeim fyrirvara:

- 1) að undanfarandi hvíldartíma samkvæmt 1. tölu. a-liðar hér að framan sé lokið;
- 2) að tímanum sem hvíldartíminn er stytur um sé bætt við næsta hvíldartíma sem ekki má stytta;
- 3) að tíminn sem hvíldartíminn er stytur um sé dreginn frá næstu leyfilegu flugvakt; og

JAR-OPS 1.1110 (framhald b-liðar)

- 4) ekki má stytta hvíldartímann næst á undan eða eftir skiptri vakt.
- c) Flugrekandi skal sjá til þess að lármarkshvildartímumunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið hér að framan sé fjölgað í að minnsta kosti:
- 1) 36 stundir á 7 daga samfelldu tímabili; eða
 - 2) 60 stundir á 10 daga samfelldu tímabili (Sjá c-lið IEM OPS 1.1110).
- d) Flugrekandi skal sjá til þess að flugverjar fái frídaga þar sem þeir eru lausir við alla vinnuskyldu og bakvaktir og að tilkynnt sé fyrirfram um frídagana, sem hér segir (Sjá d-lið IEM OPS 1.1110):

1) 7 staðardaga í hverjum almanaksmánuði, sem geta innifalið tilskilin hvíldartímabil; og

2) að minnsta kosti 24 staðardaga á hverjum almanaksársfjórðungi, sem geta innifalið tilskilin hvíldartímabil.

e) Flugrekandi skal sjá áhöfn fyrir viðeigandi gístiaðstöðu þegar taka þarf hvíldartíma fjarri heimahöfn.

f) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) ef samanlagður ferðartími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðeigandi gístiaðstöðu sem flugrekandi sér fyrir er lengri en 2 klukkustundir, að öllum ferðatíma til/frá hvíldarstað umfram það sé bætt við lármarkshvildartímann; eða

2) ef samanlagður ferðartími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðeigandi gístiaðstöðu sem flugrekandi sér fyrir er skemmri en 1 1/2 klukkustund, að draga megi mismuninn frá lármarkshvildartímanum en tímunn í gístiaðstöðunni skal þó ekki vera skemmri en 10 klukkustundir.

g) Flugrekandi skal sjá til þess að ef, einhvern tíma á samfelldu 7 daga tímabili:

1) einhver hluti þriggja eða fleiri vakta á áætlun fellur innan tímabilsins 0100 – 0659 að staðartíma á mætingarstað, en þær má að vali flugmálayfirvalda færa fram um eina heila klukkustund; og

JAR-OPS 1.1110 (framhald g-liðar)

2) tímamunurinn milli hverra tveggja staða þar sem áhöfnin tók sér hvíld er minni en 4 klukkustundir,

þá sé 36 stunda samfelldur hvíldartími sem gefinn er kostur á og mælt er fyrir um í 1. tölul. c-liðar hér að framan lengdur í 48 stundir, en viðbótarstundirnar 12 sem lengja hvíldartímann í 48 stundir þurfa ekki að falla innan 7 daga tímabilsins.

h) Ef g-liður hér að framan gildir skal flugrekandi ekki velja þann kostinn að nota 60 stunda hvíldartíma sem mælt er fyrir um í 2. tölul. c-liðar hér að framan.

JAR-OPS 1.1115 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.1120 Tímamunur
(Sjá AMC OPS 1.1120)

Ef tímamunur milli tveggja staða þar sem vakt hefst og endar er 4 klukkustundir eða meiri skal flugrekandi taka tillit til áhrifanna sem þetta getur haft á flugverja með því að tiltaka lengri hvíld.

JAR-OPS 1.1125 Bakvakt

a) Kjósi flugrekandi að hafa áhafnir á bakvakt skal hann:

1) setja eftirfarandi tímamörk á bakvaktir flugverja;

Boðunartími (a)	Lengsta bakvakt (b)
0 – 5 klst. 59 mín.	12 klst.
6 klst eða meira	18 klst.

Tafla 6 – Tímamörk fyrir bakvakt

2) sjá til þess að viðeigandi gístiaðstaða sé fyrir hendi ef:

i) flugverji er settur á bakvakt fjarri heimahöfn; eða

JAR-OPS 1.1125 (framhald a-liðar)

- ii) bakvakt er tekin á flugvelli;
- 3) tilkynna flugverja hvenær bakvakt hefst, hvenær henni lýkur og hver lágmarksboðunartími er;
- 4) sjá til þess að eftirfarandi sé talið með í heildartíma vaktanna sem mælt er fyrir um í b-lið JAR-OPS 1.1085 eða a-lið JAR-OPS 1.1090, eftir því sem við á:
 - i) 50% af bakvaktartíma hvers flugverja (að frátöldum fyrstu 4 klukkustundum bakvaktar sem er tekin heima); og
 - ii) ef flugverji er boðaður til vinnu, 50% alls boðunartíma sem er undir 10 klukkustundum;
- 5) sjá til þess, ef flugverji er settur á bakvakt í beinu framhaldi af vakt og án hvíldar þar á milli, að vaktar- og bakvaktartímarnir séu lagðir saman og bætt við:
 - i) flugvakt sem kemur í beinu framhaldi þar á eftir; eða
 - ii) vakt sem kemur í beinu framhaldi þar á eftir;
- 6) sjá til þess að flugverji sem lýkur bakvakt án þess að vera kallaður á vakt fái að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíldartíma áður en næsta vakt eða bakvakt hans hefst.
- b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef seinkun verður á flugi áður en flugverji fer af hvíldarstað þann dag sem flug er áætlað, að flugverjinn teljist vera á bakvakt sem hefst á upphaflega áætluðum mætingartíma. Þegar svo er skal flugrekandi tilgreina boðunartíma.

JAR-OPS 1.1130 Ófyrirséðar aðstæður í flugstarfinu sjálfu

- a) Í flugstarfinu sjálfu, sem hefst á mætingartíma, er heimilt að breyta takmörkunum um flugvaktir, vinnu- og hvíldartíma, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, ef ófyrirséðar aðstæður koma upp. Flugstjórinn þarf að geta fallist á breytingarnar, að höfðu samráði við alla hina flugverjana, og þær verða jafnan að vera í samræmi við eftirfarandi:

JAR OPS 1.1130 (framhald a-liðar)

- 1) ekki er heimilt að lengja leyfilega flugvakt um meira en 2 klukkustundir nema:
 - i) fjölgað hafi verið í flugáhöfn og er þá heimilt að lengja leyfilega flugvakt um 3 klukkustundir hið mesta; eða
 - ii) þegar um þjónustuáhöfn er að ræða, leyfileg flugvakt hafi verið lengd í samræmi við c-lið JAR-OPS 1.1090 og er þá heimilt að lengja leyfilega flugvakt um 3 klukkustundir hið mesta;
- 2) skapist ófyrirséðar aðstæður eftir flugtak í lokaflugi flugvaktar, sem leiða til þess að farið er fram yfir leyfilega lengingu, er heimilt að halda fluginu áfram til ákvörðunarflugvallar eða varaflugvallar á áætlun; og
- 3) heimilt er að stytta hvíldartímamann um 2 klukkustundir hið mesta en þó má hann ekki verða skemmri en 10 1/2 klukkustund, að því tilskildu að fyrri hvíldartími sama flugverja hafi ekki verið stytur. Bæta verður tímanum sem hvíldartíminn er stytur um við næsta hvíldartíma sem ekki er leyfilegt að stytta.
- b) Komi upp ófyrirséð staða, eftir að flugvakt hefst, sem leiðir til þess að flugrekandi lætur flugverja taka sér vinnuhlé skal viðkomandi flugverja/flugverjum tilkynnt um það áður en vinnuhléið hefst og gilda þá ákvæðin um skipta vakt sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.1105.
- c) Ef ófyrirséðar aðstæður valda því að vakt sem samkvæmt áætlun lá utan tímabilsins 0100 – 0659 að staðartíma á mætingarstað fellur meira en eina klukkustund innan þess tímabils skal flugrekandi sjá til þess að farið sé að ákvæðum g- og h-liðar JAR-OPS 1.1110.
- d) Flugrekandi skal sjá til þess að:
 - 1) flugstjórinn gefi flugrekanda jafnan skýrslu ef flugvakt er lengd eða hvíldartími stytur í flugstarfinu sjálfu; og

JAR-OPS 1.1130 (framhald d-liðar)

2) ef flugvakt er lengd eða hvíldartími stytur um meira en eina klukkustund, þá sé afrit af skýrslunni ásamt tilskilinni umsögn flugrekanda um skýrsluna sent flugmálayfirvöldum eigi síðar en 28 dögum eftir atburðinn.

JAR-OPS 1.1135 Flugvaktaskrár, vinnu- og hvíldartímaskrár
(Sjá AMC OPS 1.1135)

- a) Flugrekandi skal sjá til þess að haldnar séu nógu nákvæmar skrár fyrir hvern flugverja um:
- 1) fartíma hans;
 - 2) flugvaktir;
 - 3) vaktir; og
 - 4) hvíldartíma og staðardaga þar sem hann er laus við alla vinnuskyldu, til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa kafla.
- b) Flugverji sem starfar sjálfstætt og/eða er í lausamennsku eða á eigin vegum skal halda sérstaka skrá, eftir því sem við á, um:
- 1) fartíma sína;
 - 2) flugvaktir;
 - 3) vaktir; og
 - 4) hvíldartíma og staðardaga þar sem hann er laus við alla vinnuskyldu, sem hann skal framvísa, áður en hann byrjar á flugvakt, hjá öllum flugrekendum sem nýta sér þjónustu hans (sjá b-lið AMC OPS 1.1135).

11. nóvember 1997

Nr. 651

AUGLÝSING

um gildistöku reglna um útreikning massa og jafnvægi í flugrekstri.

Samgönguráðuneytið hefur ákvæðið, samkvæmt heimild í 188. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, að J-kafla í sameiginlegum flugrekstrarreglum ríkja í Flugöryggissamtökum Evrópu JAR-OPS 1 sem gefnar voru út 22. maí 1995 og fjalla um útreikning massa og jafnvægis í flugrekstri, skuli gilda í flugrekstri íslenskra aðila frá gildistöku auglýsingar þessarar.

Ákvæði reglna þessara í íslenski þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með brot á umræddum reglum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1998. Falla þá úr gildi ákvæði annarra greina en 4. gr. og 2. og 3. mgr. 6. gr. í reglugerð um sama efni nr. 52/1976 með síðari breytingum. Jafnframt fellur þá úr gildi gr. 6.2. í reglugerð um mannaflutninga í loftförum nr. 53/1976 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 11. nóvember 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1

J-KAFLI

Massi og jafnvægi.

JAR-OPS 1.607 (framhald)

JAR-OPS 1.605 Almenn ákvæði

(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.605)

- a) Flugrekandi skal sjá til þess að í öllum flugrekstri sé hleðsla, massi og þyngdarmiðja flugvéla jafnan í samræmi við þær takmarkanir sem tilgreindar eru í samþykktri flughandbók flugvélarinnar, eða flugrekstrarhandbók ef hún er meira takmarkandi.
- b) Flugrekandi skal ákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar með því að vigta hana áður en hún er tekin fyrst í notkun og síðan á 4 ára fresti ef stuðst er við massa hverrar flugvélar, en á 9 ára fresti ef stuðst er við massa flugvélaflota. Gera skal grein fyrir samantölgðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Enn fremur skal endurvigta flugvélar ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa og jafnvægi.
- c) Flugrekandi skal ákvarða massa allra hluta sem notaðir eru við starfrækslu, svo og flugverja sem reiknað er með í þurrarekstrarmassa flugvélarinnar, með vigtnun eða notkun staðmassa. Ákvarða skal áhrif staðsetningar þeirra á þyngdarmiðju flugvélarinnar.
- d) Flugrekandi skal ákvarða massa flutningshleðslu, að meðtöldri kjölfestu, með því að vigta hana eða ákvarða massa flutningshleðslunnar í samræmi við staðmassa farþega og farangurs samkvæmt JAR-OPS 1.620.
- e) Flugrekandi skal ákvarða massa eldsneytis á flugvél út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytisins eða, ef eðlismassi eldsneytisins er ekki þekktur, með aðferð sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni. (Sjá e-lið IEM OPS 1.605.)

JAR-OPS 1.607 Orðskýringar

- a) *Þurrarekstrarmassi*: Heildarmassi flugvélar sem er tilbúin til tiltekinna tegundar flugs, að frádræginni heildarþyngd nýtanlegs eldsneytis og flutningshleðslu. Í þessum massa eru eftirtaldir þættir:
 - 1) áhöfn og áhafnarfarangur;
 - 2) flugvistir og lausabúnaður fyrir þjónustu við farþega; og
 - 3) drykkjarvatn og kemísk efni í salerni.

- b) *Hámarksþurrarmassi*: Mesti leyfilegi massi flugvélar án nýtanlegs eldsneytis. Massi eldsneytis í tilteknum geymum skal reiknaður með í þurrarmassanum ef það er tekið sérstaklega fram í ákvæðum um takmarkanir í flughandbók flugvélarinnar.
- c) *Hámarksflutningsarmassi miðað við burðarþol*: Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar í lendingu við eðlilegar aðstæður.
- d) *Hámarksflugtaksmassi miðað við burðarþol*: Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar við upphaf flugtaksbruns.
- e) *Flutningshleðsla*: Heildarmassi farþega, farangurs og fraktar, að meðtalinni óaröbærri hleðslu.

JAR-OPS 1.610 Hleðsla, massi og jafnvægi

Í flugrekstrarhandbók skal flugrekandi tilgreina þær meginreglur og aðferðir viðvíkjandi hleðslu og massa- og jafnvægisgerfinu er uppfylla kröfur JAR-OPS 1.605. Það kerfi skal taka til alls fyrirhugaðs rekstrar.

JAR-OPS 1.615 Massagildi fyrir áhöfn

- a) Flugrekandi skal nota eftirfarandi massagildi til að ákvarða þurrarekstrarmassa:
 - 1) raunmassa, þar með talinn allan áhafnarfarangur; eða
 - 2) staðmassa, þar með talinn handfarangur, sem er 85 kg fyrir flugliða og 75 kg fyrir þjónustuliða; eða
 - 3) aðra staðmassa sem flugmálayfirvöld geta fallist á.
- b) Flugrekandi skal leiðrétta þurrarekstrarmassann með hliðsjón af viðbótarfarangri, ef einhver er. Taka skal tillit til staðsetningar þessa viðbótarfarangurs þegar þyngdarmiðja flugvélar er ákvörðuð.

JAR-OPS 1.620 (framhald)

JAR-OPS 1.620 Massagildi fyrir farþega og farangur

e) Massagildi fyrir farþega – 19 sæti eða færri.

Tafla 2

Farþegasæti	1 – 5	6 – 9	10 – 19
Karlar	104 kg	96 kg	92 kg
Konur	86 kg	78 kg	74 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

a) Flugrekandi skal reikna út massa farþega og skráðs farangurs, annaðhvort með því að nota raunverulega þyngd hvers einstaklings samkvæmt vigt og raunverulega þyngd farangurs samkvæmt vigt eða staðalmassagildi sem tilgreind eru í töflu 1 til 3 hér á eftir, nema færri en 6 sæti séu í boði en þá er heimilt að ákvarða massa farþega með því að láta hvern farþega, eða einhvern fyrir hans hönd, gefa upp þyngd sína munnlega eða með því að áætla hana. Í flugrekstrarhandbókinni skulu vera reglur um hvenær skuli nota raunmassa og hvenær staðalmassa.

b) Ef raunmassi er ákvarðaður með vigtun skal flugrekandi sjá til þess að persónulegir munir og handfarangur teljist þar með. Skal þá vigtun fara fram sem næst flugvélinni, strax áður en ferð er um borð.

c) Ef massi farþega er ákvarðaður með staðalmassagildum skal nota staðalmassagildin í töflu 1 til 2 hér á eftir. Í staðalmassa er innifalinn handfarangur og massi allra ungbarna undir tveggja ára aldri sem fullorðinn farþegi situr með í einu farþegasæti. Ungbörn sem sitja ein í farþegasætum teljast börn, að því er þennan lið varðar.

d) Massagildi fyrir farþega – 20 sæti eða fleiri

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin fyrir karla og fyrir konur í töflu 1. Ef heildarfjöldi farþegasæta í boði er 30 eða fleiri má einnig nota massagildin fyrir „alla fullorðna“ í töflu 1.

2) Í töflu 1 merkir orlofsleiguflug leiguflug sem er einungis ætlað sem hluti af orlofsferðatilboði.

Tafla 1

Farþegasæti	20 og fleiri		30 og fleiri
	Karlar	Konur	Allir fullorðnir
Allt flug nema orlofsleiguflug	88 kg	70 kg	84 kg
Orlofsleiguflug	83 kg	69 kg	76 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota staðalmassagildin í töflu 2.

2) Ef enginn handfarangur er í farþegarými í flugi eða ef handfarangur er reiknaður sér er heimilt að draga 6 kg frá massagildum fyrir karla og fyrir konur hér að framan. Hlutir eins og yfirhafnir, regnhlífur, litlar handtöskur eða veski, lesefni eða litlar myndavélar teljast ekki handfarangur að því er þennan lið varðar.

f) Massagildi fyrir farangur

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin í töflu 3 fyrir hvern hlut í skráðum farangri. Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota raunmassa skráðs farangurs samkvæmt vigt.

2) Að því er töflu 3 varðar:

i) innanlandsflug er flug sem er hafið og lokið innan landamæra eins og sama ríkis;

ii) flug á evrópska svæðinu er flug, annað en innanlandsflug, sem er hafið og lokið á svæði sem tilgreint er í 1. viðbæti við f-lið JAR-OPS 1.620; og

iii) alþjóðaflug er flug, annað en flug á evrópska svæðinu, sem er hafið og lokið með brottfararstað og ákvörðunarstað í mismunandi heimsálfum.

JAR-OPS 1.620 (framhald f-liðar)

Tafla 3 – 20 sæti eða fleiri

Tegund flugs	Staðalmassi farangurs
Innanlandsflug	11 kg
Flug á evrópska svæðinu	13 kg
Alþjóðaflug	15 kg
Annað flug	13 kg

- g) Óski flugrekandi eftir að nota önnur staðalmassagildi en gefin eru upp í töflu 1 til 3 hér að framan skal hann greina flugmálafyrirvöldum frá ástæðum þess og fá samþykki þeirra fyrirfram. Hann skal einnig leggja fram ítarlega vigtunaráætlun til samþykkis og beita þeirri aðferð við tölfraðilega greiningu sem gefin er upp í 1. viðbæti við g-lióð JAR-OPS 1.620. Þegar flugmálafyrirvöld hafa sannprófað og samþykkt niðurstöður vigtananna gilda endurskoðuðu staðalmassagildin aðeins fyrir þann flugrekanda. Ekki er unnt að nota endurskoðuðu staðalmassagildin nema við sams konar aðstæður og vigtað var við. Í þeim tilvikum sem endurskoðuðu staðalmassagildin eru hærrí en gildin í töflu 1 til 3 skal nota hærrí gildin. (Sjá g-lióð IEM OPS 1.620.)
- h) Í öllu flugi þar sem ljóst er að reikna verður með því að verulegur fjöldi farþega ásamt handfarangri sé þyngri en staðalmassi farþega skal flugrekandi ákvarða raunmassa farþeganna með því að vigta þá eða auka massagildin nægilega. (Sjá h- og i-lióð IEM OPS 1.620.)
- i) Ef notuð eru staðalmassagildi fyrir skráðan farangur og verulegur fjöldi farþega lætur skrá farangur sem gert er ráð fyrir að fari yfir staðalmassa farangurs skal flugrekandi ákvarða raunmassa þessa farangurs með því að vigta hann eða auka massagildin nægilega. (Sjá h- og i-lióð IEM OPS 1.620.)
- j) Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóri sé látinn vita ef notuð hefur verið óstöðluð aðferð til að ákvarða massa hleðslunnar og að sú aðferð sé tilgreind í massa- og jafnvægisráðgjafi.

JAR-OPS 1.625 Massa- og jafnvægisráðgjafi
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.625)

- a) Fyrir hvert flug skal flugrekandi gera massa- og jafnvægisráðgjafi þar sem hleðsla og dreifing hennar er tilgreind. Massa- og jafnvægisráðgjafi skal gera flugstjóra kleift að ákvarða, með því að skoða hana, að hleðslu og dreifingu sé þannig háttáð að ekki sé farið yfir massa- og jafnvægisþröskul fyrir flugvélin. Nafn þess sem fyllir út massa- og jafnvægisráðgjafi skal koma fram í skránni. Sá sem hefur yfirumsjón með hleðslu flugvélarinnar skal staðfesta með undirskrift sinni að hleðsla og dreifing hennar séu í samræmi við massa- og jafnvægisráðgjafi. Flugstjórinn verður að geta fallist á það skjal og samþykkja það með áritun eða á annan sambærilegan hátt. (Sjá einnig 12. töflu a-liðar JAR-OPS 1.1055.)
- b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um breytingar á hleðslu á síðustu stundu.
- c) Með fyrirvara um samþykki flugmálafyrivalda er flugrekanda heimilt að nota aðrar aðferðir en kveðið er á um í a- og b-lióð hér að framan.

1. viðbætur JAR-OPS 1.605 (framhald)

1. viðbætur við JAR-OPS 1.605

Massi og jafnvægi – Almenn ákvæði
(Sjá JAR-OPS 1.605)

a) Ákvörðun þurrarekstrarmassa flugvélar

1) Vigtun flugvélar

i) Nýjar flugvélar eru venjulega vigtaðar í verksmiðjunni og því tilbúnar til starfrækslu án endurvigtunar ef massa- og jafnvægiskrár hafa verið leiðréttar með tilliti til breytinga eða lagfæringa á flugvélinum. Ekki þarf að vigta flugvél sem einn JAA-flugrekandi með samþykka áætlun um massaefirlit afhendir öðrum JAA-flugrekanda með samþykka áætlun um massaefirlit áður en flugrekandinn sem tekur við henni tekur hana í notkun nema 4 ár séu liðin frá því að hún var vigtuð síðast.

ii) Massa og staðsetningu þyngdarmiðju skal endurákvæða reglubundið fyrir hverja flugvél. Flugrekandi ákveður hámarksstímann sem líða má milli tveggja vigtana og skal hann vera í samræmi við ákvæði b-liðar JAR-OPS 1.605. Auk þess skal endurákvæða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar, annaðhvort með:

A) vigtun; eða

B) útreikningi, ef flugrekandi getur lagt fram nægileg rök fyrir gildi þeirrar reikningsaðferðar sem notuð er,

ef breytingar á þurrarekstrarmassa eru samtals meiri en 0,5% af hámarksflendingarmassa eða ef breytingar á staðsetningu þyngdarmiðju eru samtals meiri en 0,5% af meðalvænglinu.

2) Massi og staðsetning þyngdarmiðju fyrir flugvélaflota

i) Þegar um er að ræða flota eða hóp flugvéla af sömu tegund í sömu útfærslu er heimilt að nota meðalgildi þurrarekstrarmassa og meðalstaðsetningu þyngdarmiðju sem massagildi og staðsetningu þyngdarmiðju fyrir flugvélaflotann, að því tilskildu að þurrarekstrarmassi og staðsetning þyngdarmiðju í hverri flugvél uppfylli ákvæðin um leyfileg frávik í ii-lið hér á eftir. Enn fremur gilda viðmið sem kveðið er á um í iii- og iv-lið og í 3. tölul. a-liðar hér á eftir.

ii) Leyfileg frávik

A) Ef þurrarekstrarmassi flugvélar sem hefur verið vigtuð eða útreiknaður þurrarekstrarmassi flugvélar í flugvélaflota vikur meira en 0,5% frá hámarksflendingarmassa miðað við burðarþol frá ákvörðuðum þurrarekstrarmassa flugvélaflotans eða staðsetning þyngdarmiðja vikur meira en 0,5% af meðalvænglinu frá þyngdarmiðju flugvélaflotans skal ekki telja flugvélinu með í flugvélaflotann. Heimilt er að ákvarða aðra flugvélaflota sem hver um sig er með mismunandi meðal massa flugvélaflota.

B) Þegar massi flugvélar er innan marka þurrarekstrarmassa flugvélaflota en staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar er utan leyfilegra marka fyrir flotann er þó heimilt að starfrækja flugvélinu samkvæmt gildandi þurrarekstrarmassa flugvélaflotans með staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

C) Sé unnt að benda á verulegan útlitsmun á tiltekinni flugvél og öðrum flugvélum í flotann sem gera má nákvæma grein fyrir (t.d. eldhús- eða sætafyrirkomulag) og það veldur því að hún fer yfir mörk flugvélaflotans er heimilt að hafa flugvélinu áfram í flotann, að því tilskildu að leiðrétt sé á viðeigandi hátt fyrir massa og/eða staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

D) Hafi meðalvænglina flugvéla ekki verið gefin upp skal starfrækja flugvélarinnar samkvæmt gildum fyrir massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar eða láta athuga þær og samþykka sérstaklega.

iii) Gildi flotans notuð

A) Þegar flugvél hefur verið vigtuð, eða hafi breytingar orðið á búnaði flugvélarinnar eða útfærslu, skal flugrekandi ganga úr skugga um að flugvélin sé innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii-lið 2. tölul. hér að framan.

1. viðbætur JAR-OPS 1.605 (framhald)

- B) Flugvélar sem hafa ekki verið vigtaðar frá síðustu úttekt á flotamassa má hafa áfram í flota sem starfræktur er með flotagildum, að því tilskildu að gildi fyrir hverja flugvél séu endurmetin með útreikningi og haldist innan fráviksmerkanna sem skilgreind eru í ii-lið 2. tölul. hér að framan. Ef gildi einstakra flugvéla eru ekki lengur innan leyfilegra fráviksmarka skal flugrekandi annaðhvort ákvarða ný flotagildi sem uppfylla skilyrði samkvæmt i- og ii-liðum 2. tölul. hér að framan eða starfrækja flugvélar sem eru ekki innan merkanna samkvæmt þeirra eigin gildum.
- C) Til að bæta flugvél í flota sem starfræktur er samkvæmt flotagildum skal flugrekandi sannprófa með vigtnu eða útreikningum að raunveruleg gildi séu innan fráviksmerkanna sem kveðið er á um í ii-lið 2. tölul. hér að framan.
- iv) Til að uppfylla ákvæði i-liðar 2. tölul. hér að framan skal uppfæra flotagildin eigi sjaldnar en í lok hverrar úttektar á flotamassa.

3) *Fjöldi flugvéla sem þarf að vigta til að finna flotagildi*

- i) Ef „n“ er fjöldi flugvéla í flota þar sem flotagildi eru notuð skal flugrekandi, á tímabilinu milli tveggja úttekta á flotamassa, vigta að minnsta kosti ákveðinn fjölda flugvéla eins og tilgreint er í töflunni hér á eftir.

Fjöldi flugvéla í flota	Lágmarksfjöldi vigtana
2 eða 3	n
4 til 9	$\frac{n+3}{2}$
10 eða fleiri	$\frac{n+51}{10}$

- ii) Þegar flugvélar eru valdar til vigtunar ber að velja þær flugvélar í flotanum sem lengst er síðan að voru vigtaðar.
- iii) Ekki mega líða meira en 48 mánuðir milli tveggja úttekta á flotamassa.

1. viðbætur JAR-OPS 1.605 (framhald)

4) *Vigtunaraðferð*

- i) Framleiðandi eða samþykkt viðhaldsstöð skal annast vigtun.
- ii) Gera skal eðlilegar varúðarráðstafanir í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur, svo sem:
- A) kanna hvort flugvél og búnaður er fullfrágenginn;
- B) ganga úr skugga um að tekið hafi verið tillit til allra vökva;
- C) sjá til þess að flugvélin sé hrein; og
- D) sjá til þess að vigtun fari fram í lokaðri byggingu.
- iii) Búnaður sem notaður er til vigtunar skal kvarðaður og núllstilltur á réttan hátt og notaður í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Framleiðandi, mælifræðistofnun eða önnur löggilt stofnun skal annast kvörðun allra voga innan tveggja ára eða innan tímamarka sem framleiðandi vigtunarbúnaðarins tiltekur, hvort heldur skemmra er. Búnaðurinn verður að gera kleift að finna út massa flugvélarinnar innan 0,1% skekkjumarka.
- b) *Sérstök staðalmassagildi fyrir flutningshleðslu.* Til viðbótar við staðalmassa fyrir farþega og skráðan farangur getur flugrekandi farið fram á samþykki flugmálayfirvalda fyrir staðalmössum annarrar hleðslu.
- c) *Hleðsla flugvéla*
- 1) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar hans séu hlaðnar undir umsjón hæfra starfsmanna.
- 2) Flugrekandi skal sjá til þess að hleðsla á fragt sé í samræmi við gögn sem notuð eru við útreikning á massa og jafnvægi flugvélarinnar.
- 3) Flugrekandi skal halda sig innan viðbótarmarka fyrir burðarþol, svo sem burðartakmarkana gólfs, hámarkshleðslu á lengdarmetra, hámarks massa í lestarhólf og/eða hámarkshleðslumörk vegna sæta.

1. viðbætur JAR-OPS 1.605 (framhald)

d) Þyngdarmiðjumörk

1) Þyngdarmiðjusvið í rekstri

Ef ekki er raðað í sæti og tekið nákvæmlega tillit til fjölda farþega í hverri sætaröð, farms í hverju lestarhólfi og eldsneytis í hverjum geymi við útreikning á jafnvægi verður að þrengja samþykkt þyngdarmiðjusvið með rekstartakmörkunum. Þegar mörk þyngdarmiðjusviðs eru ákvörðuð skal hafa í huga hugsanleg frávík frá áætlaðri dreifingu hleðslunnar. Sé sätaval frjálst skal flugrekandi setja verklagsreglur til að tryggja að velji farþegar sér of einhliða sæti eftir flugvélinni endilangri þá bregðist flugáhöfn eða þjónustuáhöfn við og leiðrétti það. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þrengingu þyngdarmiðjusviðsins og starfsreglur þar að lútandi, þar með talið áætlaða skipan farþega í sæti. (Sjá IEM með 1. viðbæti við d-lið JAR-OPS 1.605.)

2) Þyngdarmiðja á flugi. Auk 1. tölul. d-liðar hér að framan skal flugrekandi sýna fram á að í reglunum sé tekið fullt tillit til mestu frávika í færslu þyngdarmiðju sem orðið geta á flugi og stafa af því að áhöfn/farþegar er(u) á ferli svo og eyðslu og tilfærslu eldsneytis.

HÉR Á AÐ VERA EYÐA


HÉR Á AÐ VERA EYÐA

1. viðbætur við f-lið JAR-OPS 1.620
Skilgreining á evrópska flugsvæðinu

Að því er varðar f-lið JAR-OPS 1.620 merkir flug á evrópska svæðinu, að innanlandsflugi undanskildu, flug á svæði sem markað er með kompáslínu milli eftirfarandi punkta:

N7200	E04500
N4000	E04500
N3500	E03700
N3000	E03700
N3000	W00600
N2700	W00900
N2700	W03000
N6700	W03000
N7200	W01000
N7200	E04500

eins og sýnt er á mynd 1 hér fyrir neðan:



HÉR Á AÐ VERA EYÐA

Mynd 1 - Evrópska svæðið

1. viðbætur JAR-OPS 1.620 (framhald g-liðar)

1. viðbætur við g-lið JAR-OPS 1.620

Verklagsreglur um setningu endurskoðaðra staðla um massagildi fyrir farþega og farangur (Sjá IEM með 1. viðbæti við g-lið JAR-OPS 1.620)

a) Farþegar

1) *Úrtaksáðferð við vigtun.* Ákvarða skal meðal-massa farþega og handfarangurs þeirra með vigtun þar sem notuð eru slembiúrtök. Tilhögun og umfang slembiúrtöku skal vera dæmigert fyrir farþegafjölda með hliðsjón af tegund flugs og tíðni á mismunandi leiðum, innleið/útleið, árstíð og sætaframboði í flug-vélinni.

2) *Fjöldi í úrtaki.* Vigtunarátletunin skal að minnsta kosti taka til þess fjölda sem mestur er:

i) fjöldi farþega sem reiknaður er út frá tilraunaúr-taki með venjulegum tölfræðilegum áðferðum og byggist á hlutfallslegum vikmörkum (nákvæmni) sem eru 1% fyrir alla fullorðna og 2% fyrir meðal-massa fyrir karla annars vegar og konur hins vegar (tölfræðiaðferðina er að finna í g-lið IEM OPS 1.620, ásamt útreiknuðu dæmi til ákvörðunar á til-skildum lágmarksfjölda úrtaka og á meðalmassa); og

ii) fyrir flugvélar:

A) þar sem framboð farþegasæta er 40 eða meira, alls 2000 farþega; eða

B) þar sem framboð farþegasæta er minna en 40, alls 50 × sætaframboðið.

3) *Farþegamassi*

i) *Fullorðnir og börn.* Til fullorðinna teljast allir sem eru tólf ára og eldri. Fullorðnir eru enn fremur flokkaðir sem karlar eða konur. Ekki er gerður greinarmunur á kyni barna sem orðin eru tveggja ára en hafa ekki náð 12 ára aldri. Í massa farþega er innifalinn massi persónulegra muna sem farþegar taka með sér um borð í flugvélinu.

ii) *Ungbörn.* Ungbörn eru börn yngri en tveggja ára. Þegar tekin eru slembiúrtök úr farþegamassa skal vigta ungbörn með þeirri fullorðnu manneskju sem þau eru í fylgd með.

4) *Vigtunarstaður.* Vigtun skal fara fram eins nálægt flugvélinni og unnt er, á stað þar sem ólíklegt er að breyting verði á farþegamassa með því að farþegar losi sig við eða bæti á sig persónulegum munum áður en þeir fara um borð í flugvélinu.

5) *Vog.* Vogin sem notuð er til að vigta farþegana skal geta vigtað að minnsta kosti 150 kg. Minnsta kvarðaskipting má ekki vera stærri en 500 g. Nákvæmni vogarinnar skal vera innan 0,5% eða 200 g skekkju-marka, eftir því hvort er meira.

6) *Skráning massagilda.* Í hverju flugi skal skrá massa farþeganna, í hvaða farþegaflökki þeir eru (þ. e. karl/ kona/ barn) og flugnúmer.

b) *Skráður farangur.* Tölfræðiaðferðin til að ákvarða endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farangur, sem byggjast á meðalmassa farangurs í tilskildum lágmarksfjölda úrtaka, er í grundvallaratriðum sú sama og fyrir farþega og eins og greint er frá í 1. tölul. a-liðar (Sjá einnig g-lið IEM OPS 1.620). Hlutfallsleg vikmörk (nákvæmni) fyrir farangur eru 1%. Vigta skal minnst 2000 stykki af skráðum farangri.

c) *Útreikningur endurskoðaðra staðalmassagilda fyrir farþega og skráðan farangur.*

1) Til að tryggja að það hafi ekki óhagstæð áhrif á öryggi í starfrækslu að nota endurskoðuð staðalmassa-gildi fyrir farþega og skráðan farangur fremur en raun-veruleg massagildi sem ákvörðuð eru með vigtun skal framkvæma tölfræðilega greiningu (sjá g-lið IEM OPS 1.620). Úr slíkri greiningu fást meðalmassagildi fyrir farþega og farangur og sömuleiðis önnur gögn.

2) Í flugvélum með 20 farþegasætum eða fleiri gilda þessar meðaltalstölur sem endurskoðuð staðalmassa-gildi fyrir karla og fyrir konur.

3) Í minni flugvélum skal bæta við eftirfarandi gildisaukum fyrir meðalfarþegamassa til að fá fram endurskoðuð staðalmassagildi:

1. viðbætur JAR-OPS 1.620 (framhald g-liðar)

Fjöldi farþegasæta	Tilskilinn gildisauki fyrir massa
1 til og með 5	16 kg
6 til og með 9	8 kg
10 til og með 19	4 kg

Annar möguleiki er að nota endurskoðuðu (meðal) staðalmassagildin fyrir alla fullorðna í flugvélum með 30 eða fleiri farþegasæti. Endurskoðuð (meðal) staðalmassagildi fyrir skráðan farangur gilda í flugvélum með 20 farþegasæti eða fleiri.

4) Flugrekendur eiga þess kost að leggja ítarlega vigtunaráætlun fyrir flugmálayfirvöld til samþykkis til að fá síðan að víkja frá endurskoðuðu staðalmassagildi, að því tilskildu að fráviksgildið sé ákvarðað með aðferðinni sem gerð er grein fyrir í þessum viðbæti. Slík frávik skal endurskoða með minnst 5 ára millibili. (Sjá 4. tölul. c-liðar AMC með g-lið 1. viðbætis við JAR-OPS 1.620.)

5) Endurskoðuð staðalmassagildi fyrir alla fullorðna skulu byggjast á hlutfalli karla/kvenna sem er 80/20 í öllu flugi nema orlofsleiguflugi þar sem hlutfallið er 50/50. Óski flugrekandi eftir samþykki fyrir öðru hlutfalli á tilteknum leiðum eða í tilteknu flugi skal hann afhenda flugmálayfirvöldum gögn sem sýna að hið nýja hlutfall karla/kvenna er varlega áætlað og að það tekur til að minnsta kosti 84% af mældu hlutfalli karla/kvenna í úrtaki úr að minnsta kosti 100 dæmigerðum flugferðum.

6) Meðalmassagildin sem fást skulu hækkuð eða lækkuð í næstu heilu kílóatölu. Massagildi skráðs farangurs skulu hækkuð eða lækkuð í næstu 0,5 kg tölu, eftir því sem við á.

HÉR Á AÐ VERA EYÐA

1. viðbætur JAR-OPS 1.625 (framhald g-liðar)

1. viðbætur við JAR-OPS 1.625**Massa- og jafnvægisráð**

(Sjá IEM með 1. viðbæti við JAR-OPS 1.625)

a) *Massa- og jafnvægisráð*1) *Inntak*

i) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í massa- og jafnvægisráð:

- A) skrásetning og tegund flugvélar;
- B) flugnúmer og dagsetning flugs;
- C) nafn flugstjórans;
- D) nafn þess sem fyllti út skrána;
- E) þurrarekstrarmassi og samsvarandi þyngdarmiðja flugvélarinnar;
- F) massi eldsneytis við flugtak og massi eldsneytiseyðslu í fluginu;
- G) massi annarrar eyðslu en eldsneytis í fluginu;
- H) hleðslueiningar, að meðtöldum farþegum, farangri, fragt og kjölfestu;
- I) flugtaksmassi, landingarmassi og þurrmassi;
- J) dreifing hleðslu;
- K) viðeigandi staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar; og
- L) takmarkandi massa- og þyngdarmiðjugildi.

ii) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að sleppa sumum þessara upplýsinga úr massa- og jafnvægisráð.

2) *Breytingar á síðustu stundu.* Verði breytingar á síðustu stundu eftir að gengið hefur verið frá massa- og jafnvægisráð skal athygli flugstjórans vakin á því og verður að færa þær breytingar inn í massa- og jafnvægisráðna. Í flugrekstrarhandbókinni skal tilgreina mestu leyfilega breytingu á fjölda farþega eða á farni í lest sem unnt er að fallast á sem breytingu á síðustu

stundu. Ef farið er yfir þá tölu skal gera nýja massa- og jafnvægisráð.

- b) *Tölvuvædd kerfi.* Ef massa- og jafnvægisráðnar eru unnar í tölvuvæddu massa- og jafnvægiskerfi skal flugrekandi ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagna. Hann skal koma á kerfi til að hafa eftirlit með því að breytingar á ílagsgögnum hans séu teknar á réttan hátt inn í kerfið og að kerfið starfi rétt og óslitið; hann gerir þetta með því að sannprófa frálagsgögnin með í mesta lagi 6 mánaða millibili.
- c) *Massa- og jafnvægiskerfi í flugvélinni.* Óski flugrekandi eftir því að fá að nota massa- og jafnvægistölvakerfi í flugvél sem aðalgagnagrunn fyrir flugið þarf hann að fá samþykki flugmálayfirvalda fyrir því.
- d) *Gagnatenging.* Ef massa- og jafnvægisráð er send flugvélum um gagnatengingu skal afrit af endanlegu massa- og jafnvægisráðni, sem flugstjórinn hefur samþykkt, vera tiltækt á jörðu niðri.

REGLUGERÐ

fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn, heimili og deildir.

1.1 Sjóðurinn heitir Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Heimili hans og varnarþing er í Hafnarfirði. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

1.2 Eftirlaunasjóður stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild og B-deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum er stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

Sjóðfélagar.

Sjóðfélagar samkvæmt reglugerð þessari eru þeir einstaklingar sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum.

3. gr.

Sjóðfélagar A-deild.

3.1 Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja sem náð hafa 16 ára aldri og eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. og 5. gr. Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna kaupstaðarins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.

3.2 Starfsmenn annarra launagreiðenda en Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild hans.

3.3 Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Ísland, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., er jafnframt heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda hafi viðkomandi launagreiðandi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Nánar skal kveðið á um aðild þessa af stjórn sjóðsins.

3.4 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggi samþykki viðkomandi launagreiðenda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Stjórnin setur nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins.

3.5 Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til Eftirlaunasjóðs stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar á árinu 1997 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1997.

4. gr.

Sjóðfélagar B-deild.

4.1 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnsla til ársloka 1997 skulu varðveitt í B-deild sjóðsins.

4.2 Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1997, skulu eiga rétt til aðildar að B-deild lífeyrissjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá bænum, enda séu þeir ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti. Sama á við um þá kennara og skólástjórnendur við grunnskóla sem voru í starfi við árslok 1997 á meðan þeir starfa við grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, enda uppfylli ráðning þeirra sömu skilyrði um ráðningartíma.

4.3 Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólástjórnun, þeir sem starfa hjá skólaskrifstofu og hjá sjúkrastofnunum og aðild áttu að sjóðnum við árslok 1997 skulu eiga sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins meðan þeir gegna þessum störfum.

4.4 Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1997 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1997. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1997 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins. Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

4.5 Einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áfrámhaldandi aðildar að Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árslok 1997 vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, hefur sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.

5. gr.

Sjóðfélagar B-deild.

5.1 Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til sjóðsins við árslok 1997, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins og þeir einstaklingar sem falla undir 2., 3. og 4. mgr. 4. gr.

5.2 Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

5.3 Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Eftirlaunasjóðs stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1997, þó svo að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf sem um ræðir í 2. mgr. 4. gr. á árinu 1997, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði 2. mgr. 4. gr. um ráðningartíma. Sömu heimild til iðgjaldagreiðslu fyrir starfsmenn sína hafa þeir launagreiðendur sem falla undir 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn kosinn af sjóðfélögum úr þeirra hópi. Annan kys bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þeir skulu báðir kosnir til fjögurra ára. Bæjarstjóri, sem fulltrúi beggja aðila, verði oddamaður stjórnarinnar og jafnframt formaður hennar.

7. gr.

Ávöxtun á fé sjóðsins.

7.1 Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðsstjórnar.
4. Í innlánnum banka og sparisjóða.
5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, sem er innan við 60% af sölumati.
6. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, lána sjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þau samkvæmt sérstökum lögum, eða séu undir eftirliti banka- eftirlits Seðlabanka Íslands.
7. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
8. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 25% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á Verðbréfaþingi Íslands, skal aldrei vera lægri en sem nemur 75% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins. Allt að 25% af heildarhlutabréfaeign þurfa ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.
9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamiðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
10. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við, að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
11. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyris-sjóðsins.

Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

8. gr.

Ársfundur.

8.1 Fyrir lok júní ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

8.2 Á ársfundi verði eftir því sem við á gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og breytingum á samþykktum sjóðsins.

9. gr.

Reikningar sjóðsins, endurskoðun og afgreiðsla.

9.1 Stjórnin ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

9.2 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af bæjarendurskoðanda án sérstakrar þóknunar.

10. gr.

Tryggingafræðileg úttekt.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins.

11. gr.

Um bann við framsali og veðsetningu.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyrskröfur samkvæmt reglugerð þessari, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfumar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

II. KAFLI

A-deild lífeyrissjóðsins.

12. gr.

Hlutverk.

A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.-21. gr. sérstaklega um deildina.

13. gr.

Iðgjöld.

13.1 Iðgjald til A-deildar sjóðsins skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldastofninn vera allar launatekjur starfsmanna. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldastofns. Iðgjald launagreiðenda til deildarinnar skv. 4. mgr. telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

13.2 Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deildar sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

13.3 Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.

13.4 Launagreiðendur greiða að lágmarki 6% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótfamlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram 6% af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.

13.5 Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

13.6 Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum stjórnar og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

14. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

14.1 Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

14.2 Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.

14.3 Stig hvers árs reiknast þannig að í árslaun sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.

14.4 Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

14.5 Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.

15. gr.

Efirlaun.

15.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

15.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduðum með 1,90.

15.3 Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

15.4 Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

15.5 Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.

16. gr.

Örorkulífeyrir.

16.1 Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

16.2 Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuserðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

16.3 Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímana. Trúnaðarlæknir skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

16.4 Heimilt er, að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorku-lífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

16.5 Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorku-lífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
- b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
- c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

16.6 Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

16.7 Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttinda-flutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati trúnaðarlæknis eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.

16.8 Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

16.9 Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðatal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

16.10 Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

16.11 Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

16.12 Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. og 10. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

16.13 Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemur a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

16.14 Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

16.15 Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

16.16 Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

16.17 Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyris-sjóði.

16.18 Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

17. gr.

Makalífeyrir.

17.1 Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

17.2 Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagans, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.

17.3 Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans.

17.4 Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

17.5 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.-3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.

17.6 Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldgreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 9. mgr. 16. gr. Hafi sjóðfélaginn notið

örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar 16. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

17.7 Réttihafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

18. gr.

Barnalífeyrir.

18.1 Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

18.2 Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 14. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 17. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

18.3 Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 16. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

18.4 Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

18.5 Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

19. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

19.1 Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

19.2 Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.

20. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

20.1 Heimilt er að endurgreiða erlendum ríkisborgurum, sem flytjast af landi brott, öðrum en borgurum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, þau iðgjöld sem greidd hafa verið þeirra vegna í A-deild sjóðsins. Endurgreiðslufjárhæðin skal vera margfeldi grundvallarlauna á greiðsludegi, samanlagðs iðgjaldshlutfalls sjóðfélaga og launagreiðanda og stiga sjóðfélaga. Ekki skal reikna vexti. Stjórnin getur með hliðstæðum hætti heimilað endurgreiðslu á iðgjöldum, sem greidd hafa verið til B-deildar sjóðsins.

20.2 Ekki skal að öðru leyti flytja iðgjöld og þar með bundin réttindi til sjóðsins eða frá honum. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að gera gagnkvæman samning við annan lífeyrissjóð um flutning iðgjalda, sem veita óveruleg réttindi.

21. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

21.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrirfram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrirfram.

21.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrir-sjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

III. KAFLI

B-deild lífeyrissjóðsins.

22. gr.

Almenn ákvæði.

B-deild sjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 23.-33. gr. sérstaklega um deildina.

23. gr.

Iðgjöld.

23.1 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

23.2 Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

23.3 Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

23.4 Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélagi, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 24. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.

23.5 Launþegi, sem yngri er en 16 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

23.6 Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um starfsmenn sveitafélaga og fyrirtækja.

24. gr.

Eftirlaun.

24.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

24.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagsins og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

24.3 Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

24.4 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

24.5 Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

24.6 Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrir á sjóðfélagatíma sínum í Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti tíu ár, ella skal miðað við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti tíu ár.

24.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkrri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis um heilsufar.

24.8 Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.

25. gr.

Um sérstök lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu og næturvinnu.

25.1 Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða maka-

lífeyris) úr Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

25.2 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00-09.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

25.3 Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

25.4 Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

25.5 Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrir ára.

25.6 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

25.7 Fyrir jafngildi hveurrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

26. gr.

Örorkulífeyrir.

26.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er trúnaðarlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

26.2 Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 24. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 24. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.

26.3 Sé örorka sjóðfélagens á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 24. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

26.4 Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

26.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

26.6 Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

27. gr.

Makalífeyrir.

27.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

27.2 Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátíð.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátíð og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

27.3 Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

27.4 Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

27.5 Hafi hjúskap lokið vegna skilnaðar skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

27.6 Þegar sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig maka og fyrirverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrirverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu réttahafar makalífeyris fleiri en tveir.

27.7 Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátíð, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

28. gr.

Frestun á töku eftirlauna.

28.1 Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu sem hærra var launað.

28.2 Sama regla gildir þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er sjóðfélagi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis til sönnunar því að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsuþrengis.

28.3 Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr. eða skv. 6. mgr. 24. gr. skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum

opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 24. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

28.4 Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1997 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum er starfinu fylgdu fram til ársloka 1997. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

29. gr.

Barnalífeyrir.

29.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn er sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

29.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almanna-trygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almanna-trygginga.

29.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundradshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundradshlutar af hámarksörorkulífeyri.

29.4 Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

30. gr.

Úrgöngur úr sjóðnum.

30.1 Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 29. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

30.2 Sé staða eða starf sjóðfélagsins lagt niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldgreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

31. gr.

Flutningur milli sjóða.

31.1 Nú flyst starfsmaður, er verið hefur í Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar, í starf sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði er svari til þess starfstíma er sjóðfélaginn hafði öðlast.

31.2 Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá trygginga-

félagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessari reglugerð.

31.3 Á tilsvarendi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki bæjarsjóðs eða fyrirtækis, að veita viðtöku, vegna manns er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

31.4 Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki bæjarsjóðs eða fyrirtækis, heimilað réttindakaup aftur í tímann þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

31.5 Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

32. gr.

Tilhögun greiðslu lífeyris.

Bæjarsjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt reglugerð þessari, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrirfram í hverjum mánuði.

33. gr.

Um endurgreiðslu bæjarsjóðs og bæjar- og sjálfseignarstofnana á lífeyrishækkunum.

33.1 Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum bæjarstarfsmanna eða starfsmanna bæjar- og sjálfseignarstofnana og endurgreiðir þá bæjarsjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

33.2 Hafi innan árs, áður en taka lífeyris hefst, verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

33.3 Stjórn sjóðsins er heimilt, að fengnu samþykki Hafnarfjarðarkaupstaðar, að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum annarra launagreiðenda en bæjarsjóðs skv. 1. mgr. þessarar greinar, enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjorið tekur til.

IV. KAFLI

Gildistaka og reglugerðaskil.

34. gr.

Val um efirmannsreglu í B-deild við útreikning eftirlauna.

Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku reglugerðar þessarar, geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast,

eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 24. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar. Skal stjórnin setja nánari ákvæði um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

35. gr.

*Réttindi sjóðfélaga sem eru skemur en
þrjú ár í B-deild þegar þeir flytja sig yfir í A-deild.*

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins, þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til B-deildar sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 24. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til A-deildar og B-deildar a.m.k. þrjú ár.

36. gr.

Niðurfall og tvítrygging réttinda milli deilda.

37.1 Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins skv. 4. gr. en kjósa fremur að greiða til A-deildar, eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr.

37.2 Að öðru leyti skal stjórn sjóðsins setja reglur til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

37. gr.

Skipting makalífeyris.

Hafi sjóðfélagi, sem er látinn við gildistöku laga þessara, verið giftur oftast en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka ákvarðast réttur til lífeyris milli fleiri en eins réttihafa makalífeyris eftir eldri reglugerð. Heimilt er þó að skipta rétti til makalífeyris milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila eftir gildistöku reglugerðar þessarar samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 27. gr.

38. gr.

Breyting á reglugerð.

Til breytinga á reglugerð þessari, annarra en þeirra, er leiða kynnu af breytingu á landslögum, þarf samþykki meirihluta stjórnar Starfsmannafélagsins og meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar.

39. gr.

Gerðardómur.

Vilji sjóðfélagi, eða fjárhaldsmaður ólögráða sjóðfélaga, ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um eitthvert atriði varðandi sjóðinn, getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Hann skal þá tilkynna sjóðsstjórninni það innan fjögurra vikna frá því hann fékk tilkynningu um úrskurð hennar. Jafnframt skal hann tilnefna annan gerðardómsmann innan tveggja vikna. Þeir velja síðan oddamann en geti þeir ekki komið sér saman um oddamanninn, skal hann tilnefndur af héraðsdómi Reykjaness. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki lagður fyrir dómstóla. Kostnaður við gerðardóminn skiptist milli aðila eftir mati dómsins.

40. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1998 og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Iðgald launagreiðanda 1998-2000.

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1998-2000.

II.

Hækkun skv. 4. mgr. 15. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærrí en 0,8%. Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.

III.

Lífeyrir fyrir stofnun sjóðsins (1. sept. 1956).

III.1 Sjóðfélagar, sem fyrir stofnun sjóðsins hafa verið í þjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar eða stofnana, sem fengið hafa aðgang að sjóðnum, og þá fullnægt ráðningarskilyrðum 2. mgr. 4. gr., skulu fá lífeyrisrétt fyrir þann starfstíma svo sem hér segir:

III.2 Eftirlaunin eru fundin þannig, að fyrst er fundið hve marga hundraðshluta af launum hvert ár, sem þeir hafa greitt iðgjald til sjóðsins, gefur í eftirlaun, samkvæmt 24. gr. Hvert starfsár fyrir stofnun sjóðsins gefur 100% af ársmeðaltalinu eftir að iðgjaldagreiðslan hófst.

III.3 Örorkulífeyrir ákvarðast út frá áunnum eftirlaunarétti með sama hætti og hjá öðrum sjóðfélögum.

III.4 Eigi einhver sjóðfélagi betri lífeyrisrétt en hér greinir vegna fyrri samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar, heldur hann þeim rétti.

III.5 Lífeyrir, sem greiddur kann að verða vegna starfstíma fyrir stofnun sjóðsins, skal endurgreiddur úr bæjarsjóði eða af þeirri bæjarstofnun eða sjálfseignarstofnun, sem í hlut á.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 11. nóvember 1997.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

1. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af útsvarsstofni.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu grunnskólans skulu nema 0,77% af útsvarsstofni. Við skil á staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu. Ríkisbókhald skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skiptir innheimtri staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Enn fremur skal Ríkisbókhald sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari af tekjum sem skattlagðar eru eftir á við álagningu og ekki hefur verið greidd staðgreiðsla af. Í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars skal Ríkisbókhald, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

2. gr.

Framlög.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skiptast í almenn framlög, framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara, nýbúafraeðslu, Skólalúða að Reykjum, Barnaverndarstofu, svo og önnur framlög.

Fyrir hvert fjárhagsár skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gera áætlanir um jöfnunarframlög skv. 1. mgr. Í desember skal senda sveitarfélögum upplýsingar um áætluð jöfnunarframlög næsta árs og greiðsludreifingu þeirra eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Almenn framlög.

Fjármagn til almennra jöfnunarframlaga skal vera jafnhátt tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 1. gr. að frádragnum framlögum skv. 4.-9. gr. reglugerðar þessarar, hlutdeild í rekstrarkostnaði Jöfnunarsjóðs og hlut Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. 12. gr. laga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Framlög samkvæmt þessari grein eru ætluð öllum sveitarfélögum nema Reykjavíkurborg.

Við útreikning framlaga samkvæmt þessari grein skal finna útgjaldaþörf hvers sveitarfélags vegna launakostnaðar af kennslu í grunnskólum og annars kostnaðar sem tengdur er flutningi alls rekstrar grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Útgjaldaþörfina skal finna með tvískiptum hætti, annars vegar almennt á grundvelli kennslustundafjöldi samkvæmt reiknilíkani og hins vegar svæðisbundið þar sem reiknuð er útgjaldaþörf hvers sveitarfélags í sameiginlegum útgjöldum sveitarfélaga í viðkomandi umdæmum.

I. hluti: Reiknuð útgjaldaþörf á grundvelli reiknilíkans.

Reiknilíkaninu er ætlað að lýsa sem best hagkvæmni grunnskólanna miðað við fjölda nemenda í hverjum skóla. Líta má á niðurstöðu reiknilíkansins sem útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda vegna almennrar kennslu og vegna afsláttar stjórnenda. Nemendafjöldi hvers grunnskóla er breyta reiknilíkansins, þ.e. stærð sem hefur breytilegt gildi.

Reiknilíkanið er eftirfarandi:

$$Y = 2,02992 - 509,452/X^2 + 65,80395/X - 0,000847945X$$

Útreikningi skal haga með eftirfarandi hætti:

A.

Nemendafjöldi hvers grunnskóla skal settur inn í reiknilíkanið. Niðurstaðan sýnir útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda í viðkomandi grunnskóla.

Undantekningar frá þessari reglu skulu vera:

1. Breyta reiknilíkansins skal aldrei taka lægra gildi en sem svarar 22 nemendum fyrir hvern grunnskóla.

Á sama hátt skal breytan aldrei taka hærra gildi en sem svarar 550 nemendum fyrir hvern grunnskóla.

Grunnskóli með útibú skal reiknaður sem ein heild. Samanlagður nemendafjöldi aðalskólans og útibúsins skal því notaður við útreikning kennslustundafjölda.

2. Rekstraraðilar grunnskóla með færri en 22 nemendur geta óskað eftir því við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að tekið sé tillit til aðstæðna þeirra við útreikning framlaganna. Verði nefndin við beiðninni skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda hjá viðkomandi skóla á grundvelli vinnureglna sem ráðgjafarnefnd setur.

3. Þar sem fleiri en einn grunnskóli er rekinn í sama sveitarfélagi skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda samkvæmt reiknilíkaninu fyrir hvern skóla fyrir sig og finna síðan út vegið meðaltal fyrir sveitarfélagið. Það meðaltal skal síðan notað í áframhaldandi útreikningi, sbr. B- og C-lið.

4. Ef í sama sveitarfélagi eru reknir tveir til fjórir grunnskólar af mismunandi skólagerð skal litið á þá grunnskóla sem taka við hver af öðrum sem einn heildstæðan grunnskóla, sbr. 1. dæmi í fylgiskjali. Þó skal margfalda niðurstöðu úr reiknilíkaninu með stuðli sem þannig er fundinn út:

Fyrir skóla, sem vinna saman, skal finna út þann hlutfallslega mun sem er á milli niðurstöðu reiknilíkansins m.v. að hver skóli sé reiknaður sér og m.v. að viðkomandi skólar séu reiknaðir út sem ein heild. Þennan hlutfallslega mun skal síðan meðhöndla með eftirfarandi hætti:

a. Margfalda með stuðlinum 0,50

Ef í hverjum skóla eru færri en 200 nemendur eða að samanlagður nemendafjöldi er færri en fjöldi fundinn þannig {talan 200 margfölduð með fjölda skóla sem um ræðir + (0,1 að viðbættum 0,05 fyrir hvern skóla umfram tvo)}, sbr. 2. dæmi í fylgiskjali.

b. Margfalda með stuðlinum 0,10

Ef nemendafjöldi er umfram þau mörk sem getið er um í a-lið.

Ráðgjafarnefnd er þó heimilt að meta hvert tilvik fyrir sig og skera úr um hvernig útreikningi skuli háttað. Verði frekari samvinna eða sameining við aðra skóla skal nýr stuðull reiknaður að teknu tilliti til þess stuðuls sem fyrir var. Hætti skólar hins vegar að vinna saman með þessum hætti skal stuðull felldur brott.

5. Leggi sveitarfélag niður skóla og nemendur hans eru færðir í annan eða aðra skóla skal niðurstaða reiknilíkansins hjá viðkomandi sveitarfélagi eftir breytinguna margfölduð með stuðli sem fundinn er út með sama hætti og greint er frá í 4. lið.

Þar sem reiknilíkanið gefur ávallt niðurstöðu eins og um skóla með 1.-10. bekk væri að ræða skal leiðréttta hana m.t.t. skólagerðar viðkomandi grunnskóla. Niðurstaða reiknilíkansins skal því margfölduð með stuðli sem þannig er fundinn:

Meðalvikustundir á hvern árgang grunnskólans deilt með meðalvikustundum í árgangi hjá heildstæðum skóla.

Miða skal við meðalvikustundir samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga hverju sinni, sbr. 3. dæmi í fylgiskjali.

Ef árgangar í efri bekkjum heildstæðra safnskóla eru verulega stærri en í yngri bekkjum skólans er ráðgjafarnefnd heimilt að reikna stuðul skólagerðar út frá vegnum meðalstundum grunnskólans, sbr. 4. dæmi í fylgiskjali.

Þá skal einnig leiðréttta niðurstöðuna m.t.t. kennsluafsláttar kennara vegna aldurs og kennsluferils. Ennfremur skal leiðréttta niðurstöðuna m.t.t. mismunandi meðallauna kennara í grunnskólum þannig að þeir skólar, þar sem meðalgrunnlaun eru umfram meðaltal landsins, fá leiðréttingu til hækkunar en skólar, þar sem meðalgrunnlaunin eru undir meðaltali landsins, fá leiðréttingu til lækkunar. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal setja nánari vinnureglur um útreikning slíkra leiðréttinga.

B.

1. Finna skal, á grundvelli niðurstaðna í A-lið, útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í viðkomandi sveitarfélagi. Byggja skal þann útreikning á fjölda íbúa á grunnskólaaldri er lögheimili hafa í sveitarfélaginu samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá Hagstofu Íslands.
2. Athuga skal í hvaða grunnskóla hver árgangur í sveitarfélagi fer. Fjöldi íbúa sveitarfélags í viðkomandi árgöngum samkvæmt þjóðskrá skulu því næst merktir viðeigandi grunnskóla. Til að finna útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í sveitarfélagi skal niðurstaða reiknilíkansins fyrir viðeigandi grunnskóla, sbr. A-lið, margfölduð með fjölda þeirra íbúa er merktir hafa verið þeim grunnskóla.
Ef fleiri en einn grunnskóli er í sveitarfélagi, sbr. 3. tölul. 2. mgr. A-liðar, og ekki er hægt að merkja ákveðna árganga viðeigandi skóla skal heildaríbúafjöldi sveitarfélags á grunnskólaaldri samkvæmt þjóðskrá margfaldaður með veginu meðaltali útreiknaðs kennslustundafjölda á hvern nemanda allra grunnskóla sveitarfélagsins.
3. Ef árgangur í sveitarfélagi sækir fleiri en einn grunnskóla og í einum þeirra eða fleirum eru nemendur úr öðrum sveitarfélögum skal aflað upplýsinga hjá viðkomandi sveitarfélagi um fjölda slíkra grunnskólanemenda og heiti grunnskóla sem þeir sækja. Nauðsynlegt er að hér sé um hóp nemenda að ræða og að sveitarfélagið hafi ákveðið þetta skipulag vegna hagræðingar eða landfræðilegra aðstæðna. Fjöldi þessara nemenda skal síðan notaður til að finna útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í sveitarfélagi fyrir þessa grunnskóla. Þrátt fyrir að upplýsingar um fjölda nemenda komi frá sveitarfélagi skal heildarnemendafjöldinn ávallt vera jafn fjölda íbúa á grunnskólaaldri samkvæmt þjóðskrá. Ef vafi leikur á hvernig útreikningi skuli háttað hjá einstaka sveitarfélagi skal ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skera úr um slíkt.

C.

1. Þegar útreiknaður kennslustundafjöldi liggur fyrir hjá hverju sveitarfélagi, sbr. A- og B-lið, skal fundið hlutfall útreiknaðs kennslustundafjölda hvers sveitarfélags af samanlögðum útreiknuðum kennslustundafjölda landsins.
2. Áætla skal útsvarstofn fjárhagsársins fyrir hvert sveitarfélag. Á grundvelli þess skal áætla útsvarstekjur sem renna til sveitarfélaga vegna yfirfærslu alls reksturs grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Gengið skal útfrá þeirri hækkun er varð á hámarks útsvarsþrósentu í kjölfar yfirfærslunnar.

3. Heildarútgjaldabörf sveitarfélaga skv. I. hluta skal fundin þannig: Heildarútsvarstekjur, sbr. 2. tölul. C-liðar, að viðbættri fjárhæð sem ætluð er í almenn framlög skv. grein þessari, að frádreginni útgjaldabörf skv. II. hluta hér á eftir. Útgjaldabörf hvers sveitarfélags skal síðan reiknuð þannig: Aðurgreind heildarútgjaldabörf sveitarfélaga margfölduð með hlutfalli hvers sveitarfélags skv. 1. tölul. C-liðar.

II. hluti: Svæðisbundin útgjaldabörf sveitarfélaga.

Útgjaldabörf hvers sveitarfélags vegna sameiginlegra útgjalda sveitarfélaga í hverju umdæmi skal fundin með eftirfarandi hætti:

Erfingjar látins sjóðfélaga eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum við andlát hans að fjárhæð er samsvari mánaðarlaunum skv. launaþrepi nú 141. Sjóðstjórn endurskoðar þessa viðmiðun með hliðsjón af launaþróun.

28. gr.

Innheimta iðgjalda.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Áskilinn er réttur til þess að reikna vexti fyrir hvern byrjaðan mánuð umfram þann fyrsta, sem greiðsla hefur dregist frá útborgun launa.

29. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eins og laun starfandi sjóðfélaga. Lífeyrir skal greiddur fyrir þann mánuð sem réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð sem réttur til hans fellur úr gildi.

Berist stjórn sjóðsins ekki umsókn um lífeyri þegar réttur til töku lífeyris stofnast er henni heimilt að ákveða fyrirkomulag greiðslna lífeyris aftur í tímann, þ.m.t. vaxtakjör.

30. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

Heimilt er að endurgreiða iðgjöld úr sjóðnum ef sjóðfélagi er erlendur ríkisborgari eða flytur alfarinn af landi brott sbr. lög nr. 9 frá 1974 og lög nr. 55 frá 9. júní 1980. Stjórn sjóðsins ákveður þá vexti sem greiddir eru af inneign, en þeir skulu ekki vera lægri en vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

31. gr.

Samningar við aðra lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttinda-flutnings o.fl. Í slíkum samningum má vikja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi hefur átt aðild að fleiri en einum sjóði og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn réttindatíma.

32. gr.

Verndun lífeyrisréttinda.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim aðför. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða protabúi hefur rétt til að skerða kröfumar á nokkurn hátt.

33. gr.

Málsmeðferð vegna ágreinings.

Rísi ágreiningur um það hvernig skilja beri ákvæði í reglugerðinni, skal málið lagt fyrir gerðardóm, þar sem ágreiningsaðilar skulu tilnefna hvor sinn mann og skulu þeir koma sér saman um oddamann. Komi þeir sér ekki saman um oddamann, eða ef annar hvor aðili tilnefnir ekki mann, skal dómsstjóri héraðsdóms Reykjavíkur tilnefna mann eða menn, svo að gerðardómurinn verði fullskipaður. Um kostnað vegna gerðardómsins úrskurðar gerðardómur.

34. gr.

Breytingar á reglugerð.

Tillögur um breytingar á reglugerð þessari skulu hafa borist stjórn a.m.k. þremur mánuðum fyrir fund sjóðfélaga. Miði tillögur að aukningu réttinda sjóðsins eða fjárfestingarstefnu sem ætla má að hafi áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja trygginga-

fræðileg úttekt á afleiðingum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingatillagna á reglugerð sjóðsins skal getið í fundarboði og þær skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins.

Breytingar á reglugerð þessari skulu bornar undir atkvæði á fundi sjóðfélaga og hljóta samþykki meirihluta hans og staðfestar af meirihluta bankaráða og stjórna aðildarfyrirtækja. Meirihluti stjórnar hvers aðildarfyrirtækis fer með atkvæði þess en atkvæðavægi einstakra aðildarfyrirtækja skal miðast við starfsmannafjölda og ræður meirihluti þannig fenginn afstöðu aðildarfyrirtækja í heild. Breytingar á iðggjöldum til sjóðsins eru þó háðar samþykki þeirra sem fara með kjarasamninga fyrir hönd aðila að sjóðnum.

35. gr.

Aðilar að sjóðnum.

Aðildarfyrirtæki sjóðsins eru nú Landsbanki Íslands og Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Samband íslenskra bankamanna, Bankamannaskólinn, Fiskveiðasjóður Íslands, Landsbréf hf., Landsvaki hf., Greiðslumiðlun hf., Iðnþróunarsjóður, Lánasýsla ríkisins og Lífeyrissjóður bankamanna. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum fyrirtækjum aðild að sjóðnum enda samþykki þau reglur sjóðsins.

36. gr.

Áfallnar skuldbindingar skv. eldri reglugerðum.

Reglugerð þessi gildir frá 31. desember 1997. Ákvæði hennar taka ekki til áfallinna skuldbindinga sjóðsins gagnvart eldri reglugerðum. Þó skal við það miðað að lágmarks-iðgjaldatími til þess að öðlast verðtryggðan lífeyri sé 6 ár vegna réttinda sem mynduðust fyrir 1. janúar 1988. Einnig skal lífeyrisréttur þeirra sjóðfélaga sem hættir eru störfum hjá aðildarfyrirtækjum fyrir 1. janúar 1998 miðast við laun eftirmanns þeirra eins og þau voru 31. desember 1997 eigi sjóðfélagi verðtryggðan rétt til lífeyris hjá sjóðnum. Jafnframt skal allur lífeyrir, greiddur af sjóðnum eftir 31. desember 1997, sem nýtur verðtryggingar, verðtryggður með vísitölu neysliverðs, sbr. 3. mgr. 11. gr. og gildir það bæði um þá sem njóta lífeyris hjá sjóðnum á þeim tíma og þá sem taka munu lífeyri síðar.

I

Ákvæði til bráðabirgða.

Um flutning réttinda milli deilda sjóðsins.

Sjóðstjórninni er heimilt að bjóða þeim sjóðfélögum sem eru starfandi hjá aðildarfyrirtækjum sjóðsins við gildistöku reglugerðar þessarar að flytja sig milli deilda innan sjóðsins, yfir í deild samkvæmt kafla III. Flutningur réttinda samkvæmt þessu ákvæði er óafturkallanlegur.

Við flutning réttinda skal boðið upp á tvo kosti:

- a) að eftirlaun, miðað við 31. desember 1997, verði þau sömu og samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1988. Engin greiðsla kæmi þá inn á séreignasjóð í upphafi en 7% þaðan í frá.
- b) að eftirlaun yrðu 60% af réttindum miðað við reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1988 en mismunur þess og núvirdis eftirlauna samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1988 samkvæmt tryggingafræðilegu mati verði greiddur inn á séreignasjóð sjóðfélaga.

Sjóðfélagar skulu upplýsa sjóðinn fyrir 31. desember 1997 um hvort þeir vilja flytja réttindi sín yfir í deild samkvæmt III. kafla.

II

Ákvæði til bráðbirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. um að eftirlaun skuli miða við framreiknuð meðallaun síðustu fimm ára í starfi skal við gildistöku reglugerðar þessarar miða við framreiknuð

meðallaun sjóðfélaga með vísitölu neysluverðs frá og með gildistíma hennar uns fimm ára (60 mánaða) viðmiðun er náð.

III

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. reglugerðar um Lífeyrissjóð bankamanna skal 2. gr. reglugerðarinnar koma strax til framkvæmda og skal kjörtímabil þeirrar stjórnar vera til næsta sjóðfélagafundar.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 13. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

AUGLÝSING**um álagningarstofn fasteignaskatts 1998.**

1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, sbr. lög nr. 122/1996 um breyting á þeim, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri sem ráðuneytið staðfesti hinn 20. nóvember sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 655/1997 um nýtt fasteignamat.

3. gr.

Með vísun til laga nr. 4/1995 með áorðnum breytingum tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1998 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 668 20. desember 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 2. desember 1997.

F. h. r.

Þórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Tryggja skal svo sem kostur er góða meðferð og aðbúnað nautgripa svo að þörfum þeirra sé fullnægt, hvort sem þeir eru á húsi, á beit eða útigangi.

Eingöngu skal nota gripi til framleiðslu mjólkur og sláturafurða, sem eru heilbrigðir og lausir við sjúkdóma hættulega mönnum.

Reglugerð þessi gildir um nautgripi sem aldir eru til framleiðslu afurða til neyslu.

2. gr.

Yfirstjórn og eftirlit.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til.

Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og hafa undir sinni stjórn dýralækni jógursjúkdóma sem starfar samkvæmt erindisbréfi.

Dýralæknir jógursjúkdóma skal stuðla að góðri meðferð og heilbrigði nautgripa, bættum framleiðsluháttum, vörnum og greiningu sjúkdóma í samvinnu við dýralækna, bændur, ráðunauta, mjólkureftirlitsmenn og búfjáreftirlitsmenn. Hann skal með almennri fræðslu og leiðbeiningastarfi leitast við að auka skilning manna á nautgripasjúkdómum, vörnum gegn þeim og því tjóni sem þeir geta valdið. Hann skal gera tillögur að reglum um innra eftirlit og skráningu sjúkdóma og lyfjanotkun við mjólkurframleiðslu.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. Landbúnaðarráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef henta þykir, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis.

3. gr.

Umhverfi gripahúsa.

Umhverfi og næsta nágrenni fjóss skal vera þrífalegt til varnar því að óhreinindi og smitefni berist inn í það. Hlað framan við mjólkurhús skal vera svo stórt að mjólkurbílar geti auðveldlega athafnað sig þar. Þannig skal frá því gengið að það haldist hreint og þrífalegt.

Geymsla fyrir mykju skal vera við hvert fjós og skal vera tryggt að ekki berist frá henni lykt eða óþrífnaður, þ.m.t. skordýr, né að hætta stafi af fyrir skepnur, menn og umhverfi. Flutningur á mykju og hlandi má ekki valda óþrífnaði eða hættu fyrir skepnur, menn og umhverfi og að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar.

Frárennsli frá salemi, mjólkurhúsi og mjaltabás skal leiða í rotþró.

4. gr.

Aðbúnaður og innréttingar.

Í húsum þar sem nautgripir eru hýstir skulu dyr og gangar vera þannig frágengnir að fljótlegt sé að rýma húsin í neyðartilfellum.

Loftræsting skal vera góð og í samræmi við viðauka 2. Koma skal í veg fyrir dragsúg í húsum. Magn varhugaverðra lofttegunda skal að jafnaði vera innan viðurkenndra hættumarká, sbr. viðauka 4. Ryki og annarri loftmengun skal haldið í lágmarki. Hita- og rakastigi skal haldið jöfnu og innan þeirra marká sem tilgreind eru í viðauka 2 með reglugerð þessari.

Á öllum húsum skulu vera gluggar sem tryggja að þar gæti dagsbirtu. Önnur lýsing skal vera til staðar sem fullnægir lýsingarþörf hverju sinni, sbr. viðauka 3. Ljós skulu þannig staðsett að þau valdi ekki gripunum óþægindum. Hvorki má vera stöðug sterk lýsing né stöðugt myrkur.

Óheimilt er að hafa gripi í stöðugum hávaða og varast ber að þeir verði fyrir miklum óvæntum hávaða. Hávaði skal að jafnaði vera innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðauka 5.

Gólf, veggir og loft skulu vera úr traustu efni og með yfirborði, sem auðvelt er að þrifa og mála. Flór skal vera með góðu frárennsli. Hann má ýmist vera úr steinsteypu (vatnsþéttur) eða rimlaflór, þ.e.a.s. rimlagólf yfir djúpflór eða haughúsi.

Innréttingar skulu vera þannig gerðar að þær hefti ekki eðlilegar hreyfingar gripanna, að þeir sjái hverjir aðra og að ekki sé hætt á að þeir skaði sig.

Óheimilt er að nota rafstraum til að hindra nautgripi í að óhreinna bása.

Að öðru leyti skulu innréttingar vera í samræmi við viðauka 1 með reglugerð þessari.

5. gr.

Básafjós.

Básar og bindingar skulu vera þannig að gripirnir geti lagst niður, legið, risið á fætur, staðið, sleikt sig og hreyft á annan hátt án erfiðleika. Gólf í bás skal halla 2-3% frá jötu og í þeim skulu vera gúmmimottur eða annað sambærilegt undirlag með óskreipu yfirborði. Básur skal haldið þurrum og hreinum. Eitt drykkjarkerja skal vera fyrir hverjar tvær kýr hið minnsta. Að öðru leyti skulu básar og innréttingar vera í samræmi við viðauka 1.

6. gr.

Lausagöngufjós.

Í lausagöngufjósum þar sem eru mjólkurkýr skal vera einn legubás fyrir hvern grip. Í básum skulu vera gúmmimottur eða annað sambærilegt undirlag með óskreipu yfirborði. Í lausagöngufjósum skal einnig vera haganleg og rúmgóð burðar- og sjúkurstía þannig að auðvelt sé að veita nauðsynlega fæðingarhjálp og umönnun sjúkra gripa. Jöturými skal vera nægjanlegt til þess að allir gripir geti étið samtímis og skal þá miðað við fullvaxna gripi. Fjöldi drykkjarkerja skal vera nægjanlegur og þau þannig staðsett að gripirnir komist auðveldlega að þeim. Að öðru leyti skulu básar og innréttingar vera í samræmi við viðauka 1 með reglugerð þessari.

7. gr.

Fóðrun og umhirda.

Gripir skulu ávallt hafa nægan aðgang að hreinu, ómengðuð drykkjarvatni.

Fóður skal að magni, gæðum og efnainnihaldi fullnægja þörfum gripanna til vaxtar, viðhalds og framleiðslu.

Klaufir skulu jafnan vera vel hirtar og gripum haldið hreinum og klipptir eftir því sem þörf er á.

8. gr.

Aðbúnaður ungvíðis og geldneytis.

Stíur fyrir kálfa og geldneyti, skulu þannig gerðar og viðhaldið að þær haldist þurrar og sem minnst hætt sé á að gripir slasist. Loftræsting skal vera góð og stíur staðsettar þar sem ekki gætir dragsúgs. Loftraki skal vera að jafnaði innan viðmiðunarmarka, sbr. viðauka 2. Jöturými skal vera nægjanlegt til þess að allir gripir geti étið á sama tíma. A.m.k. eitt

drykkjarker skal vera fyrir hverja 10 gripi. Stærð stía, jöturými, rimla- og rifubreidd í gólfum skal vera í samræmi við viðauka 1 með reglugerð þessari.

Sérstakar stíur skulu ætlaðar til uppeldis á kálfum, 0-3ja mánaða. Fjöldi kálfa í hverri stíu skal miðast við að allir geti legið samtímis og með útteygða fætur. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kálfarnir sjúgi hvern annan en fái fullnægt sogþörf sinni á annan hátt. Bannað er að binda kálfa en heimilt er að tjóðra þá hjá mæðrum sínum fyrstu dagana eftir fæðingu.

Óheimilt er að hafa sauðfé, svín og alifugla í sömu húsum og nautgripi.

9. gr.

Útigangur nautgripa.

Gripir sem ganga úti skulu geta leitað skjóls fyrir óveðrum í gripahúsi eða sérstöku skýli sem hefur þrjá veggi hið minnsta, nema jafngilt náttúrulegt skjól sé til staðar. Héraðs-dýralæknir tekur út slík skýli og getur bannað útigöngu ef viðunandi skilyrði eru ekki til staðar. Umhverfi, hönnun og viðhald skýla og húsa skal vera þannig að gripir haldist hreinir. Ætíð skal vera til staðar rými innanhúss fyrir gripi á útigangi sem þurfa sérstakrar umönnunar við.

10. gr.

Mjaltir og meðferð mjólkur í fjósi.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um mjaltir og meðferð mjólkur í fjósi:

1. Fjósum skal haldið hreinum. Flórar skulu hreinsaðir kvölds og morgna. Veggi og loft skal þvo og sóttgreinsa árlega eða oftar ef þurfa þykir og mála eða kalka eftir þörfum.
2. Fjósverjum skal haga þannig að ekki berist í mjólkina reykur, óþefur, ryk eða önnur óhreinindi.
3. Eigi skal hefja mjaltir fyrr en hálfri klukkustund eftir heyfóðrun og flórmokstur. Vothey má ekki gefa fyrr en að mjóltum loknum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við, þar sem mjólkað er í mjaltabás í sérstöku rými og ekki er hætt á að ryk berist í mjólkina.
4. Mjólkurkúm skal kembt og haldið vel hreinum og þær klipptar reglulega þegar þær eru á húsum.
5. Óheimilt er að hafa sauðfé, svín, alifugla, hunda og ketti í fjósi og hlöðu.
6. Fjós skulu varin flugum og meindýrum.
7. Notkun tóbaks í fjósi er óheimil meðan á mjóltum stendur.
8. Ljósstyrkur við mjaltir skal vera í samræmi við viðauka 3.
9. Mjaltafólk skal þvo sér vandlega um hendur fyrir mjaltir og meðan á mjóltum stendur ef með þarf. Það skal klæðast hreinum hentugum vinnufatnaði. Hafi mjaltafólk sár á höndum eða handleggjum skulu þau hulin með einnota hönskum eða á annan viðunandi hátt. Mjaltafólk skal ekki sinna öðrum störfum sem geta haft óheppileg áhrif á gæði mjólkurinnar meðan á mjóltum stendur.
10. Mjaltafólk má ekki vera haldið sjúkdómum sem geta borist með mjólkinni í fólk.
11. Starfsmenn í fjósi skulu hafa greiðan aðgang að salerni og þar skal einnig vera handlaug og við hana gerileyðandi sápulögur og einnota handþurrkur og skal þessari aðstöðu haldið þrifalegri.
12. Júgur og spenar skulu vera hreinir og þurrir áður en kýr er mjólkuð. Ef þvottaklútar eru notaðir skulu þeir þvegnir vandlega á milli mjalta og soðnir eða sóttgreinsaðir með viðurkenndum sóttgreinsiefnum, sbr. ákvæði 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
13. Hefja skal mjaltir strax eftir hreinsun júgurs og spena og eftir að fyrstu mjólkurbogarnir hafa verið mjólkaðir í sýnakönnu. Verði vart sjáanlegra breytinga á mjólkinni skal mjólk

- úr viðkomandi jógurhluta haldið sér. Ef spenar eru smurðir, úðaðir eða dýft í sótt-hreinsilög skal það gert strax eftir mjaltir með efnum samþykktum af Hollustuvernd ríkisins, sbr. ákvæði 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustu-hætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
14. Leitast skal við að mjólka kýr með jógursjúkdóma sem spilla mjólkinni og kýr sem eru á lyfjameðferð og útskolunartíma lyfjanna er eigi lokið, á eftir heilbrigðum kúm. Mjalta-tæki sem notuð hafa verið á kýr í lyfjameðferð eða með jógurbólgu skulu þriffin og skoluð með vel heitu vatni áður en þau eru sett á næstu kýr. Spillt mjólk vegna sjúkdóma eða lyfja er óhæf til neyslu og dýrafóðurs og skal mjólkinni fargað svo að hætta stafi ekki af.
 15. Broddmjólk og geldmjólk má ekki blanda saman við aðra mjólk.
 16. Bannað er að sía, kæla og geyma mjólk í fjósi.
 17. Við mjaltir, kælingu, geymslu og flutninga mjólkur skal verja hana fyrir flugum, frosti, sólskini, ryki, reyk, óþef, lyktarsterkum efnum og öðru sem getur spillt henni.
 18. Mjólkurframleiðendur skulu starfrækja innra eftirlit samkvæmt reglum sem yfirdýra-læknir setur.

11. gr.

Mjólkurhús, mjaltabásar og mjaltabúnaður.

Mjólkurhús skal vera við hvert fjós. Það skal vera áfast við fjósið og skilið frá því með sjálflokandi dyrum. Mjaltabásar og mjólkurhús skulu vera rúmgóð, vel umgengin, björt og vel loftræst. Ljósstyrkur skal vera í samræmi við viðauka 3.

Loft og veggir mjólkurhúsa og mjaltabása skulu vera úr traustu efni með yfirborði sem auðvelt er að þrifa og mála. Þeir skulu málaðir í ljósum lit eða lagðir flísum eða öðru hlið-stæðu efni. Gólf skulu vera steinsteypt og vatnsheld með nægum vatnshalla að góðu niður-falli. Þau skulu vera slétt en þó ekki hál. Mjólkurhús má einungis nota til þess að sía, kæla og geyma mjólk og þvo mjólkurbúnað. Dýrum má ekki hleypa inn í mjólkurhús og skulu þau einnig varin flugum og meindýrum. Í mjólkurhúsi skal vera hæfilegt borð úr efni sem auðvelt er að þrifa og sóttreinsa.

Lyf, hreinsiefni og önnur efni, sem notuð eru í mjólkurhúsi og fjósi skulu geymd í lokuðum skápum, þar sem börn ná ekki til. Notkun tóbaks er óheimil í mjólkurhúsi og mjalta-bás.

Í mjólkurhúsi og mjaltabás skal vera viðunandi aðstaða og nægjanlegt rennandi heitt og kalt vatn til þvotta á mjaltabúnaði. Þar skal einnig vera sérstök handlaug til handþvotta og við hana skal vera gerileyðandi sápulögur og einnota handþurrkur. Vatnið skal fullnægja kröfum gildandi reglugerðar um neysluvatn. Mjaltabúnaður skal vandlega hreinsaður og síðan sótthreinsaður samkvæmt viðurkenndum þvotta- og sótthreinsiaðferðum svo fljótt sem verða má eftir notkun og síðan varinn óhreinindum milli mjalta. Öll mjólk skal síuð með einnota síu eða á annan sambærilegan hátt.

Kæling mjólkur skal fara fram í mjólkurhúsi í geymi úr ryðfríu sýruþolnu stáli. Nægilegt rými skal vera undir og umhverfis kæligeyma svo auðvelt sé að þvo þá og sóttreinsa. Mjólk skal kæld niður í 2-4°C svo fljótt sem unnt er að loknum mjóltum og geymd við það hitastig. Hitamælar skulu vera á öllum kæligeymum.

Við uppsetningu og eftirlit mjaltabúnaðar skal stuðst við ISO/DIS 5707. Áhöld og tæki, sem koma í snertingu við mjólk, mega ekki vera úr oxandi efnum eða efnum sem geta mengað hana. Mjólkurbílstjórar, frjótæknar, dýralæknar og aðrir sem koma í mjólkurhús og/eða fjós skulu gæta ítrasta hreinlætis til að koma í veg fyrir að smit berist í fjósið.

12. gr.

Leyfi til mjólkurframleiðslu.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi, annast reglulegt eftirlit með heilbrigði og hirðingu allra mjólkurkúa, ungviðis og annarra nautgripa hjá mjólkurframleiðendum. Þeir skulu a.m.k. árlega skoða húsakost, mjaltaaðstöðu, mjaltabúnað, hreinlæti, umgengni og annað sem að framleiðslu sölumjólkur snýr. Ef héraðsdýralæknir telur að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari, skal hann að skoðun lokinni, afhenda framleiðanda fjósaskoðunarvottorð, sem veitir honum leyfi til mjólkursölu. Afrit skulu varðveitt af héraðsdýralækni og viðkomandi afurðastöð. Vottorðin skulu skrifuð á eyðublöð í þríriti sem yfirdýralæknir lætur í té. Gildistími vottorðsins er þar til næsta skoðun fer fram. Óheimilt er að framleiða mjólk til sölu eða taka við mjólk frá framleiðanda sem ekki hefur gilt fjósaskoðunarvottorð, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 392/1997 um mjólk og mjólkurvörur.

Komi í ljós að aðstaða mjólkurframleiðanda brýtur í bága við eða fullnægir ekki ákvæðum reglugerðar þessarar skal héraðsdýralæknir krefjast úrbóta skriflega. Héraðsdýralæknir skal gefa framleiðanda hæfilegan, tímabundinn frest til nauðsynlegra lagfæringa og endurbóta. Afrit af fyrirmælum þessum skal þegar í stað senda afurðastöð. Héraðsdýralæknir skal gefa heilbrigðisnefnd upplýsingar um málið telji hann þess þörf. Héraðsdýralæknir getur veitt frekari frest til úrbóta ef óviðráðanlegar ástæður hafa tafið þær, svo sem slys eða náttúruhamfarir.

Hyggist framleiðandi hætta mjólkurframleiðslu fyrir fullt og allt má veita honum undanþágu í allt að 6 mánuði, án þess að úrbætur fari fram. Þegar veittur er tímabundinn frestur skal héraðsdýralæknir afhenda framleiðanda vottorð er veiti honum undanþágu til sölu á mjólk, en aðeins á meðan á hinum tilskilda fresti stendur. Afrit þessa vottorðs skal senda afurðastöð. Eldra fjósaskoðunarvottorð dýralæknis fellur þá sjálfkrafa úr gildi. Jafnskjótt og úrbótum er lokið skal framleiðandi tilkynna það héraðsdýralækni. Nú telur héraðsdýralæknir eftir að veittur frestur er liðinn, að enn sé ástand í fjósi mjólkurframleiðanda óviðunandi, þar sem ekki hafi verið sinnt ítrekuðum kröfum eða þeim eigi sinnt á viðunandi hátt, þá skal héraðsdýralæknir veita stuttan lokafrest. Hafi viðhlítandi úrbætur ekki verið gerðar að lokafresti liðnum, skal mjólkursala stöðvuð. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust senda skýrslu um veittan lokafrest og kröfu um stöðvun á móttöku mjólkur og aðdraganda hennar til viðkomandi afurðastöðvar og yfirdýralæknis.

Verði héraðsdýralæknir þess var, að svo mikið sé áfátt heilbrigði mjólkurkúa, umgengni, þrifnaði eða mjólkinni sé spillt í meðferð að hætta geti stafað af fyrir neytendur t.d. vegna bráðra smitsjúkdóma, þá skal héraðsdýralæknir þegar í stað stöðva sölu mjólkur frá því kúabúi og láta framleiðanda í té rökstudd, skrifleg fyrirmæli um það. Fjósaskoðunarvottorð dýralæknis fellur sjálfkrafa úr gildi meðan á slíkri sölustöðvun stendur. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir tafarlaust tilkynna afurðastöð um ákvörðun sína og krefjast þess, að hætt verði móttöku mjólkur frá viðkomandi kúabúi uns úrbætur hafa farið fram eða sjúkdómur afstaðinn. Héraðsdýralæknir skal senda yfirdýralækni greinargerð um málið. Afurðastöð er skylt að taka til greina fyrirmæli héraðsdýralæknis um tímabundið sölubann og tilkynna framleiðanda tafarlaust að móttaka mjólkur frá honum sé stöðvuð. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er heimilt að áfrýja þegar í stað til úrskurðar yfirdýralæknis. Hafi bann verið lagt við sölu mjólkur frá framleiðanda um stundarsakir, skal héraðsdýralæknir fylgjast með því hvað líður gangi sjúkdóms sé slíku til að dreifa. Þegar héraðsdýralæknir telur fært, að undangenginni athugun, að heimila sölu mjólkur á nýjan leik, skal hann án tafar tilkynna framleiðanda það, viðkomandi afurðastöð og yfirdýralækni með bréfi. Skal héraðsdýralæknir þá láta framleiðanda í té nýtt fjósaskoðunarvottorð, er heimilar sölu mjólkur að nýju.

Framleiðanda er skylt að leyfa eftirtöldum eftirlitsmönnum aðgang að kúabúi sínu til skoðunar hvenær sem óskað er, hvort sem um er að ræða reglubundið eftirlit eða skoðun að

gefnu tilefni: Yfirdýralækni, héraðsdýralæknum, dýralækni jógursjúkdóma og mjólkur-
eftirlitsmönnum. Nú neitar framleiðandi ofangreindum eftirlitsaðilum leyfis til skoðunar og
skal þá eftirlitsmaður samstundis kæra það til viðkomandi lögreglustjóra eða sýslumanns og
krefjast þess að afurðastöðin stöðvi móttöku mjólkur frá viðkomandi framleiðanda um
stundarsakir.

13. gr.

Leyfi til nautakjötsframleiðslu og uppeldis á ungvíði til mjólkurframleiðslu.

Héraðsdýralæknar skulu hver á sínu svæði skoða a.m.k. árlega, aðstöðu, aðbúnað og
kanna heilbrigðisástand nautgripa á þeim búum þar sem fram fer uppeldi kálfa og nautgripa
til nautakjöts- eða mjólkurframleiðslu en sölumjólk er ekki framleidd.

Telji héraðsdýralæknir að þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerð þessari sé fullnægt
skal hann að skoðun lokinni afhenda framleiðandanum vottorð sem veitir honum leyfi til
framleiðslu á nautakjöti og uppeldi á ungvíði til mjólkurframleiðslu þar til næsta skoðun fer
fram. Afrit skal varðveitt af héraðsdýralækni. Vottorðin skulu skrifuð á eyðublöð í þíríti sem
yfirdýralæknir lætur í té. Afrit af vottorðinu skal lagt inn til sláturleyfishafa eða fylgja gripum
af búinu til slátrunar.

14. gr.

Sjúkdómar og lyfjameðhöndlun.

Við lyfjagjöf og sölu á lyfjum er dýralækni skylt að sjá til þess að útskolunartími við-
komandi lyfja sé umráðamanni gripanna kunnur. Gripir sem meðhöndlaðir hafa verið með
lyfjum sem áhrif hafa á neysluhæfi afurða skulu merktir á tryggilegan hátt meðan á með-
höndlun stendur og þar til útskolunartíma lyfjanna er lokið og afurðir eru hæfar til mannelis
á ný.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur á nautgripabúi eða grunur um slíkan sjúkdóm skal
dýralæknir búsins þegar í stað tilkynna það yfirdýralækni.

15. gr.

Skráning nautgripa og sjúkdóma.

Umráðamaður nautgripa skal sjá um að allir gripir búsins séu plötumerktir í eyra með
raðnúmerum eða á annan viðurkenndan hátt. Jafnframt skal hann halda nákvæma skýrslu á
þar til gerð eyðublöð, sem héraðsdýralæknir lætur í té, um heilsufar einstakra gripa, aðgerðir
og þá lyfjameðferð sem hann framkvæmir. Skýrslur þessar skulu ávallt vera aðgengilegar
fyrir héraðsdýralækna.

Dýralæknum er skylt í lok hverrar vitjunar að skrá á staðnum upplýsingar um sjúkdóms-
greiningu, meðhöndlun og lyfjanotkun. Þetta skal gert fyrir hvern grip þegar það á við.
Einnig skal hann skrá leiðbeiningar um framhaldsmeðferð og nýtingu afurða. Þessar upplýs-
ingar skulu afhentar umráðamanni gripanna en afrit varðveitt af viðkomandi dýralækni.
Upplýsingar þessar skulu ávallt vera aðgengilegar fyrir yfirdýralækni og dýralækni jógur-
sjúkdóma.

Árlega skulu héraðsdýralæknar semja yfirlitsskýrslu um fjósaskoðun og jógursjúkdóma
mjólkurkúa á eyðublöð sem yfirdýralæknir lætur þeim í té og skal skýrslan send honum fyrir
1. júlí ár hvert.

16. gr.

Samvinna kúabús, mjólkurstöðvar og sláturhúss.

Afurðastöð skal sjá um að upplýsingar er varða mjólkurgæði séu varðveittar og niður-
stöður sendar viðkomandi framleiðanda eins fljótt og unnt er eftir að þær liggja fyrir.

Sláturleyfishafi skal sjá um að skýrslur kjötskoðunardýralæknis um sjúkdóma og sjúkdómseinkenni séu geymdar og niðurstöður sendar viðkomandi framleiðanda reglulega.

Forráðamaður skal halda skrá um alla aðfengna gripi og gripi sem látnir eru til lífs, slátrað eða misfarast. Héraðsdýralæknir, dýralæknir jógursjúkdóma og búfjárefartilritsmaður skulu hafa aðgang að þessum upplýsingum.

17. gr.

Refsiákvæði og gildistaka.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um búfjárhald nr. 46/1991, lögum um dýralækna nr. 77/1981 með síðari breytingum og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að veita undanþágu til allt að sex ára frá gildistöku reglugerðar þessarar hvað varðar fullbyggð fjós og aðstöðu vegna einstakra krafna í reglugerðinni, sem erfitt og kostnaðarsamt er að uppfylla. Þessi undanþága gildir ekki um ákvæði 10. og 11. gr. Héraðsdýralæknir leggur fram tillögur sínar um undanþágur ásamt rökum til yfirdýralæknis, sem synjar eða veitir umbeðnar undanþágur. Í sérstökum tilfellum er heimilt að veita lengri aðlögunartíma en þó aldrei lengur en til 10 ára.

Ákvæði 1. másl. 15. gr. taka ekki gildi fyrr en við lögfestingu ákvæða um skyldumerkingu nautgripa.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

VÍÐAUKI I

Básastærðir (lágmarksmál):

	Mesta þyngd kg	Básar, sem gripir eru festir/bundnir á		Legubásar gripa í lausgöngufjósi	
		lengd m	breidd m	lengd m	breidd m
Geldneyti	200	1,20	0,80	1,50	0,75
Geldneyti	300	1,30	0,90	1,70	0,85
Geldneyti	400	1,40	1,00	1,90	0,95
Mjólkurkýr	450	1,40	1,05	2,00	1,05
Mjólkurkýr	500	1,45	1,10	2,10	1,10

Báslengd: Mæld frá aftanverðum jötukanti að flór.

Básbreidd: Mæld frá miðju milligerða.

Mesta hæð jötukants frá básgólfi: 20 cm.

Fóðurgangur (jata) sé a.m.k. 6 cm hærri en básgólf (mælt fremst í bás).

Halli á bás sé 2-3%.

Flórristar: Breidd teina: 16 mm. Rifubreidd: 36 mm.

Stíustærð/rýmisþörf í stíu (lágmarksmál):

	Mesta	Einstaklingsstía		Fjöldastía
	þyngd gripa	lengd	breidd	
	kg	m	m	m ² /grip
Kálfar	60	1,00	0,80	0,80
Kálfar	100	1,20	1,00	1,00
Geldneyti	200			1,50
Geldneyti	300			1,70
Geldneyti	400			1,90
Geldneyti	>400			2,20

Rými við fóðurgrind í lausagöngustíum:

	Mesta þyngd gripa, kg	Jöturými á grip lágmark, m
Geldneyti	100	0,30
Geldneyti	200	0,40
Geldneyti	300	0,45
Geldneyti	400	0,55
Mjólkurkýr	450	0,60
Mjólkurkýr	500	0,60

Rimlagólf í fjósum:

	Mesta þyngd gripa	rimlabreidd	rifubreidd
	kg	mm	hámark mm
Geldneyti	100	100-120	30
Geldneyti	300	120-150	35
Geldneyti/kýr	400	120-150	40
Kýr	500	120-150	40

VIÐAUKI 2

Loftræsting:

Hámarksafköst vélræns loftræstikerfis skal miða við u.þ.b. 200 m³/klst á hverja varmaframleiðslueiningu. Ein varmaframleiðslueining er sá fjöldi gripa sem framleiðir 1000 wött af varma við 20C umhverfishita. Ein íslensk mjólkurkýr er u.þ.b. ein varmaframleiðslueining.

Loftraki:

Lágmarksloftræstingu í fjósum skal miða við að unnt sé að halda hlutfallslegum loftraka í fjósinu innan við 80%.

Lofthraði:

Við hönnun loftræstikerfis skal leitast við að lofthraði umhverfis gripina verði ekki meiri en 0,2 m/sek.

Hitastig:

Umhverfishiti skal að jafnaði ekki vera hærra en 15°C hjá fullorðnum nautgripum.

VIÐAUKI 3

Lágmarksgildi fyrir lýsingu í fjósum og mjólkurhúsum:

Mjólkurhús almennt:	200 lux
Mjólkurhús, tankur, vinnuborð:	400 lux
Mjaltabás (í júgurhæð):	400 lux
Básar (í júgurhæð, ef mjólkað er á bás):	400 lux
Fóðurgangur:	75 lux
Geldneytastíur:	75 lux
Kálfastíur:	100 lux
Næturljós:	ca 3 lux

VIÐAUKI 4

Hættulegar lofttegundir:

Magn eftirtalinna lofttegunda skal að jafnaði ekki vera meira en sem hér segir:

CO₂: 3000 ppm

NH₃: 10 ppm

H₂S : 0,5 ppm

VIÐAUKI 5

Hávaði:

Hávaði skal að jafnaði ekki vera meiri en 65 dB(A)

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

1. Bifreiðastöður við Aðalgötu frá Lækjargötu að Grundargötu verði tímabundnar í 20 mínútur.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar austan megin á Lindargötu frá Hólum (Lindargötu 11) suður að Skriðustíg.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Hverfisgötu frá Skriðustíg í 15 metra til suðurs.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 27. nóvember 1997.

Guðgeir Eyjólfsson.

REGLUGERÐ

um starfsábyrgðartryggingar endurskoðanda.

1. gr.

Endurskoðandi sem starfar við endurskoðunarstörf sbr. 7. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Leggi endurskoðandi inn réttindi sín, fellur váttryggingaskyldan niður.

Váttryggingin skal nema minnst 5.000.000 króna vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð váttryggingabóta innan hvers árs skal nema minnst 15.000.000 krónum. Fjárhæðir þessar skulu miðast við vísitölu neysluverðs 181,7 og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Váttryggingin skal taka til starfa endurskoðandans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu váttryggingataka í váttryggingaskilmálum, en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi váttryggingafélags. Tilhögun eigin áhættu skal getið í váttryggingaskilmálum, váttryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.

3. gr.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingataka og fjármálaráðuneytinu þegar í stað. Váttryggingatímabili telst ekki lokið fyrir en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið tilkynnti váttryggingatakanum og fjármálaráðuneytinu sannanlega um váttryggingaslit, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin.

Verði bótaskyld tjón, sem fellur undir starfsábyrgðartryggingu samkvæmt reglugerð þessari, ber váttryggingafélagi að tilkynna um hið bótaskylda atvik og greiðslu vegna þess til fjármálaráðuneytisins.

Váttryggingafélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

4. gr.

Þar sem tveir eða fleiri endurskoðendur starfa saman með sameiginlega starfsstofu og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars, geta þeir fullnægt váttryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega váttryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í váttryggingaskjali. Skulu þá lágmarksfjárhæðir skv. 1. gr. hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern endurskoðanda umfram einn.

5. gr.

Uppfylli endurskoðandi ekki skilyrði reglugerðar þessarar um starfsábyrgðartryggingu er honum skylt að leggja inn réttindi sín og er honum þá óheimilt að taka að sér störf sem endurskoðandi.

6. gr.

Allir váttryggingaskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu látnir fjármálaráðuneyti og Váttryggingaeftirliti í té áður en þeir eru boðnir endurskoðendum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. og 22. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en 31. desember 1997 skulu váttryggingaskyldir endurskoðendur afhenda fjármálaráðuneytinu staðfestingu um að þeir hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytinu, 5. desember 1997.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann nr. 73 31. janúar 1990, sbr. breytingu nr. 498 11. september 1995.

Skólanefnd sjálfseignarstofnunarinnar Samvinnuháskólinn hefur samkvæmt heimild í 10. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskránni:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Markmið Samvinnuháskólans er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag sem fagháskóli með því að veita framúrskarandi fræðslu á sviði viðskipta og rekstrar. Þá skulu við háskólann fara fram rannsóknir á íslensku atvinnu- og viðskiptalífi er m.a. beinist að mismunandi rekstrarformum, lýðræði í atvinnulífi og atvinnurekstri, viðskiptasiðferði og umhverfismálum.

Við þjálfun og fræðslu skal Samvinnuháskólinn leggja sérstaka áherslu á raunhæf verkefni, tengsl við atvinnulífið, alþjóðleika, upplýsingatækni, samvinnu, hópstarf, samskipti og samskiptafræðslu, skapandi og gagnrýna hugsun. Samvinnuháskólinn skal jafnframt þjálfa nemendur með tilliti til frumkvæðis, aðlögunarhæfni og sveigjanleika, vinnu, ákvarðanatöku og forystu í hópum.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Samvinnuháskólinn staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. nóvember 1997.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 281/1997
fyrir Lífeyrissjóð Verkfræðingafélags Íslands.

1. gr.

Grein 5.6 orðast svo:

Til kaupa á hlutabréfum í og skuldbréfum útgefnum af skráðum almenningshlutfélögum á Verðbréfafingi Íslands svo og hlutabréfum í og skuldabréfum útgefnum af hlutfélögum skráðum á Opna tilboðsmarkaðinum. Eign í slíkum verðbréfum fari þó ekki umfram 20% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2. gr.

Grein 5.7 orðast svo:

Í traustum erlendum verðbréfum og hlutabréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfa-mörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 30% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerðarbreyting þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

Nr. 676

8. desember 1997

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Felld er út gildi auglýsing nr. 610/1997 um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. desember 1997.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 1997

28. nóvember 1997

1553

Nr. 677

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónskóla Neskaupstaðar.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónskóla Neskaupstaðar, sem samþykkt var af bæjarstjórn Neskaupstaðar hinn 10. október sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 28. nóvember 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónskóla Neskaupstaðar.

1. gr.

Skólinn heitir Tónskóli Neskaupstaðar. Skólinn er eign Neskaupstaðar og fer bæjarstjórn Neskaupstaðar með yfirstjórn hans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs í Neskaupstað.

Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því að:

- annast kennslu í hljóðfærleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistgreinum sem gert er ráð fyrir í námskrá tónlistarskólanna,
- búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu,
- leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi,
- búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist,
- gera fullorðnum kleift að auðga tómsundir sínar með tónlistariðkun,
- styðja kennara skólans til tónleikahalds.

3. gr.

Skólanefnd Neskaupstaðar sem kosin er samkvæmt 62. gr. samþykktar um stjórn Neskaupstaðar fer með málefni Tónskóla Neskaupstaðar.

4. gr.

Formaður skólaneftndar boðar til fundar með dagskrá svo oft sem þurfa þykir og er skylt að boða til fundar ef tveir nefndarmenn, skólastjóri eða kennarafundur æskir þess.

Skólastjóri skal sitja skólaneftndarfundi. Heimilt er kennarafundi að tilnefna 1 fulltrúa úr hópi fastra kennara til að sitja skólaneftndarfundi með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um málefni Tónskólans og skal hann bundinn sömu trúnaðarskyldu og aðrir nefndarmenn.

5. gr.

Bæjarstjórn ræður skólastjóra að fengnum tillögum skólaneftndar. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn í samráði við skólaneftnd. Starfsmenn skólans starfa samkvæmt starfslýsingum sem skólaneftnd ákveður.

6. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um starf skólans. Kennarafundi skal halda ekki sjaldnar en 4 sinnum á starfstíma skólans.

Skólastjóri boðar til kennarafunda með dagskrá og tilnefnir fundarstjóra og ritara sem færir gjörðabók kennarafunda.

Skyllt er föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi. Skyllt er stundakennurum að sækja kennarafund ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Skyllt er að halda kennarafund ef minnst 1/4 hluti fastra kennara æskir þess.

7. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir frá 1. september ár hvert. Leyfi yfir starfstímann skulu vera þau sömu og í grunnskólum bæjarins. Viðverutími starfsmanna og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi.

8. gr.

Rekstur skólans skal kosta með fjárveitingu á fjárhagsáætlun Neskaupstaðar og skólagjöldum nemenda.

Bæjarsjóður Neskaupstaðar annast greiðslu launa og rekstrarreikninga svo og bókhald Tónskóla Neskaupstaðar.

9. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum skólastjóra og skólaneftndar. Skólagjöld skulu greidd í upphafi annar.

10. gr.

Skólastjóri skal fyrir 1. júní ár hvert gera áætlun um kennslustundafjölda á næsta skólaári í samráði við skólaneftnd. Skal áætlun þessi lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs.

11. gr.

Skólastjóri setur skólanum starfsreglur sem kveða á um ástundun, árangur og umgengni nemenda. Reglurnar skulu settar að fenginni umsögn kennarafundar og þurfa samþykki skólaneftndar.

12. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá er áhuga hefur á tónlistarnámi því sem skólinn býður upp á með eftirtöldum frávikum:

- a) Þurfi að takmarka fjölda nemenda á einstökum námssviðum er skólanum m.a. heimilt að beita hæfnisprófum og breyta auglýstu fyrirkomulagi.

- b) Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu. Úrskurði skólastjóra má skjóta til skólanefndar til umfjöllunar.

13. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar þann 10. október 1995.

2. desember 1997

Nr. 678

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989,
með síðari breytingum.**

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Heilbrigðisnefnd, í umboði borgarstjórnar, er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í Reykjavík undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eftirfarandi skilyrðum:

2. gr.

1. ml. stafl. d. 2. gr. hljóði svo:

Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur heilbrigðisnefnd ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, sem gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Í 4. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

5. gr.

Í 5. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um listamannalaun.

1. gr.

Hlutverk Launasjóðs rithöfunda, Launasjóðs myndlistarmanna, Tónskáldasjóðs og Listasjóðs er að veita listamönnum starfslaun og styrki samkvæmt lögum um listamannalaun nr. 35/1991 með áorðnum breytingum og reglugerð þessari. Ákvarðanir um veitingu framlaga úr sjóðum þessum skulu gegna þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu.

2. gr.

Starfslaun listamanna skulu veitt úr fjórum sjóðum:

- a. Launasjóði rithöfunda.
- b. Launasjóði myndlistarmanna.
- c. Tónskáldasjóði.
- d. Listasjóði.

Þrír fyrstnefndu sjóðirnir eru sérgreindir sjóðir. Listasjóður er almennur sjóður en sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina. Listasjóður veitir og sérstök framlög til listamanna, sem notið höfðu listamannalauna í nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

3. gr.

Yfirumsjón með sjóðunum skv. 1. gr. er í höndum stjórnar listamannalauna. Menntamálaráðherra skipar stjórn listamannalauna þremur fulltrúum til þriggja ára í senn, einum tilnefndum af Bandalagi íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla þegar stofnaður verður, og loks einum án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn listamannalauna úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar þriggja manna úthlutunarnefndir, sem skipaðar eru árlega af menntamálaráðherra fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða, veita fé úr þeim sbr. 6.-8. gr. laga nr. 35/1991 með áorðnum breytingum. Úthlutunarnefndirnar skipta sjálfar með sér verkum.

4. gr.

Stjórn listamannalauna sér til þess að auglýst sé með venjulegum hætti eftir umsóknum um veitingu starfslauna og náms- og ferðastyrkja úr sjóðunum og lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr þeim. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil, verðlaun og viðurkenningar, greinargerð um verkefni það sem liggur til grundvallar umsókninni og hve langan starfstíma er sótt um. Sé sótt um náms- eða ferðastyrk skal gera á skýran hátt grein fyrir tilgangi ferðarinnar eða tilhögun námsins. Stjórn listamannalauna ákveður að öðru leyti og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn.

Auglýst skal eftir umsóknum eigi síðar en 15. október ár hvert og skal umsóknarfrestur að jafnaði vera eigi skemmri en tveir mánuðir. Miðað skal við að úthlutun starfslauna listamanna verði lokið fyrir 1. mars ár hvert.

5. gr.

Við veitingu starfslauna og styrkja úr öllum sjóðum skulu úthlutarnefndir gæta þess vandlega að allar umsóknir fái sanngjarna umfjöllun og ákvarðanir séu ávallt reistar á faglegum sjónarmiðum.

6. gr.

Þeir sem njóta starfslauna skulu ekki vera fastráðnir til þess að gegna öðru starfi sem telst meira en þriðjungur úr stöðugildi meðan þeir fá greidd starfslaun, enda hindri það ekki listamanninn í því að sinna því verkefni sem starfslaunin voru veitt til.

Allir þeir sem njóta starfslauna skulu skila greinargóðri vélritaðri skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Þeir sem hljóta starfslaun til tveggja eða þriggja ára skulu skila skýrslu árlega.

Hafi umsækjandi áður hlotið starfslaun skal umsókn hans því aðeins tekin til umfjöllunar að hann hafi skilað fullnægjandi skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum.

Starfslaunaþegi skal taka starfslaunin samfelld á meðan á starfslaunatíma stendur en heimilt er honum að fresta upphafi tímabilsins í allt að sex mánuði frá því að tilkynning um veitingu starfslaunanna barst honum. Stjórn listamannalauna er þó heimilt að veita undanþágu frá töku samfelldra starfslauna vegna fæðingarorlofs sbr. lög nr. 57/1987.

Sami listamaður getur eigi fengið starfslaun úr tveimur sjóðum í senn.

7. gr.

Áður en til úthlutunar starfslauna kemur úr Listasjóði skal stjórn listamannalauna taka frá þann hluta fjárveitingarinnar sem ætlaður er listamönnum sem um getur í 4. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

Allt að þriðjungi starfslauna úr Listasjóði skal varið til stuðnings leikhópum, sbr. 9. gr. laganna.

8. gr.

Úthlutunarnefndir skulu senda stjórn listamannalauna niðurstöður sínar til afgreiðslu þegar þær hafa lokið störfum. Stjórn listamannalauna skal árlega taka saman skýrslu um starfsemi sjóðanna, sem geymir endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðunum. Skýrsla þessi skal send menntamálaráðuneytinu og Bandalagi íslenskra listamanna.

Ef starfslaunaþegi brýtur gegn ákvæðum laga um listamannalaun nr. 35/1991 með áorðnum breytingum, og reglugerð þessari, getur stjórn listamannalauna fellt niður starfslaun að hluta eða að öllu leyti eða krafist endurgreiðslu, enda hafi starfslaunaþega áður verið gefinn kostur á að tala máli sínu.

9. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna og fulltrúa í úthlutunarnefndum, sem greiðist af fé sjóðanna.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. laga um listamannalaun nr. 35/1991 með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð um listamannalaun nr. 50/1992.

Menntamálaráðuneytinu, 25. nóvember 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUR

um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga.

1. gr.

Gildissvið.

Póst- og fjarskiptastofnunin setur hér með eftirfarandi reglur um númer, númeraraðir og vistföng sem notuð eru í fjarskiptaþjónustu og númer, númeraraðir og vistföng sem notuð eru við samtengingu sjálfstæðra fjarskiptaneta.

2. gr.

Skilgreiningar.

Vísað er til skilgreininga í fjarskiptalögum en auk þess hafa eftirfarandi orð sérstaka merkingu:

Notendanúmer:	Númer sem áskrifendur fjarskiptaþjónustu fá úthlutað hjá rekstrarleyfishafa vegna tengingar við fjarskiptanet þeirra og hægt er að hringja í eða nota til að sækja þjónustu frá rekstrarleyfishöfum.
Símanúmer:	Notendanúmer í almennri talsímaþjónustu, samneti eða farsímaþjónustu.
Forskeyti:	Númer sem notandi verður að velja á undan t.d. landsnúmeri til að fá aðgang að utanlandsþjónustu eða á undan símanúmeri til að fá aðgang að langlínu.
Landsnúmer:	Númer eða kóði 1-, 2- eða 3-stafa sem alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur úthlutað í samræmi við tilmæli E.164.
Neyðarnúmer:	Númer sem eingöngu skal nota fyrir tilkynningar um slys og beiðni um neyðarhjálp.
Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Leyfi til veiða með dragnót eru þrenns konar: Almenn dragnótaleyfi, sbr. 3. gr., dragnótaleyfi til kolaveiða, sbr. 4. gr. og dragnótaleyfi í Faxaflóa, sbr. 5. gr.

3. gr.

Almenn dragnótaleyfi skulu bundin við fiskveiðiárið og ákveðið svæði. Skiptast miðin umhverfis landið í fjögur leyfissvæði þannig:

1. **Suður- og Vesturland:** Að austan markast svæðið af línu r/v austur og vestur um Papey og að vestan af línu réttvísandi 270° frá Öndverðarnesi.
2. **Breiðafjörður og Vestfirðir:** Að sunnan markast svæðið af línu réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að norðan af línu réttvísandi norður frá Geirólfsgnúpi.
3. **Norðurland:** Að vestan markast svæðið af línu réttvísandi norður frá Horni og að austan af línu réttvísandi norður frá Rifstanga.
4. **Norðausturland og Austfirðir:** Á svæði milli lína réttvísandi norður frá Rifstanga og réttvísandi suðaustur frá Stokksnesi.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita skipi leyfi til dragnótaveiða á því svæði sem skipið á heimahöfn enda skal skipið skráð innan þess svæðis, gert þaðan út og útgerð þess eiga þar heimilisfesti. Aðeins er heimilt að veita skipum styttri en 42 metrar að mestu lengd leyfi samkvæmt þessari grein, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, sbr. 3. - 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79/1997. Heimilt er í leyfum að binda heimildir til dragnótaveiða innan viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, við ákveðnar bátastærðir.

4. gr.

Dragnótaleyfi til kolaveiða skulu bundin við tímabilið frá og með 1. september - til og með 15. maí og ákveðið svæði og tilgreint svæði fyrir Suðurlandi eða Vesturlandi og markast svæðin þannig:

1. **Suðurland:** Að austan markast svæðið af línu réttvísandi austur frá Eystrahorni og að vestan af línu réttvísandi vestur frá Garðskaga.
2. **Vesturland:** Að norðan markast svæðið af línu réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að sunnan af línu réttvísandi suður frá Hópsnesi.

Fiskistofu er aðeins heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi til kolaveiða, sem slík leyfi fengu á árinu 1997 enda hafi þau aflahlutdeild í langlúru. Dragnótaleyfi til kolaveiða skal bundið við svæði þar sem skipið á heimahöfn, enda sé skipið skráð innan þess svæðis, gert þaðan út og útgerð þess eigi þar heimilisfesti. Heimilt er Fiskistofu að samþykkja flutning veiðileyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt þessari grein, til nýs skips, enda fullnægi það skip að öðru leyti skilyrðum þessarar greinar og sé ekki lengra eða með hærri aflavísi en skip það er dragnótaleyfið er flutt af.

5. gr.

Dragnótaleyfi í Faxaflóa skulu bundin við tímabilið frá og með 15. júlí - til og með 15. desember og svæðið innan línu milli Garðskagavita og Malarrifsvita og utan línu milli Hólmsbergsvita í bauju nr. 6, þaðan í punkt 64°22'N - 22°23'V og síðan um Þormóðssker í land.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi í Faxaflóa, sem slík leyfi fengu á árinu 1997. Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur bolfisks yfir 15% af heildarafla á hverju tveggja vikna tímabili skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess bolfiskafila sem umfram 15% er skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafila.

Heimilt er Fiskistofu að samþykkja flutning dragnótaleyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, til nýs skips, enda sé skip það sem veiðileyfið er flutt til ekki lengra en 22 metrar að mestu lengd og hafi auk þess aflahlutdeildir í skarkola og sandkola. Þá skal það skip er dragnótaleyfi er flutt til eiga heimahöfn við leyfissvæðið, vera

skráð innan svæðisins, gert þaðan út og útgerð þess eiga þar heimilisfesti. Þær sérstöku aflatakmarkanir, sem settar eru í leyfi samkvæmt þessari grein, á veiðar úr einstökum tegundum eða bolfiski fylgja dragnótaleyfi við flutning þess milli skipa.

6. gr.

Heimilt er í dragnótaleyfum samkvæmt 3. - 5. gr. að takmarka enn frekar veiðiheimildir innan hvers svæðis, bæði á ákvæðnum svæðum eða tímum og taka þá m.a. mið af stærðum veiðiskipa eða heimahöfn. Ennfremur er heimilt að kveða nánar á um skipulag veiða innan hvers svæðis varðandi veiðarfæri og útbúnað þeirra og önnur þau atriði er veiðarnar varða.

7. gr.

Sé ekki annað ákvæðið í leyfisbréfi skal lágmarksstærð möskva í dragnót vera 135 mm. Við mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar um botn- og flotvörpur.

Legggluggi er netstykki sem skorið er á legg. Sé legggluggi áskilinn við dragnótaveiðar á tilteknu svæði skal honum fyrir komið á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera fjórir metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest fimm metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er festur við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festast slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

8. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herðir á nokkurn hátt möskva en þó skal eigi teljast ólöglegt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr slitu. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

Við veiðar á dragnót er óheimilt að nota hlera eða annað sem komið gæti í stað hlera til útþenslu vængjanna.

9. gr.

Heimilt er Fiskistofu að svipta skip leyfi til dragnótaveiða, sem gefið er út með stoð í reglugerð þessari vegna brota á reglugerð þessari eða ákvæðum leyfisbréfa til dragnótaveiða samkvæmt 15. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til dragnótaveiða.

10. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 334, 28. maí 1997, um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjald í Stykkishólmi.

1. gr.

Almenn ákvæði. Innifalið í gatnagerðargjaldi.

Af öllum lóðum og nýbyggingum í Stykkishólmi, sbr. þó 1. mgr. 5. gr., skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Innifalið í gatnagerðargjaldi er gatnagerð, svo sem undirbygging gatna, tilheyrandi lagnir, m.a. vegna götulýsingar, lagning bundins slitlags, gangstéttar, umferðareyjar og þess háttar, sem gert er ráð fyrir í skipulagi.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

Gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá þessari er tvíþætt, þ.e. gatnagerðargjald vegna íbúðarhúsa og gatnagerðargjald tengt öðrum húsum en íbúðarhúsum.

a. Gatnagerðargjald vegna íbúðarhúsa.

Af hverri lóð íbúðarhúss greiðist gatnagerðargjald eftir hústegund og miðað við ákveðna stærð húss sem ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar rúmmetra (rúmmetraverðs) í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, að frádregnum kostnaði við gatnagerð sem hér segir:

1. Einbýlishús 5,5 % af rúmmetraverði.
2. Parhús, raðhús og keðjuhús 4,0 % af rúmmetraverði.
3. Fjölbýlishús pr. íbúð 2,5 % af rúmmetraverði.

Rúmmál byggingar skal reiknað eftir ÍST 50 og miðað við brúttóstærðir, þ.m.t. bílgeymslur og önnur útihús. Gjald vegna bílgeymslna fellur undir viðkomandi hústegund sem þeim tilheyrir.

Gjald skal miðað við stærð lóðar og húss samkvæmt framansögðu, sbr. einnig ákvæði 3. gr. um lágmarksgatnagerðargjald.

b. Gatnagerðargjald vegna annarra húsa en íbúðarhúsa.

Af hverjum rúmmetra húsa, annarra en íbúðarhúsa, greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar rúmmetra (rúmmetraverðs) í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, að frádregnum kostnaði við gatnagerð.

Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

1. Opinberar byggingar 5,5 % af rúmmetraverði.
2. Verslunar-, skrifstofu-, atvinnuhús og annað húsnæði 2,5 % af rúmmetraverði.

Gjald skal miðað við brúttóstærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50, sbr. þó ákvæði 3. gr. um lágmarksgatnagerðargjald. Í atvinnuhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 5,5 metra lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 5,5 metrar við útreikning rúmmetragjalds.

3. gr.

Lágmarksgatnagerðargjald og viðbótargatnagerðargjald.

Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkvæmt a-lið 2. gr. er miðað við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

- | | |
|-------------------------------|--------------------|
| 1. Einbýlishús | 500 m ³ |
| 2. Parhús, raðhús og keðjuhús | 400 m ³ |
| 3. Fjölbýlishús | 300 m ³ |

Í öllu öðru húsnæði á skipulögðum lóðum skal við útreikning rúmmáls til lágmarksgatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 metrar og nýtingarhlutfall lóðar 0,3 – 0,5 eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Gatnagerðargjöld samkvæmt a-lið 2. gr. og lágmarksgatnagerðargjald sbr. b-lið 2. gr. skal lagt á við úthlutun lóðar. Gatnagerðargjald verður ekki endurgreitt þótt minna verði byggt en lágmarksgjaldið miðast við. Endanlegt gatnagerðargjald samkvæmt b-lið 2. gr. skal reiknað þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og skal það lagt á við veitingu byggingarleyfis.

Um greiðslu gatnagerðargjalds fer eftir ákvæðum 6. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

Hækkunar- og lækkunarheimild.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúm-metra uppgöfnum í 2. gr. um allt að 10 % (margfeldi 0,90 – 1,10) án þess að auglýsa það sérstaklega, m.a. vegna breytilegs kostnaðar við undirbyggingu og frágang gatna eftir hverfum, jarðvegsdýpt, staðsetningu lóðar, verðmæti lóðar, þversniði lóðarfrágangs, o.fl.

5. gr.

Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rífið eða það brennur.

Þegar íbúðarhús er rífið eða fjarlægð af lóð og nýtt byggt í staðinn í sama gjaldflokkum sbr. a-lið 2. gr. skal ekki innheimt gatnagerðargjald af nýja húsinu.

Þegar annað hús en íbúðarhús er rífið eða fjarlægð af lóð eða lendu og nýtt byggt í staðinn í sama gjaldflokkum sbr. b-lið 2. gr. skal innheimt gatnagerðargjald samkvæmt b-lið 2. gr. að því er stækkuninni nemur, nema lágmarksgatnagerðargjald skv. ákvæðum gjaldskrár þessarar hafi verið greitt og ekki farið fram úr viðmiðun þess.

Þegar hús er rífið eða fjarlægð af lóð og nýtt byggt í staðinn sem felur í sér að húseign færast í hærra gjaldflokk, sbr. 2. gr., t.d. þegar atvinnuhús eða parhús er rífið og einbýlishús byggt í staðinn á lóðinni, skal innheimt gatnagerðargjald samkvæmt 2. gr. sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af húsnæðinu fyrir og eftir breytinguna.

Ákvæði þessarar gr. gilda einnig ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóðinni.

6. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds.

Gengið skal frá greiðslu gatnagerðargjalds innan fjögurra vikna eftir álagningu. Lóðarhafi skal, ef greiðslufrestur er gefinn, gefa út skuldabréf vegna eftirstöðva gatnagerðargjaldsins til mest fjögurra ára tryggt með 1. veðrétti í lóðinni og mannvirkjum sem á hana koma eða með öðru jafn góðu fasteignaveði. Skuldari greiðir vexti, banka- og stimpilkostnað vegna skuldabréfsins.

Veðskuldabréfinu skal þinglýst á viðkomandi eign áður en byggingarleyfi er gefið út.

Heimilt er að láta allt að 2/3 hluta skuldabréfalansins víkja af 1. veðrétti fyrir húsbrefaláni frá Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðru sambærilegu láni.

7. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b. Ef gatnagerðargjald hefur verið veitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju en þó ekki lengur en í sex mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum einn mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

8. gr.

Heimild til að fella niður gatnagerðargjald. Sérstök tilvik.

Heimilt er að fella niður gatnagerðargjald bygginga á vegum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og stofnana.

Bæjarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum er byggingar falla ekki undir ákvæði gjaldskrár þessarar.

9. gr.

Heimild til afturköllunar byggingarleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

10. gr.

Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögd fyrir 1. janúar 1997.

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögd gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997 skulu halda gildi sínu og innheimtast samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

11. gr.

Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms samkvæmt 6. gr. laga nr. 17/1996 og 11. gr. reglugerðar nr. 543/1996 um gatnagerðargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Við álagningu gatnagerðargjalda í Stykkishólmi samkvæmt gjaldskrá þessari skal jafnframt tekið mið af ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn, 8. desember 1997.

Ólafur Hilmar Sverrisson bæjarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 1997

17. desember 1997

1585

Nr. 689

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna.

1. gr.

Í stað orðanna „erlendra ferðamanna“ í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: aðila búsettra erlendis.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skilyrði endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari er að kaupandi vörunnar sé með fasta búsetu í öðru landi en á Íslandi. Til sönnunar á fastri búsetu erlendis skal kaupandi leggja fram vegabréf, vottorð Hagstofu Íslands um búsetu eða önnur skilríki sem ótvírætt sanna fasta búsetu í öðru landi. Útlendingar með fasta búsetu hér á landi eiga ekki rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

F-liður 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Nafn og heimilisfang kaupanda. Ef kaupandi er búsettur utan Norðurlandanna skal einnig tilgreina vegabréfsnúmer.

4. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem verður 2. másl. og orðast svo: Endurgreiðsluaðila er óheimilt að leysa ávísun til sín nema kaupandi sanni með fullnægjandi hætti að hann hafi fasta búsetu erlendis, sbr. 2. gr.

5. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: **Reglugerð um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.**

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum á Eldeyjarbanka.

1. gr.

Frá kl. 20.00 þann 21. desember 1997, til 12. janúar 1998, eru allar síldveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------------|------------------------|
| 1. 63°43' N- 23°20' V | 3. 63°30' N - 24°45' V |
| 2. 63°55' N- 23°45' V | 4. 63°15' N - 24°20' V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. desember 1997.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

rikisskattstjóra nr. 11/1997 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1997.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignar-skatt, með síðari breytingum, hefur rikisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1997 og nemur hann 1,0202 miðað við 1,0000 á árinu 1996.

Reykjavík, 15. desember 1997.

Garðar Valdimarsson rikisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 1997

18. desember 1997

1587

Nr. 692

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1998.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1998 verið ákveðið 11,61%.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ástráður Karl Guðmundsson.

15. desember 1997

Nr. 693

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana á Akranesi.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana á Akranesi. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar, blómaverslanir, söluturnar, myndbandaleigur ásamt gististarfsemi og tengdri þjónustu. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana á Akranesi skal vera frjáls, að uppfylltum skilyrðum 3. og 4. greinar.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu 23.30 - 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda fari afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum, sem hér greinir: Föstudaginn langa, páska-dag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn sem komnir eru í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi. Sama gildir um verslanir sem selja minjagripni sem ætlaðir eru ferðamönnum.

8. gr.

Fyrir leyfi samkvæmt 3 gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða að leyfi verði ekki veitt til rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar með heimild í 1. gr. laga nr. 17/1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi með þeim takmörkunum sem lög nr. 32/1997 um helgidagafrið setja. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akranesi nr. 433/1984.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. desember 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 1997

19. desember 1997

1589

Nr. 694

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 571/1996, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað núverandi skilgreiningar á hugtakinu eigið fé í 2. gr. komi eftirfarandi texti:
Eigið fé: Eigið fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga, sem gilda um viðkomandi lánastofnun eða fyrirtæki í verðbréfabjónustu, en þó að frádregnum eiginfjárþætti C samkvæmt eiginfjárákvæðum sömu laga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 5. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Tryggvi Axelsson.

19. desember 1997

Nr. 695

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 560/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
0704.9002	Rauðkál	22.12.97-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	05.01.98-15.03.98	ótilgr.	30	0

Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ólafur Friðriksson.

REGLUGERÐ**um bann við rækjuveiðum á Héraðsflóa.**

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1998 til og með 30. apríl 1998 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði á Héraðsflóa, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°47,20 N - 14°18,60 V

3. 65°38,20 N - 13°51,20 V

2. 65°48,25 N - 14°12,30 V

4. 65°37,55 N - 13°54,90 V

Að vestan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 1997

12. desember 1997

1591

Nr. 697

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu,
með breytingu skv. reglugerð nr. 180/1993.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Yfirlýsingu og skuldbindingu skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr. skal þinglýst á viðkomandi
fasteign.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

1. Í stað orðanna sem fullnægjandi er að mati skattstjóra í 2. másl. 1. mgr. kemur: í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka.
2. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður sem verður c-liður og orðast svo: Taki byggingaraðili fasteign undir eigin skattskyldan rekstur.
3. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Tryggingu skv. 1. mgr. er ætlað að tryggja endurheimtu á endurgreiddum innskatti ásamt reiknuðum útskatti að teknu tilliti til framreiknings samkvæmt byggingarvísitölu, ef skilyrði fyrir skráningu eru ekki lengur fyrir hendi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

1. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður er verður 3. tölul. og orðast svo: Vottorð um að leigusamningi hafi verið þinglýst.
2. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:
Ef eign sem skráð hefur verið frjálsri skráningu er seld og hinn nýi eigandi hefur sótt um frjálsa skráningu vegna eignarinnar er ekki nauðsynlegt að gögn skv. 2. mgr. fylgi umsókn enda varði umsóknin sama leigusamning og eldri skráning tók til. Við eigendaskipti samkvæmt þessari málsgrein skal þó leggja fram gögn til sönnunar á aðilaskiptum að leigusamningi.

4. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Frjáls skráning getur aldrei verið til skemmri tíma en tveggja ára.

Upphafsdagur frjálsrar skráningar skal að jafnaði vera sá dagur þegar leigutaki tekur eign í notkun. Ef um er að ræða nýbyggingu eða verulegar endurbætur á eign fyrir þann tíma getur leigutaki sótt um skráningu skv. I. kafla þessarar reglugerðar vegna þeirra framkvæmda. Sé leigusamningi rift áður en tveggja ára fresturinn skv. 1. mgr. er liðinn og eign því ekki í notkun í sex mánuði eða lengur reiknast sá tími ekki til leiðréttingartímabils skv. IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt. Sama gildir ef eign sem skráð hefur verið frjálsri skráningu er ekki í notkun þar sem ekki hefur tekist að leigja hana að nýju að uppfylltum skilyrðum 1.-3. tölul. 2. mgr. 4. gr.

5. gr.

Orðið „nýbyggingar,“ í 7. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. heldur trygging fyrir útskatti og innskatti sem skattstjóri hefur samþykkt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar gildi sínu.

Fjármálaráðuneytinu, 12. desember 1997.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar á úthafskarfa 1998.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á úthafskarfa á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi úr punkti 3 að mörkum fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er Fiskistofu heimilt að veita þeim íslenskum fiskiskipum leyfi til veiða á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

Þá er skipum, sem fengið hafa heimild til veiða úr aflamarki annarra aðildarríkja NEAFC en Íslands, óheimilt að hefja veiðar skv. slíkri heimild fyrr en Fiskistofu hefur borist yfirlýsing frá viðkomandi aðildarríki NEAFC um slíkan rétt skipsins til veiða á úthafskarfa. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði 5. - 8. gr. gilda um þessar veiðar.

3. gr.

Á árinu 1998 er þeim skipum, sem leyfi fá frá Fiskistofu til veiða á úthafskarfa með flotvörpu, sbr. 2. gr., heimilt að veiða samtals 45.000 lestir af úthafskarfa á svæði því sem skilgreint er í 1. gr. Af því heildarmagni skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar þess í úthafskarfa.

4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark, sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð.

5. gr.

Í upphafi hvernar veiðiferðar skulu skipstjórar með skeyti eða símbréfi, tilkynna til Fiskistofu hvenær veiðar hefjast á úthafskarfa. Þá skulu þeir einnig tilkynna til Fiskistofu hvenær veiðum á úthafskarfa lýkur hverju sinni. Í þessum tilkynningum til Fiskistofu skal áætla magn og samsetningu afla um borð, m.v. afla úr sjó. Ennfremur skal tilkynna fyrirhugaðan löndunartíma og löndunarstað.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku m.v. afla úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, og hvort eða hve mikill hluti hans er fenginn innan landhelgi Íslands.

Stundi skip veiðar skv. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, skal það koma fram í tilkynningum skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hvort aflinn eða hve mikill hluti hans er fenginn innan landhelgi Íslands.

6. gr.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Óheimilt er að nýta í sömu veiðiferð heimild til veiða skv. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og heimild til veiða skv. 3. mgr. 2. gr. hennar. Sé það gert eða afla er blandað saman sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er skv. 3. gr.

Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 55% nýtingu, sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum og 26% nýtingu sé honum landað flökuðum roðlausum og beinlausum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0.70.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla l. nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og l. nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 27, 27. janúar 1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjanes hrygg.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Arni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um veiðar á samningssvæði NAFO 1998.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilissvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilissvæði (hlutar deilissvæðis tilgreindir með litlum bókstaf) sem meðfylgjandi mynd í viðauka I sýnir. Veiðar á samningssvæðinu eru óheimilar íslenskum skipum, án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skulu þau leyfi bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands á grundvelli framangreinds samnings.

II. KAFLI

Rækjuveiðar á Flæmingjagrunni.

2. gr.

Aðeins er Fiskistofu heimilt að veita þeim íslenskum fiskiskipum leyfi til rækjuveiða á deilissvæði 3M (Flæmingjagrunni), sem hafa aflamark í rækju á því svæði.

3. gr.

Á árinu 1998 er íslenskum skipum, sem veiðileyfi fá á deilissvæði 3M, sbr. 2. gr. heimilt að veiða samtals 6.800 lestir af rækju á deilissvæði 3M (Flæmingjagrunni). Af því heildarmagni skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki í rækju á deilissvæði 3M (Flæmingjagrunni) á grundvelli aflahlutdeildar þess í þessum stofni.

4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark, sem úthlutað er í rækju samkvæmt þessari reglugerð.

Þegar rækja veidd á deilissvæði 3M (Flæmingjagrunni) er reiknuð til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.20.

5. gr.

Skipstjóri skips sem heldur til rækjuveiða á deilissvæði 3M (Flæmingjagrunni) skal tilkynna það Fiskistofu með skeyti eða símbréfi, við upphaf hverrar veiðiferðar. Í tilkynningunni skal koma fram nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn eiganda og útgerðaraðila, nafn skipstjóra, að fyrirhugað sé að stunda veiðar á framangreindu veiðisvæði og hvenær áætlað er að veiðar hefjist. Einnig skal skipstjóri tilkynna til Fiskistofu þegar veiðum lýkur og komi í þeirri tilkynningu fram nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn skipstjóra, afli um borð og fyrirhugaður löndunarstaður og -tími.

Skýlt er útgerð skips að tilkynna til Fiskistofu með að minnsta kosti 24 klukkustunda og í mesta lagi 48 tíma fyrirvara að það fari inn á samningssvæðið. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess inn á svæðið svo og afla um borð. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og hann aðgreindur eftir tegundum.

Þegar skip yfirgefur samningssvæðið skal útgerð þess tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara um slíkt. Skal í tilkynningu tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla um borð í skipinu sem veiddur hefur verið á samningssvæðinu. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Ef afla skips skal umskipað á meðan það er stadd á samningssvæðinu skal útgerð þess tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara um slíkt. Skal í tilkynningu greina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla þann sem umskipa skal. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Þá er útgerð skips skylt að tilkynna áður en skip fer af einu deilissvæði til annars. Þau skip sem búin eru sendingarbúnaði sem veitir Landhelgisgæslu Íslands sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra eru undanþegin því að senda tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein.

6. gr.

Skylt er þeim er veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrlla sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

Um borð í hverju skipi skal vera stigi sem uppfyllir kröfur NAFO og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Þá skulu í hverju skipi vera teikningar af fiskilestum og mælingar á rúmmáli þeirra, staðfestar af Siglingastofnun Íslands.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum þeim er NAFO hefur sett. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

7. gr.

Hverju skipi er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu, nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum á vegum Fiskistofu, án endurgjalds, fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Útgerðir skulu, fyrir þann tíma sem skipið er á deilissvæði 3M, greiða eftirlitskostnað sbr. 7. mgr. 8. gr. laga nr. 151, 26. maí 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Útgerð skips skal tilkynna Fiskistofu ósk sína um að veiðieftirlitsmaður verði um borð í skipinu a.m.k. 7 dögum fyrir brottför þess frá Íslandi en a.m.k. 10 dögum fyrir brottför sé um að ræða brottför frá höfn utan Íslands.

8. gr.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, nákvæmar skýrslur um veiðarnar.

9. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með tveggja mm þykkri stiku með 5 kg átaki á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu.

10. gr.

Skylt er að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 22 mm.

11. gr.

Ef samanlagður aukaafli allra tegunda sem eru undir stjórn stofnunarinnar (NAFO) verður meiri en 5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða á deilivæðum 3L, 3N og 3O ef um er að ræða skip sem tekur þátt í rannsóknum sem veiðar eru nauðsynlegur þáttur í.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

14. gr.


Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 676, 28. desember 1995, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerð nr. 685, 28. desember 1996, um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

VIÐAUKI



REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi
o.fl., nr. 574/1991, sbr. reglugerð nr. 661/1996, 268/1996 og 679/1996.

1. gr.

Á eftir kaflanum „Tilkynningar frá einkaleyfayfirvöldum“ komi nýr kafli: **Viðbótarvernd fyrir lyf og plöntuvarnarefni.**

2. gr.

50. gr. orðist svo:

Í kafla þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) *viðbótarvottorð*: vottorð um viðbótarvernd fyrir lyf eða plöntuvarnarefni,
- 2) *reglugerðir ESB*: reglugerðir ESB-ráðsins nr. 1768/1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja og reglugerð ESB-ráðsins nr. 1610/1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XVII. viðauka, liðum 6 og 6 a, við EES-samninginn um hugverkaréttindi, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins.

3. gr.

51. gr. orðist svo:

Umsókn um viðbótarvernd skal leggja inn skriflega til Einkaleyfastofunnar á þar til gerðu eyðublaði sem fæst afhent hjá stofnuninni.

Umsóknarblaðið skal vera undirritað af umsækjanda eða umboðsmanni hans.

Auk þess sem tilgreint er í 8. gr. reglugerða ESB, skal umsókn hafa að geyma upplýsingar um hver umsækjanda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um viðbótarvernd, fer með umboð til að taka á móti tilkynningum frá einkaleyfayfirvöldum.

Að beiðni einkaleyfayfirvalda skal umsækjandi veita þær viðbótarupplýsingar um afurðina sem nauðsynlegar eru við meðferð umsóknarinnar.

Dagsetning sem nefnd er í lið iv, a-lið, 1. mgr. 8. gr. og d-lið, 2. mgr., 9. gr. reglugerða ESB, telst vera sú dagsetning þegar heilbrigðisyfirvöld undirrita markaðsleyfið.

Ef umsækjandi hefur umboðsmann skal fylgja skriflegt umboð.

Með umsókninni skal fylgja tilskilið umsóknargjald.

4. gr.

52. gr. orðist svo:

Tilkynning um umsókn um viðbótarvernd skal birt í riti sem Einkaleyfastofan gefur út. Tilkynningin skal hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr. reglugerða ESB ásamt umsóknarnúmeri og umsóknardegi.

5. gr.

53. gr. orðist svo:

Umsókn um viðbótarvernd skal vera á íslensku. Ef gögn með umsókn eru á öðru tungumáli en íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku skal fylgja þýðing á eithvert þessara mála. Einkaleyfastofan getur þó fallið frá kröfu um þýðingu á fylgiskjölum. Einkaleyfastofan getur krafist þess að löggiltur skjalapýðandi, eða annar aðili sem einkaleyfayfirvöld viðurkenna, staðfesti þýðinguna.

6. gr.

54. gr. orðist svo:

Umsókn um viðbótarvernd má ekki breyta þannig að sótt sé um viðbótarvottorð fyrir aðra afurð en tilgreind var upphaflega í umsókninni eða viðbótarvottorð samkvæmt öðru grunneinkaleyfi.

7. gr.

55. gr. orðist svo:

Einkaleyfastofan heldur dagbók yfir innlagðar umsóknir. Í dagbókina skal færa eftirtalin atriði:

- 1) upplýsingar sem taldar eru upp í a-e-lið í 2. mgr. 9. gr. reglugerða ESB,
 - 2) umsóknarnúmer og umsóknardag,
 - 3) nafn og heimilisfang umboðsmanns, hafi umsækjandi umboðsmann,
 - 4) bréf er varða umsóknina og gjöld sem greidd hafa verið,
 - 5) upplýsingar er varða afgreiðslu umsóknarinnar.
- Dagbókin og einkaleyfisskjölin eru aðgengileg almenningi.

8. gr.

56. gr. orðist svo:

Við meðferð umsóknar geta einkaleyfayfirvöld tekið tillit til hvers konar upplýsinga sem þau eiga aðgang að.

Einkaleyfayfirvöld kanna ekki hvort skilyrði í d-lið í 3. gr. reglugerða ESB sé uppfyllt.

9. gr.

57. gr. orðist svo:

Um fresti í 3. mgr. 10. gr. reglugerðanna gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 15. gr. laganna og 16. gr. Fyrir endurupptöku skal greiða tilskilið gjald.

10. gr.

58. gr. orðist svo:

Við birtingu um veitingu viðbótarvottorðs samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglugerðanna skal, auk þeirra upplýsinga er þar er getið, tilgreina númer umsóknar um viðbótarvottorð, umsóknardag og skráningarnúmer vottorðsins.

Viðbótarvottorð skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr.

11. gr.

59. gr. orðist svo:

Einkaleyfastofan heldur skrá um veitt viðbótarvottorð. Í skrána skal færa þær upplýsingar, sem um getur í 58. gr. og breytingar á þeim. Upplýsingar samkvæmt 47. og 48. gr. skulu einnig færðar í skrá yfir viðbótarvottorð.

12. gr.

60. gr. orðist svo:

Verði umsókn um viðbótarvottorð endanlega hafnað eða hún afskrifuð skal birta tilkynningu þar um ásamt þeim upplýsingum sem um getur í 4. gr.

13. gr.

61. gr. orðist svo:

Árgjöld skal greiða fyrir hvert ár sem byrjar að líða eftir að gildistími grunneinkaleyfisins er liðinn.

Árgjald gjaldfellur síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári. Árgjald má greiða í fyrsta lagi þremur mánuðum fyrir gjalddaga.

Árgjald má, með tilskilinni hækkun, greiða innan sex mánaða frá gjalddaga.

14. gr.

62. gr. orðist svo:

Verði umsókn um viðbótarvottorð endanlega hafnað eða hún afskrifuð getur umsækjandi skotið þeirri ákvörðun Einkaleyfastofu til áfrýjunarnefndar innan tveggja mánaða frá því að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Ef áfrýjunarnefnd staðfestir ákvörðun Einkaleyfastofu getur umsækjandi borið þá ákvörðun undir dómstóla. Ákvæði 25. gr. einkaleyfalaga gilda eftir því sem við á um slík málskot.

Ákvörðun um veitingu viðbótarvottorðs er ekki unnt að skjóta til áfrýjunarnefndar. Hver sem er getur höfðað dómsmál til ógildingar viðbótarvottorði.

Sá er höfðar mál í samræmi við 2. mgr. skal samtímis tilkynna það Einkaleyfastofunni. Ákvæði 63. gr. einkaleyfalaga gilda um slík mál eftir því sem við á.

15. gr.

63. gr. orðist svo:

Umsækjandi um viðbótarvottorð, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann sem búsettur er hérlendis. Ákvæði 66. gr. einkaleyfalaga gilda eftir því sem við á um þessa skyldu.

16. gr.

64. gr. orðist svo:

Ákvæði 72. gr. einkaleyfalaga eiga við um glataðan rétt þegar frestir reglugerða ESB hafa ekki verið virtir, eftir því sem við getur átt. Endurveiting getur einnig átt sér stað þegar viðbótarvottorð hefur fallið úr gildi samkvæmt c-lið í 14. gr. reglugerða ESB.

Fyrir beiðni um endurveitingu skal greiða tilskilið gjald.

17. gr.

50. gr. reglugerðarinnar verður 65. gr.

51. gr. verður 66. gr. o. s. frv.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast gildi 2. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

TILKYNNING

nr. 2/1997 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 1. janúar 1998 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Aðrar olíur og blöndur til brennslu

0,80 kr. á kg

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 18. desember 1997.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUR

um Gunnarsstofnun, Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri.

1. gr.

Gunnarsstofnun starfar á grundvelli gjafabréfs Gunnars Gunnarssonar skálds og Franziscu Gunnarsson, konu hans, frá 11. desember 1948.

2. gr.

Hlutverk Gunnarsstofnunar er:

1. Að leggja rækt við bókmenntir með áherslu á ritverk og ævi Gunnars Gunnarssonar.
2. Að reka dvalarstað fyrir lista- og fræðimenn.
3. Að stuðla að atvinnuþróun á Austurlandi.
4. Að efla rannsóknir á austfirskum fræðum.
5. Að stuðla að alþjóðlegum menningartengslum á verksviði sínu.
6. Að standa fyrir sýningum og öðrum listviðburðum.

3. gr.

Gunnarsstofnun lýtur stjórn þriggja manna, sem menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn.

Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Safnastofnun Austurlands, annar af Atvinnuþróunarfélagi Austurlands. Hinn þriðji skal skipaður án tilnefningar og er hann formaður stjórnar.

Stjórnin ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf.

Stjórnin setur stofnuninni markmið til fimm ára í senn og gerir áætlun um meginþætti starfseminnar ásamt kostnaðarmati.

Stjórnin gerir árlega fjárhags- og starfsáætlun. Skal hún send menntamálaráðuneytinu fyrir lok marsmánaðar ár hvert ásamt drögum að starfsáætlun næsta árs, skýrslu um starfsemi liðins árs og ársreikningi endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Samrit endurskoðaðs ársreiknings skal sent ríkisendurskoðun.

4. gr.

Markmiðum stofnunarinnar skal náð á grundvelli samnings milli menntamálaráðuneytisins og Gunnarsstofnunar. Skal þar kveðið á um kostnaðarhlutdeild ríkisins í rekstrar- og viðhaldskostnaði húsakosts. Miðað skal við að ríkissjóður greiði laun forstöðumanns og stjórnar en stofnunin afli sjálf tekna til rekstrarins að öðru leyti.

Menntamálaráðuneytinu, 9. desember 1997.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir viðbótarvottorð fyrir lyf og plöntuvarnarefni.

1. gr.

Fyrir umsókn um viðbótarvottorð fyrir einkaleyfi skv. 65. gr. a í lög-
um um einkaleyfi greiðist..... kr. 28.700

2. gr.

Fyrir viðbótarvottorð skv. 65. gr. a í einkaleyfalögum og 51. gr. reglu-
gerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., með síðari breyt-
ingum, skal greiða eftirfarandi árgjald fyrir hvert byrjað gjaldár kr. 30.000

Árgjald, sem greitt er eftir gjalddaga en innan sex mánaða frá honum, skal hækka um
20%.

3. gr.

Um önnur gjöld vegna viðbótarvottorða og meðferðar þeirra gilda ákvæði reglugerðar
nr. 673/1996 fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. a í lögum nr. 17/1991, um
einkaleyfi, með síðari breytingum, skal öðlast gildi 2. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUR

um gjaldeyrismarkað.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands
með áorðnum breytingum, sbr. og ákvæði 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

1. gr.

Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.

Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri (markaðsaðilar) geta þeir orðið, auk Seðla-
banka, sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga
nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 679/1994, enda taki þeir á sig ábyrgð og
skyldur viðskiptavaka með Bandaríkjadal gagnvart íslenskri krónu samkvæmt ákvæðum
þessara reglna. Nefndir aðilar hafa einir rétt til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann auk
ríkissjóðs.

Hver sá, sem æskir þess að verða viðskiptavaki á gjaldeyrismarkaði skv. reglum þessum,
skal sækja um það skriflega til Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við
fullbúinni umsókn innan eins mánaðar frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina
tilkynnir hann það öllum aðilum á markaðnum fimm viðskiptadögum áður en aðild
umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn viðskiptavaka sjá 14. gr.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka.

Viðskiptavaka er skylt að gefa upp bindandi kaup- og söluverð Bandaríkjadals ef annar markaðsaðili óskar þess. Sé fjárhæð eigi tilgreind skal viðskiptavaki miða við 1.000.000 Bandaríkjadali, og er honum skylt að eiga viðskipti fyrir þá fjárhæð á tilgreindu verði. Hafi markaðsaðili aðra fjárhæð í huga skal hann tilgreina hana, en þarf ekki að segja til um hvort hann vill kaupa eða selja. Viðskiptavaka er ekki skylt að láta uppi verð fyrir aðra fjárhæð en 1.000.000 Bandaríkjadali. Að loknum viðskiptum er viðskiptavaka ekki skylt að gefa sama markaðsaðila verðtilboð aftur fyrr en eftir 5 mínútur. Seðlabankinn er undanþeginn þessu ákvæði og eru engin tímamörk á viðskiptum sem Seðlabankinn á frumkvæði að.

Viðskipti í öðrum gjaldmiðli en Bandaríkjadal eru háð samþykki beggja aðila, og getur viðskiptavaki þá vikist undan að gefa upp verð þótt þess sé óskað.

3. gr.

Markaðstími.

Millibankamarkaður með gjaldeyri stendur frá kl. 9.15 til 16.00 hvern viðskiptadag.

4. gr.

Leiðbeinandi verðtilboð.

Viðskiptavakar skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega leiðbeinandi verðtilboð á kaup- og sölugengi Bandaríkjadals á sérstakri síðu í upplýsingakerfi Reuters, Telerate, eða í öðru sambærilegu upplýsingakerfi, sem markaðsaðilar koma sér saman um að notað sé fyrir markaðinn. Einungis markaðsaðilar skulu hafa aðgang að þessum síðum. Leiðbeinandi verð skal uppfæra eigi sjaldnar en á 30 sekúndna fresti. Þar skal að öðru jöfnu sýnt það verð sem viðskiptavaki er reiðubúinn að kaupa og selja á 1.000.000 Bandaríkjadali.

5. gr.

Upplýsingakvöð viðskiptavaka.

Viðskiptavaki, sem gefið hefur upp verð er leitt hefur til viðskipta, skal tilkynna Seðlabanka símléiðis, með Reuter-mail eða eftir öðrum sambærilegum boðleiðum um þau viðskipti sem nema 500.000 Bandaríkjadölum eða meira eða jafngildi þess í öðrum gjaldmiðli eigi síðar en 5 mínútur eftir að viðskipti hafa átt sér stað. Þar skal koma fram í hvaða gjaldmiðli viðskiptin voru gerð, hver mótaðili var, fjárhæð og verð (gengi). Seðlabankinn ákveður hvaða boðleið skuli notuð í þessu skyni.

Viðskiptavakar skulu jafnframt skila Seðlabanka tvenns konar yfirliti, daglegu og mánaðarlegu, um gjaldeyrisviðskipti á millibankamarkaði og gjaldeyrisjöfnuð – í því formi sem Seðlabanki mælir fyrir um. Upplýsingar vegna hvers viðskiptadags skulu berast fyrir kl. 14.00 næsta dag, en yfirlit um hvern mánuð eigi síðar en kl. 16.00 sjöunda virkan dag næsta mánaðar.

Viðskiptavökum ber einnig að veita Seðlabankanum símléiðis aðrar upplýsingar um viðskipti og annað það sem líklegt er til þess að hafa umtalsverð áhrif á markaðinn. Viðskiptavökum ber að veita slíkum símtölum eðlilegan forgang.

6. gr.

Upplýsingakvöð Seðlabanka Íslands.

Í tengslum við ákvörðun opinbers viðmiðunargengis birtir Seðlabankinn vísitölu gengis-skráningar einu sinni á dag á Reutersíðu og/eða í öðru sambærilegu upplýsingakerfi.

Seðlabankinn sendir reglulega öllum viðskiptavökum upplýsingar um heildarviðskipti á millibankamarki með gjaldeyri.

7. gr.

Skráning opinbers viðmiðunargengis.

Seðlabankinn skráir gengisvísitölu og opinbert viðmiðunargengi íslensku krónunnar með hliðsjón af leiðbeinandi verðtilboðum viðskiptavaka eða því verði sem myndast hefur í viðskiptum Seðlabanka og viðskiptavaka. Hvern viðskiptadag milli kl. 10.45 og 11.00 skoðar Seðlabankinn tilboð allra viðskiptavaka, reiknar út miðgengi Bandaríkjadals, skráir opinbert viðmiðunargengi á þeim grundvelli og reiknar út gengi annarra gjaldmiðla í hinni opinberu gengisskráningu sinni. Enn fremur getur Seðlabanki skráð opinbert viðmiðunargengi á grundvelli síðasta viðskiptaverðs á þessu tímabili.

Seðlabankinn ákveður hvaða gjaldmiðlar verða skráðir í opinberu viðmiðunargengi og birtir kaup- og sölugengi þeirra. Gengisbil hvers gjaldmiðils skal taka mið af meðalgengisbili almenns gengis allra viðskiptavaka í sama gjaldmiðli og skal endurskoðað mánaðarlega. Gengisbili Seðlabanka verður þó aðeins breytt ef gildandi gengisbil bankans vikur frá meðalgengisbili almenns gengis viðskiptavaka um meira en 0,05 af hundraði.

8. gr.

Viðskipti Seðlabanka Íslands.

Seðlabanka Íslands er ekki skylt að eiga viðskipti við aðra markaðsaðila þótt eftir því sé leitað. Viðskiptavaka er hinsvegar skylt að eiga viðskipti við bankann í samræmi við reglur þessar.

9. gr.

Gengisbil í viðskiptum.

Viðskiptavakar skulu gera með sér samkomulag um hámarksgengisbil í tilboðum sínum með 1.000.000 Bandaríkjadali á millibankamarkaði. Gengisbil skal vera hlutfallslega svipað í öðrum gjaldmiðli. Að fenginni samhljóða niðurstöðu viðskiptavaka á símafundi er heimilt að vikja frá þessu gengisbili tímabundið í neyð, t.d. vegna verulegs þrýstings á krónuna eða vegna áfalla á erlendum mörkuðum. Skal Seðlabanka tilkynnt um slík frávik eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan 5 mínútna.

Viðskiptavökum er heimilt að hliðra til verðtilboðum með ofangreindu gengisbili, m.a. til þess að lýsa áhuga á gjaldeyrisviðskiptum.

Viðskiptavakar skulu nota sama fjölda aukastafa í verðtilboðum og gert er við skráningu opinbers viðmiðunargengis hjá Seðlabanka Íslands.

10. gr.

Tímabundin stöðvun viðskipta.

Við sérstakar aðstæður getur meirihluti viðskiptavaka samþykkt að stöðva viðskipti á millibankamarkaði, og gildir þá slík ákvörðun fram til kvölds sama dag. Þó geta viðskipti hafist aftur samdægurs ef allir viðskiptavakar samþykkja það. Ákvarðanir skv. þessari grein skulu viðskiptavakar tilkynna Seðlabankanum án tafar.

11. gr.

Gildisdagsetning viðskipta.

Í viðskiptum með erlendan gjaldeyri skulu gilda sömu reglur og á erlendum gjaldeyris-mörkuðum um gildisdagsetningar og millifærslur á erlenda bankareikninga.

12. gr.

Hæfniskröfur.

Viðskiptavakar skulu sjá til þess að starfsmenn þeirra, sem annast viðskipti á millibanka-markaði, hafi næga þekkingu til að annast gjaldeyrisviðskipti. Viðskiptavakar skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi innri eftirlitskerfum til að meta og stýra áhættu í gjaldeyrisviðskiptum.

Þá skal innra skipulag viðskiptavaka vera þannig að skýr skil séu milli gjaldeyrisviðskipta og frágangs þeirra. Ef þess er óskað skal viðskiptavaki veita Seðlabanka upplýsingar um eftirlitskerfi og innri reglur sem viðskiptavaki hefur sett sér í gjaldeyrisviðskiptum. Ef starfsemi viðskiptavaka tekur breytingum eða skipt er um yfirmenn gjaldeyrisviðskipta skal Seðlabankanum tilkynnt um slíkt fyrirfram. Jafnframt skulu viðskiptavakar tilkynna Seðlabanka um hverjir sinna gjaldeyrisviðskiptum á millibankamarkaði fyrir þeirra hönd.

13. gr.

Fundir markaðsaðila, siðareglur o.fl.

Viðskiptavakar skulu tilnefna tengiliði vegna samskipta við Seðlabankann og skal við það miðað að þeir séu yfirmenn gjaldeyrisviðskipta viðskiptavaka. Með reglulegu millibili skal Seðlabankinn boða til funda tengiliða, þar sem fjallað verði um leikreglur markaðarins. Markaðsaðilar skulu stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum, m.a. með því að setja siðareglur fyrir millibankamarkað með gjaldeyri með hliðsjón af alþjóðlegum siðareglum.

Viðskiptavakar skulu fylgjast með öllum vísbendingum um óeðlilegt atferli að því er varðar umfang, tíðni og frágang viðskipta og tilkynna Seðlabankanum um slíkt verði þeir þess áskynja og enn fremur um hvaðeina annað sem óeðlilegt gæti talist.

14. gr.

Uppsögn viðskiptavaka og viðurlög.

Viðskiptavaki, sem hyggst segja upp aðild að millibankamarkaði samkvæmt reglum þessum, skal tilkynna Seðlabanka Íslands þá ákvörðun skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Telji Seðlabanki Íslands að viðskiptavaki standi ekki við skuldbindingar samkvæmt reglum þessum getur bankinn svipt hann rétti til viðskipta við sig.

15. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. janúar 1998. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um gjaldeyrismarkað frá 8. júlí 1997.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samkomulag er um að notast verði við upplýsingakerfi Reuter vegna leiðbeinandi verðtilboða sbr. 4. gr. og Reuter-mail vegna upplýsingagjafar skv. 5. gr.

Reykjavík, 19. desember 1997.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Steingrímur Hermannsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Happraetti Háskóla Íslands,
nr. 348 8. október 1976.**

1. gr.

17. gr., sbr. reglugerð nr. 638/1995, orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvur, ásamt jaðartækjum, sem samþykktar eru af happdrættisráði og stjórn að sérfróðum manni.

- b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvum við útdrætti. Hugbúnaðurinn skal varðveittur á tölvutæku formi.
- c. Stokk sem m.a. er notaður til útdráttar á lykiltölum fyrir útdráttarforrit. Stokkurinn skal vera með átta hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvitugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- d. Stokk sem m.a. er notaður til útdráttar á einstökum númerum. Stokkurinn skal vera með fimm hólfum. Í fyrsta hólfu skulu vera kúlur sem á er skráð ein talnanna frá 0 til 5 en í öðrum hólfum skulu vera kúlur sem á er skráð ein talnanna frá 0 til 9. Þegar stokkurinn er notaður skal draga í röð úr hólfum, þannig að fyrst dragist út aftasta tala númers. Komi upp sú staða að talan 0 hafi verið dregin út fjórum sinnum í röð skal talan 0 í fyrsta hólfu jafngilda tölunni 6.

2. gr.

19. gr., sbr. reglugerð nr. 625/1996, orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram sem hér segir:

- I. Fyrri hluti útdráttar vinninga í hverjum flokki happdrættisins fer fram með eftirfarandi hætti:
 - A. Útdráttur hæstu vinninga:
 1. Vinningsnúmer vegna hæstu vinninga í 1., 2., 4.-8. og 10.-12. flokki eru dregin út með notkun fimm hólfu stokksins. Númerin skulu vera á bilinu 1 – 60.000. Tölur sem koma fram í hólfum stokksins mynda miðanúmerið.
 2. Vinningsnúmer vegna hæstu vinninga í 3. og 9. flokki eru dregin út með notkun tölvu:
 - a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun átta hólfu stokksins og er sú átta stafa tala sem fram kemur skráð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
 - b. Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
 - c. Valið er dráttarforrit og annar hugbúnaður sem tekinn er undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna. Dráttarforritið skal hannað til að draga út miðanúmer úr skrá seldra miðanúmera (tölunúmer ásamt bókstöfunum B, E, F, G og H).
 - d. Skrá seldra miðanúmera er flutt í tölvuna. Hvert selt trompmiðanúmer skal hafa verið skráð fimm sinnum í skrána þar eð trompmiði hefur sama gildi og fimm einfaldir miðar.
 - e. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykilorði tengdu tölvunni og prentast jafnframt út.
 - f. Tölvan dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá. Í hvert sinn sem trompmiðanúmer er dregið út úr skránni hlýtur eigandi þess sömu fjárhæð og eigendur útdreginna einfaldra miðanúmera. Í útdrætti er mögulegt að fimm vinningar falli á sama trompmiðann.
 - B. Útdráttur annarra vinninga en hinna hæstu fer fram með tvennum hætti:
 1. Með notkun tölvu:
 - a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun átta hólfu stokksins og er sú átta stafa tala sem fram kemur skráð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
 - b. Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
 - c. Valið er dráttarforrit og annar hugbúnaður sem tekinn er undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna. Dráttarforritið skal hannað til að draga út önnur miðanúmer en þau sem hlotið hafa hæsta vinning, þó ekki í 3. og 9. flokki.

- d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast jafnframt út.
 - e. Tölvan dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
2. Með notkun stokks:
- Valdar eru tveggja stafa tölur. Valið fer fram með notkun fimm eða átta hólfa stokks og er sú tala, sem fram kemur og síðustu tveir stafir mynda, skráð. Þetta er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölnar verða hluti af vinningaskrá, en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.
- C. Að þessum útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
- Sé óskað eftir afriti skrárinnar á disklingi eða segulbandi skal það nú gert. Dráttarforrit og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði. Happdrættisráðið færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdrattarins.
- II. Síðari hluti útdrattar vinninga í hverjum flokki happdrættisins fer fram með eftirfarandi hætti:
- A. Í 1.-11. flokki fer útdráttur vinninga þannig fram:
1. Vinningsnúmer vegna hæstu vinninga eru dregin út með notkun fimm hólfa stokksins. Númerin skulu vera á bilinu 1 – 60.000. Tölur sem koma fram í hólfum stokksins mynda miðanúmerið.
 2. Útdráttur annarra vinninga fer fram með eftirfarandi hætti:
 - a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun átta hólfa stokksins og er sú átta stafa tala sem fram kemur skráð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
 - b. Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
 - c. Valið er dráttarforrit og annar hugbúnaðaður sem tekinn er undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna. Dráttarforritið skal hannað til að draga út önnur miðanúmer en þau sem hlotið hafa hæsta vinning.
 - d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast jafnframt út.
 - e. Tölvan dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
- B. Í 12. flokki eru vinningsnúmer dregin út með notkun tölvu:
- a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun átta hólfa stokksins og er sú átta stafa tala sem fram kemur skráð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
 - b. Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
 - c. Valið er dráttarforrit og annar hugbúnaðaður sem tekinn er undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna. Dráttarforritið skal hannað til að draga út miðanúmer úr skrá seldra miðanúmera (tölunúmer ásamt bókstöfunum B, E, F, G og H), þó þannig að aðeins dragist út eitt vinningsnúmer í hverri bókstafsroð.
 - d. Skrá seldra miðanúmera er flutt í tölvuna.
 - e. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast jafnframt út.
 - f. Tölvan dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
- C. Að þessum útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
- Sé óskað eftir afriti skrárinnar á disklingi eða segulbandi skal það nú gert. Dráttarforrit og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði. Happdrættisráðið færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdrattarins.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Hapdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja.

1. gr.

Skráningargjöld lyfja.

Umsóknir um skráningu lyfs, þ.e. sérlyfs, samhliða lyfs og náttúrulyfs, skal senda til lyfjanefndar ríkisins. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika. Nefndin sendir reikning fyrir tilskildum skráningargjöldum til ríkisfjárhirslu, sem sendir umsækjanda/umboðsmanni gíróseðil til greiðslu.

Rita skal nýja umsókn ef sótt er um eftirfarandi breytingar á forsendum markaðsleyfis lyfs á Íslandi; breytingar á virkum innihaldsefnum, ný ábending lyfs, nýr styrkleiki, nýtt lyfjaform eða ný aðferð við gjöf, og ef eftirfarandi breytingar verða á dýralyfi sem notað er fyrir dýr ef afurðir þess eru notaðar til manneldis; stytting á afurðarnýtingarbiðtíma eða ný dýrategund sem nota á lyfið fyrir.

Rita skal nýja umsókn þegar sótt er um endurskráningu á lyfi og gildir hver umsókn aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og í einum styrkleika.

Upphæðir skráningargjalda eru samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa. Skráningargjöld eru óafturkræf þótt umsókn sé synjað.

2. gr.

Breyting á forsendum markaðsleyfis.

Sækja skal um minniháttar breytingu á forsendum markaðsleyfis, tegund I og meiriháttar breytingu á forsendum markaðsleyfis, tegund II, (samkvæmt skilgreiningu Evrópu-sambandsins sbr. EC 541/95) á þar til gerðu eyðublaði.

Greiða skal gjald samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa fyrir tegund I breytingar s.s. breytingar á lyfja- og efnafræðilegum gögnum eða breytingar á markaðsleyfishafa.

Greiða skal gjald samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa fyrir eftirfarandi tegund II breytingar;

- breytt samsetning óvirkra innihaldsefna.
- allar viðameiri uppfærslur á lyfja- og efnafræðigögnum,
- samantekt um öryggi lyfsins (Periodic safety update),
- öllum viðameiri breytingum á texta fylgiseðils, samantekt um eiginleika lyfs eða sérlyfjaskrártexta,
- öllum viðameiri breytingum á innri og ytri umbúðum og er þá átt við ef um er að ræða breytingar sem krefjast nýrra lyfja- og efnafræðilegra upplýsinga.

Hver umsókn gildir fyrir eina breytingu nema um sé að ræða breytingu sem hefur aðrar í för með sér.

3. gr.

Árgjöld.

Af hverju formi og styrkleika sérlyfs, samhliða lyfs og náttúruleys sem hefur markaðsleyfi, 1. janúar ár hvert, skal handhafi markaðsleyfis þess greiða árlegt gjald, samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa, er greiddist fyrir 1. mars ár hvert, skv. reikningi frá lyfjanefnd ríkisins. Reikningar fyrir árgjöldum lyfja skulu greiddir hjá ríkisfjárhirslu.

Árgjöldum er m.a. ætlað að standa undir kostnaði við afgreiðslu á umsóknum um viðaminni breytingar á forsendum markaðsleyfis og viðhaldi lyfjaskráa.

Sé handhafi markaðsleyfis lyfs erlendur ber umbjóðanda hans hér á landi að standa skil á greiðslu árgjalds.

4. gr.

Markaðsleyfi sérlyfja og samhliða lyfja og önnur vottorð.

Umsækjandi um markaðsleyfi sérlyfs og samhliða lyfs skal greiða fyrir markaðsleyfi lyfsins samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa. Hvert markaðsleyfi gildir fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og í einum styrkleika.

Lyfjanefnd ríkisins gefur út markaðsleyfi fyrir sérlyf, samhliða lyf og náttúruleyf.

Lyfjanefnd ríkisins gefur út vottorð samkvæmt leiðbeiningum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, til lyfjafyrirtækja því til staðfestingar að lyf hafi markaðsleyfi á Íslandi. Umsækjandi um slíkt vottorð greiðir gjald samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa.

5. gr.

Klínískar lyfjarannsóknir og rannsóknir á aðgengi lyfja.

Sækja ber um heimild til klínískrar lyfjarannsóknar og rannsóknar á aðgengi lyfs til lyfjanefndar ríkisins, sbr. ákvæði 4. t. l. 3. mgr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum og skal greiða fyrir slíka umsókn samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa.

Þessi gjöld eru óafturkræf þótt umsókn um heimild til klínískrar lyfjarannsóknar eða rannsóknar á aðgengi lyfs sé synjað.

6. gr.

Óskráð sérlyf.

Heimilt er að innheimta gjöld vegna innflutnings og sölu óskráðra sérlyfja, sbr. ákvæði 3. t. l. 3. mgr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Lyfjanefnd innheimtir 2% af heildarinnkaupsverði lyfsins á árinu ef heildarinnkaupsverð er umfram 10.000 kr. og er gjaldið innheimt eftir á. Gjald vegna heimildar til innflutnings og sölu óskráðs lyfs skal þó aldrei nema hærra upphæð en 75.000 kr.

Lyfjanefnd ríkisins getur í undantekningartilfellum fallið frá gjaldtöku vegna innflutnings óskráðra lyfja, t.d. ef um sjaldgæf, lífsnauðsynleg lyf er að ræða.

7. gr.

Undanþágur frá greiðslu árgjalda.

Lyfjanefnd ríkisins er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu árgjalds lyfs, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist nefndinni með nákvæmum upplýsingum um heildarmagn, sem selt hefur verið af lyfinu árið á undan, auk upplýsinga um heildarupphæð heildsöluverðs lyfsins á ársgrundvelli.

8. gr.

Sértekjur lyfjanefndar ríkisins.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar ríkisins, sbr. ákvæði 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og eru þau aðfararhæf.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 650/1996 um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

VIÐAUKI I

Flokkar gjalda.

Flokkur	Upphæð skráningargjalda í kr.
Nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	75.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	15.000
Nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	50.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	10.000
Samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	30.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	6.000
Náttúruleyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	30.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	6.000
Nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf.	30.000
Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	10.000
Breyting á forsendum markaðsleyfis, tegund II samkvæmt skilgr. ES	4.000
Breyting á forsendum markaðsleyfis, tegund I samkvæmt skilgr. ES	2.000
Endurskráning lyfja	25.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	5.000
Markaðsleyfi og önnur vottorð	2.000
Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform	11.000
Klínísk lyfjaprófun	25.000
Klínísk frásogsprófun	12.500

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttótonnatölu skips samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Vitagjald kr. 60,70 af hverju brúttótonni skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttótonn eða stærr og taka höfn hér á landi og skal hálf tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 15,20.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum eða af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða 1/4 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórnin, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarþók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 56 frá 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vitagjald nr. 188 frá 15. mars 1995.

Samgönguráðuneytinu, 22. desember 1997.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.

1. gr.

13. gr. breytist þannig:

- a. 2. másl. g - liðar falli brott.
- b. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ákveða má að við útdrátt vinninga í hverjum flokki skuli draga sérstaklega út tiltekinn fjöldi vinninga sem dregnir skulu eingöngu úr seldum miðum. Drátturinn fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið. Ef fimm fyrstu stafir sem þá koma upp mynda tölu á bilinu 1 - 75.000 skal sú tala skráð. Telst hún vinningsnúmer ef happdrættismiði með því númeri er seldur. Valið skal endurtekið þar til slík tala hefur komið upp úr seldum miðum svo oft sem velja á.

Happdrættisráðið færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdrattarins.

2. gr.

Við reglugerðina bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákveða má að í 10. flokki 1998 skuli að loknum útdrætti samkvæmt a - f- liðum 1. mgr. 13. gr. draga sérstaklega út tiltekinn fjöldi vinninga þannig að valdar eru tveggja stafa tölur. Drátturinn fer fram með notkun tölvu og í samræmi við ákvæði 13. gr. Þær tölur sem fram koma vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 579/1989, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

- 1.1. Búfjármörk eru: Örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eynamörk. Skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eynamörkuð fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimerki eða númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn.

2. gr.

3. mgr. 5. gr. rg. nr. 579/1989, sbr. rg. nr. 410/1992 og 50/1994, orðast svo:

Við eigendaskipti skal frostmerkingarvottorð fylgja gripnum og tilkynna ber eigendaskipti til Bændasamtaka Íslands á þar til gerðu eyðublaði, sem Bændasamtök Íslands láta gera. Óheimilt er að slátra frostmerktu hrossi eða flytja úr landi nema vottorðinu sé framvísað svo og staðfestingu Bændasamtaka Íslands um hver sé skráður eigandi gripsins.

3. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein um örmerkingar hrossa, er verður 6. gr. og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinin er svohljóðandi:

- 6.1. Tilgangur örmerkinga er að tryggja sem best réttar skráningar, uppruna gripa og sönnun á eignarrétti.
- 6.2. Eingöngu er heimilt að nota örmerki, tæki til ísetningar og aflestrar þeirra, sem hlotið hafa opinbera vottun samkvæmt reglum Alþjóðlega staðlaráðsins, þ.e. ISO/DIS 11784/11785. Bændasamtök Íslands veita leyfi til örmerkinga og hafa umsjón með framkvæmd þeirra.
- 6.3. Bændasamtök Íslands annast skráningu örmerkja og dreifingaraðila og alla meðferð og vörslu upplýsinga um framkvæmd örmerkinga á hrossum. Skylt er þeim sem annast ísetningu örmerkja að fylla út þar til gerð vottorð í þríriti þar sem skráð er númer örmerkis og auðkenni gripsins. Frumrit skal senda Bændasamtökum Íslands sem skrá upplýsingarnar í gagnavörslukerfið Feng. Afrit fær eigandi eða umráðamaður gripsins og eitt afrit geymir sá aðili sem annast örmerkinguna.
- 6.4. Örmerki skal komið fyrir undir faxrót í eða við sinaband undir faxrót, vinstra megin á hálsi um miðjan makka. Við örmerkingu skal þess gætt að fara vel að gripnum og fylgja viðeigandi leiðbeiningum við ísetningu og aflestur örmerkis.
- 6.5. Við eigendaskipti skal örmerkingarvottorð fylgja gripnum og tilkynna ber eigendaskipti til Bændasamtaka Íslands á þar til gerðu eyðublaði, sem Bændasamtökin láta gera. Óheimilt er að slátra örmerktu hrossi eða flytja úr landi, nema framvísað sé örmerkingarvottorði og staðfestingu Bændasamtaka Íslands um skráðan eiganda. Sláturleyfis höfum ber að gæta þess að ætíð sé lesið af örmerkjum og frostmerkjum hrossa við slátrun, til að staðfesta réttan uppruna og eignarhald gripa. Þá skulu eftirlitsdýralæknar gæta þess að upplýsingar samkvæmt örmerkingu séu ávallt skráðar á heilbrigðisvottorð vegna útflutnings hrossa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur er taki gildi 1. janúar 1998:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 319 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir hitaveitutaxtar hækka um 1,7% frá og með 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 158/1996.

1. gr.

1. og 2. tl. 3. gr. orðast svo:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 900 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 900 kr. greiðir sjúkratryggður 30%, en þó aldrei meira en 1700 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 300 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 300 kr. skulu þeir greiða 15%, en þó aldrei meira en 500 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. gr.

1. og 2. tl. 4. gr. orðast svo:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 900 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 900 kr. greiðir sjúkratryggður 60%, en þó aldrei meira en 3300 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 300 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 300 kr. skulu þeir greiða 30%, en þó aldrei meira en 900 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

3. gr.

Við b. lið 5. gr. bætist eftirfarandi lyfjaflokkur:

R 06 AA 02 Dífenhýdramín

4. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

1. Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota að staðaldri, eða um lengri tíma, lyf sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að gefa út tímabundin lyfjaskírteini.
Lyf sem auðkennd eru 0 í lyfjaskrá greiðast þá samkvæmt E merkingu (sbr. 4.gr.). Lyf sem auðkennd eru E í lyfjaskrá greiðast þá samkvæmt B merkingu (sbr. 3. gr.). Tryggingastofnun ríkisins skal setja sér starfsreglur um útgáfu lyfjaskírteina þessara.
2. Þegar sjúklingi er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, eða um lengri tíma, lyf sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að gefa út tímabundin lyfjaskírteini, sem undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka.
Sem dæmi má nefna sjúklinga með flogaveiki, Parkinsonsveiki, lokastigsnýrnabilun, krabbamein, alvarlega áunna eða meðfædda truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi eða sambærilega sjúkdóma og í undantekningartilvikum sjúklinga sem þurfa að nota fjölda lyfja samtímis. Tryggingastofnun ríkisins skal setja sér starfsreglur um útgáfu lyfjaskírteina þessara.
3. Lyfjaávisanir útgefnar af göngudeildum geðdeilda greiðast að fullu af Tryggingastofnun ríkisins, hljóði þær á lyf sem falla undir eftirfarandi lyfjaflokka:
N 04 A, andkólinvirk lyf,
N 05 A, sterk geðlyf (neuroleptica),
N 06 A, geðdeyfðarlyf (antidepressiva).
Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
4. Leysiefni sem nauðsynlegt er með virku inndælingarlyfi (þurrefni eða þykkni) skal greitt á sama hátt og viðkomandi inndælingarlyf.

5. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki nema í undantekningartilfellum þátt í greiðslu lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi, en sem heimilt er að nota samkvæmt undanþágu, sbr. 4. og 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Í slíkum tilvikum skal framvísa lyfjaskírteini sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út í samræmi við þær starfsreglur sem stofnunin setur sér.

6. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður greiðslutilhögun lyfja vegna nýrra markaðsleyfa og breytinga á markaðsleyfum, að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við 41. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. desember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku er taki gildi 1. janúar 1998:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 318 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir rafhitataxtar hækka um 1,7%.

Almennur taxti A1 lækkar um 4,2%.

Breytingin gildir frá og með 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, B-hluta.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur er taki gildi 1. janúar 1998.

- Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, B-hluti, nr. 383 10. júní 1997, breytist þannig:
2. gr. Raforkugjöld lækka um 2,0%, önnur en B.2 Útílysing, viðhaldsgjald.
 3. gr. Heimtaugargjöld, mælaleiga, tengigjald, álestrargjald, innheimtugjald, verða óbreytt.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um (28.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi nýtt eyðublað fyrir umsókn til lyfjanefndar ríkisins um leyfi til að nota lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á Íslandi bætist við viðauka 1 við reglugerðina:

Umsókn til lyfjanefndar ríkisins um leyfi til að nota lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á Íslandi (sbr. 4. og 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994). Samþykkt leyfi gildir sem lyfseðill og/öð þöntun.

Upplýsingar um lyfið	Umsækjandi (læknir, tannlæknir, dýralæknir, stofnun). Fullt pósthfang.		<input type="checkbox"/> Lyfseðill fyrir sjúkling/eiganda dýrs	Afhendist apóteki
			<input type="checkbox"/> Þöntun fyrir sjúkrahús/stofnun	Sendist til lyfjanefndar ef það á við
			<input type="checkbox"/> Þöntun frá dýralækni	
			<input type="checkbox"/> Þöntun vegna klínískrar rannsóknar	Sendist beint til lyfjanefndar ríkisins
Upplýsingar um sjúkling/stofnun/dýr	Virkt/virk efni (INN-heiti (ef þekkt))		Sérheiti	
	Lyfjaform		Styrkleiki virks efnis	Pakkningarstærð
	Fjöldi pakkninga, sem sótt er um	Afgreiðist _____ sinni / sinnum á _____ daga fresti		
	Framleiðandi/innflytjandi		ATC-flokkun (ef þekkt)	Vörunúmer
Útskýringar og rök	Heiti sjúklings/stofnunar/sjúkradeildar/dýralæknis/eiganda dýrs			
	Heimilisfang		Kennitala	
	Ábending			
	Skömmun og notkunarleiðbeiningar			
Ákvörðun og undirskrift	Fyrir dýralyf þarf að upplýsa um biðtíma fyrir afurðanýtingu, ef það á við.		Apótek/sjúkrahúsapótek	
	Mjólk:	Slátrun:		
	Rökstuðningur fyrir ósk læknis um notkun lyfsins (við endurtekna umsókn þarf rökstuðningur að koma fram í hvert skipti)			
	Undirrituðum er að fullu ljóst að sá sem ávísar lyfi sem ekki hefur verið metið af heilbrigðisfyrirvöldum, tekur á sig ábyrgð gagnvart sjúklingi. Honum ber að sýna sérlega aðgát hvað varðar gað, eiturefnafræði, lyfjafræði, klínísk áhrif og aukaverkanir lyfsins. Dýralæknir er einnig ábyrgur fyrir því að dýraeigandi sé upplýstur um biðtíma fyrir afurðanýtingu.		Umsögn lyfjanefndar	
<u>Dagsetn.</u> _____ <u>Undirskrift læknis/tannlæknis/dýralæknis</u> _____		<input type="checkbox"/> Umsókn samþykkt		
<u>Læknanúmer</u> _____ <u>Nafn</u> _____		<input type="checkbox"/> Umsókn endursend vegna eftirfarandi:		
(einnig skrifað með prentstöfum eða stimplað, sé umsækjandi annar)		<input type="checkbox"/> Ófullnægjandi upplýsingar um lyfið		
Stimpill apóteks:		<input type="checkbox"/> Ófullnægjandi rök fyrir notkun		
		<input type="checkbox"/> Umsókn hafnað vegna eftirfarandi:		
		<input type="checkbox"/> Sambærilegt sérlyf skráð		
		<input type="checkbox"/> Annað		
		Skýringar		
		Dagsetning _____ F.h. lyfjanefndar ríkisins		

2. gr.

Eftirfarandi lyf er felld úr viðauka 4 við reglugerðina:

Ephedrinum
Terfenadinum

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Levocabastinum	Augndropar. Í hverjum dropa 15 mikrog. Mest 4 ml handa einstaklingi.	Livostin , augndropar 0,5 mg/ml.	Samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins.
Lindanum (hexicidum)	Lyfjaform til útvortis notkunar, mest 10 mg/g eða 10 mg/ml (1%)	Quellada , hársápa	Samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. janúar 1998.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 1997.***Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Einar Magnússon.***AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 365 24. júní 1996, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins fyrir smásölu og heildsölu orku hækkar um 1,7% með tveimur undantekningum:

Orkuverð vegna götulýsingar lækkar úr 7,75 kr. í 6,83 kr/kWh en við bætist nýr liður: viðhaldsgjald vegna götulýsingar 2,00 kr/kWh.

Orkuverð marktaxta hækkar að auki um 0,45 kr/kWh, en á móti er aukinn afsláttur á húshitun um sömu upphæð 0,45 kr/kWh.

Tengigjöld hækka frá sama tíma í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu frá janúar 1997 til janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um einkennisbúninga, merki
og búnað lögreglumanna, nr. 528 18. ágúst 1997.

1. gr.

Við grein 18, ákvæði til bráðabirgða, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er til 1. apríl 1998 að bera einkennishúfu 1 með öðrum einkennisfatnaði en jakka 1 og regnfrakka.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Simon Sigvaldason.

18. desember 1997

Nr. 717

AUGLÝSING

um sameiningu Dalabyggðar og Skógarstrandarhrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Dalabyggð og Skógarstrandarhrepp í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Dalabyggð.
2. Dalabyggð hin nýja skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Skógarstrandarhreppi og Dalabyggð.
3. Íbúar Skógarstrandarhrepps og Dalabyggðar skulu vera þegnar hinnar nýju Dalabyggðar.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Dalabyggð og Skógarstrandarhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Skógarstrandarhrepps skulu afhent Dalabyggð til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem var kjörin í Dalabyggð í kosningum þeim, er fram fóru 28. maí 1994, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hinnar nýju Dalabyggðar. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. desember 1997.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum, nr. 403 27. júní 1997.

1. gr.

Viðauki, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, orðist eins og greinir í viðauka við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. 3. gr. laga nr. 57 22. maí 1997, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

VIÐAUKI

Skrá um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga eða reglum samkvæmt þeim varða sektum og sviptingu ökuréttar samkvæmt þessari skrá.

5. gr. * Akstur gegn rauðu umferðarljósi * Ekið gegn einstefnu * Ekið fram úr þar sem bannað er * Öhlýðni ökumanns við leiðbeiningum lögreglu	kr. 4.000-11.000
8. gr. * Eigi vikið úr vegi fyrir ökutæki til neyðaraksturs sem gefur hljóð- eða ljósmerki	kr. 5.000
10. gr. * Brot á skyldum við umferðaróhapp	kr. 5.000
13. gr. * Bifreið ekið eftir gangstétt eða gangstíg og önnur brot gegn ákvæðum greinarinnar	kr. 4.000
14. - 17. gr. * Ekið á röngum vegarhelmingi, of stutt bil á milli ökutækja og önnur brot gegn ákvæðum þessara greina	kr. 4.000
18. gr. * Eigi virtur forgangur hópibifreiðar sem gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð	kr. 4.000
19. gr. * Eigi vikið nægjanlega eða dregið úr hraða vegna ökutækis sem á mótí kemur	kr. 3.000
20. gr. * Ekið ógætilega fram úr hópibifreið á biðstöð	kr. 5.000
21. gr. * Framúrakstur hindraður vísvitandi	kr. 5.000
22. gr. * Framúrakstur við vegamót	kr. 5.000
24. gr. * Framúrakstur við gangbraut	kr. 8.000
25. gr. * Eigi virtur almennur forgangur umferðar (hægri reglan) * Eigi virt biðskylda * Eigi virt stöðvunarskylda * Eigi vikið fyrir umferð á vegi sem ekið er inn á frá bifreiðastæði, lokaðri landareign o.þ.h.	kr. 5.000-11.000

26. gr. * Brot á skyldum gagnvart gangandi vegfarendum						kr. 7.000
27. gr. * Ökutæki lagt eða stöðvað þannig að það veldur óþægindum eða hættu fyrir umferðina						kr. 3.000-5.000
31. gr. * Brot á reglum um merki og merkjagjöf						kr. 3.000
32. gr. * Ökuljós eigi tendruð eða ekið með háum ljósgeisla í stað þess lága						kr. 3.000
36. gr. * Ekið hraðar en aðstæður leyfa						kr. 7.000-13.000
37. - 38. gr. * Ekið hraðar en 11 – 41 km á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða * Ef ekið er enn hraðar gildir eftirfarandi tafla:						kr. 7.000-12.000
<i>Hraði</i>	<i>50 km</i>	<i>60 km</i>	<i>70 km</i>	<i>80 km</i>	<i>90 km</i>	
92-101	16.000					
102-106 Svipting	20.000 1 mán.	16.000				
107-111 Svipting	24.000 1 mán.	16.000				
112-116 Svipting	28.000 2 mán.	20.000 1 mán.	16.000			
117-121 Svipting	32.000 3 mán.	24.000 1 mán.	16.000			
122-126 Svipting	36.000 4 mán.	28.000 2 mán.	20.000 1 mán.	16.000		
127-131 Svipting	40.000 4 mán.	32.000 3 mán.	24.000 1 mán.	16.000		
132-136 Svipting	40.000 6 mán.	36.000 4 mán.	28.000 2 mán.	20.000 1 mán.	16.000	
137-141 Svipting	48.000 6 mán.	40.000 4 mán.	32.000 3 mán.	24.000 1 mán.	16.000	
142-146 Svipting	48.000 8 mán.	40.000 6 mán.	36.000 4 mán.	28.000 2 mán.	20.000 1 mán.	
147-151 Svipting	60.000 12 mán.	48.000 6 mán.	40.000 4 mán.	32.000 3 mán.	24.000 1 mán.	
41. gr. * Bifhjóli ekið samhliða öðru ökutæki * Bifhjóli ekið um gangstíg eða gangstétt						kr. 3.000
42. gr. * Farbeggi fluttur á léttu bifhjóli						kr. 4.000
43. gr. * Akstur torfærutækis á almennum umferðarleiðum						kr. 4.000
44. gr. * Lyfjakstur (1. brot)						kr. 20.000-47.000 Svipting: 6-12 mán

45. gr. * Ölvunarakstur (1. brot)		
<i>Alkóhólmagn í blóði 0/00</i>	<i>Sekt kr.</i>	<i>Svipting</i>
0,60-0,70	24.000	1 mán.
0,71-0,85	28.000	2 mán.
0,86-0,99	32.000	3 mán.
1,00-1,19	36.000	4 mán.
1,20-1,32	40.000	6 mán.
1,33 og yfir	47.000	12 mán.
48. gr. * Akstur bifreiðar og bifhjóls án réttinda í fyrsta og annað sinn * Ökuskírteini ekki meðferðis * Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini * Akstur sviptur ökurétti (1. brot) Akstur sviptur ökurétti (2. brot)		kr. 3.000-7.000 kr. 47.000 kr. 93.000
50. gr. * Akstur bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess * Akstur bifreiðar sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða akstur annarra ökutækja án þess að hafa fengið tilskilin réttindi til þess		kr. 7.000-13.000
55. gr. * Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, léttis bifhjóls og torfærutækis án réttinda		kr. 4.000
58. gr. * Eigi gerð grein fyrir hver hafi stjórnað ökutæki á tilteknum tíma * Manni, sem ekki hefur réttindi til að stjórna ökutæki, falin stjórn þess		kr. 16.000 kr. 4.000
59. gr. (sbr. reglur um gerð og búnað ökutækja) * Helstu stjórnækjum ökutækis áfátt, svo sem stýrisbúnaði og hemlum, eða ökutæki verulega áfátt merkjatækjum og ljósabúnaði * Fyrir hvern óhæfan hjólbarða * Nagladekk án heimildar		kr. 3.000-7.000
62. gr. (sbr. reglur um eftirvagna og tengitæki) * Of margir eftirvagnar eða tengitæki * Bifhjól notað til þess að draga eftirvagn eða tengitæki		kr. 4.000-7.000
63. gr. * Notkun skráningarskylds ökutækis, án skráningar þess		kr. 7.000-13.000
64. gr. * Vanrækt að tilkynna eigendaskipti * Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg * Skráningarmerki vísitandi gerð ógreinileg		kr. 3.000-5.000
67. gr. * Vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar eða endurskoðunar		kr. 3.000-7.000
71. gr. * Öryggisbelti eða annar öryggis- og verndarþúnaður ekki notaður þegar skylt er		kr. 3.000-4.000
72. gr. * Ökumaður eða farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms		kr. 3.000
73. - 75. gr. * Óhæfilega gengið frá farmi eða breidd eða hæð ökutækis of mikil * Fyrir hvern farþega sem ofaukið er		kr. 3.000-7.000
76. gr. * Áspungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark * Áspungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark * Áspungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark * Áspungi meiri en 30% umfram leyfilegt hámark		kr. 11.000 kr. 19.000 kr. 27.000 kr. 35.000
77. gr. * Munir eða tæki skilin eftir á alfaraleið til hættu eða óþæginda fyrir umferð		kr. 4.000

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./stk
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar					
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Aðrar útiplöntur:					
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Inniplöntur:					
0602.9070	Græðlingar með rót og ungl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9091	Kaktusar og þykkblóðungar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.04.98	2.500	30	0
0602.9099	Annars (Pottapl. yfir 1. metri á hæð)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plöntur af ættkvíslum brönu-grasa „orchids“	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.98	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslimar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskomar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.01.-30.04.98	5.500	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0603.1009	Blóm af ættkvíslum brönu-grasa „orchids“	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1009	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. úttefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

E 301	Natríumaskorbat	E 363	Succinic sýra
E 302	Kalsíumaskorbat	E 380	Tríammóníumsítrat
E 304	Askorbýlpalmitat	E 385	Kalsíumdínatríum-EDTA
E 304	Askorbýlsterat	E 400	Algínsýra
E 306	Tókóferól (náttúrulegt)	E 401	Natríumalgínat
E 307	Alfa-Tókóferól (gerviefni)	E 402	Kalíumalgínat
E 308	Gamma-Tókóferól (gerviefni)	E 403	Ammóníumalgínat
E 309	Delta-Tókóferól	E 404	Kalsíumalgínat
E 310	Própýlgallat	E 405	Própýlenglýkólalgínat

E 406	Agar	E 472c	Mónó- og díglýseríð sitrónusýru
E 407	Karragenan	E 472d	Mónó- og díglýseríð vínsýru
E 407a	Unnir eucheuma þörungar	E 472e	Mónó- og díglýseríð, mónó- og díasetýlvínsýru
E 410	Karób gúmmí	E 472f	Blönduð mónó- og díglýseríð edíksýru og vínsýru
E 412	Gúar gúmmí	E 473	Súkrósfítusýruesterar
E 413	Tragant	E 474	Súkróglýseríð
E 414	Arabískt gúmmí	E 475	Pólyglýserólfítusýruesterar
E 415	Xantan gúmmí	E 476	Pólyglýserólesterar intereðteraðrar ríkínólsýru
E 416	Karaya gúmmí	E 477	Própýlenglýkólfítusýruesterar
E 417	Tara gúmmí	E 479b	Hitaoxuð sojaaolía með mónó- og díglýseríðum fítusýra
E 418	Gellan gúmmí	E 481	Natríumsteróýllaktýlat
E 420	Sorbitól	E 482	Kalsíumsteróýllaktýlat
E 420	Sorbitólsíróp	E 483	Sterýltartarat
E 421	Mannítól	E 491	Sorbitanmónósterat
E 422	Glýseról	E 492	Sorbitantrísterat
E 431	Pólyoxietýlensterat	E 493	Sorbitanmónólaurat
E 432	Pólyoxietýlen sorbitanmónólaurat	E 494	Sorbitanmónóóleat
E 433	Pólyoxietýlen sorbitanmónóóleat	E 495	Sorbitanmónópalmitat
E 434	Pólyoxietýlen sorbitanmónópalmitat	E 500	Natríumkarbónat
E 435	Pólyoxietýlen sorbitanmónósterat	E 500	Natríumvetniskarbónat
E 436	Pólyoxietýlen sorbitantrísterat	E 500	Natríumsesquikarbónat
E 440	Pektín	E 501	Kalíumkarbónat
E 440	Pektín, amíderað	E 501	Kalíumvetniskarbónat
E 442	Ammóníumfosfatíð	E 503	Ammóníumkarbónat
E 444	Súkrósuasetat ísóbútýrat	E 503	Ammóníumvetniskarbónat
E 445	Glýserólesterar úr viðarkvoðu	E 504	Magnesiumkarbónat
E 450	Dínatríumdífosfat	E 504	Magnesiumvetniskarbónat
E 450	Trínatríumdífosfat	E 507	Saltsýra
E 450	Tetranatríumdífosfat	E 508	Kalíumklóríð
E 450	Dikalíumdífosfat	E 509	Kalsíumklóríð
E 450	Tetrakalíumdífosfat	E 511	Magnesiumklóríð
E 450	Dikalsíumdífosfat	E 512	Stannoklóríð
E 450	Kalsíumdívetnisdífosfat	E 513	Brennisteinssýra
E 451	Pentanatríumtrífosfat	E 514	Natríumsúlfat
E 451	Pentakalíumtrífosfat	E 514	Natríumvetnissúlfat
E 452	Natríumpólyfosfat	E 515	Kalíumsúlfat
E 452	Kalíumpólyfosfat	E 515	Kalíumvetnissúlfat
E 452	Natríumkalsíumpólyfosfat	E 516	Kalsíumsúlfat
E 452	Kalsíumpólyfosfat	E 517	Ammóníumsúlfat
E 460	Sellulósa, fínkristölluð	E 520	Álsúlfat
E 460	Sellulósuðuft	E 521	Natríumálsúlfat
E 461	Metýlsellulósa	E 522	Kalíumálsúlfat
E 463	Hýdroxíprópýlsellulósa	E 523	Ammóníumálsúlfat
E 464	Hýdroxíprópýlmetýlsellulósa	E 524	Natríumhýdroxíð
E 465	Metýletýlsellulósa	E 525	Kalíumhýdroxíð
E 466	Karboxímetýlsellulósa	E 526	Kalsíumhýdroxíð
E 466	Natríumkarboxímetýlsellulósa	E 527	Ammóníumhýdroxíð
E 470a	Fítusýrur, natríum-, kalíum- og kalsíumsölt	E 528	Magnesiumhýdroxíð
E 470b	Fítusýrur, magnesíumsölt	E 529	Kalsíumoxíð
E 471	Mónó- og díglýseríð fítusýra		
E 472a	Mónó- og díglýseríð edíksýru		
E 472b	Mónó- og díglýseríð mjólkursýru		

E 530	Magnesiumoxíð	E 914	Oxað pólýetýlenvax
E 535	Natríumferrósýaníð	E 927b	Karbamíð
E 536	Kalíumferrósýaníð	E 938	Argon
E 538	Kalsíumferrósýaníð	E 939	Helíum
E 541	Natríumálfosfat	E 941	Köfnunarefni
E 551	Kísildíoxíð	E 942	Köfnunarefnisoxíð
E 552	Kalsíumsilikat (asbestfrítt)	E 948	Súrefni
E 553a	Magnesiumsilikat	E 950	Asesúlfam-K
E 553a	Magnesiumtrísilikat	E 951	Aspartam
E 553b	Talkúm, asbestfrítt	E 952	Sýklamínsýra
E 554	Natríumálsilikat	E 952	Kalsíumsýklamat
E 555	Kalíumálsilikat	E 952	Natríumsýklamat
E 556	Kalsíumálsilikat	E 953	Ísómalt
E 558	Bentónít	E 954	Sakkarín
E 559	Álsilikat	E 954	Kalsíumsakkarínat
E 570	Fitusýrur	E 954	Kalíumsakkarínat
E 574	Glúkónsýra	E 954	Natríumsakkarínat
E 575	Glúkónó-delta-laktón	E 957	Támatín
E 576	Natríumglúkónat	E 959	Neóhesperidín DC
E 577	Kalíumglúkónat	E 965	Maltitól
E 578	Kalsíumglúkónat	E 965	Maltitól síróp
E 579	Járnglúkónat	E 966	Laktitól
E 585	Járlaktat	E 967	Xylitól
E 620	Glútamínsýra	E 999	Quillaia kjarni
E 621	Mónónatríumglútamat (MSG)	E 1105	Lýsósím
E 622	Mónókalíumglútamat	E 1200	Pólýdextrósi
E 623	Kalsíumdíglútamat	E 1201	Pólývinýlpýrrolidón
E 624	Mónóammóníumglútamat	E 1202	Pólývinýlpólýpyrrolidón
E 625	Magnesiumdíglútamat	E 1404	Sterkja, oxuð
E 626	Gúanýlsýra	E 1410	Mónósterkjufosfat
E 627	Dínatríumgúanýlat	E 1412	Dísterkjufosfat
E 628	Díkalíumgúanýlat	E 1413	Fosfaterað dísterkjufosfat
E 629	Kalsíumgúanýlat	E 1414	Asetýlerað dísterkjufosfat
E 630	Inósínsýra	E 1420	Sterkjuasetat
E 631	Dínatríuminósínat	E 1422	Asetýlerað dísterkjuadipat
E 632	Díkalíuminósínat	E 1440	Hýdroxíprópýldísterkju
E 633	Kalsíuminósínat	E 1442	Hýdroxíprópýldísterkjufosfat
E 634	Kalsíumríbónúkleótíð	E 1450	Sterkjunatríumoktenýlsuccínat
E 635	Dínatríumríbónúkleótíð	E 1505	Tríetýlsítrat
E 640	Glýsín	E 1518	Glýserýl tríasetat (tríasetín)
E 640	Natríumglýsínat		Próppýlenglýkól
E 900	Dímetylpólýsílóxan	510	Ammóníumklóríð
E 901	Bívax (hvítt og gult)		Kaffeín
E 902	Candelillavax		Pepsín
E 903	Karnaubavax		Rennín
E 904	Shellakk		Invertasi
E 912	Montansýruesterar		Pektínasi

Viðauki 4 verði svohljóðandi:**VIÐAUKI 4
Skilgreining aukefnaflokka.**

Eftirtalin efni teljast til aukefna:

- a) *litarefni* gefa matvælum lit eða skila aftur lit matvæla og meðal þeirra eru náttúruleg innihaldsefni matvæla og náttúruleg efni sem alla jafnan er ekki neytt sem matvæla og eru ekki notuð sem einkennandi hráefni í matvæli;
- b) *sætuefni* eru notuð til að gefa matvælum sætt bragð og sem borðsætuefni;
- c) *rotvarnarefni* lengja geymsluþol matvæla með því að verja þau gegn skemmdum af völdum örvera;
- d) *þráavarnarefni* lengja geymsluþol matvæla með því að verja þau gegn skemmdum vegna oxunar, s.s. þránunar fitu og litarbreytinga;
- e) *burðarefni*, þar með talin leysiefni, eru notuð til að uppleysa, þynna, dreifa eða breyta eðliseiginleikum aukefna á annan hátt, til að auðvelda meðhöndlun eða notkun þeirra, án þess þó að breyta tæknilegum áhrifum aukefna eða að hafa sjálf tæknileg áhrif;
- f) *sýrur* eru notaðar til að breyta sýrustigi matvæla og/eða til að gefa matvælum súrt bragð;
- g) *sýrustillar* breyta eða stýra sýrustigi matvæla;
- h) *kekjavarnarefni* draga úr tilhneigingu einstakra efnisagna til að bindast saman;
- i) *froðueyðar* koma í veg fyrir eða draga úr froðumyndun;
- j) *umfangsaukar* auka rúmmál matvæla án þess að hafa afgerandi áhrif á orkuinnihald þeirra;
- k) *yruerfi* gera mögulegt að framleiða stöðuga og einsleita blöndu óblandanlegra efnispáttu, s.s. fitu og vatns í matvælum;
- l) *bræðslusölt* dreifa próteinum í ostum og koma þannig á einsleitri blöndun fitu og annarra efnispáttu;
- m) *festuefni* auka festu innri vefja ávaxta og grænmetis, eða mynda eða styrkja hlaup ásamt hleypiefnum;
- n) *bragðaukandi efni* auka bragð og/eða angan sem fyrir er í matvælum;
- o) *froðuefni* stuðla að myndun einsleitrar loftkenndrar dreifilausnar í fljótandi og föstum matvælum;
- p) *hleypiefni* breyta áferð (texture) matvæla með hlaupmyndun;
- q) *húðunarefni*, þar með talin smurefni (lubricants), gefa glansandi áferð eða mynda varnarhúð þegar þau eru notuð á yfirborð matvæla;
- r) *rakaefni* sporna við áhrifum lofts með lágt rakastig og koma í veg fyrir þurrkun matvæla eða hvata vatnsleysingu duftkenndra matvæla;
- s) *umbreytt sterkjusambönd* myndast við efnafræðilega meðhöndlun ætrar sterkju, sem í sumum tilvikum hefur undirgengist eðlisbreytingu, lífhvatameðhöndlun eða verið bleikt eða þynnt með sýru eða basa;
- t) *loftskiptar* eru lofttegundir aðrar en andrúmsloft, sem sett hefur verið í umbúðir áður en, samstundis eða eftir að matvæli eru sett í umbúðirnar;
- u) *drifefni* eru lofttegundir, aðrar en andrúmsloft, sem reka matvæli út úr umbúðum;
- v) *lyftiefni* eru efni eða efnablöndur sem gefa frá sér loft og auka þannig rúmmál deigs;
- w) *tengiefni* mynda komplexa með málmjónum;
- x) *bindiefni* viðhalda eðlisefnafræðilegu ástandi matvæla, þar á meðal eru efni sem gera kleift að halda dreifilausn tveggja eða fleiri óblandanlegra efnispáttu í matvælum stöðugri, efni sem auka stöðugleika lita og efni sem festa eða skýra liti sem eru fyrir í matvælum;
- y) *þykkingarefni* auka seigju matvæla.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Að stöðvunarskylda verði á Dunhaga gagnvart umferð um Hjarðarhaga.
 2. Að hámarkshraði verði 30 km/klst. á eftirtöldum götum í Hlíðahverfi:
Háuhlíð
Hörgshlíð
Stigahlíð
Hamrahlíð
Grænuhlíð
Bogahlíð
Stakkahlíð sunnan Miklubrautar
Barmahlíð austan Lönguhlíðar
Mávahlíð austan Lönguhlíðar
Drápuhlíð austan Lönguhlíðar
Blönduhlíð austan Lönguhlíðar.
 3. Að hámarkshraði verði 30 km/klst. á eftirtöldum götum í Teigahverfi:
Gullteigi
Laugateigi
Hofteigi
Silfurteigi
Helgateigi
Kirkjuteigi
Hraunteigi
Hrísateigi sunnan Sundlaugavegar
Laugarnesvegi sunnan Sundlaugavegar.
- Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. desember 1997.

Böðvar Bragason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 1997

30. desember 1997

1797

Nr. 769

REGLUGERÐ

um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

I. KAFLI

Hlutverk og starfsemi.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs.

Sjóðurinn gegnir hlutverki sínu með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar, einkum með hlutfjárþátttöku, en einnig með því að veita lán og ábyrgðir í þessu skyni. Einnig skal sjóðurinn styðja við þróunar- og kynningarverkefni.

Þá starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutningslána.

2. gr.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í fjögur eftirtalin svið:

1. *Stofnsjóður*: Í Stofnsjóði Nýsköpunarsjóðs er eigið fé sjóðsins, upphaflega að fjárhæð 4.000 m.kr., eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Tekjum af ávöxtun og öðru ráðstöfunarfé er varið til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs annarrar en þeirrar er greinir í 2.-4. tölul. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða. Kveðið er á um starfsemi Stofnsjóðs í III.- VI. kafla reglugerðar þessarar og starfsreglum Nýsköpunarsjóðs sem stjórn sjóðsins setur og viðskiptaráðherra staðfestir.
2. *Framtakssjóður*: Framtakssjóði er ætlað að hafa með höndum umsjón og eftirlit með ráðstöfun 1.000 m.kr., sem ríkissjóður skal samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð greiða Nýsköpunarsjóði af söluandvirði hlutfjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., og varið skal til hlutfjárkaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Kveðið er á um starfsemi sjóðsins í reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.
3. *Vöruþróunar- og markaðsdeild*: Deildin veitir framlög til vöruþróunar- og markaðsáðgerða á fyrstu þremur starfsárum sjóðsins. Kveðið er á um starfsemi deildarinnar í reglum sem stjórn Nýsköpunarsjóðsins setur og viðskiptaráðherra staðfestir.
4. *Tryggingardeild útflutningslána*: Deildinni er ætlað að tryggja lán, kröfur, þjónustu, fjárfestingar og búnað er tengist útflutningi og starfsemi innlendra aðila erlendis. Kveðið er nánar á um starfsemi deildarinnar í starfsreglum sem stjórnarnefnd tryggingardeildar setur og fjármálaráðherra samþykkir.

Svið samkvæmt 2. – 4. tölul. 1. mgr. skulu aðgreind í bókhaldi og reikningum sjóðsins. Er þeim ætlað að standa undir kostnaði við rekstur sinn, og greiða Stofnsjóði fjárhæð er samsvarar rekstrarkostnaði.

Starfsemi Stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs skal beinast að öllum sviðum atvinnulífs og landsvæðum, þrátt fyrir áherslur í annarri starfsemi sjóðsins á tiltekin svið atvinnulífsins og svæði.

3. gr.

Starfssvið.

Nýsköpunarsjóði er ætlað að starfa að áhættufjármögnun á þeim sviðum þar sem bæta þarf þjónustu og framboð áhættufjármagns að mati sjóðstjórnar. Starfssvið sjóðsins skal á hverjum tíma skilgreina með hliðsjón af framboði áhættufjármagns á mismunandi sviðum áhættufjármögnunar.

II. KAFLI

Stjórnun og rekstur.

4. gr.

Skipun stjórnar.

Í stjórn Nýsköpunarsjóðs sitja fimm menn og eru þeir skipaðir af viðskiptaráðherra til tveggja ára í senn. Stjórnin skal þannig skipuð: einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs skiptir með sér verkum og ákveður starfshætti sína og fundahöld. Stjórnarfundir skulu haldnir eftir þörfum. Skyld er að halda fund þegar a.m.k. tveir stjórnarmenn óska þess. Fundur er ályktunarhæfur ef þrír stjórnarmanna sækja fund. Að jafnaði skal boða fund með viku fyrirvara. Halda skal gerðabók.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög um sjóðinn og reglugerð þessa. Verkefni stjórnar eru m.a. þessi:

1. Ráðning framkvæmdastjóra.
2. Stefnumótun og gerð starfsreglna sem staðfestar skulu af ráðherra.
3. Samþykkt rekstraráætlunar.
4. Ákvarðanir um þátttöku sjóðsins í fjármögnun, svo sem hlutafjárkaupum, lánveitingum sjóðsins, veitingu styrkja og ábyrgða og ákvarðanir um tryggingar og lána-kjör.
5. Ákvarðanir um ávöxtun eigin fjár sjóðsins.
6. Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins.

Rekstraráætlun sjóðsins skal gerð fyrirfram, eitt ár í senn. Áætlunin skal vera í tveimur hlutum: rekstraráætlun og nýsköpunaráætlun. Í rekstraráætlun skal m.a. koma fram hvaða tekjur sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á árinu og hvernig þeim skuli ráðstafað í rekstur og starfsemi. Þar skal vera ítarleg afskriftaáætlun. Í nýsköpunaráætlun skal vera stefnumótun fyrir hlutafjárþátttöku, lán, ábyrgðir og styrki.

7. gr.

Verkefni framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt umboði stjórnar. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um hlutafjárþátttöku og veitingu lána, ábyrgða eða styrkja innan tiltekinna marka. Slíkar heimildir skulu koma fram í starfsreglum sjóðsins eða í bókunum stjórnar.

Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnendur Nýsköpunarsjóðs og aðrir þeir sem vinna fyrir sjóðinn eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara og eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

III. KAFLI

Forathuganir, þróunar- og kynningarverkefni.

9. gr.

Ráðstöfun og skilgreiningar.

Heimilt er að verja allt að 15% af árlegu ráðstöfunarfé Stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs til sérstakra styrkja til forathugana, þróunarverkefna og kynningarverkefna.

Til forathugana teljast hagkvæmnisathuganir, gerð viðskiptaáætlana og annar undirbúningur verkefna sem falla undir meginverksvið sjóðsins og sjóðurinn gæti síðar fjárfest í. Til þróunarverkefna teljast hagnýtar rannsóknir og þróun á vöru eða viðskiptahugmynd. Til kynningarverkefna teljast markaðsathuganir og kynning á fjárfestingarkostum.

Nýsköpunarsjóði er heimilt að semja við aðila utan sjóðsins um ráðstöfun fjár samkvæmt 1. mgr. eða taka þátt í samstarfi við slíka aðila um sameiginlega ráðstöfun.

10. gr.

Hámarksfjárhæð styrks.

Styrkir samkvæmt 9. gr. sem veittir eru einstökum aðila mega ekki nema hærri fjárhæð samanlagt á hverju þriggja ára tímabili en jafngildir 100.000 ECU, að meðtalinni fjárhæð annarrar fjárhagslegrar aðstoðar sem viðkomandi aðili kann á sama tímabili að hafa fengið frá öðrum opinberum aðilum á grundvelli lágmarksreglunnar (de minimis reglunnar) samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efnisregla á sviði ríkis- aðstoðar, og að teknu tilliti til frekari takmarkana á veitingu opinberrar aðstoðar á grundvelli lágmarksreglunnar samkvæmt ákvæðum fyrrgreindrar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA sem í gildi eru á hverjum tíma.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Nýsköpunarsjóður þegar sérstaklega stendur á veitt einstökum aðilum hærri styrki en þar greinir, enda uppfylli slíkar styrkveitingar ákvæði fyrrgreindrar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA sem í gildi eru á hverjum tíma um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, aðstoð við rannsóknir og þróunarverkefni eða um aðra tegund aðstoðar, allt eftir því sem við á í hverju tilviki.

IV. KAFLI

Fjárfestingarverkefni.

11. gr.

Skilgreining fjárfestingarverkefnis.

Með fjárfestingarverkefni er í reglugerð þessari átt við afmörkuð verkefni á startssviði sjóðsins, sbr. 3. gr., þar sem lagt er fram fé til ákveðinna verkefna, einstakra eða sem hluta af ákveðnum fjárfestingaráætlunum.

Fjárfestingarverkefni skiptast í eftirtalda flokka:

1. Innlend fjárfestingarverkefni, en með því er átt við innlend verkefni sem fela í sér nýjungar eða ný vaxtartækifæri.
2. Fjárfestingar innlendra aðila erlendis, en með því er átt við fjárfestingu innlendra fyrirtækja eða einstaklinga í starfandi fyrirtækjum eða nýjum atvinnurekstri erlendis.
3. Fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi, en með því er átt við atvinnurekstur hér á landi með umtalsverðri eignaraðild erlendra fyrirtækja eða einstaklinga og þátttöku þeirra í stjórnun rekstrarins.

12. gr.

Tegund fjármögnunar.

Nýsköpunarsjóður skal fjármagna fjárfestingarverkefni með hlutafjárframlagi, þ.e. kaupum á hlutabréfum. Við kaup á hlutafé skal ávallt gerður hluthafasamningur.

Þegar ekki er talið mögulegt að mati sjóðstjórnar að taka þátt í verkefni með hlutafjárkaupum, eða sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, er sjóðnum heimilt að veita sérstök lán, svo sem lán með breytirétti í hlutafé eða lán með kauprétti hlutafjár. Skal þá gera sérstakan lánsamning þar sem meðal annars skal kveðið á um hlutdeild sjóðsins í ávöxtun af viðkomandi fjárfestingu, hugsanlegar tryggingar og um rétt sjóðsins til eftirlits og/eða stjórnunarlegra áhrifa.

Stjórn sjóðsins er í sérstökum tilvikum heimilt að veita ábyrgðir með það að markmiði að laða fram fjármagn annarra aðila í nýsköpunarverkefni. Slíkar ábyrgðir skal veita gegn gjaldi sem tekur mið af áhættu sjóðsins í verkefninu. Í samningum um ábyrgðarveitingar er heimilt að kveða á um rétt sjóðsins til eftirlits.

13. gr.

Stærðarmörk fjármögnunar.

Nýsköpunarsjóði er óheimilt að verja hærri fjárhæð en sem nemur 4% af eigin fé Stofnsjóðs til fjármögnunar einstaks verkefnis. Ekki skal verja hærri fjárhæð en sem nemur 8% af eigin fé Stofnsjóðs til fjárfestingarverkefna á vegum eins aðila eða tengdra aðila.

Stjórn sjóðsins setur reglur um lágmarksviðmiðun fjármögnunar í einstökum verkefnum.

14. gr.

Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í fjármögnun.

Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í fjármögnun hvers verkefnis skal ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur 49% af heildarfjármögnun viðkomandi verkefnis. Heimilt er við sérstakar aðstæður að víkja frá þessu skilyrði.

Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í fjármögnun hvers verkefnis skal miðast við að sjóðurinn fái stjórnunarleg áhrif.

15. gr.

Almenn skilyrði fjárfestingarþátttöku.

Almenn skilyrði fyrir þátttöku Nýsköpunarsjóðs í fjárfestingarverkefnum eru þessi:

1. Þátttaka í verkefninu geti skilað Nýsköpunarsjóði viðunandi arðsemi í ljósi áhættu og staðið undir kostnaði við skoðun og þátttöku.
2. Samstarfsaðilar hafi fjárhagslegan styrk til að standa við sinn hlut í fjármögnun verkefnisins.
3. Samstarfsaðilar búi yfir nægri þekkingu, rekstrarreynslu, tæknilegri getu, hæfni og viðskiptatengslum.
4. Fjárfestingarverkefni sé vel skilgreint og afmarkað frá öðrum rekstri.
5. Heildarfjármögnun verkefnisins sé tryggð.
6. Fyrir liggi ítarleg viðskiptaáætlun og hægt sé að meta viðskiptalega og fjárhagslega áhættu á grundvelli hennar.

Nýsköpunarsjóði er heimilt að setja að skilyrði fyrir þátttöku í fjárfestingarverkefni að tiltekins hlutfalls fjármagns sé aflað á almennum markaði.

Nýsköpunarsjóði er óheimilt að veita fyrirtækjum bjargráðaaðstoð eins og hún er skilgreind í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkis- aðstoðar sem í gildi er á hverjum tíma, nema slíkt samræmist ákvæðum hennar.

V. KAFLI

Eftirlit með fjárframlagi og fjárfestingarþátttöku.

16. gr.

Skilyrði um eftirlit og ákvarðanatöku í samningum um aðild sjóðsins.

Í skilmálum um styrkveitingar samkvæmt 9. gr., hluthafasamningi samkvæmt 1. mgr. 12. gr. og lánsamningi samkvæmt 2. mgr. 12. gr. skal sérstaklega kveðið á um rétt Nýsköpunarsjóðs til að hafa eftirlit með nýtingu fjármagns sem sjóðurinn innir af hendi. Í hluthafasamningi og lánsamningi skal að auki kveðið á um rétt sjóðsins til áhrifa við ákvarðanatöku í hlutfalli við framlag. Kveða skal á um rétt til afturköllunar ógreiddra hlutfjár- eða lánsfjárloforða vegna vanefnda á hluthafasamningum og lánsamningum. Í skilmálum um styrkveitingar skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf vegna verkefnis.

17. gr.

Hlutdeild í arði og ávöxtun.

Í hluthafasamningi og lánsamningi er heimilt að semja um aukinn rétt Nýsköpunarsjóðs til vaxta- og arðgreiðslna umfram samstarfsaðila.

18. gr.

Beiting atkvæðisréttar.

Nýsköpunarsjóður skal nýta afl atkvæða sinna í samræmi við hlutfjáreign með það að markmiði að vernda hagsmunum sjóðsins.

VI. KAFLI

Eigið fé Stofnsjóðs.

19. gr.

Varðveisla stofnfjár.

Nýsköpunarsjóði er óheimilt að skerða stofnfé Stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs. Fyrstu fimm starfsár Nýsköpunarsjóðs skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár haldist óbreytt. Varðveisla stofnfjárins skal miðuð við vísitölu neysluverðs frá þeim tíma.

20. gr.

Afskriftareikningur.

Fyrir Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs skal halda afskriftareikning samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Samhliða ákvörðunum um hlutfjárþátttöku, lánveitingar og ábyrgðir skal ákveða framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar sem bætt er við afskriftareikninginn skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er að mati stjórnar.

Til verkefna Stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmast innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skal miðast við að stofnfé hans sé ekki skert.

21. gr.

Afskriftamat.

Við mat á framlagi í afskriftareikning skal taka tillit til hvort um hlutfjárþátttöku eða lán er að ræða, tapshættu vegna atvinnugreina, fjárhagsstöðu samstarfsaðila og samninga að öðru leyti.

Við mat á afskriftum er Nýsköpunarsjóði heimilt að miða við reynslu hliðstæðrar starfsemi hérlendis og í nágrannalöndum. Í þessu skyni skal vinna líkan sem m.a. sýnir endurheimtuferli hlutfjárþátttöku.

Endurmeta skal framlög á afskriftareikning á sex mánaða fresti.

Hlutfé eða lán skal færa sem endanlega tapað þegar eitthvert eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt:

1. Við lok gjaldþrotaskipta.
 2. Við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu hlutfjár eða skulda.
 3. Þegar sjóðurinn hefur tekið ákvörðun um lok innheimtu.
 4. Þegar ljóst má vera að eign eða krafa er endanlega töpuð.
- Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um framlag á afskriftareikning sem ráðherra staðfestir.

22. gr.

Ávöxtun eigin fjár.

Nýsköpunarsjóði ber að leita allra leiða til að ávaxta eigið fé Stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs á sem árangursríkastan hátt og hámarka þannig árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins.

23. gr.

Fjárfestingarstefna.

Við ávöxtun eigin fjár, sem ekki er ráðstafað til fjárfestingarverkefna skv. IV. kafla, skal gætt að eðlilegri áhættudreifingu í eignasamsetningu, í samræmi við 2.-4. mgr.

Nýsköpunarsjóði er einungis heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfa- viðskipti.

Sjóðnum er óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Þrátt fyrir þetta er honum þó heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Óheimilt er sjóðnum að eiga meira en 25% hlutfjár í einu hlutfélagi.

24. gr.

Skráning hlutabréfa.

Nú eru hlutabréf, sem Nýsköpunarsjóður hefur keypt vegna fjárfestingarverkefna skv. IV. kafla, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfa- viðskipti, og taka þá ákvæði 23. gr. til fjárfestingarinnar.

VII. KAFLI

Eftirlit, gildistaka o.fl.

25. gr.

Eftirlit bankaeftirlits.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi Nýsköpunarsjóðs sé í samræmi við ákvæði laga um sjóðinn, reglugerðar þessarar og reglna. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

Um mat bankaeftirlits á afskriftum fer samkvæmt 21. gr. reglugerðarinnar.

26. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er samsetning eigin fjár Nýsköpunarsjóðs ekki í samræmi við ákvæði 23. gr. reglugerðar þessarar þegar hann tekur til starfa, og skal stjórn sjóðsins þá hafa frest til 1. janúar 1999 til að uppfylla skilyrði greinarinnar.

Viðskiptaráðuneytinu, 30. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

REGLUR

um Framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

I. KAFLI

Hlutverk og starfsemi.

1. gr.

Hlutverk.

Við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins skal starfa sérstakur sjóður, Framtakssjóður, sem hefur með höndum umsjón og eftirlit með ráðstöfun 1.000 m.kr., sem ríkissjóður skal samkvæmt lögum um sjóðinn greiða Nýsköpunarsjóði af söluandvirði hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., og verja skal til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni.

Nýsköpunarsjóði er með starfsemi sinni samkvæmt 1. mgr. ætlað að laða fjármagn að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina og leita í því skyni samstarfs við sérhæfða aðila á fjármagnsmarkaði og í atvinnuþróun.

2. gr.

Aðgreining.

Framtakssjóður hefur sérgreindan fjárhag og skal fjármunum hans haldið aðgreindum í bókhaldi og reikningum Nýsköpunarsjóðs.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind sem hér segir:

Rekstraraðili: Sérstakur lögaðili sem stofnaður er og starfræktur í því skyni að annast vörslu og ráðstöfun hluta af ráðstöfunarfé Framtakssjóðs í samræmi við reglur þessar og samninga við Nýsköpunarsjóð.

Nýsköpunarfjárfesting: Kaup á hlutafé í tengslum við nýsköpun og atvinnuþróun, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni, með áherslu á landsbyggðina.

Fjárvarsla: Avöxtun og umsýsla rekstraraðila með ráðstöfunarfé sjóðsins sem ekki hefur verið ráðstafað í nýsköpunarfjárfestingu.

Nýsköpunarsamningur: Samningur milli Nýsköpunarsjóðs og rekstraraðila um ráðstöfun og vörslu þess síðarnefnda á tilteknum hluta af ráðstöfunarfé Framtakssjóðs.

II. KAFLI

Ráðstöfun til rekstraraðila.

4. gr.

Rekstraraðili.

Nýsköpunarsjóður skal semja við rekstraraðila um vörslu og ráðstöfun á fjármagni Framtakssjóðs.

Rekstraraðili skal búa yfir eða hafa aðgang að þekkingu á nýsköpun, atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, upplýsinga- og hátæknigreinum, fjármagnsmarkaði og þekkingu á almennri fjárvörslu.

5. gr.

Skipting í hluti.

Fela skal allt að 4 rekstraraðilum vörslu og ráðstöfun á fjármagni Framtakssjóðs með samningum á grundvelli útboða skv. 6. gr. Um það skal fara samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Nýsköpunarsjóðs í hvaða einingum ráðstöfunarfé sjóðsins er boðið út og hvort einingarnar eru allar boðnar út á sama tíma.

6. gr.

Útboð, nýsköpunarsamningar.

Nýsköpunarsjóður leitar samninga við rekstraraðila á grundvelli útboða. Við framkvæmd útboða skal eftir því sem við á fylgt reglum laga nr. 65/1993.

Nýsköpunarsamningur skal gerður til allt að 10 ára. Samningurinn skal vera tvíþættur; annars vegar samningur um nýsköpunarfjárfestingu og hins vegar samningur um fjárvörslu.

Í útboði og nýsköpunarsamningum skal kveðið á um markmið sem stjórn sjóðsins setur á grundvelli hlutverks Framtakssjóðs og leggja skal til grundvallar við endurskoðun skv. 25. gr.

Heimilt er að setja mismunandi skilyrði í skilmálum einstakra útboða og einstökum samningum innan ramma þessara reglna. Þó er óheimilt að marka rekstraraðila tiltekið starfssvæði á landsbyggðinni.

7. gr.

Eignarhald Nýsköpunarsjóðs.

Fjármunir sem ráðstafað er úr Framtakssjóði til rekstraraðila og hlutafé og önnur verðbréf sem rekstraraðilinn kaupir til fjárvörslu eða nýsköpunar eru eign Nýsköpunarsjóðs í hlutfalli við hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í því heildarfjármagni sem rekstraraðilinn hefur til umráða vegna þessarar starfsemi.

Með nýsköpunarsamningi veitir Nýsköpunarsjóður rekstraraðila umboð til að fara með öll réttindi og skyldur sem felast í eignarráðum hans skv. 1. mgr., með þeim takmörkunum sem greinir í reglum þessum og viðkomandi samningi.

III. KAFLI

Nýsköpunarfjárfesting.

8. gr.

Almenn skilyrði nýsköpunarfjárfestingar.

Rekstraraðila ber að leita allra leiða til að nýta til nýsköpunarfjárfestinga það fjármagn sem honum er fengið til ráðstöfunar.

Almenn skilyrði fyrir nýsköpunarfjárfestingu eru þessi:

1. Þátttaka í verkefninu geti skilað viðunandi arðsemi í ljósi áhættu og kostnaðar við skoðun og þátttöku.

2. Samstarfsaðilar hafi fjárhagslegan styrk til að standa við sinn hlut í fjármögnun verkefnisins.
3. Samstarfsaðilar búi yfir nægri þekkingu, rekstrarreynslu, tæknilegri getu, hæfni og viðskiptatengslum.
4. Fjárfesting sé vel skilgreind og afmörkuð frá öðrum rekstri.
5. Heildarfjármögnun verkefnisins sé tryggð.
6. Fyrir liggja ítarleg viðskiptaáætlun og hægt sé að meta viðskiptalega og fjárhagslega áhættu á grundvelli hennar.

Rekstraraðilum er óheimilt að veita fyrirtækjum bjargráðaaðstoð eins og hún er skilgreind í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisáðstoðar sem í gildi er á hverjum tíma, nema slíkt samræmist ákvæðum hennar.

9. gr.

Mótframlag rekstraraðila.

Rekstraraðili ábyrgist mótframlag sem nemur tilteknu hlutfalli af þeirri heildarfjárhæð sem hann fær til ráðstöfunar frá Nýsköpunarsjóði, sbr. 18. gr. reglnanna. Miða skal við að mótframlag nemi hið minnsta 30% af heildarfjárfestingu.

10. gr.

Fjárfestingarmörk.

Fjárfesting í einstökum félögum skal eigi nema hærri fjárhæð en sem svarar 15% af þeirri fjárhæð sem rekstraraðila er fengin til vörslu og ráðstöfunar úr Framtakssjóði og með mótframlagi skv. 9. gr.

Fjárfesting í einstöku verkefni skal miðast við að fjárfestingunni fylgi stjórnunarleg áhrif.

11. gr.

Atkvæðisréttur og eftirlit.

Í nýsköpunarsamningi skal felast umboð rekstraraðila til að fara með atkvæði fyrir hönd Nýsköpunarsjóðs vegna nýsköpunarfjárfestingar.

Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með nýsköpunarfjárfestingu og beita í því sambandi virkum stjórnunarlegum áhrifum í samræmi við atkvæðavægi sitt.

IV. KAFLI

Fjárvarsla.

12. gr.

Ávöxtun.

Rekstraraðili ávaxtar í fjárvörslu þann hluta ráðstöfunarfjár sem honum hefur ekki tekist að fjárfesta í nýsköpun.

13. gr.

Fjárfestingarstefna.

Við ávöxtun fjármuna í fjárvörslu skal rekstraraðili gæta að eðlilegri áhættudreifingu í eignasamsetningu.

Rekstraraðila er einungis heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfa- viðskipti.

Rekstraraðila er óheimilt að fjárfesta til fjárvörslu meira en 10% af fé því sem hann fær til ráðstöfunar í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Þrátt fyrir þetta er honum þó heimilt að fjárfesta allt að 35% í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efna-

hagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Óheimilt er sjóðnum að eiga til sjóðsvörslu meira en 25% hlutfjár í einu hlutafélagi.

Óheimilt er rekstraraðila að nýta atkvæðisrétt á grundvelli fjárfestingar í hlutfé vegna fjárvörslu.

14. gr.

Fjárvörslusamningur.

Í nýsköpunarsamningi skulu vera nánari ákvæði um fjárvörsluna sem taki mið af venju á verðbréfamarkaði.

15. gr.

Ráðstöfun vaxta, arðs o.fl.

Vextir, verðbætur, arður, söluhagnaður og önnur ávöxtun af verðbréfum í fjárvörslu og arður og söluandvirði hlutabréfa í nýsköpunarfjárfestingu bætist við fé í fjárvörslu.

V. KAFLI

Þóknun og almenn samningsatriði.

16. gr.

Þóknun.

Í útboði skv. 6. gr. skal kveðið á um fasta árlega þóknun til rekstraraðila sem stjórn Nýsköpunarsjóðs ákveður sem hlutfall af þeirri fjárhæð sem rekstraraðila er fengin til vörslu og ráðstöfunar.

Rekstraraðili greiðir tiltekinn hluta þóknunar sem umsýslugjald til Stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs til að standa undir rekstri Framtakssjóðs.

Hin árlega þóknun skal miðast við að rekstraraðili geti haft sérfræðing í föstu starfi til að annast nýsköpunarfjárfestingu, fjárvörslu og eftirlit og greitt umsýslugjald skv. 2. mgr.

Þóknanir samkvæmt 1. og 2. mgr. eru ákveðnar af stjórn sjóðsins.

17. gr.

Hagnaðarhlutdeild.

Rekstraraðili á rétt á hlutdeild í hagnaði sem hann nær á gildistíma nýsköpunarsamnings af því fjármagni Framtakssjóðs sem hann hefur fengið til vörslu og ráðstöfunar. Með hagnaði er átt við vöxt móttekinnna fjármuna á gildistíma nýsköpunarsamnings umfram framreikning þeirra samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Í útboði skv. 6. gr. skal lýst eftir tilboðum í hagnaðarhlutdeild sem hlutfalli af fjárvörslu og nýsköpunarfjárfestingu. Í útboði er stjórn sjóðsins einnig heimilt að kveða á um fasta hagnaðarhlutdeild.

18. gr.

Framlag rekstraraðila.

Í útboði skv. 6. gr. skal lýst eftir tilboðum í hlutfall mótframlags skv. 9. gr. sem rekstraraðili leggur fram eða tryggir að lagt sé fram á móti þeim fjármunum sem hann fær til vörslu og ráðstöfunar frá Framtakssjóði. Í útboði er stjórn sjóðsins einnig heimilt að kveða á um fast hlutfall mótframlags.

19. gr.

Hæfnismat.

Þegar stjórn Nýsköpunarsjóðs tekur afstöðu til tilboða rekstraraðila skal leggja sérstakt mat á eftirtalda þætti:

1. Hæfni og reynsla af nýsköpun.
2. Þekkingu á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.
3. Þekkingu á upplýsinga- og hátæknigreinum.

4. Þekkingu á fjármagnsmarkaðinum.
5. Þekkingu á almennri fjárvörslu.
6. Skuldbindingar um mótframlag.

VI. KAFLI

Sala hlutabréfa og uppgjör samninga.

20. gr.

Sala hlutabréfa í nýsköpunarfjárfestingu.

Rekstraraðila er heimilt að selja hlutabréf í nýsköpunarfjárfestingu hvenær sem er á samningstímanum. Miða skal við að sala hlutabréfa hefjist eigi síðar en á 7. ári samnings-tímans og ljúki fyrir lok hans þegar uppgjör fer fram.

Rekstraraðila er skylt að tilkynna Nýsköpunarsjóði um fyrirhugaða sölu.

Nú ákveður rekstraraðili að selja hlutafé skv. 1. mgr. og er Nýsköpunarsjóði þá heimilt að leysa hlutinn til sín á hinu umsamda kaupverði. Slík ákvörðun skal tekin innan 2 vikna frá tilkynningu rekstraraðila skv. 2. mgr.

21. gr.

Uppgjör samnings.

Við lok nýsköpunarsamnings, sbr. 6. gr., skal gera hann formlega upp. Rekstraraðili greiðir þá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins eignarhlutdeild hans í fjármunum í fjárvörslu og söluandvirði nýsköpunarfjárfestinga til sjóðsins að frádreginni hagnaðarhlutdeild rekstrar-aðilans. Nú hefur ekki tekist að selja hlutabréf í nýsköpunarfjárfestingu og skal Framtakssjóður þá leysa til sín á grundvelli mats skv. 22. gr. hluta slíkra hlutabréfa sem svarar til eignarhluta Framtakssjóðs.

22. gr.

Matsnefnd, uppgjör.

Nú hefur ekki tekist að selja hlutabréf við lok nýsköpunarsamnings eða samningi verið sagt upp skv. 25. gr., og skal þá skipa sérstaka nefnd til að meta verðmæti viðkomandi hlutabréfa. Skal matsnefndin skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af rekstraraðila, einum af stjórn Nýsköpunarsjóðs og einum af viðskiptaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar. Niðurstaða matsnefndar er endanleg.

23. gr.

Hlutdeild ríkissjóðs.

Að loknu uppgjöri samninga og sölu hlutabréfa greiðir Nýsköpunarsjóður söluandvirði hlutabréfa og annað fé Framtakssjóðs, að frádregnum kostnaði Nýsköpunarsjóðs vegna uppgjörins, í ríkissjóð.

VII. KAFLI

Eftirlit, endurskoðun og uppsögn.

24. gr.

Eftirlit og tilkynningaskylda.

Nýsköpunarsjóður skal hafa eftirlit með að rekstraraðilar uppfylli ákvæði reglna þessara og samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal árlega kanna sérstaklega hvort rekstraraðili virði markmið nýsköpunarfjárfestingar. Þá skal hugað að kröfum um hæfni rekstraraðila með hliðsjón af 19. gr. reglnanna.

Rekstraraðilar skulu jafnan veita Nýsköpunarsjóði upplýsingar sem hann óskar eftir. Auk þess skulu rekstraraðilar gera Nýsköpunarsjóði árlega grein fyrir starfsemi sinni.

25. gr.

Endurskoðun og uppsögn nýsköpunarsamnings.

Nú telur stjórn Nýsköpunarsjóðs á grundvelli könnunar eða eftirlits skv. 24. gr. að gera þurfi breytingar á nýsköpunarsamningi og skal þá hefja viðræður við rekstraraðila um það.

Heimilt er Nýsköpunarsjóði að segja upp nýsköpunarsamningi þegar eitthvert eftirtal-
inna skilyrða eru fyrir hendi að mati sjóðstjórnar:

1. Markmið reglna þessara eða nýsköpunarsamnings hafa ekki náðst að mati stjórnar og ekki hefur tekist að ná samkomulagi um breytingar á grundvelli þeirra.
2. Brotið hefur verið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum reglna þessara eða samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra.
3. Rekstraraðili uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem fram koma í reglum þessum og samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra.

Um uppgjör nýsköpunarsamnings við uppsögn fer samkvæmt 21. og 22. gr. reglna þessara.

VIII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

26. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnendur og starfsmenn rekstraraðila eða samstarfsaðila hans og stjórnendur og starfsmenn Nýsköpunarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu á grundvelli nýsköpunarsamnings og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

27. gr.

Gildistaka og lagagrundvöllur.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Reglurnar öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 30. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari og skulu þau standa undir kostnaði stofnunarinnar við þar tilgreinda þjónustu.

2. gr.

Vottorð um veður:

	kr.
2.1. Grunnjald	3.390
2.2. Hvert atriði í veðurathugun	20
2.3. Hvert spásvæði í veðurspá/yfirlit	570

- Ef óskað er flýtiafgreiðslu, þ.e. að vottorð afgangið sama dag og beiðni berst, hækkar grunnjaldið um 50%.

- Ef þýða þarf vottorð á önnur tungumál leggst kostnaður þýðanda við verð skv. gjaldskrá.

3. gr.

Útseld vinna:

3.1. Sérfræðingur (á klst.)	3.950
3.2. Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn	2.260

4. gr.

Sérþjónusta við dreifingaraðila þ.m.t. fjölmiðla:

	Stakt kort pr. stk. kr.	Föst áskrift pr. stk. kr.
4.1. Handteiknað spákort fyrir Ísland með stuttum texta	2.110	1.620
4.2. Handteiknað yfirlitskort (greining) með þrýstikerfum, skilum auk örva um tilfærslur	820	640
4.3. Handteiknað yfirlitsspákort t.d. 24 stunda spá með skilum, þrýstilínum og kerfum	2.780	2.130
4.4. Sérspá fyrir ákveðinn stað, sent sem texti:		
a) Fyrir einn sólarhring	1.130	990
b) annar og þriðji sólarhringur	565	500
c) fjórði til sjötti sólarhringur	565	500
4.5. Veðurspárit (sex daga spá), fjórir spápættir, einn staður	1.200	960
- Spá fyrir hvern viðbótarstað	260	210
4.6. Spár fyrir tiltekin hafsvæði, (Smugan, Flæmingjagrunn) fjórir spápættir, einn staður (punktur)	1.200	960
- Spá fyrir hvern viðbótarstað (punkt)	260	210
4.7. Gögn úr tölvuspám, ein grunneining (1 NEV=eitt spágildi í einum punkti)	0,175	0,175

5. gr.

Sérþjónusta við einstaklinga eða einstök fyrirtæki:

	Stakt kort per stk. kr.	Föst áskrift per stk. kr.
5.1. Tilbúin innlend eða erlend kort eða texti, send á bréfsíma.	140	140
5.2. Veðurspá fyrir ákveðinn stað (texti):		
a) Fyrir einn sólarhring	470	400
b) annar og þriðji sólarhringur	240	200
c) fjórði til sjötti sólarhringur	240	200
5.3. Veðurspárit (sex daga spá), fjórir spáþættir, einn staður	260	210
- Spá fyrir hvern viðbótarstað	60	50
5.4. Spár fyrir tiltekin hafsvæði, sex daga spá (Smugan, Flæmingjagrunn) einn staður (punktur) fjórir spáþættir	260	210
- Spá fyrir hvern viðbótarstað (punkt)	60	50
<i>Þessum spám (5.4.) má dreifa um Inmarsat-C. Við gjald Veðurstofu bætist þá sendingarkostnaður dreifiaðila.</i>		
5.5. Myndir úr veðursjá (Tif myndir) í gegnum tölvutengingu		
Skráningargjald		5.230
1 - 100 myndir		80
100 - 1000 myndir		40
meira en 1000 myndir		20
5.6. Gögn úr tölvuspám, ein grunneining (1 NEV=eitt spágildi í einum punkti)	0,044	0,044

6. gr.

Notkun á flugveðurgögnum frá tölvukerfi Veðurstofu (Veðurboði); mánaðargjald.

6.1. Samband við fjarskiptakerfi Veðurstofu og allt að 100.000 stafir	570
6.2. Gjöld fyrir gögn umfram 100.000 stafi, fyrir hverja byrjaða 1.000 stafi	20

7. gr.

Sjálfvirkar veðurstöðvar:

Geymsla á gögnum á megabyte á mánuði. (Viðskiptavinur greiðir aðeins þann hluta sem áætlað er að berist á heilu ári. VÍ kostar geymslu eldri gagna.)	80
Eftirlit, uppfærslur og fleira, á stöð á mánuði. (Áætlað er að vinna við ofangreint nemi tveimur klst. á stöð á mánuði. Viðskiptavinur greiðir 25% þess kostnaðar.)	1.980

Upphringikostnaður fylgir gjaldskrá Pósts og síma. Tölvuálag, 10%, leggst á heildarupphæð reiknings.

8. gr.

Árgjald áskriftar Veðráttunnar:

	kr.
1994 - 1995 (12 tölublöð hvort ár)	1.780
1993 (13 tölublöð á ári)	1.920
Eldri árgangar:	
1924 - 1956	450
1957 - 1992	1.130

Áskrift sérstakra mánaðarblaða 3.280

Töfluútskriftir:

Grunngjald	570
- hvert viðbótarblað	60

9. gr.

Sé þjónusta seld í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, skal miða við gengi hvers tíma.

10. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggi heimild Veðurstofu Íslands.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands, öðlast gildi þann 1. janúar 1998. Þá fellur úr gildi gjaldskrá sem tók gildi 1. október 1996, með sama heiti.

Umhverfissráðuneytinu, 31. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Þórður H. Ólafsson.

BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1997.

Í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi:

Borgautsstaðir II á nýbýli úr landi Borgautsstaða, Hvítársíðuhreppi.

Í umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:

Ytra-Skörðugil III á nýbýli úr landi Ytra-Skörðugils II, Seyluhreppi.

Í umdæmi sýslumannsins á Akureyri:

Laugarholt II á býli úr landi Vökulands, Eyjafjarðarsveit.

Í umdæmi sýslumannsins á Húsavík:

Gautlönd III á nýbýli úr landi Gautlanda I, Skútustaðahreppi.

Í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli:

Grásteinn á hrossaræktarbýli úr landi Snjallsteinshöfða II, Holta- og Landssveit.

Í umdæmi sýslumannsins á Selfossi:

Hraunteigur á iðnaðar- og þjónustubýli úr landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi,

Laugar II á garðyrkjubýli úr landi Lauga, Hrunamannahreppi,

Háagerði á garðyrkjubýli úr landi Hæðarenda, Grímsneshreppi,

Eystri-Þurá I á býli úr landi Eystri-Þurár, Ölfushreppi og

Einholt II á býli úr landi Einholts, Biskupstungnahreppi.

Í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík:

Kirkjumór á trjáræktarbýli úr landi Mosfellskirkju í Mosfellsbæ.

Menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1997.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Karítas H. Gunnarsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 1997

31. desember 1997

1813

Nr. 773

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995 - 2015, Mýrarkot í Grímsneshreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Grímsneshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 17. desember 1997 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015 sem staðfest var 17. desember 1996, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er sú að afmörkun svæðis fyrir sumarbústaðahverfi í landi Mýrarkots í Grímsneshreppi breytist lítillega.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 31. desember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

31. desember 1997

Nr. 774

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 31. desember 1997 staðfest aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996 - 2015.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins, sbr. lög nr. 36/1974, liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Um efnistöku í Jarðbaðshólum gildir áfram 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1974 sem og á þjónustusvæði (baðaðstöðu) austan þeirra og hefur skipulagi verið frestað á þessum stöðum.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjahlíðar með síðari breytingu sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 330/1986.

Umhverfisráðuneytinu, 31. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

B 125

Gutenberg

Endurprentað blað.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits nr. 1.161, Suðurgata 22, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 31. desember 1997 staðfest breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.161, á milli Kirkjugarðsstígs, Garðastrætis, Túngötu og Suðurgötu, sem staðfest var 26. ágúst 1993.

Breytingin varðar lóðina nr. 22 við Suðurgötu á þann veg að hæð hússins verði óbreytt, þ.e. miðað við samþykktan uppdrátt frá 1927 og flatarmálstölur breytast til samræmis.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 31. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 31. desember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, frá 31. október 1990, með síðari breytingum.

Breytingar eru eftirfarandi:

- Atvinnusvæði í Krók (á uppfyllingu nyrst við Fjarðarstræti) er breytt í íbúðarsvæði.
- Sólgata og Hrannargata sameinast í gatnamótum við nýja safnbraut meðfram sjónum norðan Fjarðarstrætis.
- Fjarðarstræti verður lokað við Hrannargötu og Eyrargata flyst utar, frá gatnamótum við Hrannargötu og Sólgötu.

